12



Bændur skiptust á skoðunum um gerð búvörusamninga

28



Jólamatarmarkaður í Hörpu

42





Órjúfanleg heild umhverfis, hollustu og gæða

# Bændablaðið

23. tölublað 2015 • Fimmtudagur 3. desember • Blað nr. 456 • 21. árg. • Upplag 32.000



**Þýski myndhöggvarinn Gerhard Köning er starfsmaður og leiðbeinandi á handverkstæðinu Ásgarði í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ. Þar er eingöngu smíðað úr íslensku timbri. Á hans herðum er öll stærri smíði eins og á garðhúsgögnum, en engar skrúfur eða naglar eru notaðir við smíðina, heldur eingöngu trénaglar og vatnshelt lím. Hann hefur verið á Íslandi síðan 2010 og hefur m.a. haft veg og vanda að endurbyggingu á safni Samúels Jónssonar, listamannsins með barnshjartað, í Selárdal í Arnarfirði. Þegar tími gefst vinnur hann að því að búa til höggmyndir úr stórum íslenskum viðarbolum sem honum hefur áskotnast. Í viðarsafni hans má þó einnig finna rekaviðarboli af Ströndum sem ættaðir eru frá Síberíu. – Sjá umfjöllun á bls. 22–24.** Mynd / HKr.

## Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna harðlega gagnrýnd af Slow Food-hreyfingunni:

# Benda á að ekki sé minnst einu orði á landbúnað í samkomulagsdrögum

### – telja það alvarlega yfirsjón að ræða ekki um tengsl matvælaframleiðslu og loftslagsmála

**Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna (COP21) stendur nú yfir í París en hún var sett síðastliðinn mánudag. Markmiðið er að ná samkomulagi um aðgerðir til að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum í heiminum til að sporna megi við hlýnun jarðar.**

Ætlunin er að það samkomulag muni taka við af Kyoto-bókuninni þegar hún rennur út árið 2020. Með þessum aðgerðum freista ríki heims þess að koma í veg fyrir að hlýnun á jörðinni verði meiri en tvær gráður, frá dögum iðnbyltingarinnar að telja.

*Ekki orð um landbúnað*

Samkomulagsdrög milli ríkjanna voru gefin út fyrir ráðstefnuna og gagnrýndi Slow Food-hreyfingin að ekki væri minnst einu orði á landbúnað á þeim 57 blaðsíðum þar sem þau eru útlistuð. Hins vegar komi orðið fæðuöryggi fyrir í ýmsu samhengi. Í tilkynningu frá Slow Food er því mótmælt að mikilvægi tengsla matarframleiðslu og loftslagsmála sé ekki viðurkennt og talað um alvarlega yfirsjón í því sambandi.

Það má þó ljóst vera að landbúnaður er gríðarlega áhrifamikill þáttur í losun gróðurhúsalofttegunda – einkum búfjárrækt. Áætlað er að hún losi um 14,5 prósent af því magni gróðurhúsalofttegunda sem losna beinlínis af manna völdum. Nautgriparækt er þar stórtækust, með um 65 prósenta hlutdeild.

Í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar íslensku í loftslagsmálum, sem var kynnt þann 25. nóvember síðastliðinn, eru þrjú verkefni af átta sem verða unnin í samvinnu við bændur og hagsmunasamtök þeirra.

Í verkefninu Loftslagsvænni landbúnaður verður unninn vegvísir um minnkun losunar í landbúnaði með samvinnu stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands. Vegvísirinn mun taka mið af sambærilegri vinnu í sjávarútvegi.

Í verkefninu um Eflingu skógræktar og landgræðslu verður aukið fjármagn til skógræktar og landgræðslu, sem á meðal annars að auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Framkvæmdir verða auknar á árinu 2016 og stefnt að frekari styrkingu á næstu tveimur árum eftir það. Þetta mun skila bindingu kolefnis úr andrúmslofti umfram það sem verið hefði.

Þá verður eitt verkefni helgað endurheimt votlendis. Ráðist verður í fyrstu verkefnin undir þeim hatti sumarið 2016.

*Landbúnaðurinn leggi sitt af mörkum*

Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, skrifaði um loftslagsmálin í leiðara síðasta Bændablaðs. Þar sagði hann að margir möguleikar væru fyrir hendi og miklu skipti að landbúnaðurinn legði sitt af mörkum í þessu stóra verkefni. Sigurður segir að Bændasamtök Íslands vilji vinna með stjórnvöldum að því að útfæra verkefni sóknaráætlunarinnar á sviði landbúnaðar. Sett verði markmið og farið yfir hvernig best verði að þeim staðið til að árangur náist.

Eftir að sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar var kynnt heyrðust óánægjuraddir um að skýr markmið hefði vantað í málaflokka landbúnaðar og samgangna; sumsé tímasett markmið um tiltekinn samdrátt eins og komið hefði fram í vegvísi íslensks sjávarútvegs. Þar kemur fram að markmiðið sé að draga úr losun koldíoxíðs um 40 prósent til 2030, frá árinu 1990.

Sigurður segir að ekki sé von á slíkum markmiðum af hálfu landbúnaðarins fyrr en tími gefist til að setjast niður með stjórnvöldum til að útfæra markmiðin.

„Það mun taka einhvern tíma, en mestu skiptir að útfæra markmiðin vel og á raunhæfan hátt. Það er fullur stuðningur við þessa vinnu af hálfu samtaka bænda. Landbúnaðurinn mun vinna að því að draga úr losun á sínu sviði en við þurfum að undirbúa aðgerðirnar vel til að við náum árangri,“ segir hann.

*Átta verkefni í sóknaráætlun*

Í sóknaráætlun eru átta verkefni útlistuð sem miða eiga að samdrætti á nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Áhersla verður lögð á samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, samstilltar aðgerðir og breiða þátttöku, svo árangur geti náðst.

*/smh*

Fréttir

Umhverfismál og Parísarráðstefnan um loftslagsmál:

# Sextán verkefni í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar

**Ríkisstjórn Íslands kynnti í síðustu viku sóknaráætlun í loftslagsmálum til þriggja ára. Áætluninni er ætlað að skerpa á áherslum Íslands í loftslagsmálum og efla starf í málaflokknum til að raunverulegum árangri verði náð til að minnka nettólosun eins og segir í frétt á vef umhverfisráðuneytisins.**

Áætlunin byggir á 16 verkefnum sem miða að því að draga úr losun, auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti, styðja alþjóðleg loftslagsverkefni og efla getu stjórnvalda til að takast á við strangari skuldbindingar í loftslagsmálum. Áhersla er lögð á samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs um að draga úr losun í tilteknum greinum og ýta undir nýsköpun og loftslagsvænar lausnir.



Áhersla er lögð á samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs um að draga úr losun í tilteknum greinum og ýta undir nýsköpun og loftslagsvænar lausnir.

### *Ólík verkefni*

Í fréttinni segir að átta verkefni miði að því að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi; í samgöngum, sjávarútvegi, landbúnaði og landnotkun. Lögð verður fram heildstæð áætlun um orkuskipti í samgöngum og lagður grunnur að því að bæta innviði fyrir rafbíla á landsvísu. Í sjávarútvegi og landbúnaði verða unnir vegvísar um minnkun losunar í samvinnu atvinnulífs og stjórnvalda. Sett verður aukið fé til landgræðslu og skógræktar og hafist handa við endurheimt votlendis. Einnig verður gert átak til að draga úr matarsóun, sem veldur óþarfa losun.

Fjögur verkefnanna miða að því að efla samstarf Íslands og aðstoð við önnur ríki við að draga úr losun og takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga. Settur verður á fót samstöðuhópur um nýtingu jarðhita á heimsvísu, þar sem Ísland verður í forystu. Stuðningur við þróunarríki verður efldur, m.a. verða framlög til Græna loftslagssjóðsins aukin og Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna gert kleift að halda námskeið í þróunarríkjum sem berjast gegn eyðimerkurmyndun. Virkari þátttaka verður af Íslands hálfu í loftslagsverkefnum á vegum Norðurskautsráðsins.

Þá verður hafið skipulagt starf varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum, sem m.a. verður byggt á skýrslu um áhrif breytinga á Ísland, sem ljúka á 2016. Vöktun á jöklum Íslands verður efld og stefnt að því að gera niðurstöður aðgengilegar fyrir vísindamenn, almenning og ferðamenn og kynna jöklana og umhverfi þeirra sem lifandi kennslustofu um loftslagsbreytingar.

### *Sóknaráætlun sett fram í París*

Í sóknaráætlun sem sett verður fram í tengslum við 21. aðildarríkjafund Loftslagssamningsins í París (COP21), verður reynt að ná hnattrænu samkomulagi um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2030.

Ísland styður metnaðarfullt samkomulag í París með virkri þátttöku allra ríkja. Ísland hefur kynnt landsmarkmið í aðdraganda fundarins um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 40% minnkun losunar til 2030 miðað við 1990.

### *Staðið skal við skuldbindingar*

Ekki er gert ráð fyrir að sóknaráætlunin sé miðstýrð eða að hún komi í staðinn fyrir núverandi aðgerðaáætlun til að draga úr nettólosun, sem er ætlað að tryggja að Ísland standi við skuldbindingar sínar samkvæmt Kýótó-bókuninni til 2020.

### *Framvinduskýrsla á næsta ári*

Settir verða ábyrgðarmenn fyrir verkefnin og óskað verður eftir framvinduskýrslu um hvert verkefni á næsta ári.

Verkefni í sóknaráætlun munu setja kraft í vinnu í loftslagsmálum, fá fleiri að vinnunni og leggja línurnar varðandi markvisst starf til lengri tíma við að minnka losun og efla kolefnisbindingu.

Nánari umfjöllun um áætlunina er hægt að finna á vef umhverfisráðuneytisins: https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Soknaraaetlun---Vidauki.pdf

*/VH*

# Kúabændur hafa varið tugum milljarða í kaup á greiðslumarki

## – of stór hluti stuðningsgreiðslna ríkisins fer til bankastofnana í formi fjármagnskostnaðar

**Íslenskir kúabændur hafa frá árinu 1994 til dagsins í dag varið 28,2 milljörðum króna á núvirði í kaup á greiðslumarki í mjólk. Það lætur nærri að bændur hafi greitt um 11–12 krónur á hvern lítra yfir tímabilið í heild sem eru nálægt 25% af beingreiðslum sem bændur fá við framleiðslu hvers lítra. Við þennan kostnað bætist lántökukostnaður og vaxtagreiðslur sem eru ekki inni í myndinni. Samanlagt umfang viðskiptanna nemur 68,9 milljónum lítra. Þetta kom fram í kynningu fulltrúa Landssambands kúabænda á kynningarfundum um gerð nýrra búvörusamninga í síðustu viku.**

Samantekt LK um umfang greiðslumarksviðskipta byggir að hluta á hliðstæðri samantekt Daða Más Kristóferssonar og Ernu Bjarnadóttur frá árinu 2010. Líklegt er að eitthvað sé um tvítalningu á fjölda lítra þar sem sömu bændur hafa keypt og selt kvóta á tímabilinu. Engu að síður er um háar upphæðir að ræða sem stækka mjög að umfangi ef fjármagnskostnaðurinn væri talinn með. Ekki er til yfirlit um hann en fram kom í máli forsvarsmanna LK nemur sú upphæð milljörðum króna. Á mynd 1 sést verðþróun á greiðslumarki sem náði hámarki árið 2005 þegar kvótaverð nálgaðist 600 kr. á lítra á núvirði. Athygli vekur að verð á greiðslumarki hækkar hratt eftir gerð nýrra búvörusamninga árin 1997 og 2004.




Mynd 1. Verð á greiðslumarki hefur sveiflast töluvert á rúmum 20 árum.




Mynd 2. Núvirði greiðslumarksviðskipta er um 28,2 milljarðar króna. Veltan snarlækkar í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Heimild / LK



Endurskoðun á greiðslumarkskerfinu mun eiga sér stað við gerð nýrra búvörusamninga. Mynd / Úr safni

### *Greiðslumarkið var sett á við sérstakar aðstæður*

Baldur Helgi Benjamínsson, framkvæmdastjóri LK, segir að eftir því sem tímar líða, leiði þessi staða til þess að sífellt hærra hlutfall af stuðningi hins opinbera rennur til fyrrverandi bænda og fjármálastofnana. „Fram til 2010 var bændum heimilt að gjaldfæra greiðslumarkskaup, en það ár var ákvæði um slíkt fellt út úr tekjuskattslögum, þannig að í dag er einungis heimilt að gjaldfæra kaupin við búskaparlok. Í þessu samhengi öllu er líka nauðsynlegt að hafa í huga við hvaða aðstæður viðskiptum með greiðslumark var komið á. Mjólkurframleiðslunni hafði verið haldið fastri í fjötrum niðurskurðar framleiðsluheimilda í u.þ.b. áratug, sem var orðið greininni með öllu óbærilegt ástand,“ segir Baldur Helgi.



Baldur Helgi Benjamínsson.

### *Endurskoðun í nýjum búvörusamningum*

Umræðan um kvótakerfið og þann kostnað sem hefur fylgt því var til umræðu á bændafundunum í síðustu viku. Meðal annars vegna þess hvað stór hluti af ríkisstuðningi rennur til bankastofnana vegna greiðslumarkskaupa ræða menn nú nýjar lausnir þar sem stuðningskerfi landbúnaðarins verði endurskoðað. Markmiðið þar er að greiðslumarkið eigngerist ekki og að bændur þurfi ekki að verja fjármunum til þess að kaupa sér stuðningsgreiðslur hver af öðrum.

*/TB*




Við kynnum **Mitsubishi L200**, vinnuþjarkinn sem er svo mörgum Íslendingum að góðu kunnur. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Nú er hann kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Komdu og prófaðu nýjan L200.

**Mitsubishi L200 Intense**

6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

6.890.000 kr.

MITSUBISHI MOTORS

FYRIR HUGSANDI FÓLK

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Fréttir

Opið fyrir umsóknir:

# Landbótasjóður Landgræðslunnar árið 2016

**Landgræðsla ríkisins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr Landbótasjóði Landgræðslunnar. Sjóðurinn úthlutar árlega til margvíslegra landbótaverkefna til bænda, sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra umráðahafa lands.**

Við ákvörðun um styrkveitingar er meðal annars lögð áhersla á stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar. endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis og að landnýting verði sjálfbær.

Við mat á umsóknum er ennfremur tekið tillit til þess hvort gerð hafi verið landgræðslu- og landnýtingaráætlun til að minnsta kosti þriggja ára fyrir það svæði sem ætlunin er að vinna með.

Sérstök athygli er vakin á að sjóðurinn styrkir aðgerðir til endurheimtar votlendis og land friðað fyrir beit nýtur að öðru jöfnu forgangs við ákvörðun um styrkveitingar

Styrkur til einstakra verkefna getur að hámarki numið 2/3 af áætluðum kostnaði þess að mati Landgræðslunnar. Landgræðslan veitir ráðgjöf við framkvæmd þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir og hefur jafnframt eftirlit með framvindu þeirra og metur árangur.

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur sjóðsins eru á heimasíðu Landgræðslunnar, www.land.is. Einnig er hægt að nálgast gögnin og fá nánari upplýsingar á héraðssetrum Landgræðslunnar og á skrifstofu Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Umsóknarfrestur er til 22. desember næstkomandi og umsóknir skal senda á netfangið land@land.is eða til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella.



Talið er að búið sé að ræsa fram um 45% af öllu votlendi á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum, 60% af öllu votlendi í Evrópu og 16% öllu votlendi jarðar.

Loftslagsráðstefnan í París:

# Norðurlöndin leggja áherslu á endurheimt votlendis

**Mýrlendi þekur einungis um 3% af yfirborði jarðar en geymir í sér um 550 gígatonn af koltvísýringi sem er meira en allir skógar jarðarinnar.**

Fulltrúar Norðurlandanna á loftslagsráðstefnunni í París ætla að vekja athygli á mikilvægi endurheimtunnar votlendis í heiminum til að draga úr losun koltvísýrings og hlýnunar jarðar.

Þar sem votlendi getur bundið í sér mikið magn koltvísýrings er endurheimt þess talin ein allra hagkvæmasta leiðin sem fyrir liggur til að binda hann og draga þannig úr hækkandi lofthita á jörðinni.

Framræsla mýra í heiminum hefur losað gríðarlegt magn á koltvísýringi og öðrum gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið undanfarna áratugi. Talið er að búið sé að ræsa fram um 45% af öllu votlendi á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum, 60% af öllu votlendi í Evrópu og 16% öllu votlendi jarðar.

Umhverfisráðherrar Norðurlandanna ætla að leggja sameiginlega fram yfirlýsingu á loftslagsráðstefnunni í París þar sem þeir leggja áherslu á mikilvægi votlendisins og endurheimt þess. /VH

Vöruskipti við útlönd fyrstu 10 mánuði 2015:

# 20,7 milljarða króna halli

**Fyrstu tíu mánuði ársins 2015 voru fluttar út vörur fyrir 527 milljarða króna en inn fyrir 547,7 milljarða króna fob. Halli var því á vöruskiptum við útlönd sem nam 20,7 milljörðum króna, reiknað á fob verðmæti.**

Á sama tíma árið áður voru vöruskiptin óhagstæð um 3,9 milljarða á gengi hvors árs. Vöruskiptajöfnuðurinn var því 16,8 milljörðum króna lakari en á sama tíma árið áður.

*Útflutningur*

Samkvæmt því sem segir á vef Hagstofu Íslands var verðmæti vöruútflutnings fyrstu tíu mánuði ársins 2015 35,9 milljarðar eða 7,3% hærra, á gengi hvors árs, en á sama tíma árið áður. Iðnaðarvörur voru 53,4% alls útflutnings og var verðmæti þeirra 10,7% hærra en á sama tíma árið áður, aðallega vegna útflutnings á áli. Sjávarafurðir voru 42,0% alls vöruútflutnings og var verðmæti þeirra 7,9% hærra en á sama tíma árið áður, aðallega vegna útflutnings á fiskimjöli. Á móti dróst útflutningur á heilfrystum fiski saman.

*Innflutningur*

Fyrstu tíu mánuði ársins 2015 var verðmæti vöruinnflutnings 52,7 milljörðum eða 10,7% hærra, á gengi hvors árs, en á sama tíma árið áður, aðallega vegna hrá- og rekstrarvöru og flugvéla. Á móti dróst innflutningur á eldsneyti saman. /VH




Höskuldur Jónsson, Íþróttamaður Léttis 2015, með Elfu Ágústsdóttur, konu sinni. Myndir / MÞÞ

Hestamannafélagið Léttir á Akureyri:

# Höskuldur Jónsson var valinn Íþróttamaður Léttis árið 2015

– Höskuldur og Fanndís knapar ársins

**Höskuldur Jónsson var valinn Íþróttamaður Léttis árið 2015 í hófi sem haldið var nýverið. Fanndís Viðarsdóttir var knapi ársins í ungmennaflokki fjórða árið í röð.**

Auk Höskuldar voru tilnefndir þeir Baldvin Ari Guðlaugsson, Guðmundur Karl Tryggvason og Viðar Bragason. Allt kunnir knapar innan Léttis.

„Svo skemmtilega vill til að þrír þessara kappa urðu 50 ára á árinu, svo segja má að þetta hafi verið ár aldraðra," sagði Sigfús Helgason og sló á létta strengi í ræðu sem hann hélt af þessu tilefni. Höskuldur verður fulltrúi Léttis í kjöri á Íþróttamanni Akureyrar í janúar næstkomandi.

*Gott ræktunarstarf á Sámsstaðabúinu*

Höskuldur fór mikinn á árinu sem er að líða og að líkindum hefur þetta verið eitt hans besta ár á ferlinum. Nánast öll hross komu úr ræktun hans og Elfu Ágústsdóttur, eiginkonu hans, en þau rækta hross undir nafni Sámsstaðabúsins, þar sem gott ræktunarstarf er unnið.




Knapar ársins hjá Hestamannafélaginu Létti, Fanndís Viðarsdóttir sem valin var fjórða árið í röð, og Höskuldur Jónsson.

*Fanndís valin í fjórða sinn*

Fanndís Viðarsdóttir var valin knapi ársins í ungmennaflokki, fjórða árið í röð, en hún færist nú í fullorðinsflokk. Fram kom hjá Sigfúsi að ungmennaflokkur Léttis væri skipaður glæsilegum fulltrúum og væru menn afar stoltir af því unga fólki sem stundaði hestamennsku undir merkjum Léttis. Glæsileiki þeirra væri besti vitnisburðurinn um gott starf og Léttismenn gætu sannarlega borið höfuðið hátt þegar unga fólkið kæmi fram. Auk Fanndísar voru þau Ólafur Goran Ólafsson og Þóra Höskuldsdóttir einnig tilnefnd.

Ferill Fanndísar hefur verið glæsilegur, en hún var á dögunum tilnefnd í kjöri í ungmennaflokki Landssambands hestamanna. Hún hefur ákveðið að nema hestafræði við Hólaskóla.

*Úrvalsfólk innan Léttis*

Sigfús nefndi að það ár sem senn er á enda hefði verið viðburðaríkt, m.a. hefðu Léttismenn verið fyrirferðarmiklir á Fjórðungsmóti á Iðavöllum á Héraði á liðnu sumri og eins hefði Unglingalandsmót UMFÍ verið haldið á Akureyri og tekist sérlega vel.

Mótshald er stór þáttur í starfi hestamanna, það útheimtir mikinn mannskap og sagði Sigfús það gleðilegt að Léttismenn hefðu á að skipa úrvalshópi fólks sem hefði brennandi áhuga og vilja til góðra verka þegar að mótshaldi kemur. Hann sagði Léttismenn metnaðarfulla og vel hefði tekist til með allt mótshald, keppni og sýningar á liðnum árum. Heimsóknir til Léttismanna væru iðulega lofaðar í hástert og yljaði það um hjartarætur og hvatti til dáða.

*Gáfu girðingar*

Sigfús gat þess að þau Guðmundur og Helga, kennd við Bautann, hefðu af miklum rausnarskap ákveðið að gefa félaginu girðingar sem settar verða upp þegar mót eru haldin í reiðhöll Léttis, en þær eru væntanlegar innan skamms. /MÞÞ

# GÓLF Í GRIPAHÚS



SWAANS BETON

50 ÁRA REYNSLA

**Swaansbeton** hefur í meira en hálfa öld framleitt gólflausnir fyrir allar gerðir gripahúsa. Gólfin frá **Swaansbeton** eru framleidd í nútímalegum verksmiðjum í Heeze og Weert í Hollandi undir ströngu gæðaeftirliti og í samræmi við reglugerðir. Hönnun gólfanna tekur mið af miklu burðarþoli, stömu en slitsterku yfirborði og auðveldri losun mykju og hlands.

Hafðu samband við sölumenn BYKO og fáðu nánari upplýsingar.

**Swaansbeton** er leiðandi fyrirtæki í þróun, hönnun og framleiðslu gólfa í gripahús.

- **NAUTGRIPIR - HROSS - SVÍN - SAUÐFÉ**







## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA SÉRFRÆÐINGAR OKKAR



Kai Storgaard
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4123 / 821 4080
kai@byko.is



Helgi Svanur Guðjónsson
Sölustjóri á Selfossi
S: 480 4602 / 821 4041
helgis@byko.is



Halldór Th. W. Kristinsson
Sölu- og markaðssvið
S: 515 4187 / 821 4186
halldorthor@byko.is



Stefán Erlingsson
Sölustjóri á Akureyri
S: 460 4862 / 821 4058
stefaner@byko.is

byko.is

GERUM ENN BETUR FYRIR BÆNDUR

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339

**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is

**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is

**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.

Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**

**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Starfsskilyrði landbúnaðar í nútíð og framtíð

**Samningaviðræður um nýja búvörusamninga milli ríkis og bænda hafa nú staðið frá því í septemberbyrjun.**

Undanfarnar vikur hefur verið fundað stíft til þess að ná saman um meginlínur búgreinasamninganna, en rammasamningur hefur setið á hakanum á meðan. Í þeim tillögum felast miklar breytingar á samningunum frá því sem nú er. Fulltrúar bænda lögðu á það áherslu að kynna þær meginlínur meðal bænda til að fá viðbrögð þeirra áður en samningar yrðu kláraðir. Kynningarfundirnir nú kynntu meginlínur sem aðilar hafa náð saman um en umræður um fjárhæðir eru ekki hafnar.

### *Fundað með bændum*

Í síðustu viku stóðu Bændasamtökin fyrir fjórum almennum bændafundum auk þess sem Landssamband kúabænda, Samband garðyrkjubænda og Landssamtök sauðfjárbænda funduðu með fulltrúum sinna búgreina um málið. Miklar umræður voru á öllum þessum fundum og þótt ekki séu allir á eitt sáttir um þær tillögur sem kynntar voru, voru umræður mjög málefnalegar og því gagnlegar fyrir fulltrúa bænda í samninganefnd upp á framhaldið.

Fulltrúar bænda komu til viðræðna nestaðir ályktunum frá Búnaðarþingi og aðalfundum búgreinafélaga. Óhætt er að segja að þær hugmyndir hafi ekki í öllum tilfellum samrýmst áherslum ríkisins, sem lagði til ýmsar hugmyndir að breytingum. Hvað sem því líður þá voru á fundunum kynntar meginlínur samninga sem fulltrúar beggja aðila voru sammála um.

### *Rætt um samning til tíu ára*

Þær tillögur snúast í hnotskurn um að gera langan breytingasamning sem í lok samningstímans verður laus við marga ágalla núverandi samninga. Áherslan er því að hlúa að starfsskilyrðum þeirra sem ætla sér að stunda búskap eða að koma nýir inn í greinina í framtíðinni án þess að kollvarpa áformum þeirra sem huga að búskaparlokum á allra næstu árum. Vegna þeirra breytinga sem lagðar eru til verður samningurinn til 10 ára með tveimur föstum endurskoðunum, annars vegar árið 2019 og hins vegar árið 2023.

Lagt er til að greiðslumark sem gengur kaupum og sölum hverfi á samningstímanum. Kvótakerfi í mjólk verði aflagt um miðbik samningsins og eitt verð verði greitt fyrir alla mjólk, hvort sem hún fer á innanlandsmarkað eða til útflutnings. Fram að aflagningu kvótans verði heildargreiðslumark í mjólk fryst og framsal á kvóta milli aðila bannað. Þess í stað hafi ríkið innlausnarskyldu á kvóta hjá þeim sem hyggjast hætta mjólkurframleiðslu. Hlutfall þeirra stuðningsgreiðslna sem greiddar hafa verið á hvern lítra mjólkur sem framleiddur hefur verið innan kvóta verður lækkað og aukin hlutdeild greidd út á alla mjólk sem kemur í afurðastöð. Lagðar eru til breytingar á því verðlagningarkerfi sem hefur verið við lýði og að tekinn verði upp stuðningur við framleiðslu á nautakjöti í bestu gæðaflokkum.

Beingreiðslur á hvert ærgildi í sauðfjárrækt minnka ár hvert fram á miðjan samningstímann uns frjálst framsal þeirra verður bannað, ásetningsskylda aflögð og greiðslumark í framhaldinu aflagt í þrepum. Nýtt átaksverkefni, „Aukið virði sauðfjárafurða", verði tekið upp í sauðfjársamningi. Markmið þess er að auka virði sauðfjárafurða með því að standa sameiginlega að markaðssetningu þeirra afurða undir einu merki á erlendum hágæða mörkuðum og til erlendra gesta hér á landi.

Í samningunum er einnig lagt til að hluta fjármuna sé varið til fjárfestinga. Þar er áhersla á stuðning við nýframkvæmdir, breytingar á eldri húsum og bættan aðbúnað gripa. Enn fremur eru tillögur um að auka fjármuni í jarðræktarsjóð til að styðja við endurræktun túna, kornrækt og grænfóður. Gripagreiðslur verða teknar upp í sauðfjárrækt og hlutfall þeirra aukið í nautgriparækt umfram það sem verið hefur.

### *Ekki miklar breytingar varðandi garðyrkjuna*

Nokkur sátt hefur verið um garðyrkjusamninginn og því eru ekki lagðar til miklar breytingar á honum. Þó er lagt til að niðurgreiðslur á flutningi og dreifingu raforku verði færðar inn í samninginn til að auka gegnsæi þeirra og fyrirsjáanleika. Aðilar eru sammála um að láta skoða umfang tollverndar í útiræktuðu grænmeti og meta möguleika á afnámi þeirrar tollverndar gegn annars konar stuðningi. Tillögur í þessa veru muni verða tilbúnar við endurskoðun samnings 2019.

Miklar umræður sköpuðust um þessar meginlínur á fundum með bændum í seinustu viku. 420 manns mættu á almennu bændafundina fjóra. Að hinum fundunum meðtöldum komu um 600 bændur til samráðs um þessi mál.

### *Nautgripabændur óttast verðfall*

Áhyggjur í nautgriparæktinni voru fyrst og fremst af því að breytingar myndu leiða til aukinnar framleiðslu og verðfalls í framhaldinu. Ástandið á mörkuðum í Evrópu um þessar mundir hafði óneitanlega áhrif á umræðuna þó að þar komi fleiri áhrifaþættir til en afnám kvótakerfis innan ESB. En margir lögðu áherslu á að það þyrftu að vera fyrir hendi virk stjórntæki til að bregðast við ef aðstæður þróast með neikvæðum hætti hér heima. Margir þeirra sem lýstu áhyggjum af áhrifum nýs fyrirkomulags voru þó ekki ánægðir með núverandi kerfi, en vildu frekar leita leiða til að lagfæra það eða skoða aðrar útfærslur.

### *Sauðfjárbændur lýsa áhyggjum*

Í sauðfjárræktinni var sömuleiðis lýst áhyggjum af framleiðsluhvata tillagnanna, en einnig komu fram jákvæð viðbrögð með að til stæði að leggja af stuðning sem gengur kaupum og sölum og þá aðgangshindrun sem í því felst. Talsverð umræða varð um útfærslu á landnýtingarþætti gæðastýringar í ljósi þess að ætlunin er að auka vægi hennar. Miklu skipti að forsendur að baki væru skýrar og gagnsæjar og traust ríkti á milli aðila. Margir vildu efla byggðalega þætti samningsins og sækja aukið fjármagn til þeirra verkefna og til að auðvelda aðlögun að breytingunum.

Það var mikilvægt fyrir fulltrúa bænda í samninganefnd að heyra viðhorf þeirra fjölmörgu sem sóttu fundina og áhyggjur þeirra eru skiljanlegar enda verið að leggja upp með miklar breytingar. Næsta skref er að fara yfir þær ábendingar sem fram komu og leita lausna. Það er ætlunin að setja ýmsa varnagla, en meining er að gera breytingasamning til að bregðast við göllum núverandi kerfis og nýta tækifæri framtíðarinnar. Markmiðið er að bændur nútíðarinnar geri samning sem skapi aðstæður fyrir bændur framtíðarinnar til að sækja fram og efla íslenskan landbúnað enn frekar.

/ SSS

## LOKAORÐIN

# Sannleikurinn er sár

**Miklar vonir hafa verið bundnar við að samstaða náist meðal þjóða heims á loftslagsráðstefnunni í París. Það snýst þó ekki bara um loftmengunina sem slíka, heldur ekki síður afleiðingar hlýnunar lofthjúpsins eins og fæðuskort.**

Málið er grafalvarlegt og á ráðstefnunni í París hefur það komið berlega í ljós að það er einmitt vatns- og fæðuskortur sem er nú talin meginorsök uppgangs hryðjuverkahópa á borð við Boko Haram í Afríku, ISIL í Írak og Sýrlandi ásamt al-Qaeda. Þeir hafa allir komið fram opinberlega undir merkjum súnní-múslima en tilheyra þó grein bókstafstrúar Vahabíta. Þess má geta að Vahabítismi er opinber trú í Sádi-Arabíu. Hryðjuverkasveitir af þessum stofni hafa hrakið milljónir manna á flótta, ekki síst sjía-múslima og kristna íbúa.

World Food Programme (WFP) og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) telja að um 8,2 milljónir manna þarfnist aðstoðar í Írak, þar af eru 4,4 milljónir sem þurfa mikla matvælaaðstoð. Í þeim hópi eru um 250 þúsund flóttamenn frá Sýrlandi.

Orsökin fyrir vandanum í Írak og Sýrlandi er ekki bara vopnaskak, heldur uppþurrkun stórra svæða í kringum Tigris-vatnasvæðið í gömlu Mesópótamíu, vegna raforkuframleiðslu og áveituframkvæmda. Er grunnvatnsstaða á þessum svæðum nú orðin hættulega lág. Það þýðir að öll ræktun, landbúnaður og þar með matvælaframleiðsla dregst gríðarlega saman og íbúarnir fara á vergang. Hlýnun jarðar hefur hraðað þessari þróun verulega. Sama má segja um þau svæði í Afríku þar sem hryðjuverkasveitir ganga á lagið hjá sveltandi fólki sem liggur vel við höggi.

Á liðnum árum hafa fjölmargir erlendir fyrirlesarar með mikla reynslu komið hingað til lands til að fjalla um fæðuöryggi. Allir hafa sagt það sama; standið vörð um fæðuöryggi ykkar. Án þess getur illa farið. Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (World Health Organization) leggur líka mikla áherslu á þetta.

Samkvæmt pólitískum trúarskoðunum harðlífisskríbenta á samfélagsmiðlunum að undanförnu mætti ætla að áhyggjur erlendra sérfræðinga, stjórnmálamanna og alþjóðastofnana séu allar ættaðar úr smiðju „ríkisstyrkts" Bændablaðs. Einnig hefur verið fullyrt að hundruð milljóna af opinberu fé renni í þann rekstur. Hvernig væri að þetta ágæta fólk kíkti í heimsókn og aflaði sér betri upplýsinga um starfsemi Bændablaðsins, áður en það kokgleypir „sannleikann" sem kokkaður hefur verið upp af örgum prófessor í hagfræði á liðnum árum?

*/HKr.*



**Þótt margir bölvi snjónum yfir hann þó óneitanlega undir ljómann af jólaljósunum sem fólk keppist nú við að setja upp um allt land. Þetta fallega upplýsta tré, sem er að finna við Vesturtún á Álftanesi, sýnir vel áhrifin af nýföllnum snjónum.**

**Mynd / HKr.**

# Jólin nálgast



Notalegt var í vetrarfrostinu að skoða hlý gróðurhúsin að Espiflöt og blómin glöddu augað hvert sem litið var. Mynd / Ívar Sæland

## Samband garðyrkjubænda 60 ára:

# Garðyrkjubændur gerðu sér glaðan dag

**Á þessu ári eru liðin 60 ár frá stofnun Sambands garðyrkjubænda. Af því tilefni komu félagar og gestir þeirra saman til fundar og hátíðarhalda þann 20. nóvember síðastliðinn.**

Dagskráin hófst fyrir hádegi í Reykholti í Biskupstungum með heimsókn í garðyrkjustöðvarnar Gufuhlíð, Friðheima og Espiflöt þar sem gestgjafar kynntu starfsemi sína og buðu veitingar. Yfir 80 manns mættu enda áhugverðar kynningar í boði.

Að loknum heimsóknum lá leiðin að Flúðum þar sem gengið var til fundar. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Gunnar Þorgeirsson, formaður stjórnar Sambands garðyrkjubænda, kynntu stöðu mála í viðræðum um gerð búvörusamninga.

Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri kokkalandsliðsins, flutti félagsmönnum hugvekju um garðyrkjuafurðir og gæðamatseld. Magnús Á. Ágústsson og Helgi Jóhannesson, garðyrkjuráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, fóru yfir ýmsa faglega þætti garðyrkjunnar.

Á fundinum kom fram að á fjölmennustu garðyrkjustöðvum landsins starfa um 30 manns þegar mest er og því mikil umsvif í þessari vaxandi atvinnugrein.

Hápunktur fundarins var frumsýning á heimildakvikmynd um íslenska garðyrkju sem Sambandið lét gera í samstarfi við Profilm og Guðríði Helgadóttur í tilefni afmælisins. Myndin hefur verið sýnd í Ríkissjónvarpinu og er aðgengileg öllum í Sarpinum.

Um kvöldið bauð sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra upp á fordrykk og í framhaldinu var hátíðarkvöldverður, skemmtidagskrá og dansleikur.



Knútur Ármann, bóndi í Friðheimum, fræddi gesti um garðyrkjustarfsemina og ört vaxandi umsvif í ferðaþjónustu. Tæplega hundrað þúsund gestir hafa lagt leið sína í Friðheima á árinu. Myndir / Ívar Sæland.



Formaður Bændasamtaka Íslands, Sindri Sigurgeirsson, færði Sambandi garðyrkjubænda afmæliskveðju sem Gunnar Þorgeirsson, formaður stjórnar, veitti viðtöku. Um er að ræða forláta loftvog, en Sindri lét þess getið að eitt af því sem sameinaði bændur væri nauðsyn þess og áhugi á að fylgjast vel með veðrinu.

Mynd/ Katrín María Andrésdóttir



Guðríður Helgadóttir, ritstjóri heimildakvikmyndarinnar. Hér er hún ásamt Helenu Hermundsdóttur, garðyrkjubónda í Friðheimum.



Sigurður Ingi Jóhannsson og kona hans, Elsa Ingjaldsdóttir, bregða á leik.



Helgi Jakobsson, bóndi í Gufuhlíð, fer hér yfir áburðarmál með áhugasömum gestum.



Magnús Á. Ágústsson garðyrkjuráðunautur hlaut heiðursverðlaun garðyrkjunnar 2015 fyrir farsæl störf í þágu íslenskrar garðyrkju.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 143

Það fer vel á því að halda áfram „Hrútadagskveðskap“ frá Raufarhöfn sem fluttur var þann 3. okt. sl. Eimur reykkofanna er brátt úr vitum, en við tekur hin eina sanna hrútalykt sem yfirtekur allan húsaþef. Brundtíð er gengin í garð, eins konar „aðventa“ sauðfjárbænda. **Gísli Einarsson** „Landagerðarmaður“ var kynnir á samkomunni. **Gústi í Sauðanesi** lýsir honum svo:

*Skýran framburð skortir ei,*
*skallinn koparrauður.*
*Hann er eins og geldingsgrey*
*Gísli bjöllusauður.*

Birgi stjórnanda lék forvitni á að vita, hvort myndi hægt að nota Jónas Friðrik í fjárleitum. Gústi greip þá tækifærið:

*Jónas Friðrik skokkar ei með skrílnum,*
*skenkt er honum jafnan eðalvín.*
*Hann mundi bara sitja í sjúkrabílnum*
*og syngja Katarína stúlkan mín.*

Birgir leitaði gangnafrétta hjá Jóa og Gústa. Jónas Friðrik nýtti þá tækifærið til að jafna leikinn við Gústa:

*Það valdið hefur vonbrigði mér löngum*
*að verða áheyrandi að fregnum þeim*
*þegar Jói og Gústi eru í göngum*
*að gerpin skuli alltaf rata heim.*

Gísli Einarsson fékk svofellt ávarp frá Bergdísi:

*Sá sem alltaf landa lepur*
*líkar vel og þess hann naut.*
*Landa sína glatt hann getur;*
*það geymist margt í landahaus.*

Auðvitað skyldi ort um Hrútadagsnefndina, en í henni sátu auk þriggja valkyrja, þeir Árni í Sveinungsvík og Ragnar í Álandi. Jói orti:

*Í nefndinni er fylking fríð*
*sem fátt sér lætur hagga,*
*en fari að nálgast fengitíð*
*þá forðist Árna og Ragga.*

Og Gústi var einnig hallari undir kvenhluta nefndarinnar:

*Ef þau standa hlið við hlið*
*og hafa opinn gúla,*
*eru þau falleg utan við*
*Árna og Ragga Skúla.*

En Bergdís hélt sig við kynsystur sínar þrjár í nefndinni. Kynhlutföllin sumsé rétt:

*Öllu ráða á Raufarhöfn,*
*ræsa mann og annan.*
*Þó ég engin nefni nöfn*
*í næturhúmi fann hann.*

Og Birgir stjórnandi hlaut einnig sinn skerf. Jói sá hann meira að segja fyrir sér sem kyntröll, þó ögn skorti upp á hæðina:

*Sæluhljóðin safarík*
*særa blygðun mína,*
*er karlhrútur í Krossavík*
*kumrar við Rósu sína.*

Gústi kom til samkomunnar lítt skipulagður að vanda. Kveðskapurinn á lausum miðum um gjörvallt borð. Um Gústa orti Jónas Friðrik:

*Samviskan er svört og tæp,*
*samt ég tóri nokkuð hress,*
*og þurfi ég að grafa glæp*
*Gústi hefur blöð til þess.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Fréttir



Íslenskar mjólkurafurðir gera það gott í Danmörku:

## Skyr frá MS sigrar þriðja árið í röð

**Íslenskt skyr var einstaklega sigursælt þegar það vann til fjölda verðlauna í sérstökum skyrflokki á mjólkursýningunni í Herning í Danmörku fyrir skömmu.**

Íslenskt skyr vekur athygli danskra fjölmiðla en þetta er þriðja árið í röð sem keppt er í sérstökum skyrflokki og hefur íslenskt skyr frá MS sigrað í flokknum frá upphafi.

Íslenska skyrið var sérstaklega sigursælt og atti það m.a. kappi við skyr frá Arla. Skyr.is og KEA skyr unnu til 12 verðlauna í flokknum sem er stærsti einstaki flokkurinn á sýningunni. Þetta er þriðja árið í röð sem íslenskt skyr sigrar flokkinn en Skyr.is með ferskjum og hindberjum sigraði flokkinn og hlaut einkunnina 14,2 af 15 mögulegum.

Árangur íslenska skyrsins hefur vakið athygli í Danmörku og hefur verið talsvert fjallað um það, m.a. á sjónvarpsstöðinni TV2 þar sem yfirskriftin var „Ísland er enn meistarinn“.

Landsbankinn dregur úr þjónustu á Seyðisfirði:

## Bæjarráð vill að starfsemin verði efld

**Bæjarráð Seyðisfjarðar hvetur stjórnendur Landsbankans að huga að leiðum til að efla starfsemi bankans í sveitarfélaginu.**

Kynntar hafa verið breytingar á starfsemi og þjónustu Landsbankans í bænum og þykir bæjarráði miður að stjórnendur hans áformi að draga úr starfsemi bankans á Seyðisfirði.

*Störfum fækkar*

„Með ákvörðuninni missir starfsfólk vinnuna og störfum á Seyðisfirði, þ.e. störfum á vegum ríkisins, fækkar. Það er ekki í samræmi við stefnu stjórnvalda sem fara með eignarhald bankans,“ segir í bókun sem gerð var á fundi bæjarráðs fyrir skömmu.

Vitnað er í lýsingu á starfsemi útibúa Landsbankans á heimasíðu hans í bókun bæjarráðs, en þar segir að öll útibú bankans veiti hefðbundna fjármálaþjónustu og ráðgjöf til einstaklinga, sem og til rekstraraðila í viðskiptum við bankann. Væntir bæjarráð þess að sú þjónusta verði óbreytt á Seyðisfirði.

*Bankinn segir kröfur um hagkvæmni miklar*

Í kynningu bankans er rakið að miklar breytingar hafi orðið á rekstrarumhverfi banka á undanförnum árum. Að yfir 80% allra bankaviðskipta séu nú orðin rafræn og hlutfallið fari hækkandi. Þörf fyrir hefðbundin útibú og afgreiðslur hafi því minnkað. Þá séu gerðar ríkar kröfur um aukna hagkvæmni í rekstri Landsbankans og að breytingarnar á Seyðisfirði séu liður í að bregðast við þessu.

Með vísan til samfélagslegrar ábyrgðar bankans, nýlegra afkomutalna, sterkrar stöðu og eignarhalds bankans, hvetur bæjarráð stjórnendur Landsbankans til að huga að leiðum til eflingar starfseminnar á Seyðisfirði. /MÞÞ

Bændagleði Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga:

## Hjónin á Halldórsstöðum 2 hlutu viðurkenningu

**Bændagleði Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga var haldin í Kiðagili í Bárðardal nýlega.**

Boðið var upp á mikil og góð skemmtiatriði eins og t.d. sveitasvarið sívinsæla og „kúadóma“ sem fóru fram í bundnu máli hagyrðinga úr héraði.

*Hógværð, snyrtimennska og sátt við umhverfið*

Viðurkenningin Þingeyski bóndinn var afhent á Bændagleðinni í þriðja sinn og urðu hjónin Bergljót Þorsteinsdóttir og Ingvar Ketilsson fyrir valinu að þessu sinni, en þau reka fyrirmyndarbúskap að Halldórsstöðum 2 í Bárðardal. Einkunnarorð viðurkenningarinnar Þingeyski bóndinn eru hógværð, snyrtimennska og sátt við umhverfið. Þau fengu viðurkenningarskjal og málverk eftir Lilju Björk Þuríðardóttur sem málað er á meira en 100 ára gamla veggþilju úr húsinu á Stóruvöllum í Bárðardal.



Bergljót Þorsteinsdóttir og Ingvar Ketilsson reka fyrirmyndarbúskap á Halldórsstöðum 2 í Bárðardal.

Styrktaraðilar Bændagleðinnar voru Norðlenska, MS, N1 og Bústólpi sem buðu m.a. upp á gómsætan veislumat framreiddan af starfsfólki Kiðagils sem rann ljúflega ofan í gesti sem voru fjölmargir. Að lokinni skemmtidagskrá upp úr miðnætti var slegið upp dansleik og dansað fram eftir nóttu. /MÞÞ

# Húskarlahangikjötið vinsælla með hverju ári sem líður

**Það er alveg óhætt að segja að hangikjötssalan er þegar farin vel af stað og við eigum von á mikilli sölu á hangikjöti nú fyrir jólin,“ segir Ólafur Már Þórisson, markaðsstjóri hjá Kjarnafæði.**

Þar á bæ eru menn í óða önn að undirbúa kjötsölu fyrir jól og áramót.



Sveinn Ingi Kjartansson, kjötiðnaðarmaður hjá Kjarnafæði, kannar ástandið á Húskarlahangilærunum en þau eru tvíreykt og njóta vaxandi vinsælda með hverju árinu sem líður.

*Flestir vilja úrbeinað*

Kjarnafæði framleiðir og selur þrjár tegundir hangikjöts, Kofareykta-, Taðreykta- og Vopnafjarðarhangikjötið. Ólafur segir sölu undanfarinna ára hafa verið góða og að nokkurn veginn skiptist til helminga úrbeinuð læri og frampartur. Hangilæri með beini á undir högg að sækja, æ fleiri kjósa hin síðari ár að hafa sitt hangikjöt úrbeinað.

„Við bjóðum þó að sjálfsögðu upp á það með beini enda er það alltaf góður hópur sem vill sjóða beinið með til að kalla fram aðeins öðruvísi og að þeirra mati betra bragð,“ segir hann.

Húskarlahangikjötið verður vinsælla með hverju árinu sem líður, tvíreykt hangikjöt sem hægt er að skera niður og borða beint af beininu.

„Það eru alltaf að verða fleiri og fleiri forstofur eða bílskúrar hér á landi þar sem hægt er að finna hálfétið húskarlalæri. Kosturinn er sá að ekki þarf að geyma það í kæli eftir að byrjað er á því og það verður bara betra eftir því sem það þornar meira.“

*Sala fer vel af stað*

Ólafur segir að fjölskyldur og vinahópar haldi gjarnan litlu jól og þá sé hangikjötið stór partur af veislunni. Mötuneyti eru fjölmörg og veitingastaðir taka á móti fyrirtækjum í mat, nokkrar vikur séu síðan farið var að afgreiða hangikjöt til þeirra. Algengt er að fólk taki hangikjöt með á leið í heimsókn til ættingja og vina í útlöndum. Hann bendir á að hægt sé að grípa með sér hangikjöt og húskarlalæri í Leifsstöð þannig að fólk þarf ekki að burðast með kjötmetið í farangri sínum í gegnum tollinn. Einnig megi þar nálgast óreykt og ferskt lambakjöt.

„Þannig að salan er farin af stað fyrir þó nokkru en svo fer þunginn vaxandi eftir því sem líður á desember,“ segir hann.

*Ekki sjóða of lengi*

Kjötiðnaðarmeistarar Kjarnafæðis hafa því haft hugann við þessi þjóðlegu matvæli um skeið. Ólafur segir þá passa vel upp á að allir fái það sem fyrirtækið stendur fyrir, sem sé gæði þegar kemur að reyk- og saltbragði og að sjálfsögðu að kjötinu sjálfu. Ólafur mælir með því að fólk hafi í huga við matreiðsluna að sjóða kjötið ekki of lengi og hafa lágan hita, þannig haldist kjötsafinn frekar í kjötinu. Best er að leyfa kjötinu að kólna í soðinu. /MÞÞ

Eggert Kristjánsson hf. sektað vegna villandi umbúðamerkinga á frosnu grænmeti:

# Íslenskt meðlæti skorti upprunamerkingar

**Í ákvörðun Neytendastofu frá 13. nóvember síðastliðnum er Eggerti Kristjánssyni hf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð hálfri milljón króna, vegna ófullnægjandi upplýsinga um uppruna grænmetisins sem merkt er með vörumerkinu Íslensk Matvæli hf.**

Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofu hafi borist ábending vegna merkinga og útlits umbúða Íslensks meðlætis, sem inniheldur frosið grænmeti, sem gæfi tilefni til að ætla að um íslenska ræktun væri að ræða.

Árið 2009 komst stofnun að þeirri niðurstöðu að sama fyrirtæki hefði með sambærilegum hætti gerst brotlegt gegn ákvæðum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og í kjölfar var notkun umbúðanna bönnuð. Í ákvörðuninni kemur fram að í kjölfar þeirrar ákvörðunar hafi upplýsingar á umbúðum vörunnar verið bættar og því ekki talin ástæða til að grípa til frekari aðgerða þó enn væri notast við sama útlit og merkingar á umbúðunum. Af ábendingu þeirri sem Neytendastofu hafi nú borist virðast hinar viðbættu upplýsingar hafa verið fjarlægðar.

*Gáleysi og þekkingarleysi frekar en ásetningur*

Í skýringum fyrirtækisins á breytingum á umbúðunum kemur fram að fyrirtækið hafi verið selt í millitíðinni. „Nýjum stjórnendum hafi aldrei verið kunnugt um fyrri ákvörðun Neytendastofu og hafi verið í góðri trú um að allt væri með felldu þegar haldið hafi verið áfram með pökkun á grænmeti í umbúðir Íslensks meðlætis á árinu 2014 og 2015. […] Skýringin á því að prentun upprunalands hafi dottið út sé fyrst og fremst af gáleysi og þekkingarleysi frekar en af ásetningi. Hana megi rekja til þess að skipt hafi verið um búnað við pökkun og þess ekki gætt að prentun þessara upplýsinga fylgdi með við prentun lotunúmers og best fyrir dagsetninga, en til þess sé notaður sérstakur sprautuprentari sem sé áfastur pökkunarvélinni. Félagið muni gera ráðstafanir til að bæta úr þessu í næstu pökkunarlotu sé þess kostur og sjá til þess að upplýsingar um uppruna innihalds verði öllum ljósar.“ /smh






# Fóðurbætir sem eykur fitu í mjólk

## FEITUR RÓBÓT 16 OG 20

Hægt er að fá fóðurbætirinn bæði kögglaðan fyrir gjafakerfi og kurlaðan fyrir heilfóðursgerð.

Nýja kjarnfóðrið inniheldur 16% og 20% hráprótein og hentar vel með blautverkuðum rúllum og próteinsnauðu heyi.

Inniheldur m.a. íslenska kalkþörunga sem eru náttúrulega ríkir af ýmsum steinefnum. Kemur einnig í veg fyrir súra vömb mjólkurkúa við mikla kjarnfóðursgjöf.

Einnig er ríflegt magn af sykurrófum ásamt sérgerðri fitu sem eykur fitumagnið í mjólk.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Erlendur Jóhannsson fóðurfræðingur
570-9800 eða erlendur@fodur.is

FB FÓÐURBLANDAN

**Sendum um allt land**

**Hafðu samband**
www.fodur.is
**570 9800**

**FB Verslun Selfossi**
Austurvegi 64a
**570 9840**

**FB Verslun Hvolsvelli**
Hlíðarvegi 2-4
**570 9850**

**FB Verslun Egilsstöðum**
Kaupvangi 11
**570 9860**



Útlitsmynd af nýja hótelinu í Laugarási í Biskupstungum. Hægt er að skoða myndbandið á slóðinni https://www.youtube.com/watch?v=huHdNgLZDVA

# Átta tíu herbergja hótel á sláturhúsalóðinni í Laugarási

**Þeir sem keyptu sláturhúslóðina í Laugarási af Byggðastofnun stefna að því að byggja hótel þar sem leifarnar af sláturhúsinu standa nú.**

Munu lóðarhafarnir vera með bandaríska fjárfesta á bak við sig.

„Hér eru á ferð sömu aðilar og reka Alda Hótel í Reykjavík,“ segir Páll Skúlason í Laugarási í Biskupstungum á bloggsíðu sinni en þar er hann að vísa í nýtt hótel sem hefur verið kynnt með myndbandi á Youtube og stendur til að byggja.

Um er að ræða áttatíu herbergja hótel í svipuðum gæðastaðli og Hótel Rangá, með áherslu á heilsurækt og að gestir dvelji á hótelinu í nokkra daga í senn og njóti þess sem svæðið og umhverfið hefur upp á að bjóða.

„Vonir þeirra sem þarna er um að ræða, standa til þess, að rífa sláturhúsið alveg á næstunni, og ekki eru þeir margir sem munu sakna þess. Ef af þessu verður mun heldur betur glæðast líf í Laugarási, því hótel kallar á ýmislegt annað,“ segir Páll.

*/MHH*

# Þjóðleg Skötumessa á Hellu 4. desember

**Föstudaginn 4. desember verður haldin þjóðleg Skötumessa á Hellu.**

Í boði verða þjóðlegir réttir sem æ sjaldnar sjást á borðum; kæst skata, saltfiskur og plokkfiskur með kartöflum, rófum og hamsatólg. Í eftirrétt verður boðið upp á ábresti með kanil og kaffi að góðum íslensk-um sið. Skemmtunin fer fram í Íþróttahúsinu á Hellu og hefst kl. 20.45. Að loknu borðhaldi verður happdrætti. Veislustjóri verður Ásmundur Friðriksson alþingismaður. Miðaverð er 5.000 krónur. Allur ágóði kvöldsins rennur til reksturs Rangárbakka, sem er hestasvæðið á Gaddstaðaflötum við Hellu.

*/MHH*

# Gjaldskrá Selfossveitna hækkar um 18%

**Stjórn Framkvæmda- og veitusviðs Sveitarfélagsins Árborgar hefur samþykkt samhljóða að hækka gjaldskrá Selfossveitna frá 1. janúar 2016 um 18%.**

Þetta er gert vegna nauðsynlegra framkvæmda við jarðhitaleit og virkjun jarðhita á nýjum svæðum. Ástæðan er vaxandi íbúafjölgun og að afköst núverandi orkuöflunarsvæða eru að minnka.

*/MHH*



# Framúrskarandi ferðaþjónustubæir í Flóahreppi

**Tvö ferðaþjónustubýli í Flóahreppi hlutu viðurkenninguna „Framúrskarandi ferðaþjónustubær“ á uppskeruhátíð Ferðaþjónustu bænda í síðustu viku.**

Viðurkenningin er veitt fyrir einstaka frammistöðu á árinu og byggist matið á umsögnum gesta og þeim gæðum sem staðirnir standa fyrir að mati skrifstofu Ferðaþjónustu bænda. Um er að ræða Lambastaði hjá Svanhvíti Hermannsdóttur og Almari Sigurðssyni og Hraunmörk hjá þeim Rósu Matthíasdóttur og Frey Baldurssyni. Lambastaðir eru við þjóðveg eitt í nágrenni Selfoss en Hraunmörk er við Skeiðaveginn umvafið hrauni. Á myndinni eru verðlaunahafarnir með viðurkenningar sínar. Frá vinstri: Almar og Svanhvít og Rósa og Freyr.

*/MHH*

# Allar íslenskar sauðfjárafurðir upprunamerktar

**Markaðsráð kindakjöts er þessa dagana að fara af stað með nýtt upprunamerki fyrir allar íslenskar sauðfjárafurðir. Merkið er fyrst og fremst hugsað til þess að vekja athygli erlendra ferðamanna á gæðum og sérstöðu kjötsins, ullarinnar og gæranna.**

Með því að allar afurðir verði undir einu gæðalegu upprunamerki er hægara um vik að koma hinni einstöku sögu íslensku sauðkindarinnar til skila til þeirra sem heimsækja landið. Markmiðið er að íslenskt lambakjöt verði í öndvegi á sem flestum af betri veitingastöðum landsins og að allar peysur, húfur og vettlingar eða annað úr íslenskri ull verði rækilega merkt. Undirbúningur hefur tekið nokkra mánuði og verið unninn í samstarfi við ýmis fyrirtæki og stofnanir – þeirra á meðal Icelandair og Handprjónasambandið. Fyrstu veitingastaðirnir sem verða með eru Grillið á Hótel Sögu og veitingastaðir Icelandair.

### *Sjálfbær gæðavara af einstöku fjárkyni*

Einn af kostunum við sameiginlegt upprunamerki fyrir allar afurðir er sá að snertingar við hvern og einn ferðamann verða eins margar og framast er kostur.

Fyrir utan að kynna merkið inni á veitingastöðum og í ferðamannaverslunum, er einnig samvinna með leiðsögumönnum, ferðaþjónustufyrirtækjum og flugfélögum, enda er lambakjöt sannarlega þjóðarréttur Íslendinga.

Sérstöðu íslenska fjárins er komið til skila í merkinu sjálfu og því haldið til haga að féð kom til landsins með landnámsmönnum og að stofninn er óspilltur og einstakur í veröldinni. Þegar fjallað er um lambakjötið er sérstaklega dregið fram hversu rómað þetta holla kjöt er fyrir bragðgæði, enda alið á sjálfbæran hátt í óspjallaðri náttúru á móðurmjólk og næringarríkum fjallgróðri.

### *Hver einasta lopapeysa með upprunamerkinu*

Hugmyndin er sú að merkið sjálft segi ákveðna grundvallarsögu en síðan er hægt að segja óteljandi mismunandi undirsögur. Allar eiga þær að hverfast um hversu einstakt íslenska sauðféð er, hvort sem er með tilliti til sjálfbærra búskaparhátta, gæða og hreinleika eða einstakrar menningarlegrar tengingar.

Í sérstökum ullarmiðum er gerð grein fyrir því að lagskipt ullin af íslenska fénu fyrirfinnst hvergi annars staðar og lopaklæði og gærur hafa haldið hita á þjóðinni í óblíðri íslenskri veðráttu í meira en þúsund ár.

Stefnt er að því að hver einasta lopapeysa sem seld er í verslunum hérlendis verði merkt, sé hún sannarlega úr íslenskri ull. Á næstu vikum og mánuðum er stefnt að því að fara um allt land og heimsækja alla þá sem framleiða eða selja íslenska ull, ullarvörur eða gærur.

Erlendir ferðamenn eiga innan nokkurra mánaða að geta gengið út frá því sem vísu að ef vörurnar eru ekta séu þær merktar. Svipað gildir um matinn. Þeir veitingastaðir sem setja íslenskt lambakjöt í öndvegi verða þá sérstaklega merktir og dregnir fram í veitingastaðaflóru landsins þannig að ekki ætti að fara fram hjá nokkrum þeim sem heimsækir landið hver þjóðarrétturinn er og hvað það er sem verður að prófa í Íslandsferðinni.

# Handverk og jólaskap frá Sólheimum í Kringlunni

**Jólamarkaður Sólheima verður haldinn í Kringlunni dagana 3.–6. desember.**

Þar verður á boðstólum allskonar handverk og listmunir sem unnir eru af heimilisfólkinu á Sólheimum.

Þá er einnig boðið upp á brauð, kökur og nýbrennt og malað lífrænt Sólheimakaffi til að taka með heim.

Gleðin mun skína úr hverju andliti og jólaskapið verður sannarlega til staðar. Ef fólk vill virkilega komast í alvöru jólaskap, þá er bara að mæta í Kringluna og heilsa upp á fólkið frá Sólheimum.



# Fánalögin send aftur út til umsagnar

**Bændasamtök Íslands sóttust fyrst eftir því árið 2008 að lögum um notkun á þjóðfána Íslendinga yrði breytt þannig að heimilt yrði að nota hann til að auðkenna innlendar landbúnaðarafurðir. Það var þó ekki fyrr en á síðasta ári sem tillaga um þetta kom fram á Alþingi.**

Ekki tókst að afgreiða málið á síðasta þingi en frumvarpið var endurflutt á yfirstandandi þingi undir lok septembermánaðar síðastliðinn. Eftir fyrstu umræðu fór málið til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þann 14. október.

Frumvarpið hefur nú verið sent út til umsagnar að nýju, en samkvæmt Sigurði Eyþórssyni, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, verður ekki skilað inn nýrri umsögn enda sé frumvarpið óbreytt frá síðasta ári.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild til notkunar á fánanum á dýraafurðir sem hér eru ræktaðar, hlunnindaafurðir (svo sem æðardún) og nytjajurtir – bæði villtar og ræktaðar. Með breytingunum má nota merkinguna líka á sjávarafurðir sem koma úr íslenskri landhelgi, auk þess sem heimild er veitt til nota á matvæli sem eru framleidd hér á landi og hafa verið á markaði í að minnsta kosti 30 ár – þótt hráefnið sé erlent. Dæmi um slíkar vörur væri til dæmis ORA grænar baunir og Royal búðingur. Loks verður heimilt að merkja vörur fánanum sem ekki eru matvörur, en þar er til dæmis átt við vörur sem eru hannaðar á Íslandi, úr íslensku hráefni, eða framleiddar hérlendis. Nægilegt er að eitt þessara þriggja skilyrða sé uppfyllt. Lopapeysa sem er hönnuð á Íslandi, gæti til dæmis fengið merkið þótt hún sé ekki úr íslenskri ull og ekki framleidd hér.



*/smh*


Jólatæki fyrir heimilið
Tilboð á SAMSUNG og AEG
BRAUN Hársnyrtitæki
Verð: 29.900,-
Verð: 26.900,-
Verð: 7.900,-
AEG
Margar gerðir ryksuga í ýmsum litum.
20% afsláttur
SteamOne
SteamOne er sáraeinfalt í notkun og ekki tekur nema eina mínutu að gera tækið klárt fyrir afkastamikla gufusléttun á hvaða efni sem er, eða bara til að drepa rykmaurinn í rúminu.
15% afsláttur
Afsláttarverð: 33.900,-
AEG
Skaftryksugan frá AEG er snúrulaus og þægileg í notkun, hljóðlát og öflug.
20% afsláttur
bodum
Átta bolla pressukanna og hitakanna í senn.
Verð: 12.900,-
bodum
Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.
Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.
NIVONA
NI300 600 626
Endingargóð kaffivél til heimilisnota frá traustum framleiðanda.
Verð: 69.900,-
AEG
Þvottavél
LW87680
8 KG. - 1600 SN.
Verð áður kr. 169.900,-
Tilboð kr. 129.900,-
AEG
Uppþvottavél
FSILENCW2P
Hvít verð áður kr. 129.900,-
Tilboð kr. 99.500,-
Stál verð áður kr. 139.900,-
Tilboð kr. 109.900,-
brabantia
TouchBin
Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.
SAMSUNG
JU6075:
• UHD
• SMART
• 800 PQI
UE55"JU6075 - kr. 199.900.-
UE65"JU6075 - kr. 399.900.-
Jólatilboð
SAMSUNG-UE43"JU5505 - LED
HyperReal myndvinnsla - PQI: 400
43" kr.99.900.- Rétt verð: 124.900,-
JU6415:
• 4K
• UHD
• SMART
• 1000 PQI
UE40"JU6415 kr.159.900.-
UE48"JU6415 kr.189.900.-
UE55"JU6415 kr. 239.900.-
JU6675:
• 4K
• UHD
• SMART
• 1300 PQI
UE40"JU6675 kr.169.900.-
UE48"JU6675 kr. 199.900.-
UE55"JU6675 kr. 279.900.-
24/25 Bestu sjónvörpin
Pioneer PIX-HM32V-K
Pioneer Hljómtækjasamstæða með Bluetooth
Verð: 52.500,-
Pioneer dv 2240
DVD spilari
Verð: 10.900,-
Pioneer
PL-990
Plötuspilari
Mótordrifinn
- Alsjálfvirkur
- Innbyggður formagnari
Verð: 35.900,-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
ormsson.is
Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.
ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

## Nýir búvörusamningar í deiglunni:

# Bændur skiptust á skoðunum um gerð búvörusamninga

### – vilja stíga varlega til jarðar við breytingar á kvótakerfi og sumir óttast offramleiðslu án framleiðslustýringar

**Fjórir bændafundir um gerð búvörusamninga voru haldnir í vikunni sem leið. Þar gerðu forystumenn bænda grein fyrir viðræðum við ríkisvaldið um framtíðarrekstrarumhverfi landbúnaðarins. Bændur fjölmenntu til fundanna en alls voru um 420 manns sem ræddu þetta mikilvæga málefni.**

Sitt sýnist hverjum um þá stefnu sem uppi er hjá samningsaðilum en ýmsar gagnlegar athugasemdir komu fram. Bæði fyrir og eftir bændafundina var haldinn formannafundur hjá Bændasamtökunum, fulltrúaráðsfundur hjá Landssambandi kúabænda og aukaaðalfundur hjá Landssamtökum sauðfjárbænda. Samningamálin voru að sjálfsögðu meginumfjöllunarefnið.

Næstu skref í samningaferlinu verða þau að forystumenn bænda taka saman þær áherslur sem bændum eru efst í huga. Það verður veganesti inn á samningafundi með ríkisvaldinu sem hefjast á ný í næstu viku. Upphafleg markmið voru þau að klára samningagerðina fyrir jól en ljóst er að halda þarf vel á spöðunum ef það á að takast.

Til umræðu voru þær hugmyndir sem uppi hafa verið um sauðfjár-, mjólkur- og garðyrkjusamninga. Umfjöllun um rammasamning landbúnaðarins fór ekki fram þar sem sú vinna er styttra á veg komin. Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, kynnti starf samninganefndarinnar og fór stuttlega yfir þær áherslur sem mótaðar voru á Búnaðarþingi 2015 vegna nýrra búvörusamninga. Þær voru m.a. að stækka og efla íslenskan landbúnað, bæta afkomu bænda og samkeppnishæfni landbúnaðarins í heild, efla nýliðun og fjárfestingu, auka gæði búvöru og tryggja aðgengi bænda að landi. Áherslur búnaðarþings voru jafnframt að efla rannsókna- og vísindastarf, tryggja fæðuöryggi, sækja á erlenda markaði, leggja áherslu á umhverfismál og takmarka innflutning dýraafurða sem framleiddar eru við lakari aðstæður og kröfur um aðbúnað en gerðar eru til innlendrar framleiðslu. Þá var það skýr vilji búnaðarþings að tollaumhverfið yrði hluti samninganna og að sama fjármagn yrði innan sömu búgreina og áður. Þingið varaði jafnframt við greiðslum út á land en í þeim hugmyndum sem kynntar voru á bændafundunum koma þær ekki við sögu.



Frændurnir Stefán Geirsson og Ágúst Ingi Ketilsson, kúabændur á Suðurlandi. Myndir / TB & MÞÞ



Sigurður Loftsson.



Erlendur Ingvarsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir.



Kristín Hermannsdóttir.



Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, segir nýja búvörusamninga gerða fyrir bændur framtíðarinnar.



Hermann Karlsson og Þórarinn Ingi Pétursson.

### *Ný stuðningsform og efling landbúnaðar og byggðar*

Fulltrúar ríkisins mættu til samningaviðræðna við bændur í byrjun september en síðan þá hafa fundir verið tíðir. Markmið stjórnvalda hafa að nokkru leyti komið fram í máli Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra en við upphaf síðasta búnaðarþings boðaði hann nýja nálgun í samningamálunum. Á bændafundunum var greint frá þeim áherslum sem ríkið hefur en þær eru m.a. að stefna í átt til nýrra stuðningsforma óháð búgreinum. Í því sambandi hafa fulltrúar ríkisins nefnt aukinn stuðning við nautaeldi, lífræna ræktun, geitfjárrækt og útiræktað grænmeti ásamt fleiru. Yfirvöld vilja stuðla að aukinni og arðbærri framleiðslu búvara og efla landbúnað sem atvinnugrein í hinum dreifðu byggðum. Þá er það nefnt í markmiðum ríkisins að stuðla að sjálfbærri nýtingu og efla fæðu- og matvælaöryggi. Nýliðun í landbúnaði er ofarlega á blaði en til þess að efla hana vill ríkið sníða galla af núverandi kerfi. Stærsta krafan er að stuðningur hins opinbera við landbúnað verði hlutlausari en nú er gagnvart því hvað er framleitt og dregið verði úr eða eytt stuðningsformi sem felur í sér að nýir aðilar þurfi að kaupa sig inn í greinina. Í þessu samhengi er rætt um að leggja af kvótakerfi í sauðfjár- og mjólkurframleiðslu þar sem greiðslumark hefur haft þá tilhneigingu að eignerast.

### *Tollasamningur olli erfiðleikum*

Þróun viðræðna hefur að sögn forystumanna bænda mjakast í rétta átt. Þó hafi nýr tollasamningur við ESB valdið erfiðleikum en eins og lesendum er í fersku minni voru viðamiklar tollabreytingar kynntar með skömmum fyrirvara í september sl. Fram hefur komið í viðræðunum nú að breytingar verði trauðla gerðar á samningnum og jafnframt eru eldri ákvæði tollasamnings við ESB frá árinu 2007 íþyngjandi fyrir bændur. Farið hefur verið fram á breytingar þar sem svigrúm er fyrir hendi.

Fljótlega í umræðuferlinu kom í ljós að ekki er uppi á borðinu að gera fleiri búgreinasamninga. Undantekning er þó að vilji er til að útfæra sérstaklega stuðning við geitfjárrækt. Sérstakar viðræður verða um fjárfestingastuðning við aðrar greinar vegna aukinna aðbúnaðarkrafna en þær eru ekki hafnar. Miklar umræður voru um landgreiðslur en ekki náðist samstaða um útfærslu á þeim og því hafa þær verið slegnar út af borðinu.

### *Samkomulag um 10 ára samning*

Bændur lögðu upp með það í upphafi viðræðna að gera samkomulag um 10 ára samning með endurskoðunarákvæðum. Rökin fyrir svona löngum gildistíma eru þau að lagðar eru til mjög róttækar kerfisbreytingar þar sem markmiðið er m.a. að vinna sig út úr kvótakerfunum sem nú eru við lýði. Í máli framsögumanna á bændafundunum kom skýrt fram að mikil vinna sé framundan í samningagerðinni, m.a. við að efla verkefni sem nýtast eiga landbúnaðinum í heild.

### *Meginatriði breytinga*

Í þeim hugmyndum sem kynntar voru á bændafundunum að nýjum búvörusamningum er veigamesta breytingin sú að greiðslumark sem gengur kaupum og sölum hverfur á samningstímanum. Gert er ráð fyrir tveimur endurskoðunum árin 2019 og 2023 þar sem samningsaðilum gefst færi á að meta árangurinn og stöðuna. Stuðningurinn færist í afurða- eða gripagreiðslur en beingreiðslur falla niður að ákveðnum tíma liðnum. Farið er fram á ný verkefni í sauðfjár- og mjólkursamningi, m.a. um eflingu nautakjötsframleiðslu og við að auka virði sauðfjárafurða.

Í mjólkurframleiðslunni er lagt upp með að heildargreiðslumark verði fastsett í upphafi samnings árið 2017 og síðan aflagt frá og með ársbyrjun 2021. A-greiðslur fylgja lögbýli en fara lækkandi og hverfa loks árið 2025. Eftir því sem A-greiðslur fjara út er áætlað að þær flytjist á aðra liði samningsins. B- og C-greiðslum verður slegið saman í einn lið og greiddar á alla innvegna mjólk. Áætlað er að gripagreiðslur tvöfaldist á fyrsta ári samningsins. Þar verða þróuð stærðarmörk og gripagreiðslur minnka eftir fjölda gripa. Framsali greiðslumarks verður hætt frá og með ársbyrjun 2017. Fyrirhugað er að taka upp aukinn stuðning við bændur í nautaeldi og þá er ætlunin að koma á fjárfestingastuðningi.

Í sauðfjárræktinni er áætlað að greiðslumark verði aflagt í þrepum og fært á gæðastýringu og gripagreiðslur. Framsal ærgilda verði heimilt til 2021 og ásetningsskylda verði 0,7 á sama tíma. Frá og með 1. janúar 2021 verða viðskipti með greiðslumark stöðvuð og ásetningsskylda aflögð um leið. Þ.a.l. fá bændur beingreiðslur óháð framleiðslu sem fylgir lögbýli.

Krafa bænda er að fá meira fé inn í sauðfjársamninginn sem fer að hluta til nýrra verkefna, m.a. í markaðssókn erlendis, fjárfestingastuðning og til að útfæra vöktunarkerfi til að meta beitarþol.

Meginatriði breytinga á garðyrkjusamningi felast í því að niðurgreiðslur á flutningi og dreifingu orku komi aftur inn í samninginn sjálfan. Áfram verður gert ráð fyrir beingreiðslum vegna ræktunar á gúrkum, tómötum og papriku.

Fram kom í máli framsögumanna á bændafundunum að engar upphæðir hafa ennþá verið niðurnegldar en unnið er út frá þeim tölum sem eru í síðasta fjárlagafrumvarpi.

### *Líflegar umræður*

Óhætt er að segja að skiptar skoðanir séu á samningamálunum hjá bændum. Í Eyjafirði stóð fundurinn í tæpar 5 klukkustundir og margir tóku til máls. Bæði kom fram hörð gagnrýni og eins mikill stuðningur við ákveðin atriði í samningaviðræðunum. Fram kom eindreginn vilji flestra þeirra sem til máls tóku að þeir vildu sjá breytingar og brýn þörf væri á að stokka kerfið upp. Fáir ef nokkrir mæltu fyrir óbreyttu kerfi. Frummælendur hvöttu bændur til þess að koma fram með tillögur að nýjum leiðum sem ekki hefðu þegar verið reyndar áður – það væri þegar búið að prófa ýmislegt og agnúar væru á öllum kerfum.

Á Hellu mættu um 130 bændur en þar var fyrsti fundurinn haldinn. Sumir fundarmenn töldu að hugmyndirnar myndu hvetja til mikillar framleiðsluaukningar, bæði í sauðfé og mjólk. Töldu menn ráðlegt að horfa til sögunnar og hver staðan yrði ef offramleiðsla færi af stað. Það þýddi einfaldlega verðfall á afurðum. Einhver framleiðslustýring væri nauðsynleg þótt flestir viðurkenndu að kvótakerfið eins og það væri í dag hefði fleiri galla en kosti. Þá höfðu bændur áhyggjur af auknu eftirlitskerfi og spurðu hvernig útfærsla á gripagreiðslum gæti orðið hnökralaus. Aðrir töldu að stóra spurningin snerist um það hvort hægt væri að semja um tollamálin. Byggðastuðningur væri það sem þyrfti að útfæra vel og bændur ættu að hafa forgöngu í því hvernig hinar dreifðu byggðir þróuðust. Aðrir nefndu ótæmandi tækifæri sem blöstu við landbúnaðinum, t.d. vegna aukningar ferðamanna á Íslandi en líka vegna aukinnar eftirspurnar eftir mat í heiminum.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Sambands garðyrkjubænda, orðaði það svo að nú væri vilji ríkisvaldsins að semja við bændur. „Nú er lag. Það er ekki víst að sá vilji verði fyrir hendi á kosningaári. Það eru mikil tækifæri framundan í búvöruframleiðslu. Það eru 40% fleiri ferðamenn í uppsveitum Árnessýslu núna í október en í október í fyrra,“ sagði Gunnar.

### *„Erum að teikna upp miklar breytingar“*

Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, sló botninn í fundinn á Hellu þegar hann sagði mikilvægt að það kæmi fram að samningarnir væru samvinna á milli bænda og ríkisvalds. „Við erum að gera samninga fyrir bændur framtíðarinnar. Við verðum að taka af skarið og sníða gallana af kerfunum til þess að geta horft til framtíðar.“ Hann sagði að samninganefndin hefði víða fengið ráðgjöf og verið í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. „Við erum að teikna upp miklar breytingar og reynum samhliða að slá marga varnagla. Það eru tækifæri framundan – m.a. vegna aukningar í ferðaþjónustu og vegna mannfjöldaþróunar,“ sagði Sindri.

### *Framhaldið*

Eins og áður segir munu fulltrúar bænda nú ræða sín á milli um þau skilaboð sem komu fram á bændafundunum. Í kjölfarið verður aftur sest að samningaborði með fulltrúum ríkisvaldsins. Ómögulegt er að segja um það hvenær samningar nást en þegar að því kemur munu samtök bænda standa fyrir ítarlegum kynningum um allt land og á netinu. Í kjölfarið fara svo samningarnir í atkvæðagreiðslu hjá bændastéttinni og til meðferðar Alþingis.

*Glærur, sem sýndar voru á bændafundunum, eru aðgengilegar á Bændatorginu.* /TB

# HÁTÍÐ BARNANNA!




**I love that minifigure**
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 4.499.-




**Build your own adventure - Friends**
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 4.499.-




**Awesome ideas**
Vildarverð: 3.219.-
Verð: 4.599.-




**Build your own adventure - Ninjago**
Vildarverð: 3.149.-
Verð: 4.499.-




**Snákaspilið FROZEN**
Vildarverð: 3.119.-
Verð: 4.159.-




**Fótboltaspil - 50 cm**
Vildarverð: 7.499.-
Verð: 9.999.-




**Púsl FROZEN (100 bitar)**
Verð: 2.199.-




**Púsl MAX Steel (160 bitar)**
Verð: 1.749.-




**Teikniborð FROZEN**
Vildarverð: 3.749.-
Verð: 4.999.-




**Púsl Nature (1000 bitar)**
Vildarverð: 1.781.-
Verð: 2.969.-






**Lærðu á líkamann - Módel púsl**
Verð: 1.999.-




**Boxpúði, uppblásinn - Avengers**
Verð: 2.299.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

g 2

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildartilboð gilda frá 2. desember, til og með 6. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Vegagerðin:

# Áform um að lagfæra þjóðveginn um Blönduós

**Vegagerðin hefur uppi áform um að lagfæra og bæta þjóðveginn í gegnum Blönduós sem og þá einnig Blöndubrú. Endurnýja á gólf brúarinnar og setja á hana nýtt handrið. Áætlaður kostnaður nemur um 30 milljónum króna.**



Samhliða framkvæmdunum verður vegurinn beggja megin við brúna breikkaður og er áætlaður kostnaður við það um 10 til 15 milljónir króna. Engin ákvörðun hefur verið tekin um tímasetningu framkvæmda en þær eru háðar því að fjármagn fáist í nýrri samgönguáætlun, segir í frétt á Húnahorninu.

Þar segir enn fremur að á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar í október hafi verið rætt um þessa framkvæmd, sem og mögulega göngubrú neðan núverandi Blöndubrúar, en frumkostnaðaráætlun við hana var um 80 milljónir. Þá var rætt um gömlu brúna, m.a. hvort Vegagerð tæki þátt í að sandblása hana og mála auk þess að setja hana upp og ganga frá brúargólfi ef hún yrði sett upp við Hrútey. /MÞÞ

Styrkir til félagasamtaka á sviði umhverfismála:

# Opið fyrir umsóknir

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið auglýsir til umsóknar rekstrarstyrki til frjálsra félagasamtaka sem starfa á málefnasviði ráðuneytisins.**

Markmið styrkjanna er að stuðla að opnum og frjálsum skoðanaskiptum um umhverfis- og auðlindamál og að efla almenna vitund um gildi umhverfismála.

Umsækjendur rekstrarstyrkja ráðuneytisins þurfa að uppfylla skilyrði sem tíunduð eru í reglum um almenna rekstrarstyrki til frjálsra félagasamtaka sem starfa að umhverfismálum. Samtökin þurfa meðal annars að vera opin fyrir almennri aðild, þau skulu ekki starfa í hagnaðarskyni, hafa að lágmarki 30 félagsmenn, hafa opið og endurskoðað reikningshald og taka saman ársskýrslur. Loks þarf eigin fjáröflun að standa undir að minnsta kosti helmingi kostnaðar vegna almennrar starfsemi samtakanna.

Sækja skal um á rafrænu formi á umsóknarvef Stjórnarráðsins og er umsóknarfrestur til kl. 16.00, 5. janúar 2016. /VH



Orkusparandi dagljósabúnaður nýrra bíla tryggir ekki besta sýnileika þeirra í umferðinni. Á mörgum þeirra kvikna engin stöðuljós að aftan heldur eingöngu dagljós að framan.

Könnun VÍS á ljósanotkun bifreiða:

# Notkun ljósa ábótavant í umferðinni

## – ljósleysi má að hluta rekja til Evróputilskipunar

**Könnun VÍS á ljósabúnaði bíla á höfuðborgarsvæðinu sýnir brotalöm á notkun ljósa.**

Í myrkri voru 5% bíla eineygðir eða ljóslausir og gildir þá einu hvort það var að framan eða aftan. Í björtu var hlutfallið allt annað hvað afturljósin snertir, þar sem 6,3% bíla voru alveg ljóslausir og 3,6% eineygðir. Að framan var 1,3% bíla ljóslausir í björtu og 4,6% eineygðir. Muninn á milli þess hvort bílar voru ljóslausir í björtu eða myrkri virðist að stórum hluta mega rekja til Evróputilskipunar um orkusparandi dagljósabúnað frá árinu 2011.

Ökumenn þurfa greinilega að huga betur að ljósabúnaði bíla sinna að mati VÍS. Hér á landi er skylt að hafa lögboðin ljós, eða önnur viðurkennd ökuljós, kveikt allan daginn. Aðalljós skulu vera kveikt þegar skuggsýnt er eða skyggni lélegt.

Orkusparandi dagljósabúnaður nýrra bíla tryggir ekki besta sýnileika þeirra í umferðinni. Á mörgum þeirra kvikna engin stöðuljós að aftan heldur eingöngu dagljós að framan, sem er mjög bagalegt út frá umferðaröryggi.

Nauðsynlegt er að ökumenn kunni góð skil á virkni ljósabúnaðar bíla sinna. Þeir þurfa að vita hversu sýnilegur dagljósabúnaðurinn er að framan og hvort og hvenær bíllinn er ljóslaus að aftan. Stór hluti nýrra bíla kveikir sjálfur á lögbundnum ökuljósum við ákveðin birtuskilyrði. Í sumum bílum er hægt að stilla skynjara eftir því hvenær aðalljósin eiga að kvikna og a.m.k. í skammdeginu ættu þau að loga sem mest. Alls voru 5.076 bílar í úrtaki VÍS og var fylgst með nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.



Það er ýmislegt sýslað í Húnaþingi. Hér eru f.v.: Bjarni Kristinsson, bóndi á Bjarnastöðum, Ingvar Björnsson, bóndi á Hólabaki og Pálmi Ellertsson, bóndi á Bjarnastöðum, í glænýjum svuntum frá fyrirtækinu Lagði á Hólabaki. Mynd / EA

Textílfyrirtæki í Húnavatnshreppi prófar vörur sínar á heimamönnum:

# Bændur skarta svuntum frá Hólabaki

**Elín Aradóttir rekur textílfyrirtæki á bænum Hólabaki í Húnavatnshreppi undir vörumerkinu Lagður. Svuntur eru nýjasta afurðin, en þær fóru í dreifingu í lok nóvember.**



Bærinn Hólabak stendur rétt við Vatnsdalshóla í Húnavatnssýslu.

„Við hófum nú nýverið sölu á nýjum gerðum af svuntum og fengum bændur úr nágrenninu til að sitja fyrir í svuntunum. Ég var ansi ánægð með útkomuna,“ segir Elín Aradóttir. Hún segir að bændum í Húnaþingi sé ýmislegt til lista lagt. Það hafi bara verið eins og þeir hefðu aldrei gert annað, karlarnir, en að vera fyrirsætur.

Elín segir að hún hafi byrjað á þessum rekstri ásamt manni sínum, Ingvari Björnssyni, árið 2011 þegar þau bjuggu á Akureyri. Síðan fluttu þau að Hólabaki fyrir rúmum tveim árum þar sem þau reka nú kúabú í samstarfi við foreldra Ingvars, Björn Magnússon og Aðalheiði Ingvarsdóttur. Búið er með á fjórða tug kúa en Elín segist lítið koma nálægt því þar sem vinna við textílfyrirtækið sé nú hennar aðalstarf.

### *Nýta gamalt fjós fyrir textílvinnslu*

„Hér á bænum var vannýtt gömul bygging, eða gamla fjósið sem nýtt hafði verið sem geymsla. Við tókum það í gegn fyrir þessa starfsemi. Til þessa hef ég fyrst og fremst verið að selja púðaver og læt ég þá prenta fyrir mig á efni ljósmyndir úr náttúru Íslands. Núna er ég að bæta við mig með þessum svuntum og fleiru.“

Elín segir að starfsemin fari vaxandi. Við höfum einnig verið að prófa okkur áfram með lítils háttar verslunarrekstur hér heima á bæ. Við héldum jólamarkað í fyrra og síðan aftur núna síðustu helgina í nóvember. Um 140 gestir sóttu markaðinn í ár og vorum við mjög ánægð með aðsóknina.“



Frá jólamarkaðnum sem haldinn var á Hólabaki um nýliðna helgi.



### *Nýtir saumastofur í héraði*

„Ég er með allan saumaskapinn í undirverktöku, en pökkun, lagerhald og dreifing er hér heima. Við erum svo heppin að vera með tvær saumastofur hér í héraði sem sauma mest af þessu. Það er saumastofan Þing hér í sveitinni og saumastofan Íris á Skagaströnd. Síðan er saumastofan Una á Akureyri líka að vinna fyrir okkur og það er fullt að gera.“




Hún segir að nú sé jólavertíðin komin á fullt, en salan sé þó einna drýgst í ferðamannaverslunum yfir hásumarið. Hún segist taka eitthvað af myndunum sjálf sem prentaðar eru á efnið, en meirihlutinn sé eftir áhugaljósmyndara sem hún hefur gert afnotasamninga við. /HKr.



# Sláturfélag Suðurlands kynnir!



## Ærblanda SS - Óerfðabreytt kjarnfóður framleitt af DLG fyrir íslenska sauðféð

- Orkurík kjarnfóðurblanda með 17,2% hrápróteini
- Inniheldur fjölbreytt hráefni með góðan lystugleika
- Inniheldur tormelt prótein fyrir hámarks ullarvöxt
- Gott jafnvægi í steinefnum og snefilefnum
- Rík af kalsíum, fosfór og magnesíum

\- 15 kg pokar / 750 kg sekkir



## Vitlick Soft Sheep - Bætiefnafata

- Steinefna- og snefilefnaríkt og hentugt með vetrarfóðrun
- Inniheldur A-vítamín, D-vítamín og E-vítamín
- Án kopars
- Hátt seleninnihald
- Inniheldur hvítlauk

\- 15 kg fata




## Salto får - Saltsteinn fyrir kindur

- Inniheldur stein og snefilefni
- Ekkert koparinnihald
- Inniheldur selen
- Inniheldur náttúrulegt bergsalt
- Má notast við lífræna ræktun

-10 kg steinn

Vitfoss

Hafið samband við sölumenn Sláturfélags Suðurlands um land allt.

Sláturfélag Suðurlands svf. · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Simi 575 6000 · www.ss.is

# STEKKUR

## Andarnir eru staðreynd

**Guðir, draugar og illir andar eru lífseigar verur sem skjóta aftur og aftur upp kollinum þrátt fyrir að hafa verið barðir niður með alls kyns rökum undanfarna áratugi.**

Í Kína reyndu stjórnvöld í áratugi að draga úr andatrú í landinu. Þrátt fyrir það heldur almenningur fast við gamlar hefðir og andatrú stendur föstum fótum. Kínverjar gera mikið af því að hengja upp myndir af guðum og verndarvættum í og við heimkynni sín. Á útidyrahurðum má sjá myndir af hurðaguðunum og pappírsmyndir af litlum börnum eru gjarnan hengdar upp á snúrur eða límdar í glugga í kringum áramótin sem tákn um nýja árið. Þegar vorið gengur í garð taka svo við renningar með orðatiltækjum og spakmælum.

Samkvæmt kínverskri þjóðtrú geta andar og draugar ekki tekið beygjur eða farið fyrir horn og verða því alltaf að halda beint áfram. Til þess að verjast ásókn illra anda hafa Kínverjar gripið til þess ráðs að reisa svonefnda andaveggi. Veggirnir standa yfirleitt rétt innan við garðshliðið eða innganginn í stóra sali. Þeir eru bæði hærri og breiðari en inngangurinn og til þess ætlaðir að rugla andana í rýminu. Andaveggir eru algengir um landið allt, bæði við heimili og í opinberum byggingum.

Þegar undirritaður var í Kína vakti það athygli að í þinghúsinu í Peking, eða Húsi alþýðunnar, eins og það er nefnt á ríkistungunni, er mikið um andaveggi. Það var sama inn í hvaða sal var gengið, alls staðar mætti manni stór veggur sem sveigja þurfti fyrir. Þetta er í sjálfu sér ekki frásagnarvert nema fyrir þær sakir að opinberlega eru draugar og andar ekki til í Kína. Ég spurði leiðsögumanninn hvernig á því stæði að það væru hindranir fyrir anda og drauga í sjálfu þinghúsinu þegar þingið hefði lýst því yfir að þeir væru ekki til. Svarið sem ég fékk var að tilvera anda væri staðreynd sem enginn leyfði sér að draga í efa, ekki einu sinni þingfulltrúarnir sjálfir, þrátt fyrir allar samþykktir þingsins.

Andaheimur Kínverja er gríðarlega fjölbreyttur og stéttaskipting mikil, alveg eins og í mannheimum. Meðal æðri guða má nefna jaðikeisarann á himnum, kónginn í helvíti, drekakonung undirdjúpanna, eldhúsguðinn og guði útidyrahurðarinnar sem eru alltaf tveir saman og vernda heimilið. Auk þess er urmull af lægra settum vættum sem vernda fjöll, fossa, borgir, hús og fleira, ásamt guðum starfsstétta og lista.

Algeng sjón í Suður-Kína eru myndir af tveimur hraustlegum stríðsverum á útidyrahurðum heimila. Myndirnar eru af hurðaguðum sem vernda heimilið fyrir illum öndum.

Það er álíka gáfulegt að reyna að gera kínverskri guðafræði skil hér eins og að telja sandkornin á Skeiðarársandi. Í stað þess að trúa á einn guð eins og margir Vesturlandabúar vilja gera eiga Kínverjar marga guði eða verndaranda sem hver og einn hentar við mismunandi tækifæri. Avalokitesvara er verndari allra sem eiga um sárt að binda og Guan er ógnvaldur púka og illra anda. Hvert þorp og heimili á sinn persónulega guð.

Forfeðradýrkun er mikil þannig að andarnir í Kína eru miklu fleiri en íbúarnir og eru þeir samkvæmt síðustu talningu talsvert margir. */VH*

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR



Ari Trausti Guðmundsson
Jarðfræðingur og rithöfundur



Sláttur við Dyrhólaey. Mynd / HKr.

# Vistvænir orkugjafar í landbúnaði – hvert stefnir? – 7. grein

I Landbúnaður veldur losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, brennslu eldsneytis á býlum, dýrahalds, ræktunar og við framleiðslu þeirra vara sem landbúnaðurinn notar (t.d. vélbúnaðar).

Kolefnissporið er margþætt. Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi nam 4.235 þús. tonnum árið 2006. Hún jókst lítillega fram til ársins 2010 (4.480 þúsund tonn) en hefur dregist dálítið saman síðan.

Mikil losun frá gróðurlendi, einkum framræstu votlendi, er ekki með í tölunni. Tólf prósent árlegrar losunar 2006 var frá landbúnaði eða um 508 þús. tonn koltvíildisígilda. Af þessari losun stafaði 44% frá húsdýrum (metan), 9% vegna geymslu og meðhöndlunar húsdýraáburðar og 47% vegna losunar úr ræktunarjarðvegi. Þess ber að gæta að útstreymi koltvíildis vegna véla- og tækjanotkunar í landbúnaði er ekki innifalin í þessum tölum. Það felst í tölum sem gilda um samgöngur en þar er ekkert að finna um þátt landbúnaðar í losun við bíla- og vélanotkun.

Heildarlosun koltvíildis í samgöngum jókst úr 525 þúsund tonnum 1990 í 780 þúsund tonn 2011 og hefur væntanlega aukist enn síðustu árin.

Hlutur bænda í þessari tölu er vafalaust mældur í einhverjum tugþúsundum tonna. Milli áranna 1990 og 2011 minnkaði koltvíildislosun í landbúnaði um tæp 10%, sumpart vegna færri húsdýra.

II Ekki þarf að fara mörgum orðum um mikilvægi minni losunar kolefnisgasa í landbúnaði (einkum koltvíildis og metans).

Þar snýr sumt að húsdýrum og ræktun en annað að notkun bíla og landbúnaðarvéla. Þá gildir að minnka notkun þessara tækja allra og hyggja að vistvænum orkugjöfum.

Raforkuvinnsla er sérkapítuli því hún er nánast alveg vistvæn. Vissulega getur heimarafstöð verið bæði hagkvæm en um litlar, vistvænar vatnsaflstöðvar eða vindrafstöðvar verður ekki fjallað hér. Engu að síður er rétt að minna á nýja gerð rafstöðva.

Þekkt aðferð við að framleiða raforku felst í að láta vökva með lágu suðumarki sjóða í lokuðu kerfi með því að nýta varma úr utanaðkomandi heitu vatni eða gufu en kæla svo vökvann á ný. Þetta er stundum nefnt tvívökvaaðferð. Það er t.d. gert í Orkuveri 4 í Svartsengi þar sem nóg er af afgangsgufu, 103°C heitri, og hægt að láta lífrænan vökva sjóða við 28°C og mynda gas undir þrýstingi til að knýja hverfla.

Hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands er unnið að samvinnuverkefni sem nýtir slíkan vökva og varma úr volgu eða heitu vatni til að framleiða raforku með áþekkum hætti, í lokuðum kerfum. Svona búnaður getur hentað allt frá einu heimili til heilla byggðarlaga.

Varmadælur fást aftur á móti tilbúnar en þær henta fyrst og fremst til húshitunar og þá þar sem raforkuverð er hátt.



Rafknúnir bílar verða æ vinsælli þótt orkugeymslan sé enn mikill þröskuldur þegar kemur að dráttarvélum.

III Þá að vistvænum orkugjöfum fyrir bíla og véltæki. Skipta má óhefðbundnum orkugjöfum til sölu í fjöldaframleiddum ökutækjum í þrjá flokka:

Raforku, tvinnorkugjafa (bensínvél + rafmótor) og fljótandi brennsluefni. Í síðastnefnda flokknum er um að ræða lífdísil, þjappað vetni, þjappað metan og alkóhól, þ.e. venjulegan spíra (etanól) og tréspíra (metanól). Alkóhóli má blanda í bensín eða dísilolíu eða nota það eitt og sér. Lífdísill, vetni og metan fara beint á tankinn. Metanbílar (hreinir eða bensín/metan) eru algengastir í þessum flokki hér á landi en vetnisbílar sjaldgæfastir.

Því miður eru þessir kostir ekki almennt í boði í alls konar sérframleiddum vinnutækjum svo sem gröfum, dráttarvélum eða vörubílum. Ástæðan er sú að tæknin er enn í þróun.

Þegar hún er komin svo langt að hægt er að setja vöru á markað, eins og nú, er henni beint að almennum kaupendum í von um að salan nái lágmarki fljótt og vel. Það hefur einmitt tekist með metanbíla, tvinnbíla og rafbíla. Um 2.300 bílar með „öðruvísi“ orkugjöfum eru hér í notkun (2015) og fjölgar rafbílum hraðast.

IV Rafbílum er stungið í samband eins og farsíma og í þeim eru 2–4 rafmótorar og rafhlöður. Ending hverrar hleðslu er mismunandi eftir tegundum, frá því að duga til 50–100 km akstur upp í 400–600 km. Lágt útihitastig lækkar aksturvegalengdina. Heima við tekur nokkrar klukkustundir að hlaða bílinn en um 30 mín. á hraðhleðslustöð. Þær eru enn fáar utan höfuðborgarsvæðsins:

Ein í Reykjanesbæ, ein á Akranesi og ein á Selfossi. Tvinnbíla má hlaða á svipaðan hátt en sumir nýta líka orku sem myndast t.d. við hemlanotkun.

Ýmist knýr bensínvélin bílinn eða rafmótor, allt eftir hentugleikum sem bíltölvan metur. Til eru bílar með raftengli og lítilli bensínvél sem getur hlaðið rafhlöður bílsins en hann gengur alltaf fyrir rafmagni.

Af bílum með fljótandi orkugjöfum eru metanbílar langalgengastir en dálítið er um bíla, og dráttarvélar sem brenna heimafengnum lífdísil.

Alkóhól er ekki notað eitt og sér (en það er hægt) og stutt er síðan vetnisbílaverkefni lauk hér álandi með ágætum. Innlent alkóhól (frá Carbon Recycling) er flutt út en erlent inn sem íblöndunarefni olíufélaganna.

V Hér verður ekki farið í saumana á meiri lífdísilframleiðslu úr fitu, repju og þörungum, meiri notkun alkóhóls á bíla (úr innlendri framleiðslu) eða framtíð vetnisbíla sem Toyota gengst fyrir að þróa. Þó skal áréttað að í þessum efnum getur Ísland orðið nánast kolefnislaust fyrr eða síðar. Hugum heldur að landbúnaðinum. Hvað er þar til ráða? Á næstu allmörgum árum má telja eftirfarandi kosti mögulega við að minnka losun í „véladeildinni“:

- Stytta flutningsleiðir stórra bíla sem sinna landbúnaðinum.
- Fjölga rafbílum á sveitabæjum (fólksbílum, jepplingum).
- Fjölga metanbílum og lífdísilbílum.
- Vinna að aukinni metan- og lífdísilframleiðslu, ýmist til sveita, eða með samvinnu við fyrirtæki sem sinna þróunarstarfi og framleiðslu.
- Sækjast eftir íblöndum innlends alkóhóls á vélar.
- Samnýta vélar og nota sérfræðiaðstoð við að finna heppilegustu stærð og vinnugetu dráttarvéla og annarra dísilknúinna tækja.
- Nota samtök bænda til þess að setja losunarmarkmið, nokkur ár í senn.

TORO. Traustur kostur.




Verð kr 389.500 m. vsk

**Power Max® 1028 OXHE**
sá „stærsti“

- Vél: **342 cc Toro**
- Eldsneytistankur: **3,2 l**
- Vinnslubreidd: **71 cm**
- Afkastageta á klst: **57 tonn***
- Gírar: **6 áfram / 2 afturábak**
- Ljós: **Já**
- Startari: **Handtrektur/rafstart**
- Blásturslengd: **13,5 m* 200°**
- Þyngd: **121 kg**

Verð kr 249.500 m. vsk

**Power Max® 726 OE**
sá „stærri“

- Vél: **212 cc Toro**
- Eldsneytistankur: **2,2 l**
- Vinnslubreidd: **66 cm**
- Afkastageta á klst: **52 tonn***
- Gírar: **6 áfram / 2 afturábak**
- Ljós: **Nei**
- Startari: **Handtrektur/rafstart**
- Blásturslengd: **12 m* 200°**
- Þyngd: **79 kg**

Verð kr 189.500 m. vsk

**SnowMaster® 724 ZXR CE**
sá „stóri“

- Vél: **212 cc Toro**
- Eldsneytistankur: **2,2 l**
- Vinnslubreidd: **61 cm**
- Afkastageta á klst: **68 tonn***
- Gírar: **Stiglaus 0-5,6 km áfram**
- Ljós: **Nei**
- Startari: **Handtrektur**
- Blásturslengd: **12 m* 200°**
- Þyngd: **53 kg**

Verð kr 59.900 m. vsk

**Power Curve® 1800**
sá „rafmagnaði“

- Mótor: **15 amper, 230v**
- Eldsneytistankur: **Á ekki við**
- Vinnslubreidd: **46 cm**
- Afkastageta á klst: **19 tonn***
- Gírar: **Á ekki við**
- Startari: **Á ekki við**
- Ljós: **Nei**
- Blásturslengd: **7 m.* 180°**
- Þyngd: **11,3 kg.**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is






# KUBOTA M110GX - ótrúlega lipur og öflug dráttarvél

**Mótor**
- 3,8 lítra, 4 strokka KUBOTA diesel vél með forþjöppu og millikæli.
- Skilar **110 hö**. Sótsía - ekkert AdBlue
- Ótrúlega hljóðlát og þýðgeng vél.

**Ökumannshús**
- Nýtt stórt og glæsilegt 4ra pósta ökumannshús.
- Nægt höfuðrými og vítt til allra átta
- Þægilegt loftpúðasæti með armhvílu og aðgerðastýringum.
- Bólstrað farþegasæti með öryggisbelti
- Útdraganlegt veltistýri
- Sóllúga. Öflug miðstöð með loftkælingu
- Brettabreikkanir út fyrir afturhjól.

**Driflína og annar búnaður**
- Vökvaskiptur kassi, 3 svið með 8 milligírum hvert.
- 24 gírar áfram og 24 gírar afturábak.
- Sjálfskipting á milligírum
- 100% driflæsing að framan og aftan.
- Bi-Speed beygjubúnaður fyrir þrengri beygjur

**Vökvabúnaður og beisli**
- 3 tvöföld vökvaúrtök þ.a. 1 með stillanlegu flæði.
- Rafstýrt beisli. Rofar til þess að stýra beisli að utan.
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.

KUBOTA M110GX dráttarvélin er einstaklega vel heppnuð dráttarvél sem býður upp á alla þá helstu kosti sem prýtt geta eina dráttarvél. Og ekki skemmir verðið fyrir. Með kaupum á KUBOTA fæst einfaldlega meira fyrir peninginn.

Tilboðsverð með TRIMA +3.1 ámoksturstækum og skóflu:
Kr. 9.980.000 án vsk.

ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Vefsíða: |
| --- | --- | --- |
| Krókháls 16 | Lónsbakka | www.thor.is |
| 110 Reykjavík | 601 Akureyri | |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |





KÄRCHER®

# Háþrýstidælur

Þegar gerðar eru hámarkskröfur



K 2.21
110 bör max
360 ltr/klst



K 4.200
130 bör max
450 ltr/klst



K 5.700
140 bör max
460 ltr/klst



T 400
Snúningsdiskur
Fyrir pallinn, stéttina o.fl.





K 7.700/K 7.710
160 bör max
600 ltr/klst

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



## Upphafið að markvissri markaðssetningu íslenska hestsins:

# Að tengja hestamenn nánar við náttúruna

**Hagsmunaaðilar hafa tekið höndum saman um að marka stefnu og gera aðgerðaáætlun sem hefur það að markmiði að styrkja ímynd íslenska hestsins með samhæfðum skilaboðum, markaðsaðgerðum og kynningarstarfi. Áhersla verður lögð á verðmætasköpun og gjaldeyrisaukningu tengda greininni en fjármögnun verkefnisins stendur nú yfir.**

„Markaðsumhverfi íslenska hestsins hefur dalað, bæði hérlendis og erlendis. Hestamennskan er í samkeppni við aðra ólíka afþreyingu sem og við önnur hestakyn. Uppsveifla var í Íslandshestamennskunni fram að hruni, en eftir 2008 hefur hrossasala farið dvínandi og markaðurinn gefið eftir. Þetta stóra verkefni snýst um að beina kastljósinu að hestamennskunni í sinni breiðustu mynd,“ segir Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, en hann situr í verkefnastjórn viðamikils markaðsverkefnis um uppbyggingu vörumerkis íslenska hestsins.

„Við höfum farið í allsherjar naflaskoðun til að komast að því hvað Íslandshestamennskan stendur í raun og veru fyrir. Verkefnið er alþjóðlegt, og er hugsað til að verja hlut íslenska hestsins í hestaheiminum. Við ætlum þó einnig að horfa á markaðinn innanlands, efla það sem betur má fara. Þannig á ímyndin ekki síst að höfða til hins almenna hestamanns og leggjum við megináherslu á að örva nýliðun og fjölga í hópi hestamanna,“ segir Sveinn.



Skapa á sameiginlega ímynd íslenska hestsins sem vörumerkis. Ímyndin byggist meðal annars á því að íslenski hesturinn verði þekktur á heimsvísu sem hesturinn sem færir fólk nær náttúrunni.

### *Byggja á víðtækri reynslu*

Íslandsstofa sér um framkvæmd verkefnisins og vinnur í samstarfi við verkefnisstjórn sem skipuð er, auk Sveins, Hallveigu Fróðadóttur fyrir Félag hrossabænda, Rúnari Þór Guðbrandssyni og Jónu Dís Bragadóttur fyrir Landssamband hestamannafélaga, Heimi Gunnarssyni fyrir Félag tamningamanna, Sveini Ragnarssyni fyrir háskólana, Eysteini Leifssyni fyrir útflytjendur, Bergljótu Rist fyrir Samtök ferðaþjónustunnar, Hönnu Dóru Hólm Másdóttur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Karitas Gunnarsdóttur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Guðný Káradóttir, forstöðumaður hjá Íslandsstofu, hefur stýrt verkefninu. Íslandsstofa hefur haldið utan um markaðsverkefni á borð við „Inspired by Iceland“ en markmið fyrirtækisins er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins.

„Við byrjuðum á að setjast niður í desember í fyrra, kynna aðferðafræðina og hvað hefur gefist vel. Í framhaldi vorum við beðin um að setja saman verkefnaáætlun í samstarfi við verkefnastjórn,“ segir Guðný og bætir við að með verkefnastjórninni sé komin saman þekking og reynsla sem er lykill að góðum árangri.







Nokkrir samráðs- og vinnufundir hafa farið fram á síðastliðnu ári meðal hestamanna þar sem styrkleikar, veikleikar, tækifæri og hindranir geirans hafa verið greind og rædd.

Reynsla Íslandsstofu af ólíkum markaðssóknarverkefnum hafi sýnt að þau verkefni sem ná árangri eru samstarfsverkefni stjórnvalda og hagsmunaaðila þar sem stefnan kemur frá grasrótinni. Það á einnig við nú.

„Í dag erum við að ljúka fyrsta áfanga verkefnisins og við erum í því að kynna þetta fyrir hestaheiminum. Búið er að kortleggja verkefnið, forgangsraða markhópum og mörkuðum og drög eru komin að aðgerðaráætlun og áherslum. Nú erum við í þeim fasa að kynna þetta af alvöru og fá samstarfsaðila til að sameinast um þetta verkefni og fjármagna það,“ segir Guðný en fyrir liggur loforð ríkissjóðs upp á 25 milljónir á ári á næstu fjórum árum gegn jafnmiklu framlagi frá greininni.

### *Fjármögnun möguleg ef margir taka þátt*

Sveinn telur fjármögnun vel mögulega ef breið aðkoma verður að verkefninu.

„Við erum svo mörg sem höfum hagsmuni af hestinum með beinum eða óbeinum hætti. Þetta byggir á því að fjöldinn komi að. Félögin sem standa að þessu verkefni, Landssamband hestamannafélaga og Félag hrossabænda, ætla að tryggja ákveðna fjármuni. Síðan verður leitað til stórra og smárra aðila innan ferðaþjónustu og landbúnaðar og svo dæmi séu tekin, svo sem flugfélaga, fóðursala, hnakka- og reiðtygjaframleiðenda, hestaferðafyrirtækja og hrossaræktarbúa svo eitthvað sé nefnt.“

Sveinn segir góðan róm hafa verið gerðan að verkefninu þar sem það hefur verið kynnt, en kynning verkefnisins hefur m.a. verið í höndum verkefnisstjórnar. „Við biðlum til fyrirtækja sem hafa hagsmuni af hestinum með einhverjum hætti að taka þátt. Tekið hefur verið vel í að styðja við það og við erum bjartsýn og teljum að fjármögnun verði okkur ekki erfið.“

### *Tilgerðarlaus og kraftmikill reiðhestur*

Aðgerðaráætluninni verður hrint úr vör af alvöru þegar fjármögnun verður tryggð. Skapa á sameiginlega ímynd íslenska hestsins sem vörumerkis. Ímyndin byggir meðal annars á því að íslenski hesturinn verði þekktur á heimsvísu sem hesturinn sem færir fólk nær náttúrunni, kraftmikill, ævintýragjarn, tilgerðarlaus og ósvikinn hestur sem tekur þér opnum örmum.

Stoðir vörumerkisins byggja á tengslum hans við sögu Íslands og menningu, ævintýri og félagsskap, sem og nálægð við náttúruna. Strax á næsta ári er stefnt að því að auka sýnileika íslenska hestsins á Íslandi, byggja upp vef- og samfélagsmiðla tengda íslenska hestinum, búa til myndefni og segja sögur af íslenska hestinum.

### *Tiltrú á verkefninu*

Með góðri samvinnu félagasamtaka kringum íslenska hestinn og þeirra sem hafa hagsmuna að gæta er vonast til að verkefnið muni bæta arðsemi greinarinnar bæði hérlendis og erlendis. Telur Guðný það vel mögulegt miðað við þá góðu vinnu sem farið hefur fram að undanförnu. Hún segir verkefnastjórn hafa unnið vel saman og bendir á að mikil nýliðun hafi átt sér stað í forystu félagasamtaka hestamennskunnar á síðasta ári.

„Fólkið sem nú er komið í forystu hestamennskunnar skilur gildi þess að vinna saman og að byggja á reynslu og því sem gert hefur verið áður.“

Sveinn tekur undir orð Guðnýjar. „Sú vinna sem búin er að eiga sér stað hefur verið einkar skemmtileg og fróðleg og andinn í verkefnastjórninni góður. Það ríkir mikil tiltrú á verkefninu.“ Sveinn segir þó að um langhlaup sé að ræða.

„Það að við séum að fara í þetta verkefni núna þýðir ekki að við klárum nokkurn tímann að markaðssetja íslenska hestinn. Við þurfum stöðugt að vera í markaðssetningu. Þetta er vonandi aðeins upphafið að markvissu markaðsstarfi.“










## SYÐRI REYKIR II | BLÁSKÓGABYGGÐ

# JARÐHITI OG MIKIL TÆKIFÆRI

Verið er að vinna að skipulagi fyrir frístundabyggð fyrir ferðaþjónustuna

**Um er að ræða 180 fm² íbúðarhús sem staðsett er á u.þ.b. 15,5 hektara landi, ásamt hluta af jarðhitaréttindum í Syðri Reykjahver.**

Á jörðinni er mikið endurnýjað íbúðarhús ásamt bílskúr. Landið er framræst land sem liggur sunnan við bæinn. Jarðhitaréttindin eru í Syðri Reykjahver og eru réttindi Syðri Reykja II talin vera rúmlega 12 sekúndulítrar af 100 gráðu heitu vatni.

**Jarðhiti og staðsetning býður upp á áhugaverða möguleika t.d. fyrir ferðaþjónustu og/eða gróðurræktun**

55 ÁRA 2013

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Magnús Leópoldsson
lögg. fasteignasali
sími: 892 6000
magnus@fasteignamidstodin.is


Bændablaðið
45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ
HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?
SÍMI 563-0300 | BBL.IS

Bændablaðið
Kemur næst út
17.
desember

## ARGO LED
Kastarar og vinnuljós.
Frá 60w til 225w




96w-111w-160w-185w-225w

## ARGO HDI Óstöðvandi vinnuvél.
Fer þar sem önnur tæki komast ekki.



ARGO.IS Sími 8610000 Til sýnis og sölu að Sólbakka 2 Borgarnesi

# HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR ÚRVALIÐ OKKAR?

Consofa
Hágæða ítölsk leðursófasett
Mikið úrval og margar uppsetningar





**Verðdæmi: 3+1+1 í leðri kr 522.000**

DREAMWORLD RÚM
30%
AFSLÁTTUR



Allt að
80.000 kr.
afsláttur

Við bjóðum upp á gæða vörur á ótrúlega góðu verði.
Við hjálpum til með sendingar út á land og keyrum vörurnar þér að kostnaðarlausu á stöð í Reykjavík.

Hafðu samband og kynntu þér málið.
**www.bustod.is**

BÚSTOÐ
býður betur!

TJARNARGÖTU 2 • 230 REYKJANESBÆ • S: 421-3377 • WWW.BUSTOD.IS • BÚSTOÐ EHF

**Fréttaskýring**

## Vextir og verðtrygging neytendalána heldur íslensku þjóðinni enn í spennitreyju:

# Martröð sem virðist engan endi ætla að taka

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is






Notkun vaxta í efnahagskerfum heimsins felur í sér að gera verður leiðréttingar með reglulegu millibili til að flytja raunverðmæti frá almenningi til þeirra sem eiga reiknuðu vextina. Þetta kerfi getur aldrei gengið upp til lengdar og hnökrar á þessu ferli hafa valdið endurteknu efnahagshruni og upplausn ríkja og sagan sýnir síðustu 200 ár. Verðtrygging ofan á háa vexti margfaldar þessi áhrif með veldisvaxandi hraða.

**Umræðan um verðtryggingu neytendalána á Íslandi er stórundarlegt mál svo ekki sé meira sagt. Hefur verðtrygging lána verið höndluð í kerfinu eins og heit kartafla sem enginn vill snerta eða bera ábyrgð á.**

Loforð stjórnmálamanna um að gera á þessu bragarbót virðast ætla að gufa upp hvert af öðru. Á meðan halda bankar og fjármálastofnanir áfram að dæla verðtryggðum afleiðum upp úr vösum almennings í landinu sem hefur enga möguleika á að verja sig. Þegar líða fer að jólunum á því herrans ári 2015 eru pólitíkusar enn að draga lappirnar hvað afnám verðtryggingar á neytendalán áhrærir.

### *Afleiðulán sem eru hönnuð fyrir áhættufjárfesta*

Fjöldi sérfræðinga, innlendra og erlendra, hafa komið fram á sjónarsviðið á liðnum árum og lýst því hvernig verðtrygging á neytendalánum geti aldrei staðist og standist heldur í raun ekki íslensk lög. Verðtryggð lán séu í eðli sínu gríðarleg áhættulán sem einungis geti verið í boði fyrir áhættufjárfesta sem séu þá meðvitað tilbúnir til að taka alla áhættu af því að vísitala verðlags geti rokið upp hvenær sem er á lánstímanum. Ekki sé réttlætanlegt að bjóða almennum lántakendum upp á slík viðskipti. Það séu ekkert nema afleiðuviðskipti sem engin leið sé að vita hvaða þýðingu hafi á lokaniðurstöðu lánsupphæðar. Samt hefur bönkum í skjóli yfirvalda og Hæstaréttar Íslands verið sigað á almenning árum saman með þessi afleiðulán með skelfilegum afleiðingum.

EFTA-dómstóllinn hefur tekið slíkt mál fyrir og segir þessi íslensku neytendalánsviðskipti ekki samræmast tilskipunum og reglum EES-samningsins. Dómstóll í Danmörku hefur einnig tekið slíkt mál fyrir hvað varðar verðtryggð íslensk námslán og komst að þeirri niðurstöðu að þau væru ólögleg.

### *Hæstiréttur samur við sig*

Hinn 20. nóvember síðastliðinn var flutt í Hæstarétti Íslands mál sem Hagsmunasamtök heimilanna (HH) ráku sem prófmál gegn Íbúðalánasjóði. Hafði málinu verið áfrýjað þar sem héraðsdómur dæmdi Íbúðalánasjóði í vil. Snerist það um upplýsingaskyldu lánveitenda um verðtryggingu neytendalána. Um er að ræða stórmál sem gæti skipt gríðarlegu máli varðandi verðtryggð lán á Íslandi í framtíðinni.

Búist var við að dómur félli þegar nær dregur jólum, en öllum að óvörum var málið afgreitt af skyndingu í Hæstarétti fimmtudaginn 26. nóvember síðastliðinn. Virtist ekki talið æskilegt að þessi snögga afgreiðsla málsins kæmist í hámæli, því ekkert var um málið getið í birtri málaskrá Hæstaréttar þann daginn.

Niðurstaða Hæstaréttar var einföld. Staðfest var niðurstaða hins áfrýjaða dóms og Íbúðalánasjóður þar með sýknaður af því að hafa brugðist upplýsingaskyldu hvað varðar margfeldisáhrif framreiknaðs vaxtakostnaðar vegna verðtryggingar á lánstímanum. Hæstaréttardómararnir minnast í dómi sínum á niðurstöðu EFTA-dómstólsins og gefa honum bara langt nef þar sem hann hafi enga lögsögu á Íslandi.

Ekki er þó annað hægt að segja en að Hæstiréttur sé samkvæmur sjálfum sér í þessu máli eins og fjölmörgum öðrum af svipuðum toga. Samt má örugglega deila um réttmæti og siðgæði slíkra dóma.

### *Lagt fyrir erlenda dómstóla*

Framhaldið er að Hagsmunasamtök heimilanna hafa lýst því yfir að farið verði með málið fyrir Evrópska dómstóla og mögulega fyrir mannréttindadómstól Evrópu.

### *Hæstiréttur rassskelltur trekk í trekk*

Niðurstöður dómara hins íslenska Hæstaréttar breyta því þó ekki að þeir geti mögulega haft rangt fyrir sér. Erlendir dómstólar hafa þannig margítrekað rassskellt íslenska dómara Hæstaréttar opinberlega fyrir rangar niðurstöður í ýmsum málum. Ágætt er dæmi um þrjú mál sem blaðamenn hafa tapað fyrir Hæstarétti en var snúið við fyrir evrópskum dómstólum. Í þrígang vann Erla Hlynsdóttir t.d. mál gegn íslenska ríkinu fyrir mannréttindadómstóli Evrópu og var ríkið dæmt til að greiða henni bætur. Hæstiréttur Íslands getur auðvitað haldið áfram að berja hausum dómara sinna við stein, en það bætir ekkert þeirra óréttlæti.

### *Illa brengluð hagspeki*

Í hnotskurn snýst málið í raun um þá hugmyndabrenglun hagfræðinga heimsins að hægt sé að reikna sér raunverðmæti af peningum í formi vaxta án þess að nokkur raunverðmæti komi þar á móti. Vitandi það að peningar eru í sjálfu sér einungis ávísun á einhver raunverðmæti eins og fiskflak, kartöflupoka, hús eða pylsu með öllu. Verðtrygging hleypir þessari vaxtahugmyndafræði síðan í enn meiri ógöngur.

Þekktir sérfræðingar hafa sagt að grunnvandi peningakerfis heimsins sé vextir á peninga og veldisvöxtur vaxta sem fjármálakerfi heimsins hafi lifað á. Gallinn liggi í því að á bakvið vexti á fjármagn séu engin raunverðmæti. Því þurfi reglulega að leiðrétta kerfið með færslu á raunverðmætum frá almenningi, sem feli í sér stórfellda eignaupptöku. Þannig fái þeir sem standa hæst í píramídanum og eiga mikla peninga og innheimta vexti af þeim, upp í hendur stóraukin raunverðmæti við hverja kollsteypu kerfisins. Með öðrum orðum, þeir ríku verða ríkari á kostnað fjöldans. Hið fræga eitt prósent þjóðanna, eignast öll raunverðmætin og eftir stendur snauður almúginn. Slíkt hlýtur síðan að kalla á upplausn þjóðfélaga.



Vitringarnir eru sagðir hafa fært Jesú gull, reykelsi og myrru þegar hann fæddist. Gullið var þó vaxtalaust og án annarrar verðtryggingar en fólst í málminum sjálfum.

### *Hefur gullið sem Jesú fékk í vöggugjöf vaxið á 2015 árum?*

Ágætt dæmi um blekkinguna og veldisvöxtinn sem við er að etja má finna á Vísindavef Háskóla Íslands, þó í léttum dúr sé. Þar er spurt:

Ef gullið sem vitringarnir gáfu Jesú Kristi hefði verið sett í banka, hversu mikils virði væri það í dag?

Rökrétt svar er að ef gullið hafi verið geymt á þann hátt að það rýrnaði ekki að eigin þyngd, þá væri raunverðmæti þess nákvæmlega það sama og þyngd þess sagði til um þegar Jesús fékk það að gjöf. Hafi Jesús fengið 100 grömm af gulli sem varðveitt hafi verið í bankahólfi, þá væru þau enn 100 grömm í dag, hvorki meira né minna. Það er síðan afstætt hvort verðmat á gulli gagnvart öðrum raunverðmætum eins og asna eða þorskflaki, hafi breyst á þeim 2015 árum sem liðin eru. Gullið væri samt enn nákvæmlega það sama.

Spekingar Vísindavefsins falla hins vegar í þá gryfju að fara að vaxtareikna raunverðmæti gullsins samkvæmt eðli nútíma fjármálakerfis og meta vaxtahækkanir og vaxtavexti í rúmlega 2000 ár. Þannig komast menn í óendanlegar ógöngur við að reyna að búa til raunverðmætamat á vöxtum allan þennan tíma. Þar segir m.a.:

„Uppsafnaðir vextir á 2000 árum verða alltaf mjög háir í hlutfalli við upphaflegu töluna. Upphæð sem liggur á reikningi sem ber fasta (og jákvæða) vexti, hækkar samkvæmt svokölluðum veldisvexti og á 2000 árum skilar það alltaf mikilli hækkun, nema vextirnir séu hverfandi, það er að segja nálægt núlli.

Svo að dæmi sé tekið þá verður ein króna sem ávöxtuð er með 1% vöxtum að 440 milljónum króna á 2000 árum. Ef vextirnir eru 2% verður krónan að um 160 milljónum milljarða króna eða nánar tiltekið 158.614.732.760.369.000 krónum. Þjóðarframleiðsla Íslendinga er um 800 milljarðar króna á ári svo að þetta er um 200-þúsundföld sú upphæð.“



### *Þyngjast silfurpeningar Júdasar við vaxtareikning?*

„Þess má einnig geta að talið er líklegt að silfurpeningarnir sem Júdas fékk fyrir svik sín hafi vegið rúm 14 grömm hver. Peningarnir voru 30 og hafa því vegið samtals rúm 400 grömm. Hefði það magn vaxið um 1% á ári í 2000 ár væri það nú hátt í 200 þúsund tonn. Það er álíka mikið og allur þorskafli Íslendinga árið 2002. Hefði vöxturinn verið 2% á ári væri silfrið nú hátt í 70 þúsund milljarðar tonna. Ef vextirnir hefðu verið 3% væri silfrið orðið þyngra en jörðin öll,“ segir á Vísindavefnum.



### *Botnlaus fáránleiki*

Þessir útreikningar sýna vel fáránleikann og þá botnlausu ógöngur sem hagspekin er komin í. Fjórtán gramma silfurpeningur Júdasar getur aldrei orðið í raunverðmæti meira en 14 gramma silfurpeningur, sama hvernig reiknað er. Ekki frekar en að kílógramm af blýi verði þyngra en kílógramm af æðardún. Vextir, svo ekki sé talað um vaxtavexti og verðtryggða vexti, eru upphaflega ekkert annað en huglæg afurð braskara og tilraun til að búa til raunverðmæti úr engu. Þar er verið að flytja raunverðmæti frá þeim sem eiga þau, til hinna sem nýta sér peningaeign (ávísanir á raunverðmæti) til að skapa sér tekjur með vaxtatöku.

### *Trúin bannaði töku vaxta*

Athyglisvert er að bæði kristin kirkja sem byggir á trúna á Jesú og Múhameðstrúin bönnuðu notkun vaxta lengi vel. Einnig er slíkt að finna í búddisma og fleiri trúarbrögðum. Þegar fyrir þúsundum ára sáu menn nefnilega blekkinguna sem fólst í notkun vaxta og leitt gæti til óstjórnlegs skaða fyrir samfélag manna.

### *Vaxtalausu bankar múslima*

Fjölmargir bankar í múslimaríkjum eru í dag opinberlega enn með vaxtalaus viðskipti, en virðisaukinn sem annars væri fenginn með




vöxtum er sóttur með öðrum hætti. Þeir starfa í anda þess sem kallað er Riba-Free Economy og Interest-Free Banking. Er þetta samkvæmt svokölluðum íslömskum kapítalisma sem mótaður var á tímabilinu frá níundu til þrettándu aldar. Þá var gjaldmiðillin gull-dínar, en viðskiptin voru aðallega í formi vöruskipta manna á meðal en fóru ekki í gegnum neina banka.

Hugmyndin á bak við vaxtalausu bankastofnanir múslima mun fyrst hafa verið lögð fram af Muhammad Uzair árið 1955. Grunnurinn að hugmyndafræði og regluverki fyrstu vaxtalausu íslömsku bankanna var þó ekki lagður fyrr en á fyrstu alþjóðlegu íslömsku fjármálaráðstefnunni sem haldin var í Mecca árið 1976. Haldið var áfram með málið á annarri slíkri ráðstefnu í London 1977.



**Henry Kissinger, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Faisal konungur Sádi-Arabíu ásamt Richard Nixon Bandaríkjaforseta þegar samkomulag var gert 1973 um notkun dollars (petrodollar) í öllum olíuviðskiptum.**

Forsaga þess máls var þó viðleitni Richards Nixons Bandaríkjaforseta árið 1973 til að baktryggja dollar eftir að hætt var að gulltryggja hann. Nixon lét gera samning við Sádi-Araba um að öll olíuviðskipti færu fram í dollurum og þar með var olían orðin baktryggingarviðmið dollarans. Þá varð til hugtakið „Petrodollar“. Varð þetta til að styrkja Bandaríkjadollar mjög á alþjóðlega vísu sem skapaði Bandaríkjunum yfirburðastöðu á peningamarkaði.

Við stuðning Bandaríkjanna og Evrópuríkja við Ísrael í Yom Kippurstríðinu 1973 lýstu OPEC-samtök arabíska olíuríkja yfir stöðvun á olíusölu til ríkja sem studdu Ísrael. Þetta kallaði á nauðsyn þess að múslimaríkin stofnuðu sína eigin banka sem lytu þeirra eigin lögmálum. Islamic Development Bank var stofnaður 1975, síðan hafa íslamskir bankar sprottið upp víða um heim. Fyrsti íslamski viðskiptabankinn á nútíma vísu, „Dubai Islamic Bank“, var svo settur á fót 1979. Árið 1995 voru starfandi 144 íslamskar fjármálastofnanir víða um heim, þar á meðal 33 ríkisbankar, 40 einkabankar og 71 fjárfestingabanki.

*JAK Medlemsbank*

Vaxtalausir bankar voru þó komnir fram á sjónarsviðið miklu fyrr og þá ekki undir neinum trúarformerkjum. Þar má t.d. nefna JAK Medlemsbank í Svíþjóð sem á sér yfir 50 ára sögu. Þar eru allir viðskiptavinirnir í raun hluthafar og mynda með eigin innlögn peningastofn að sínum lánum og sparnaði um leið. Bankinn sjálfur fær svo þóknun til að standa undir eigin rekstri en ekki mikið meira en það. Hefur þetta verið kallað „réttlátt hagkerfi“ sem ýtir ekki undir verðbólgu.

*Veruleikinn er fullur af hræsni*

Á árinu 2009 voru yfir 300 bankar og 250 sameignarsjóðir um allan heim sem störfuðu samkvæmt fögrum trúarfyrirheitum, eða„sharia compliant finance“. Voru þessir bankar og sjóðir komnir með um 1% af heildarfjármagnseignum heimsins árið 2014, eða um 2 billjónir dollara (2 með 12 núllum) samkvæmt tölum Ernst & Young. Í þessum bönkum er þó aðeins lítið brot af bankainnistæðum múslima, svo hræsnin hvað vaxtatöku varðar er ekki síður iðkuð meðal múslima en kristinna og fylgjendum annarra trúarbragða.

Eignir múslima í bönkum sem standa utan sharia-regluverksins hafa vaxið á ógnarhraða samkvæmt Ernst & Young, eða um 17,6% á milli áranna 2009 og 2013. Þá er spáð 19,7% aukningu á þeirri eignamyndun á ári fram til 2018.

*Vatíkanið hrifið af íslömsku bönkunum*

Árið 2009 tók Vatíkanið í Róm upp umræðuna um vaxtalaust hugmyndaform íslömsku bankanna. Sagði Vatíkanið þá að fjármálakerfi sem byggði á slíkum vaxtalausum bönkum gæti verið lækning fyrir sjúkt fjármálakerfi heimsins. Kaþólska kirkjan hefur alla tíð fordæmt okurlánastarfsemi, en hóf samt á sautjándu öld smám saman að aflétta banni á töku vaxta í lánsviðskiptum. Þar er því líka stutt í hræsnina hvað vextina áhrærir.

*Vextir ósýnilegt eyðingarafl heimsins*

Þýski prófessorinn Margit Kennedy, sem m.a. hefur komið hingað til lands, hefur lýst vandanum af töku vaxta mjög vel. Í ritum sínum og fyrirlestrum hefur Margit Kennedy bent á að mikil þversögn sé fólgin í þeirri fullyrðingu að vextir séu nauðsynlegir. Fólk verði að skilja að vextir séu ósýnilegt eyðingarafl heimsins. Hún segist hafa komist að þeirri niðurstöðu að útilokað sé að halda uppi virku lýðræði um leið og slíkt peningakerfi fái að þrífast.

Hún sagði að erfitt væri að skilja slíkan stjarnfræðilegan vöxt peninga sem hefðu engin raunverðmæti á bak við sig. Sem ýkt dæmi um veldisvöxtinn nefndi hún að ef menn fengju eitt bandarískt sent sem tvöfaldaðist í hverri viku (100% vikuleg ávöxtun), þá stæðu þeir uppi eftir 52 vikur með 45 milljarða dollara. Þetta væri athyglisvert í ljósi þess að á þessu eina ári hefði í raun ekkert breyst sem réttlætti meinta eignamyndun nema álagning vaxta með veldisútreikningi. Margit segir veldishækkun flækja málin og gera þau torskilin fólki. Það sé ástæðan fyrir því að mönnum hafi liðist að búa til alls konar peningaafleiður, vafninga og gervieignir sem engin raunveruleg verðmæti væru á bakvið. Trúlega er notkun verðtryggingar á neytendalán toppurinn á þessu brjálæði. „Þetta er eyðileggingarvél okkar alþjóðlega hagkerfis,“ sagði Margit.

*Prófmál sem velkst hefur í kerfinu*

Formlega er málið sem Hæstiréttur fjallaði um 26. nóvember sl., mál Theodórs Magnússonar og Helgu Margrétar Magnúsdóttur númer 243/2015 gegn Íbúðalánasjóði sem Hagsmunasamtökin hafa rekið sem prófmál. Hefur þetta mál verið að velkjast í kerfinu frá síðari hluta árs 2012. Ef þau hefðu unnið málið hefði það mögulega kallað á endurútreikning allra slíkra lána sem tekin voru eftir 11. janúar árið 2001. Nú er Hæstiréttur með afstöðu sinni mögulega búinn að firra bankana allri ábyrgð og varpa ábyrgðinni yfir á ríkið.

*Snýst um að upplýsingaskylda laga hafi ekki verið virt*

Guðmundur Ásgeirsson, sem starfa sem erindreki HH ásamt því að stunda nám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík, tjáði Bændablaðinu fyrir dóminn að málatilbúnaðurinn byggist ekki á lögum um vexti og verðtryggingu sérstaklega, heldur lögum um neytendalán nr. 121 frá árinu 1994. Helstu röksemdirnar voru þær að lánveitendur hafi brotið gegn upplýsingaskyldu þeirra laga með því að veita engar upplýsingar um kostnað við verðtryggingu. Sá kostnaður er einmitt lykilatriði í margfeldisáhrifum í framreikningi slíkra lána þannig að lántakendur hafa enga möguleika haft til að meta hver endanleg staða lánanna yrði.

Lagagreinarnar sem um ræðir eru í lögum númer 121/1994. Í 6. grein þeirra laga segir að við gerð lánssamnings skuli lánveitandi gefa neytanda greinargóðar upplýsingar um kostnað við lánið. Þar á meðal höfuðstól, útborgaða fjárhæð, vexti og önnur gjöld, heildarlántökukostnað, árlega hlutfallstölu kostnaðar, greiðsluáætlun o.fl.

Með verðtryggðum lánum er þetta augljóslega ekki hægt. Það getur ekki einn einasti einstaklingur á jarðríki vitað hver framvinda verðlags verður til lengri tíma. Því er ekki hægt að upplýsa neytendur á fullnægjandi hátt um lokaniðurstöðu lánsins eins og lögin virðast gera ráð fyrir eins og hér segir:

> 7. gr. skilgreinir heildarlántökukostnað þannig að hann feli í sér allan kostnað af láninu, þar með talda vexti og önnur gjöld sem neytandi skal greiða.
>
> 10.–12. gr. skilgreina svo útreikning árlegrar hlutfallstölu kostnaðar, sem skal endurspegla heildarlántökukostnaðinn reiknaðan samkvæmt 7. gr.
>
> 14. gr. laganna kveður á um þær afleiðingar vanrækslu á upplýsingaskyldu, að óheimilt sé að innheimta kostnað sem ekki var upplýst um.

„Þegar lánið sem um ræðir var tekið, þá fengu lántakendur engar af þessum upplýsingum, nema í mjög takmörkuðum mæli. Það er að segja, eingöngu höfuðstól og vaxtaprósentu, og áætlaða mánaðarlega greiðslubyrði, án kostnaðar vegna verðbóta.

Við teljum því að þar sem þau fengu engar upplýsingar um kostnað í formi verðbóta, hafi verið óheimilt að innheimta verðbætur.“

*Lögin eru alveg skýr*

*– Eru lögin ekki kristaltær og hvers vegna hafa þau þá verið túlkuð eftir hagsmunum banka og fjármálastofnana en ekki lántaka?*



**Eigum við virkilega að trúa því að gamlar mafíubíómyndir endurspegli raunsanna mynd af stöðu fjármálakerfisins á Íslandi?**

„Okkur þykir lögin alveg skýr hvað þetta varðar, en lánveitendur hafa haldið öðru fram, og eins og búast má við viljað túlka lögin sér í hag,“ segir Guðmundur.

*– Eru bankar ekki búnir að gera ráð fyrir að tapa þessu máli í sínum efnahagsreikningi?*

„Allar staðreyndir um það eru kirfilega varðveitt leyndarmál sem þess er vandlega gætt að við fáum engar upplýsingar um. Við vitum þó að þegar lánasöfnin voru flutt frá gömlu bönkunum til þeirra nýju þá voru þau verðmetin á hálfvirði. Það svarar hér um bil til áfallinna verðbóta eins og áður sagði, og við teljum því að svigrúm sé til fyrir þessu.

Einnig má benda á að frá hruni er uppsafnaður hagnaður nýju bankanna næstum 450 milljarðar króna. Sú fjárhæð liggur að mestu leyti óráðstöfuð inni á hagnaðarreikningum bankanna.“

Vilhjálmur Bjarnason, „ekki fjárfestir“ og formaður Hagsmunasamtaka heimilanna tekur undir þetta.

„Bankarnir hafa þær upphæðir sem um getur verið að ræða í dómsmálinu sem við erum með fyrir Hæstarétti inn á svokölluðum varúðarreikningum sem enginn fær að sjá eða heyra af og þeir þurfa ekki einu sinni að gefa upp hagnaðinn af þessum upphæðum sem skipta hundruðum milljarða að mínu mati og komast upp með það.

*Bankarnir moldgræða*

Ofurgróði íslensku bankanna í dag er ekki í nokkru samræmi við það sem er að gerast úti í hinum stóra heimi. Í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar eru vextir nálægt núlli og margir bankar hafa farið í þrot og enn fleiri berjast í bökkum. Hér á landi er veruleikinn allt annar. Með ríkjandi ofurvaxtastefnu og verðtryggðum útlánum moldgræða bankarnir. Allt er það á kostnað almennings.

Hvað sem þessu einstaka máli líður, þá er það staðreynd sem erfitt er að vefengja, að verðtrygging lána ofan á töku vaxta felur í sér gríðarlega áhættu fyrir lántakendur og gegndarlausa eignaupptöku. Hvernig stjórnmálamenn geta staðið keikir álengdar, yppt öxlum og látið sem ekkert sé, er óskiljanlegt öllu venjulegu fólki. Fólk spyr sig því eðlilega í hverju tregðan við að breyta þessu kerfi liggi. Allavega virðist ganga afar hægt að pota þessum málum áfram. Uppgangur Pírata í skoðanakönnunum er án efa að einhverju leyti að endurspegla þessar áhyggjur fólks.

*Fólk hrakið úr landi*

Þúsundum saman hafa einstaklingar á Íslandi verið gerðir gjaldþrota vegna vaxtagræðgi banka sem eru friðhelgir í skjóli verðtryggingar. Fólk flýði atvinnuleysi og eignaupptöku í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Nú er ekki atvinnuleysi, en ungt fólk heldur áfram að flýja land. Fólk sem ríkið er búið að kosta gríðarlegum upphæðum til að mennta. Er eitthvert vit í þessu?

Stór hluti af vandanum er okurlánastarfsemi bankakerfisins þar sem verðtrygging er enn við lýði og ekkert þak á vöxtum. Því er orðið nær útilokað fyrir ungt fólk á venjulegum launum að koma sér þaki yfir höfuðið. Það hefur heldur ekki efni á að leigja og sér enga leið út úr ógöngunum. Fólkið er orðið að þrælum bankakerfisins. Með aðgerðaleysi sínu eru íslenskir stjórnmálamenn síðan í raun að segja þessu fólki að því sé fyrir bestu að hypja sig úr landi.

Í bíómyndunum er oft slegið upp mynd af hinni ljótu mafíu sem mútar pólitíkusum til hægri og vinstri og helstu valdamönnum í kerfinu til að fá frið. Eigum við virkilega að trúa því að þau endurspegli raunsanna mynd af stöðu fjármálakerfisins á Íslandi og um allan heim?



Þingborg
S. 482 1027, 846 9287, 693 6509
www.facebook.com/thingborgull
email: gamlathingborg@gmail.com
Póstsendum.

Minnum á gjafabréf
Ullarvinnslunnar
Tilvalin jólagjöf



Úrval af prjónavöru, lopa og bandi.
Kembur og lyppur, prjónar og
bækur, dúskar á húfur og ýmis
falleg gjafavara.

## Jólamarkaður í handverkstæðinu Ásgarði í Álafosskvosinni 5. desember:

# Alúð og kærleikur í hverju verki



**Á handverkstæðinu Ásgarði í Álafosskvosinni verður haldinn veglegur jólamarkaður laugardaginn 5. desember. Þar gefst fólki kostur á að kaupa vandaða smíðagripi sem smíðaðir eru af mikilli alúð af starfsfólki staðarins. Unnið er úr náttúrulegum efnivið og eingöngu er notaður íslenskur trjáviður.**

Frá upphafi hafa starfsmenn Ásgarðs lagt áherslu á að hanna og þróa einföld, sterk og skemmtileg leikföng sem eiga sér samsvörun í íslenskum þjóðháttum. Hvort sem um er að ræða sjávarútveg, landbúnað, þjóðsögur eða ævintýri. Eingöngu er unnið með náttúrulegan efnivið.




Heimir Þór Tryggvason er forstöðumaður Ásgarðs. Hann hóf þar störf 1998 en tók við sem forstöðumaður árið 2001. Hann sagði blaðamanni Bændablaðsins að mun farsælla væri að fá upplýsingar um starfsemina hjá Óskari Albertssyni enda með mun meiri reynslu. Óskar hefur starfað í Ásgarði frá stofnun 1993 og er ötull talsmaður vinnustaðarins.

Ásgarður Handverkstæði var stofnað 1993 sem sjálfseignarstofnun og hefur starfsleyfi frá velferðarráðuneyti sem verndaður vinnustaður. Þar starfa um 40 manns, þar af 7 verkstjórar eða leiðbeinendur.

### *Byggt á hugmyndafræði Rudolfs Steiners*

Starfsemin í Ásgarði byggist á hugmyndafræði Austurríkismannsins Rudolf Steiner (1861–1925). Hann lærði náttúruvísindi og heimspeki í Vín, en átti erfitt með að sætta sig við efnishyggju náttúruvísindanna sem afneituðu sálarlegum og andlegum þáttum mannsins. Fram að fertugsaldri þróaði hann kenningar sínar um sambandið milli efnis og anda, og fór eftir það að miðla þeim til annarra. Fræði sín nefndi hann mannspeki (antroposofi). Eftir Steiner liggja 350 bækur. Þar af eru 42 skrifaðar af honum sjálfum, og um 300 eru endurritaðir fyrirlestrar.

Waldorf-uppeldisfræðin, sem útbreidd er um allan heim, er frá honum komin, einnig lífræn (lífelfd) ræktun, byggingarlist, hreyfilist og þroskauppeldisfræði (lägepedagogik á sænsku), sem fjallar um uppeldi þroskahamlaðra barna.

### *Fötlun ekki vandamál*

Hugmyndafræði Steiners felst m.a. í því að ekki er litið á fötlun sem vandamál, heldur sem möguleika og að í hverri manneskju sé heilbrigður kjarni sem hægt sé að vinna með. Þannig er reynt að aðstoða fatlaðan einstakling við að vinna með fötlun sína, til að hæfileikar hans njóti sín sem best.

### *Hefja hvern einasta dag á samsöng starfsmanna*

Óskar Albertsson tók á móti blaðamanni og kynnti starfsemina.

„Hér mæta menn á bilinu hálf níu til níu á morgnana. Síðan er misjafnt hversu lengi fram eftir deginum fólkið er. Þá eru sumir fyrir hádegi, aðrir eftir hádegi og sumir allan daginn. Enn aðrir eru svo hér part úr viku. Við byrjum á að koma saman í matsalnum og syngjum saman eitthvað þjóðlegt og skemmtilegt.“ Hefur það sýnt sig að þetta hjálpar til að anda út áhyggjum hversdagsins og byggja upp glaðvært og afslappað andrúmsloft.

Það er sannarlega notalegt að koma í Ásgarð. Þar skín í gegn væntumþykjan og virðingin fyrir öllum sem þar starfa.

Óskar sagði að þeir sem eru svo heppnir að fá starfspláss í Ásgarði komi af öllu höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi plássa er takmarkaður og greiða sveitarfélögin hvert fyrir sig með þeim plássum sem þeim er úthlutað.

„Starfsemin hefur verið vaxandi og hér er aðallega verið að vinna úr íslenskum við.“

Ásgarður hefur áunnið sér virðingu sem verndaður vinnustaður. Fékk hann m.a. Umhverfisverðlaun Mosfellsbæjar 2014 fyrir að vera umhverfisvænt fyrirtæki sem leggur áherslu á endurnýtingu og notkun umhverfisvænna hráefna. „Við höfum einnig fengið Hvatningarverðlaun Fréttablaðsins,“ segir Óskar.

### *Byrjuðu í Lækjarbotnum*

Fyrstu árin var starfsemin í húsi í Lækjarbotnum, ofan við...

– *Framhald á bls. 24*



**Braggarnir eru í dag miðdepill starfsemi Ásgarðs sem annars er með aðsetur í fyrrum pöbb gegnt gömlu Álafossverksmiðjunni. Þar fer öll megin trésmíðavinnan fram. Í þessum bröggum var búið fram til 2003 þegar Ásgarður keypti húsin undir sína starfsemi.** Myndir / HKr.



**Óskar Albertsson, fyrsti starfsmaður Ásgarðs, í forláta birkistól sem Gerhard Köning smíðaði.**



**Runólfur Ingi Ólafsson og Bjarnheiður Magnúsdóttir leiðbeinandi,,,,,,,, eða Heiða eins og Runólfur segir að hún sé kölluð. Þarna unnu þau að vefnaði en Runólfur var ekki alveg búinn að ákveða hvort þetta yrði dúkur, púði eða vegglistaverk.**





**Smíðagripirnir eru af ýmsum toga.**



**Sigurður Ragnar Kristjánsson byrjaði í Ásgarði þegar starfsemin hófst 1993.**


BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAÐ ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM
NÝJUNG
VATNSRÁS
LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR
VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR
STJÖRNUBLIKK
Snögg og góð þjónusta!
Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is


Höfum tekið við umboði Topa sem þjóða meðal annars glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.
Topa býður uppá úrval verkfæra og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is


Vatnsdælur, háþrýstidælur og rafstöðvar
Hjá Dynjanda færðu öflugar rafstöðvar, vatns- og háþrýstidælur í mismunandi stærðum og gerðum.
Við veitum þér faglega aðstoð.
Hafðu samband.
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is


ÁRAMÓTATILBOÐ
KUHN
KUHN
ÞIÐ STANDIÐ STERKARI MEÐ KUHN
Minnum á áramótatilboð okkar!
15% afsláttur af verðlistaverði á Kuhn hey- og jarðvinnutækjum til 5. janúar 2016.
5% afsláttur af Kuhn rúllusamstæðum, stökum rúlluvélum og taðdreifurum til 05. janúar 2016.
FRUM - www.frum.is
VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is


Tilvalin gjafavara
Frí heimsending
Airflo Fluguveiðisett kr. 18900
Clearwater® Large Arbor fluguhjól kr. 16.900
ORVIS Fluguveiði sett kr. 33.900
Reykofn kr. 10.900
Daiwa Stór veiðitaska kr. 17.900
Hjól Alivio 2500 FD + Stöng Alivio DX Spinning 270 3-21g Lína kr. 14.900
Airflo Bakpokavesti kr. 16.900
Vesturröst Gjafabréf
Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is


BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR
Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum
Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi
Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Lögbergsbrekkuna. Það svæði tilheyrir Kópavogi. Óskar segir að það verkstæði hafi brunnið í byrjun desember árið 2000. Þá vorum við nýbúin að ljúka við að vinna alla jólaframleiðsluna og hún fuðraði upp ásamt húsinu.

„Við létum það ekki stoppa okkur og fengum leigt húsnæði um tíma á meðan við vorum að bíða eftir að byggja nýtt hús í Lækjarbotnum. Leyfi fékkst ekki fyrir nýbyggingu samkvæmt okkar ósk og við fórum því að leita að húsnæði. Þá var verið að selja pöbb í Álafosskvosinni, sem við keyptum og breyttum í vinnuaðstöðu. Síðan ákváðum við að kaupa braggana tvo hér fyrir neðan en þar bjó þá fjölskylda. Við gerðum braggana upp, einangruðum og skiptum um glugga og gólf og hafa þeir reynst okkur mjög vel.“

Í Listasmiðjunni, sem er áföst matsalnum, er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þar er unnið með ólík hráefni, hvort sem það er úr jurta-, steina- eða dýraríkinu.

Óskar sagði að þarna fengi sköpunargleðin að ráða ríkjum. Þetta væri svo sem engin akkorðsvinna, fremur væri miðað við hvað hver og einn hefði þrek til að gera. Svo væru dagarnir oft brotnir upp með því að fara eitthvað, eins og í fjöruferðir eða annað.



Fremst á myndinni eru Gunnar Jónsson og Ingþór Sigurður Gíslason, sem er stoltur af því að vera Seyðfirðingur og Vestmannaeyingur að uppruna.



Magdalena er sjálfboðaliði í Ásgarði, en hún er frá Póllandi. Hún var að vinna að gerð á leiktæki eða eins konar kúluspili, þegar blaðamann bar að garði. Hér er hún ásamt Tryggva Gíslasyni að prófa hvort spilið virki eins og það á að gera.

### *Þýskur myndhöggvari meðal starfsmanna*

Á trésmíðaverkstæðinu (Bragganum) eru smíðuð leikföng, skúlptúrar og húsbúnaður, og einnig stærri hlutir eins og bekkir og borð, svo eitthvað sé nefnt. Þar var m.a. við störf þýski myndhöggvarinn Gerhard Köning. Á hans herðum er öll stærri smíði eins og á garðhúsgögnum og eingöngu úr íslensku timbri. Engar skrúfur eða naglar eru notaðir við smíðina, heldur eingöngu trénaglar og vatnshelt lím. Hann hefur verið á Íslandi síðan 2010 og hefur m.a. haft veg og vanda að endurbyggingu á safni Samúels Jónssonar, listamannsins með barnshjartað, í Selárdal í Arnarfirði.

Gerhard segir undravert hversu fjölbreyttan við hann hafi fengið hér á landi til að smíða úr. Það er auðvitað birkið, en síðan fura, greni, ösp og jafnvel beyki. Mosfellsbær sé mjög öflugur við að útvega þeim hráefni úr görðum bæjarins.

„Um 80% af okkar smíðavið kemur úr Mosfellsbæ.“

Þá segist Gerhard einnig hafa fengið gullregn og beyki úr garði í Reykjavík. Þótt það beykitré hafi verið orðið mjög myndarlegt eftir áratuga vöxt í skjóli milli húsa í Reykjavík, þá er þetta viðartegund sem vex ekki mikið á norðlægum slóðum.

### *Starfsmaður númer þrjú*

Á verkstæðinu í Bröggunum var líka Sigurður Ragnar Kristjánsson. Hann byrjaði í Ásgarði þegar starfsemin hófst 1993. Hann segist aðeins hafa ætlað að vera í eitt ár, en árin eru nú orðin 22. Aðeins tveir aðrir starfsmenn hafa verið allan þann tíma, en það er Óskar Albertsson, sem var fyrsti starfsmaðurinn sem ráðinn var, og Steindór Jónsson var númer tvö.

Sigurður er aðallega á bandsöginni og segist lítið koma að því að fínpússa hlutina. Hann segist vera sveitastrákur og upprunninn á jörðinni Landakoti á Álftanesinu sem afi hans og langafi byggðu. Þar bjó hann í 23 ár. Á stærsta hluta þeirrar jarðar er nú búið að byggja íbúðarhúsahverfi. Sem krakki var Sigurður oft í Reykholtsdalnum.

### *Magdalena frá Póllandi er mjög hrifin af starfseminni*

Magdalena er sjálfboðaliði í Ásgarði, en hún er frá Póllandi. Hún var að vinna að gerð á leiktæki eða eins konar kúluspili, þegar blaðamann bar að garði.



Þetta borð, eða stóll, er unnin af Gerhard úr um 30 ára gömlu gullregni úr Reykjavík en föturinn er úr furu. Gullregn er mjög þéttur, harður og þungur viður.

„Ég er sjálfboðaliði frá European Vouluntary Service og verð hér í eitt ár. Áður en ég kom hingað gerði ég mér mjög miklar væntingar um hvernig þetta væri. Þetta er bara enn betra en ég reiknaði með. Það er magnað að vera hluti af þessu samfélagi hérna og mikill heiður fyrir mig að fá að starfa með þessu fólki. Sjálf kem ég frá miðbiki Póllands, eða borginni Lodz sem margir þekkja,“ sagði Magdalena.

Það er sannarlega hægt að taka undir með Magdalenu að starfsemin sem fram fer í Ásgarði sé mögnuð. Það var virkilega notalegt að heimsækja fólkið sem þar vinnur og finna þann góða anda sem þar svífur yfir vötnum. Bændablaðið hvetur alla sem möguleika hafa á að kíkja á jólamarkaðinn í Ásgarði.

*/HKr.*



Þýski myndhöggvarinn Gerhard Köning er starfsmaður og leiðbeinandi á handverkstæðinu Ásgarði í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ.Trjábolirnir sem Ásgarði berast eru ristir niður í heppilegar þykktir í Skorradal.

**Notaleg gisting fyrir jólainnkaupin í hjarta Akureyrar**

Bjóðum sérverð frá **6.390 - 8.990** kr. nóttin fyrir 2ja manna herb. Penthouseíbúð fyrir 5-7 á **14.900** kr. nóttin.

Allt endurnýjað 2015. Eldhús, sjónvarp, setustofa. Frítt wi-fi. Pantanir í síma **469 4104** eða **info@apotekguesthouse.is**

A P O T E K

**Hafnarstræti 104, 600 Akureyri**

Bændablaðið
Kemur næst út
17. desember

**B&B Guesthouse**

**Á leiðinni til útlanda?**

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

2 manna herbergi **9.900 kr**

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Bústólpi

**Kraftblanda**
**Fiskmjölsríkt kjarnfóður fyrir sauðfé**



Vefjagigt

# Losnaði við verki og bólgur á 3 vikum

**Ásdís Ómarsdóttir þjáðist af verkjum vegna vefjagigtar í 14 ár og var hjá sjúkraþjálfara reglulega. Með Lifestream AstaZan losnaði hún við festumein, bólgur og verki. Hún þakkar AstaZan betri líðan, betri svefn og meira úthald sem skapar fleiri gæðastundir með fjölskyldunni.**






- **Lagar og fyrirbyggir bólgur, stirðleika og eymsli.**
- **Eykur styrk, hreyfigetu og endurheimt.**

**Sjúkraþjálfarar og íþróttafólk mæla með AstaZan frá Lifestream**

**Astaxanthin 4mg, Lutein 4mg, lífrænt E-vítamín 10mg**

**Umboðsaðili: Celsus**
**Fæst í apótekum, heilsubúðum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.**

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

**Jólagjöfina færðu hjá okkur**

praxis ...þegar þú vilt þægindi



Mikið úrval af nýjum primaloft, vatteruðum jökkum, stuttum og síðum





Teg. 25090
Litir: Svart/Hvitt/Grátt
Str. 36-42
Verð 14.990

Þriggja laga softshell í mörgum litum fyrir dömur og herra
Verð 21.900

Opið laugardaga í desember kl. 12-16

Gjafakort

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
**Opið mán., mið. og fös. 11:00-17:00, þri. og fim. 11:00-15:00, lokað laugardaga.**

**TRYGG** Nøsted Kjetting as

**SNJÓKEÐJUR**



# Vertu viðbúinn vetrinum

**Mest seldu snjókeðjur á Íslandi**

LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR



Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrókur s. 5 200 560

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is



**Á mjög skömmum tíma hefur CLAAS náð fótfestu sem leiðandi framleiðandi dráttarvéla í Evrópu.**
Þeir bjóða okkur upp á val um 34 útfærslur véla á bilinu 72-524 hestafla.
**Við ábyrgjumst að einhver þeirra hentar þér.**
**Hafið samband við sölumenn og fáið nánari upplýsingar.**

FRUM - www.frum.is

CLAAS

VÉLFANG VERKIN TALA

**Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is**
**Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is**

Nýtt nafn á Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

# Átta tillögur bárust

**Átta tillögur bárust um nýtt nafn á Skeiða- og Gnúpverjahrepp, sveitarfélag í Árnessýslu, en sveitarstjórn óskaði nýlega eftir tillögum frá íbúum.**

Í stafrófsröð eru tillögurnar eftirtaldar:

***Eystribyggð, Eystrihreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Vörðubyggð, Þjórsárbakkar, Þjórsárbyggð, Þjórsárhreppur og Þjórsársveit.***

„Erindi hefur verið sent til Örnefnanefndar þar sem leitað er umsagnar og samþykki fyrir nöfnunum. Svör eru væntanleg þaðan seinnipart mánaðarins. Alls voru það 56 einstaklingar sem skiluðu inn tillögu og dreifðust þær misjafnlega milli nafnanna,“ segir Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

Til þess getur komið að nærliggjandi sveitarfélög þurfi að veita umsögn um sum nafnanna. Stefnt er að því að kosning milli þeirra nafna sem samþykkt fá frá Örnefnanefnd fari fram snemma í desember, ef ekki verða tafir á ferlinu. */MHH*

# Vilja land fyrir hjólhýsi

**Fyrirspurn um hvort land fáist undir fastastæði fyrir hjólhýsi var lögð fram á fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar nýverið. Varmahlíðarstjórn lagði fram fyrirspurnina.**

Formaður Varmahlíðarstjórnar kom til fundar og kynnti málið fyrir nefndarmönnum. Nefndin felur starfsmönnum að kanna kostnað við slíka uppbyggingu en mun ekki leggja til að fjármagn til slíkrar uppbyggingar fari inn á fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. */MÞÞ*

Skagafjörður:

# Nýtt sameinað hestamannafélag heitir Fluga

**Sameininganefnd skagfirsku hestamannafélaganna átti fund á dögunum og var þá farið yfir atkvæðagreiðslu vegna nafns á nýtt sameinað hestamannafélag í Skagafirði.**

Nafnið Fluga fékk flest atkvæði og var ákveðið að nýja félagið myndi bera það nafn. Á vef Léttfeta, eins af þremur núverandi hestamannafélögum í Skagafirði, segir að önnur vinna varðandi sameininguna gangi vel. „Margt þarf að skoða en flest mál eru þó að taka á sig skýrari mynd“, segir í frétt á vef Léttfeta.

Uppskeruhátíð Hrossaræktarsamtaka Vestur-Húnavatnssýslu og Þyts:

# Lækjarmót besta ræktunarbúið

**Uppskeruhátíð Hrossaræktarsamtaka Vestur-Húnavatnssýslu og Hestamannafélagsins Þyts var haldin í félagsheimilinu á Hvammstanga fyrir skemmstu.**



Lækjarmót var valið ræktunarbú ársins þriðja árið í röð. Myndir / Þytur

Veittar voru ýmsar viðurkenningar, m.a. fyrir ræktunarbú ársins og knapa ársins. Lækjarmót var valið ræktunarbú ársins 2015, þriðja árið í röð. Þá var að auki boðið upp á fjölbreytta dagskrá, góðan mat og skemmtun. Tókst hátíðin hið besta í alla staði að því er fram kemur á vefsíðu Hestamannafélagsins Þyts.

Titilinn knapi ársins hlaut Ísólfur L. Þórisson en hann varð í fyrsta sæti í 1. flokki. Ísólfur hlaut þennan titil líka í fyrra. Í öðru sæti var James Bóas Faulkner og í þriðja sæti var Tryggvi Björnsson.

Þorgeir Jóhannesson hlaut titilinn knapi ársins í 2. flokki, Magnús Ásgeir Elíasson varð í öðru sæti og Sigrún Eva Þórisdóttir í því þriðja. Í ungmennaflokki var Birna Olivia Agnarsdóttir í fyrsta sæti, Kristófer Smári Gunnarsson í öðru sæti og Fanndís Ósk Pálsdóttir í þriðja sæti.

Hæst dæmdi stóðhesturinn var Brimnir frá Efri-Fitjum með aðaleinkunnina 8,45. Hæst dæmda hryssan var Snilld frá Syðri-Völlum með aðaleinkunnina 8,37.



Ísólfur Líndal Þórisson, knapi ársins 2015 í 1. flokki.



Birna Olivia Agnarsdóttir, knapi ársins í ungmennaflokki.

***Uppskeruhátíð æskulýðsstarfs Þyts***

Uppskeruhátíð æskulýðsstarfsins hjá Hestamannafélaginu Þyti var haldin á Gauksmýri. Um 60 börn og unglingar tóku þátt í starfinu á síðasta starfsári.

Allir krakkarnir fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna og húfu merkta Þyti. Þá voru veitt verðlaun fyrir stigahæstu þrjá knapana í barnaflokki annars vegar og unglingaflokki hins vegar. Eysteinn Tjörvi Kristinsson var stigahæsti knapinn í barnaflokki. Í öðru sæti var Rakel Gígja Ragnarsdóttir og Ingvar Óli Sigurðsson í því þriðja. Í unglingaflokki var Karitas Aradóttir stigahæsti knapinn, Eva Dögg Pálsdóttir í öðru sæti og Anna Herdís Sigurbjartsdóttir í þriðja sæti.

MAST Matvælastofnun

*...frá heilbrigði til hollustu*

# Er maturinn á jólahlaðborðinu öruggur?

**Nú er tími jólahlaðborða á veitingastöðum og vinnustöðum runninn upp. Auk þess að hafa góðan mat í boði fyrir neytendur þurfa rekstraraðilar veitingahúsa að tryggja öryggi matvælanna.**

Mikilvægt er að starfsfólk hafi þekkingu á mikilvægi hreinlætis og réttrar meðhöndlunar matvæla til að koma í veg fyrir hættur. Hér eru nokkur atriði sem rekstraraðilar og starfsfólk veitingahúsa þurfa að hafa í huga við framkvæmd jólahlaðborða.

***Innra eftirlit***

Veitingahús sem bjóða upp á hlaðborð skulu hafa innra eftirlitskerfi sem tekur til hlaðborðsins. Tilgangur innra eftirlits er að tryggja gæði, öryggi og heilnæmi matvæla. Innra eftirlit er fyrirbyggjandi aðferð og miðar að því að koma í veg fyrir að matvæli skemmist eða mengist og geti þannig valdið heilsutjóni. Til að ná árangri er mikilvægt að allt starfsfólk taki virkan þátt og hafi skilning á tilgangi, markmiðum og ávinningi innra eftirlits. Innra eftirlit tekur m.a. á hitastigsskráningum, hreinlætisáætlun, umgengnisreglum og þjálfun starfsfólks. Sjá upplýsingasíðu Matvælastofnunar um innra eftirlit

***Stjórnun á hitastigi***

Þar sem gestir setjast ekki allir til borðs á sama tíma eða matvælin standa lengur frammi en 2 klst. þarf að fylgjast vel með hitastigi matvæla.

Stjórnun á hitastigi í matvælum er áhrifaríkasta leiðin til að takmarka eða stöðva fjölgun örvera og þar með hættu á matarsjúkdómum og skemmdum. Hröð og góð kæling dregur úr fjölgun baktería, viðheldur gæðum og lengir geymsluþol matvæla. Tryggja þarf órofinn kæliferil frá framleiðanda til neytenda. Eftirlit með hitun matvæla er ekki síður mikilvæg. Sannreyna þarf hitastig með mælingum og halda skal skrá yfir niðurstöður mælinga.

- Kaldur matur þarf að vera við 0–4 °C
- Heitur matur þarf að vera a.m.k. 60 °C

***Framreiðsla***

Bera skal heitan mat fram nægilega heitan (a.m.k 60 °C) og skal hitunarbúnaður vera til staðar svo heitur matur haldist við a.m.k. 60 °C. Athuga þarf að hitunarbúnaður á hlaðborði er aðeins til að viðhalda hitastigi en ekki til að hita matvælin upp. Matvæli sem bera á fram kæld skal geyma í kæli (0–4 °C) þar til kemur að framreiðslu. Athuga þarf að kælibúnaður á hlaðborðum dugar oftast aðeins til að seinka hitun matvælanna upp í umhverfishita ef ekki er um vélkælingu að ræða.

***Krossmengun og hreinlæti***

Áhöld þurfa að vera við hvern rétt til að hindra krossmengun á milli rétta. Bakteríur mega ekki berast úr hrárri vöru í soðna eða vöru sem verður ekki soðin. Einnig skal huga að aðskilnaði í eldhúsi við vinnslu hrárra og tilbúinna matvæla til að koma í veg fyrir að bakteríur berist úr hráum matvælum (kjöt, fiskur, og grænmeti) yfir í soðin matvæli.

Hreinlæti kemur í veg fyrir að bakteríur komist í matvælin og er persónulegt hreinlæti starfsmanna lykilatriði. Handþvottur skiptir afskaplega miklu máli því hendurnar koma víða við. Það er því mikil hætta á að þær beri með sér smit í matinn. Þvoið hendur og sótthreinsið áður en farið er að meðhöndla matvæli og á milli vinnslu mismunandi rétta.

Aðskilnaður í eldhúsi, hrein áhöld, ílát, borð og hreinar hendur eru grundvallaratriði til að koma í veg fyrir krossmengun í eldhúsinu.

Algengustu orsakir matarsjúkdóma eru skortur á hreinlæti við meðferð matvæla og rangt hitastig sem hefur orðið til þess að örverur hafa náð sér á strik í matvælum. Sjá upplýsingasíður Matvælastofnunar um bakteríur sem valda matarsýkingum og matareitrunum

***Ílát og áhöld í snertingu við matvæli***

Mikilvægt er að nota aðeins ílát og áhöld sem eru sérstaklega ætluð fyrir matvæli. Veljið t.d. vörur sem eru merktar með glas- og gaffalmerkinu eða eru með leiðbeiningar um rétta notkun. Nánari upplýsingar má finna á upplýsingasíðu Matvælastofnunar um merkingar á efnum og hlutum sem ætlað er að snerta matvæli.

Rétt er að hafa í huga að leirílát sem eru ríkulega litskreytt geta gefið frá sér mikið magn af blýi og/eða kadmíum. Óráðlegt er því að geyma matvæli í ílátum úr leir nema fullvíst sé að þau megi nota sem slík. Sjá einblöðung um leirhluti í snertingu við matvæli.

***Upplýsingar um ofnæmisvalda***

Þegar vöru er dreift án umbúða til neytenda verður seljandi að geta veitt upplýsingar um öll þau atriði sem annars er skylt að merkja á umbúðum matvæla. Mjög mikilvægt er að hafa tiltækar og aðgengilegar upplýsingar um ofnæmis- og óþolsvalda. Þær geta komið fram á merkingum við vöruna eða matseðli. Ef upplýsingarnar um ofnæmis- og óþolsvalda koma ekki fram skriflega, verður að koma fram skriflega að starfsfólk veiti upplýsingar um þá. Ofnæmis- og óþolsvaldar sem verður að merkja/upplýsa með skýrum hætti eru:

1. Kornvörur sem innihalda glúten: Hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, taumhveiti (kamut) eða blendingar þeirra og afurðir úr þeim.
2. Krabbadýr og afurðir úr þeim.
3. Egg og afurðir úr þeim.
4. Fiskur og fiskafurðir.
5. Jarðhnetur og afurðir úr þeim.
6. Sojabaunir og afurðir úr þeim.
7. Mjólk og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi).
8. Hnetur: Möndlur, heslihnetur, valhnetur, kasjúhnetur, pekanhnetur, parahnetur, pistasíuhnetur, goðahnetur eða queensland hnetur (Macadamia hnetur) og afurðir úr þeim.
9. Sellerí og afurðir úr því.
10. Sinnep og afurðir úr því.
11. Sesamfræ og afurðir úr þeim.
12. Brennisteinsdíoxíð og súlfít: í styrk yfir 10 mg/kg eða 10 ml/lítra og gefið upp sem heildarstyrkur $SO_2$.
13. Lúpína og afurðir úr henni.
14. Lindýr og afurðir úr þeim
15. Ítarefni

Nánari leiðbeiningar um merkingar og aðra upplýsingagjöf um ofnæmis- og óþolsvalda




**Klettur** vill bjóða þér á sérstaka **MultiOne** kynningu í húsakynnum Kletts, **11. desember** frá kl. 16:00 - 19:00.

Láttu sjá þig og njóttu léttra veitinga, fáðu kynningu á óþrjótandi möguleikum MultiOne og prufukeyrðu þessar lipru vélar.

**Við hlökkum til að sjá þig.**

KLETTUR • Klettagörðum 8-10 • 104 Reykjavík • Sími: 590 5100

KLETTUR
SALA OG ÞJÓNUSTA




Bændurnir frá Vallanesi á Fljótsdalshéraði, þau Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir, eru fastir í sessi á Jólamarkaðinum, með sínar lífrænt vottuðu vörur úr jurtaríkinu undir merkjum Móður Jarðar. Þeir fengu nýverið Fjöregg Matvæla- og næringarfræðingafélags Íslands. Hér er Eymundur til vinstri en með honum á mynd er Jón Guðmundsson. Myndir / smh

# Jólamatarmarkaður

**Í hugum margra sælkera markar Jólamatarmarkaður Búrsins upphaf jólaundirbúnings, enda aðventan skammt undan.**

Helgina 21.–22. nóvember komu yfir fimmtíu metnaðarfullir smáframleiðendur saman í Hörpu til að sýna stolt sín – sem flest henta einstaklega vel í aðventunasl, hátíðarmatinn eða jólagjafir.

Ljósmyndari mætti á svæðið og myndaði herlegheitin, en um sannkallaða veislu var að ræða fyrir augu og bragðlauka.



Soffía Aðalsteinsdóttir frá Vínekrunni var með paté í ýmsum útfærslum.



Dóra Svavarsdóttir á og rekur Culina veisluþjónustu.



Stephane Aubergy frá Vínekrunni bauð m.a. upp á smakk af frönsku eplavíni.



Heitreykt Hólableikja.



Íslenskar náttúruafurðir frá Kruss.



Búrið bauð upp á margvíslegar vörur sem eru unnar úr hvönn; til dæmis sultur, chutney, fræ og te.



Holt og heiðar frá Hallormsstað hafa upp á fjölbreytt vöruúrval að bjóða úr skóginum; birkisafa, birkisíróp, sultur og sveppi.





Mjólkurafurðirnar frá Erpsstöðum í Dölum vöktu áhuga þessara drengja; mysudrykkur að ofan en fetaostur að neðan.



Halldór Olgeirsson og Elín Maríusdóttir, frá Bjarnastöðum í Öxarfirði, voru mætt með sauðahangikjötið sitt tvíreykta – Hólsfjallahangikjötið.



Eirný Sigurðardóttir, eigandi Búrsins og stofnandi Jólamarkaðarins, heilsar upp á Helenu Hermundardóttur frá Friðheimum í Biskupstungum.



Friðheimar er vinsæll viðkomustaður ferðamanna á leið um Suðurland. Þar er bæði hestabúgarður og tómataræktun – auk þess sem vöruþróun og sala beint frá býli hefur færst þar í vöxt.



Eyjólfur Friðgeirsson var mættur með hluta af fjölbreyttri vörulínu sinni undir merkjum Íslenskrar hollustu.



Flatkökur, snúðar, kleinur og ensk jólakaka frá kökugerð HP.



Húsavík á Ströndum og kjötafurðir.



Pylsurnar frá Kjötpól vöktu mikla athygli.



Saltverk er ekki bara gæðasalt – líka salthnetur sem unga fólkinu geðjast að.



Sólsker hefur unnið til verðlauna fyrir makrílinn sinn.

# Stuðningskerfi landbúnaðarins - II hluti

**Í fyrri grein lýsti höfundur þeirri skoðun sinni að þörf væri á umfangsmikilli endurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins. Meginástæðan er sú að þær greinar sem njóta mests stuðnings eru komnar út úr löngu tímabili samdráttar og aðlögunar að innlendum markaði og inn í umhverfi sem einkennist af vexti og hefur mun meiri tengingar við erlenda markaði. Þetta á enn frekar við um sauðfjárræktina en mjólkurframleiðsluna, sem fjallað var um í síðustu grein.**



Torfi Jóhannesson.

Þótt heildarstuðningur við sauðfjárræktina sé nokkru minni en stuðningurinn við mjólkurframleiðsluna, þá er hann meiri hlutfallslega séð. Um helmingur framleiðslutekna sauðfjárbænda er í formi stuðnings og greiðslurnar eru að langmestu leyti beintengdar framleiðslu kjöts.

Þar sem stuðningur til mjólkur- og sauðfjárframleiðslu er oft settur undir einn hatt er ástæða til að benda á nokkur atriði þar sem skilur á milli. Í fyrsta lagi er ekki opinber verðlagning á lambakjöti eins og er á mjólk. Hvorki til framleiðenda né á heildsölustigi. Sláturhúsin semja einfaldlega við bændur um tiltekið verð og taka svo á sig áhættuna af því að selja afurðirnar. Þannig er nokkuð virk samkeppni, bæði um verð til bænda og sölu afurða, innan lands sem utan. Því betra verð sem sláturhúsin fá fyrir kjötið á markaði, því betra verð geta þau boðið bændum og þannig dregið að sér fleiri viðskiptavini.

Annar munur á mjólkur- og sauðfjárkerfinu er að beingreiðslur út á greiðslumark eru aðeins um 50% af heildargreiðslum í sauðfjárrækt á meðan þær eru yfir 85% af heildargreiðslum í nautgriparækt. Þetta tvennt; enginn kvóti á innanlandsmarkað og minna vægi greiðslumarks, hefur haft í för með sér að verð á greiðslumarki er ekki sami þröskuldur fyrir nýliða og það er í mjólkurframleiðslu.

### *Beingreiðslukerfin þrjú*

Af ýmsum ástæðum – hluta til sögulegum – eru þrjú stuðningskerfi í kindakjötsframleiðslunni, sem öll eru í eðli sínu beingreiðslukerfi. Hið fyrsta er greiðslumarkskerfið. Til að eiga rétt á stuðningi þurfa bændur að eiga greiðslumark og að eiga tiltekinn fjölda kinda. Það er þannig ekki krafa um framleiðslu eins og er í mjólkurframleiðslunni, heldur einungis eignarhald. Þetta kerfi er því í raun alls ekki framleiðslutengt en líkist frekar gripagreiðslukerfi og mætti velta því fyrir sér að umbreyta því, minnsta kosti að hluta, í gripagreiðslur og spara þannig bændum fjárbindingu í greiðslumarki. Þess má geta að fram til ársins 2013 var Evrópusambandið með beingreiðslukerfi í sauðfjárrækt þar sem árleg greiðsla var um 4.000 íslenskar krónur á kind.

Næststærsta kerfið í sauðfjárrækt er kennt við gæðastýringu en um 25% af greiðslum til greinarinnar fara um þetta kerfi. Til að fá aðgang að gæðastýringarkerfinu þurfa bændur að uppfylla nokkuð ítarlegar kröfur um skráningar, kynbótaskýrsluhald og fyrirkomulag beitar. Að þessu uppfylltu er greitt út á það magn kjöts sem kalla má „gott lambakjöt“. Gæðastýringarkerfið er að mörgu leyti ágætt, en þar sem langstærstur hluti kjötframleiðslunnar er innan kerfis má velta fyrir sér hvort það feli raunverulega í sér nægjanlega sérstöðu til að standa undir nafni. Almennt má halda því fram að kerfi, sem hafa að markmiði að skapa sérstöðu á markaði eða í framleiðslu, verði að vera það ströng að innan við helmingur framleiðenda geti uppfyllt kröfur þeirra. Að öðrum kosti fer „sérstaðan“ að verða hin almenna regla.

Þriðja, og minnsta beingreiðslukerfi kindakjötsframleiðslunnar, er svokallað „sölu- og markaðsgjald“ sem áður rann til sláturleyfishafa en hefur um nokkurra ára skeið verið greitt út á allt innlagt kindakjöt (þar með talið lambakjöt, að sjálfsögðu). Erfitt er að sjá að þetta kerfi hafi sjálfstæðan tilverugrundvöll og eðlilegast væri að sameina það einhverju hinna kerfanna við næstu endurskoðun.

Til viðbótar við þessi þrjú stuðningskerfi fyrir kjöt, er veittur stuðningur fyrir ullarframleiðslu, sem er því miður nauðsynlegur því heimsmarkaðsverð á ull er svo lágt að eina leiðin til að tryggja framboð á íslenskri ull fyrir íslenskt handverk er að veita ríkisstuðningi til framleiðenda.

### *Á stuðningur að vera framleiðslutengdur?*

Langstærsti hluti alls stuðnings við íslenskan landbúnað er beintengdur við framleiðslu á kúamjólk og kindakjöti. Það er full ástæða til að staldra við og velta fyrir sér hvort þetta sé æskilegt, sérstaklega þar sem flest okkar nágrannalönd hafa dregið verulega úr framleiðslutengdum stuðningi og alþjóðlegir samningar um landbúnaðarstuðning (á vegum WTO) ganga að jafnaði út á að draga úr framleiðslutengdum stuðningi.

Hagfræðin segir okkur að framleiðslutengdur stuðningur sé slæmur því hann býr til falskt verð á vörunni, sem skapar hvata hjá framleiðendum til að framleiða meira en raunverulega er markaður fyrir. Til að vinna á móti því er settur á kvóti, sem aftur fær verðgildi, sem skapar óhagræði fyrir framleiðendur.

Ein rökin fyrir framleiðslutengdum stuðningi hérlendis er að hann sé nauðsynlegur til að framleiðsla anni innlendri eftirspurn og tryggi þannig fæðuöryggi þjóðarinnar. Þetta á sérstaklega við um mjólkurframleiðsluna þar sem skýr greinarmunur er gerður á framleiðslu fyrir heimamarkað og til útflutnings. Vandamálið við þessa röksemdafærslu er að jafnvel þótt segja megi, út frá sjónarmiðum fæðuöryggis, að á Íslandi eigi að vera mjólkur- og kjötframleiðsla, þá er ekki sjálfgefið að framleiðslan þurfi að tryggja 100% af núverandi neyslumynstri. Og af hverju einungis mjólk og kindakjöt, en ekki t.d. bygg og kartöflur, sem líka eru mikilvægar fæðutegundir?

Fæðuöryggisrökin hafa vissulega ákveðið gildi fyrir einangraða eyþjóð, en til að þau séu trúverðug þarf að ganga lengra í að skilgreina mögulega vá og hvernig best er að fyrirbyggja hana eða bregðast við henni. Eitt af því sem mjög mörg lönd hafa staðnæmst við er verndun ræktunarlandsins og einmitt þess vegna hafa landgreiðslur verið taldar viðeigandi.

Önnur rök gegn framleiðslutengdum stuðningi er að hann læsir framleiðendur inni í ákveðnum framleiðslugreinum og torveldar þannig nýsköpun til sveita. Það er til dæmis athyglisvert að ríkið ákveður að greiða bændum um 45 kr. fyrir hvern lítra af mjólk, en einungis ef mjólkin er framleidd með kúm. Velji bóndinn að nota kindur í staðinn fyrir kýrnar fellur stuðningurinn niður. Annað dæmi er byggrækt þar sem stuðningur er mjög lágur, þrátt fyrir að framleiðslan anni ekki innanlandsþörf.

Í Noregi hefur verið farin sú leið að tengja hluta stuðningsins við tilteknar framleiðslugreinar á meðan stærstu stuðningskerfin byggja á landgreiðslum. Innan Evrópusambandsins er hins vegar nánast allur beinn stuðningur tengdur landi. Leið ESB virðist ekki henta mjög vel á svæðum, þar sem aðstæður líkjast því sem við höfum á Íslandi. Við okkar aðstæður er blönduð leið, svipað því sem Norðmenn hafa farið líklegri til að stuðla að stöðugleika og nýsköpun í landbúnaði.

### *Útflutningur*

Útflutningur á lambakjöti hefur sveiflast í kringum 30% síðustu ár. Þetta er merki um og sýnir að íslenskir framleiðendur eru samkeppnishæfir að tilliti teknu til ríkisstuðnings. Mynd 3 sýnir verð til bænda í nokkrum Evrópulöndum. Tölurnar eru fyrir það sem kallast „stór lömb“ seinni hluta september 2015. Íslenska talan; 600 kr/kg er fengin af verðlista SS á sama tíma. Ekki fyllilega samanburðarhæf gögn, en nógu góð til að sýna tvennt: Í fyrsta lagi er gríðarlegur munur á verði til bænda í mismunandi löndum og í öðru lagi liggur Ísland nálægt meðaltali Evrópu.

Stundum er gagnrýnt að stuðningskerfi sauðfjárræktarinnar sé opið fyrir því að bændur sem njóta stuðnings geti selt afurðirnar til annarra landa. Við eigum ekki að niðurgreiða kjöt fyrir útlendinga, er mantran. Þetta sjónarmið er að hluta til skiljanlegt og tengist ofuráherslu stuðningskerfisins á framleiðslutengdan stuðning. Ef stuðningurinn tengdist í meira mæli öðrum þáttum svosem viðhaldi ræktarlands, uppgræðslu og svo framvegis, þá væri auðveldara að halda því fram að engu skipti hvar bóndinn seldi sínar vörur, svo framarlega sem hann fengi gott verð fyrir þær.

En það má einnig líta til annarra landa. Danskir bændur, sem eru stórútflytjendur á landbúnaðarafurðum, njóta meiri stuðnings á hvern hektara en meðalbóndinn í Evrópu sbr. mynd 1. Sjónarmiðið um að þjóðerni kaupanda vörunnar eigi að ráða því hvort framleiðandinn fái stuðning eða ekki gildir sannarlega ekki um stuðningskerfi nágrannalandanna.

### *Lokaorð*

Sauðfjárrækt á Íslandi nýtur vissulega mikilla styrkja en hins vegar er markaðsstuðningur (PSE) enginn og mikil samkeppni á markaði hefur leitt til þess að afurðaverð til bænda liggur undir meðaltali Evrópulanda. Innflutningshindranir skipta greinina því litlu og útflutningur hefur síðustu ár numið um það bil 30% af framleiðslunni. Stuðningskerfið kallar vissulega á endurskoðun og þar ætti að horfa sérstaklega til aðgerða, sem auka sérfestingu í greininni, bæta framleiðni og styrkja samkeppnisstöðu greinarinnar á erlendum mörkuðum.

*Höfundur starfar sem ráðgjafi í landbúnaði og skógrækt hjá Norræna ráðherraráðinu. Greinin endurspeglar ekki endilega viðhorf ráðherraráðsins.*

## Landgreiðslur í ESB




**Mynd 1. Landgreiðslur í ESB eru mjög misháar, bæði milli landa og í sumum löndum milli bænda innan landa. Súluritið sýnir meðalárlegar greiðslur fyrir tímabilið 2014–2020.** Heimild: http://capreform.eu/wp-content/uploads/2013/10/Pillar-1-payments-by-MS-Scotland1.jpg.

## Útflutningur á lambakjöti




**Mynd 2. Útflutningur á lambakjöti sem hlutfall af framleiðslu hvers árs. Línan sýnir hlaupandi fjögurra ára meðaltal.** Heimild: Hagstofa Íslands.

## Verð til bænda




**Mynd 3. Verð til bænda fyrir kg af lambakjöti í september 2015. Útskýring og fyrirvarar í texta.**



**Langstærsti hluti alls stuðnings við íslenskan landbúnað er beintengdur við framleiðslu á kúamjólk og kindakjöti.**


"Bóndi er bústólpi"
(því skal hann skæddur vel)
NÝJU BÆNDASTÍGVÉLIN ERU KOMIN!
Há gúmmístígvél með gripgóðum sóla. Stílhrein og þægileg. Stígvélin eru víð um kálfana. Endurskinsmerki á hælnum. Stígvélið er 40 cm á hæð.
bóndi
Verð kr. 8.900,-
Til í stærðum 38-47
Endursöluaðilar:
Baldvin og Þorvaldur, Selfoss
Fákasport, Akureyri
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
KM þjónustan, Búðardalur
Lífland, Akureyri
Lífland, Blönduós
Lífland, Borgarnes
Skipavík, Stykkishólmur
Varahlutaverslun Björns, Hella
Verslunin Eyri, Sauðárkrókur
Verslunin Tákn, Húsavík
Vélsmiðja Hornafjarðar
www.fjalli.is
Vild ehf. Heildverslun - Smiðsbúð 6, 210 Garðabær, S: 564-5040


einstakt tækifæri
MATARSMIÐJA
BEINT FRÁ BÝLI
SÍMEY býður upp á námskeið í meðhöndlun matvæla með áherslu á kjötafurðir og vinnslu Beint frá Býli
80 KLST | ÞRIÐJUDAGAR & FIMMTUDAGAR 17:00-21:00
HEFST 3. DESEMBER | VERÐ 28.000 KR
EÐVALD VALGARÐSSON KENNIR
SÍMEY
Skráning og nánari upplýsingar
www.simey.is 4605720

## Gunnarsstaðabændur í Þistilfirði gera það gott í ræktun afbragðshrúta:

# Eitt elsta fjárræktarfélag landsins með þrefaldan sigur

**Á hrútasýningunni sem haldin var 23. október á Hagalandi í Þistilfirði voru dæmdir 30 veturgamlir hrútar. Þar landaði eitt elsta fjárræktarbú landsins, á Gunnarsstöðum í Þistilfirði, þreföldum sigri.**

Bændablaðið greindi frá þessum viðburði í 21. tölublaði, í umfjöllun um fallegasta forystuhrútinn, en minna var þar getið annarra merkilegra viðburða á sýningunni. Þá var myndahöfundar ranglega getið í þeirri frétt. Myndirnar tók Hildur Stefánsdóttir, sem er verkefnisstjóri Þórshafnardeildar Framhaldsskólans á Laugum, og er hún beðin velvirðingar á þeim mistökum. Til að gefa ögn nánari sýn á þessa merkilegu samkomu sendi Hildur okkur nokkrar myndir til viðbótar frá sýningunni ásamt upplýsingum.



Þeir eru sannarlega vígalegir verðlaunahrútarnir frá Gunnarsstöðum. Lengst til vinstri er Tígull sem hreppti 2. sætið. Þá er Skrúður sem var í 1. sæti, síðan Mói sem lenti í 3. sætinu. Myndir / Hildur Stefánsdóttir.





Dómarar fara yfir tölur um hrútana.

*Þrír verðlaunahrútar frá einu elsta fjárræktarfélagi landsins*

Af þeim 30 veturgömlu hrútum sem þar voru dæmdir stóðu þrír hrútar frá Gunnarsstöðum efstir. Fremstur þar á meðal jafningja var Skrúður 14-055 sem er undan Prúð 11-896 frá Ytri-Skógum, annar var Tígull 14-058 undan Fjarka 10-150 og þriðji var Mói 14-054 undan Þúfa 10-048. Eigendur og ræktendur þessara hrúta eru Gunnarsstaðir sf. Þess má geta að Fjárræktarfélagið Þistill er elsta starfandi fjárræktarfélag landsins, en það var stofnað 1940.

*Fallegasti forystuhrúturinn verðlaunaður í fyrsta sinn*

Fræðasetur um forystufé gaf verðlaun fyrir „Fallegasta forystuhrút Þistilfjarðar“ og er þetta í fyrsta sinn sem keppt er um slíkan titil hérlendis að við teljum. Sigurvegarinn þar var Hrókur frá Svalbarði sem er undan Flórgoða frá Hafrafellstungu og Forystu-Botnu frá Ytra-Álandi. Ég lét einnig fylgja með mynd af Fjólu Runólfsdóttur við hlið forystuhrútanna Sigga og Strumps. /HS/HKr.



Forystuhrúturinn Hrókur frá Svalbarði var fyrstur til að hljóta nafnbótina „Fallegasti forystuhrútur Þistilfjarðar“.



Fjóla Runólfsdóttir við hlið forystuhrútanna Sigga og Strumps.



Matið á hrútunum var gert af vísindalegri nákvæmni þar sem nýjustu tölvutækni var beitt.









Skógræktarritið:

# Fjölbreytt og efnismikið

**Annað tölublað Skógræktarritsins er komið út og í því er að finna áhugaverðar greinar um hinar ólíku hliðar skógræktar.**

Fjallað er um Tré ársins 2015, sögu Skallagrímsgarðs í Borgarnesi, náttúruskóga í Síle í S-Ameríku, flokkun jólatrjáa, áhrif loftslagsbreytinga á byggðarmynstur og skipulag, nokkrar tegundir sveppa í viðarkurli, hugleiðingar um mótun vistkerfa, sagt er frá skógræktarferð til Póllands og aðalfundi Skógræktarfélags Íslands.

Viðtal er við Óskar Þór Sigurðsson, fyrrverandi formann Skógræktarfélags Árnesinga og heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands. Einnig er minnst Sigurðar Blöndal skógræktarstjóra, Skúla Alexanderssonar og Óla Vals Hanssonar.

Frækornið, fræðslurit Skógræktarfélags Íslands, fylgir með til áskrifenda og fjallar það að þessu sinni um skógarfugla. /VH


# 5 nýjar bækur að vestan




## Á hjara veraldar

**Heimildasögur**

*Guðlaugur Gíslason frá Steinstúni í Strandasýslu tók saman.*

Það var enginn barnaleikur að búa á afskekktustu jörðum þessa lands áður og fyrr. Þar voru Hornstrandir og nágrenni líklega sér á báti. Eitt var það sem ekki varð undan vikist, og það var að flytja lík til greftrunar. Það var líka þung kvöð sem lá á fólki að sækja kirkju og taka þátt í helgihaldi safnaðarins, en fjarlægðin og óblíð náttúra bönnuðu. Skjaldabjarnarvík er sögustaðurinn.




## Vestfirðingar í dagsins önn

*Hallgrímur Sveinsson og Bjarni G. Einarsson tóku saman*

Þessar gamansögur eru hluti af arfi kynslóðanna á Vestfjörðum. Þær eru valdar úr miklum sagnabálki þjóð- og gamansagna Vestfirðinga. Margar þeirra hafa aldrei verið prentaðar áður.

Um sannleiksgildið má segja hið fornkveðna: Ef sagan er góð þá er hún sönn!

„Gamanmál eru nauðsynleg, en að baki þeim býr alvara lífs og dauða. Það vitum við sjómennirnir ef til vill betur en aðrir." Svo mælti hinn landsþekkti skipherra, Eiríkur Kristófersson, sem var Vestfirðingur í húð og hár.




## Hjólabókin Árnessýsla

**4. bók**

**Dagleiðir í hring á hjóli**

*Ómar Smári Kristinsson tók saman*

Í mestu ferðamannasýslu landsins er fjöldinn allur af spennandi leiðum fyrir hjólreiðafólk. Rúmlega 200 ljósmyndir gefa innsýn í sýsluna. Hjólabækurnar eru nú orðnar fjórar: Vestfirðir, Vesturland, Suðvesturland og Árnessýsla. Þetta eru ótrúlegar bækur sem eiga sér enga hliðstæðu hér á landi. Hjólabækurnar fást nú allar 4 í pakka á tilboði.




## Hornstrandir og Jökulfirðir

**4. bók**

**Ýmsar frásagnir af horfnu mannlífi**

*Hallgrímur Sveinsson tók saman*

Í Hornstrandabókunum er sagt frá fólki sem bjó við ótrúlega erfiðar aðstæður. Árið 1942 bjuggu til dæmis 420 manns í Sléttuhreppi. Tíu árum seinna, 1952, voru allir horfnir á braut. Í bókunum er fjöldi frásagna sem fengur er að fyrir þá sem áhuga hafa á Hornströndum.




## Hornstrandir og Jökulfirðir

**5. bók**

**Ýmsar frásagnir af horfnu mannlífi**

*Hallgrímur Sveinsson tók saman*

Uppistaðan í bókinni er greinin Yst á Hornströndum úr Ferðaminningar frá 1940 eftir Jóhann Hjaltason, fræðimanninn góðkunna. Þá er byggðin enn býsna traust, en svo hallar hratt undan fæti. Lýsingar Jóhanns á fólkinu og öllum aðstæðum þar nyrðra, eru skemmtilegar, lifandi og ótrúlega glöggar. Þessar frásagnir hafa ekki birst áður.

**Sama verð er á öllum bókunum: 2.800,- kr. stk.**

**Fást í bókaverslunum um land allt.**

Vestfirska forlagið

Pantanir: 456-8181 - jons@snerpa.is

www.vestfirska.is









| Gerð | Vinnslubr. | Búnaður | Verð án vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|
| McHale F 5400 | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél án hnífa, 18 kefli, net, dekk 380/55-17 | 4.753.000 | 4.372.760 | 5.422.222 |
| McHale F 5500 | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél 15 hnífa, 18 kefli, net, dekk 550/50-17 drop floor | 5.368.000 | 4.938.560 | 6.123.814 |
| McHale F 5500 23hn | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 550/50-17 drop floor | 5.990.000 | 5.510.800 | 6.833.392 |
| McHale F 5600 | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 550/50-22,5 drop floor | 6.256.000 | 5.755.520 | 7.136.845 |
| McHale V 660 | 2,00m | Fastkjarnarúlluvél, 15 hnífar, 3 belti, net, dekk 500/50-22,5, drop floor | 6.689.000 | 6.153.880 | 7.630.811 |
| McHale Fusion | 2,00m | Lauskjarna samstæða 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 560/60-22,5 drop floor | 10.980.000 | 10.101.600 | 12.525.984 |
| McHale Fusion+ | 2,00m | Lauskjarna samstæða 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 560/60-22,5 drop floor | 12.190.000 | 11.214.800 | 13.906.352 |
| McHale Fusion Vario | 2,00m | Fastkjarnasamstæða með breytilegri baggastærð. 15 hnífar. 650/50-22,5 dekk | 12.580.000 | 11.573.600 | 14.351.264 |
| McHale Fusion Vario | 2,00m | Fastkjarnasamstæða með breytilegri baggastærð. 23 hnífar. 650/50-22,5 dekk | 12.990.000 | 11.950.800 | 14.818.992 |
| McHale C 460 | | McHale C 460 rúllutætari | 2.459.000 | 2.262.280 | 2.805.227 |
| McHale 991 BC | | Pökkunarvél stýrð á ventlakistu | 2.164.000 | 1.990.880 | 2.468.691 |
| McHale 991 BJS | | Pökkunarvél stýrð með stýripinna (joystick) | 2.369.000 | 2.179.480 | 2.702.555 |
| McHale 991 BE | | Pökkunarvél tölvustýrð alsjálfvirk | 2.589.000 | 2.381.880 | 2.953.531 |
| McHale 991 Hi-Spd | | Pökkunarvél tölvustýrð alsjálfvirk sem pakkar með 2 plastkeflum í einu | 2.979.000 | 2.740.680 | 3.398.443 |
| McHale 998 | | Stórbaggapökkunarvél | 7.035.000 | 6.472.200 | 8.025.528 |

*Verð og búnaður getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.*

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is




Um 2.500 bændur og smáframleiðendur á Slow Food-ráðstefnunni marseruðu á EXPO, vopnuð kröfuspjöldum, til að minna á sjálfbæra, fjölbreytta og umhverfisvæna matvælaframleiðslu. Einnig hollan mat fyrir alla og minni sóun. Myndir / Slow Food Youth Network.

## Ungliðahreyfing Slow Food með ráðstefnuna We Feed the Planet á Ítalíu:

# Bændum fækkar og þekking á framleiðsluaðferðum glatast

## – notkun á áburði og eiturefnum er hömlulaus og matvælaöryggi heimsins stefnt í voða

**Í Mílanó á Ítalíu var í október síðastliðnum haldin ráðstefna á vegum Ungliðahreyfingar Slow Food-samtakanna. Tilgangur ráðstefnunnar var að vekja athygli á málstað bænda og smáframleiðenda í heiminum.**

Kveikjan að ráðstefnunni var heimssýningin í Mílanó, EXPO 2015, en þema sýningarinnar að þessu sinni var matur og fannst Slow Food að sýningin gerði iðnaðarframleiðslu helst til of hátt undir höfði á kostnað bænda og smáframleiðenda.

### *Svar við EXPO*

Ungliðahreyfing Slow Food ákvað því að blása til ráðstefnunnar We Feed the Planet sem eins konar svari við EXPO. Einungis 6 mánuðir fóru í að skipuleggja ráðstefnuna og var 2.500 bændum, framleiðendum og áhugafólki boðin þátttaka. Undirrituð, frá Karlsstöðum í Berufirði, þáðu boð um að taka þátt.

### *Matvælaöryggi heimsins er stefnt í voða*




Svavar Pétur Eysteinsson og Berglind Häsler, fulltrúar Íslands á ráðstefnu Slow Food Youth á Ítalíu. Mynd / SVE/BH



Matur framleiddur með sjálfbærum hætti samkvæmt hugmyndafræði Slow Food.

Í opnunarræðu ráðstefnunnar fór Joris Lohman, formaður Ungliðahreyfingar Slow Food, yfir kveikjuna að ráðstefnunni og það vandamál sem matvælaframleiðsla í heiminum stendur frammi fyrir. Framleiðslan færist sífellt á færri hendur, smáframleiðendum og bændum fækkar og þekking á framleiðsluaðferðum glatast. Þannig verða lönd ósjálfbjarga og matvælaöryggi heimsins er stefnt í voða.

### *Áhugaverður fyrirlestur um „andgróða“*

Ráðstefnan byggðist á fyrirlestrum og umræðum. Franski heimspekingurinn Serge Latouche flutti áhugaverðan fyrirlestur um andgróða (e. degrowth). Hans kenningar fjalla um að gróði eigi sér ekkert annað markmið en að græða. Eyðing auðlinda svo sem vatns og lands sé takmarkalaus og úrgangur eigi sér heldur engin takmörk. Notkun á áburði og eiturefnum er hömlulaus og ekkert sé hugsað út í afleiðingarnar, aðeins fjárhagslegan skammtíma gróða.

### *Ótti við TTIP-fríverslunarsamning Bandaríkjanna og ESB*

Í umræðum um fríverslunarsamninga (e. Global Trade Agreements) var mikið rætt um TTIP-fríverslunarsamninginn milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Samningurinn, sem er í deiglunni, er mjög umdeildur. Margir óttast að erfðabreytt matvæli eigi eftir að flæða hömlulaust til Evrópu án þess að neytendur séu upplýstir um það og evrópskum landbúnaði sé stefnt í voða.




Fulltrúar á Slow Food með nokkur af kröfuspjöldunum sem gengið var með á EXPO-sýninguna.

Andstæðingar samningsins segja að viðskipti með matvæli megi ekki lúta sömu reglum og viðskipti með vörur eins og bíla og raftæki. Margir telja þó að TTIP muni ekki fá brautargengi þar sem andstæðingar hans séu margir. Neytendur vilji ekki ódýran, erfðabreyttan, verksmiðjuframleiddan mat heldur vilji þeir frekar gæða hráefni með sögulega skírskotun til framleiðsluaðferða. TTIP stefni aðeins að gróða stórra matvælafyrirtækja en hafi ekki hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

***Þörf á reglum um landhremmingar***

Á fyrirlestri um landhremmingar (e. land grabbing) var rætt um reglur sem sumar þjóðir hafa sett varðandi eignarhald á bújörðum. Reglurnar eru settar til þess að verja bændur og staðbundinn landbúnað. Við þetta vakna spurningar um hvort setja þurfi reglur um eignarhald á íslenskum bújörðum. Jarðir eru ódýrari á Íslandi miðað við annars staðar í Evrópu. Þarf kannski að tryggja til framtíðar að bújarðir hér á landi séu nýttar til landbúnaðar?




Joris Lohman, formaður Ungliðahreyfingar Slow Food, lýsti þeim vandamálum sem matvælaframleiðsla í heiminum stendur frammi fyrir.

***Hlúa þarf að nýsköpun***

Á fyrirlestri um nýsköpun var kynning á Global Youth Innovation Netvork (gyin.org). Stofnunin hefur það að markmiði að hlúa að nýsköpun í landbúnaði og gera fólki kleift að hefja rekstur við matvælaframleiðslu. Það má velta því upp hvort tími sé kominn til að setja upp nýtt stuðningskerfi hér á landi sem gerði fjölskyldum kleift að festa kaup á jörð til búskapar og hefja hefðbundinn rekstur og/eða stunda nýsköpun í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Kerfi sem byggt væri upp á skammtíma fjárfestingum en ekki langtíma beingreiðslum. Kerfi sem ynni með Nýsköpunarmiðstöð landbúnaðarins sem er brýnt að setja á fót í samvinnu við fjármálastofnun, þ.e. búnaðarbanka. Í Evrópu eru bankar sem sinna eingöngu fjárfestingum í matvælaframleiðslu og landbúnaði. Hér á landi er mikill metnaður þegar kemur að fjárfestingum og nýsköpun í sjávarútvegi og það væri gaman að sjá svipaðan metnað í landbúnaði.

Í lok þessarar þriggja daga ráðstefnu marseruðu 2.500 bændur og smáframleiðendur á EXPO, vopnuð kröfuspjöldum, til að minna á sjálfbæra, fjölbreytta og umhverfisvæna matvælaframleiðslu. Hollan mat fyrir alla og minni sóun.

Að lokum viljum við þakka þeim aðilum sem styrktu okkur til ferðarinnar. Djúpavogshreppur, sem hefur hugmyndafræði Slow Food að leiðarljósi þar sem sveitarfélagið er opinber aðili að Cittaslow, samtökum sveitarfélaga innan Slow Food. Matís, sem er ómetanleg stofnun fyrir smáframleiðendur og mikilvægur vettvangur fyrir nýsköpun og rannsóknarstarf í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Síðast en ekki síst viljum við þakka Bændasamtökunum fyrir veittan stuðning.

***Berglind Häsler og***
***Svavar Pétur Eysteinsson***
*Karlsstöðum*
*Djúpavogshreppi*








Átján manna hópur íslenskra bænda, fulltrúa Kraftvéla og fjármögnunarfyrirtækisins Ergo heimsótti tvö kúabú í Þýskalandi í byrjun síðasta mánaðar í tengslum við ferð á landbúnaðarsýninguna Agritechnica í Hanover. Hér er hópurinn ásamt gestgjöfum á býli Müllers-feðga í Schwabendorf, talið frá vinstri:

Hlynur Kristinsson, Kvisti í Eyjafjarðarsveit, Óskar Jónsson, bóndi á Tannstaðabakka í Hrútafirði. Sigurbjörn Árnason, Þingmúla í Skriðdal. Björgvin Óli Árnason, Þingmúla Aðaldal, en hann er vinnumaður í Garði í Eyjafirði, Svanur Hallbjörnsson, þjónustumaður á vélaverkstæðinu Rafey á Egilsstöðum, Bjarki Már Haraldsson, Sauðárkróki. Fyrir aftan Bjarka er Dagbjartur Ketilsson, sölumaður hjá Kraftvélum. Næst er Sævar Einarsson, Hamri, Skagafirði, Geir Gíslason, Stóru-Reykjum í Árnessýslu í fyrrum Hraungerðishreppi, Einar Páll Ingimundarson, Hnappavöllum í Öræfum, Kristján Indriðason, Syðri-Brekkum á Langanesi, Guðmundur Ólafsson, Búlandi í Austur-Landeyjum, Eiður Steingrímsson, sölustjóri hjá Kraftvélum, Gísli Vigfús Sigurðsson, þjónustumaður á Kraftbílum, Akureyri, Guðbjörn Árnason, viðskiptastjóri hjá Ergo, Uwe Pohlmann, ráðunautur í nautgriparækt í Hessen í Þýskalandi, Viktor Ævarsson, framkvæmdastjóri Kraftvéla, Karsten Müller, bóndi í Schwabendorf, og faðir hans, Heinrich Müller. Lengst til hægri er svo Jakob Sigurðsson, Hlíðartúni í Njarðvík á Austfjörðum. Myndir /HKr.

### Þýskir kúabændur bölva landbúnaðarkerfi ESB í glímu við lækkandi mjólkurverð og ótta við gjaldþrot:

# Mykja, gasframleiðsla og verktakastarfsemi heldur þýskum kúabændum gangandi

**Þýskir kúabændur eru ekki í öfundsverðri stöðu þessa dagana. Mjólkurframleiðslan er nú rekin með bullandi tapi, en sumir reyna enn að þrauka með aukinni verktakastarfsemi og orkuframleiðslu.**

Í mars á þessu ári var kvótakerfi í mjólkurframleiðslu undir CAP, landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, lagt niður. Neikvæðar afleiðingar þess fóru fljótt að koma í ljós og nú er svo komið að fjölmargir hafa þegar gefist upp, aðrir íhuga að hætta á meðan sumir reyna að ströggla og treysta á tekjur af hliðarbúgreinum og verktakastarfsemi.

***Tvískinnungur í gagnrýni á styrkjakerfi í landbúnaði***

Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB, Common Agricultural Policy, eða CAP, byggir eins og flest önnur landbúnaðarkerfi á að beita styrkjakerfi til stýringar greinarinnar sem aftur er nýtt sem hagstjórnartæki ríkisvaldsins. Þetta er líka stór þáttur í að tryggja fæðuöryggi sem flestum ríkjum heims þykir mikilvægt. Hefur CAP jafnframt verið stærsti einstaki útgjaldaliðurinn í fjárlögum Evrópusambandsins, eða um 50 milljarðar evra sem samsvarar um 8,75% hlutfalli af þjóðartekjum sambandsins í heild. Þar er einkum beitt styrkjum á hektara og ræktunarstyrkjum, en síður í framleiðslustyrkjum á gripi eða afurðir eins og hér er gert. Skiptar skoðanir hafa verið um hvaða leið sé best í þessum efnum.

Styrkjakerfi fyrir íslenskan landbúnað hefur verið harðlega gagnrýnt. Samt þykir þeim sem hæst hafa gagnrýnt íslenska kerfið, ekkert athugavert við að beita óheftum niðurgreiddum innflutningi frá



Guðbjörn Árnason, viðskiptastjóri hjá Ergo, rýnir hér í tölur kúabúsins í Schwabendorf, ásamt Heinrich Müller og syni hans, Karsten.

ESB-löndum til höfuðs íslenskum landbúnaði. Þiggja þar með erlendu styrkina sem erlendir skattgreiðendur standa þá á bakvið, en leggja ekkert á móti. Til eru tvö gömul og góð íslensk orð sem skilgreina ágætlega svona þankagang, en það eru orðin tvískinnungur og hræsni.

***Þýskir bændur berjast nú hart fyrir tilveru sinni***

Fulltrúa Bændablaðsins gafst kostur á að kynna sér stöðuna á tveim tiltölulega stórum fjölskyldubúum í Þýskalandi á dögunum. Móttökurnar voru hreint út sagt frábærar. Eigendur beggja þessara búa berjast nú á hæl og hnakka við að upphugsa nýjar leiðir til að reyna að halda rekstrinum á floti, en með ólíkum hætti.

Til viðbótar við það að mjólkurkvótinn var lagður niður, þá hefur viðskiptabann ESB og annarra vestrænna ríkja við Rússa haft alvarlegar afleiðingar fyrir evrópskan landbúnað. Kom þetta líka greinilega fram í orðum fyrirlesara á landbúnaðarsýningunni Agritechnica í Hanover á dögunum.

***Bú Müllersfeðga í Schwabendorf***

Fyrra búið sem heimsótt var, Müller GbR, er bú feðganna Heinrich Müller og sonar hans, Karsten, í þorpinu Schwabendorf. Þótt íslensku bændunum þætti það sérkennilegt, þá hefur búið sjálft í raun ekkert annað nafn en fjölskyldunafnið. Þorpið tilheyrir svo nágrannabænum Rauschenberg í Hessen, mitt á milli Frankfurt og Hanover. Hessen er síðan eitt af 16 sambandslýðveldum Þýskalands.

Jörðin er í um 260 til 320 metra hæð yfir sjó og þar er um 680 millimetra úrkoma á ári og 7 gráðu meðalhiti. Fór undirritaður þangað í byrjun nóvember í átján manna hópi íslenskra bænda, fulltrúa Kraftvéla og Guðbjörns Árnasonar, viðskiptastjóra hjá fjármögnunarfyrirtækinu Ergo. Hann þekkja margir bændur frá fyrri störfum hans fyrir Bændasamtökin og eins hefur hann mikið starfað sem leiðsögumaður. Kom þýskukunnátta hans og þekking á þýsku samfélagi sér afar vel fyrir hópinn. Ekki síst í heimsókn sem skipulögð var á tvo sveitabæi í tengslum við ferð hópsins á landbúnaðarsýninguna Agritechnica í Hanover.

***Þurfti að flytja meginhluta starfseminnar út fyrir þorpið***

Müller-fjölskyldan hefur í gegnum tíðina búið í þorpinu Schwabendorf ásamt fleiri bændum. Þorpið hefur lengi verið þungamiðja svæðisins og þar voru allir bændurnir áður með sinn búskap en nýttu svo landið í kring til að heyja á og undir kornakra.

Þegar fjölskyldan lýsti áhuga á að stækka búið, var andstaða við að hún yki við sig í þorpinu sjálfu. Þar voru þau með 60 kýr. Smám saman fór afi Karstens og síðan Heinrich faðir hans að kaupa upp hvert býlið í þorpinu af öðru ásamt meðfylgjandi jarðnæði. Árið 1999, þegar Karsten kom úr námi, var ákveðið að byggja nýtt fjós og aðstöðu nokkur hundruð metrum norðvestan við þorpið. Var þá jafnframt hafist handa við að stækka kúastofninn upp í 70 kýr.

***Nytin jókst með stækkandi búi***

„Eftir því sem kúnum hefur fjölgað hefur nytin jafnframt aukist. Þegar við fluttum fyrst með kýrnar í nýja fjósið var nytin tæplega 8 þúsund kg (lítrar) að meðaltali á kú. Nytin hefur síðan aukist jafnt og þétt í takt við fjölgunina og nú er meðalnytin tæplega 11 þúsund kg (lítrar) á kú. Fituinnihald er 3,83% og próteininnihald er 3,32%. Þegar framleiðslan var minni árið 2000 voru kýrnar 74 og fituinnihaldið var þá mest í 4,25% á móti 3,41% próteininnihaldi," sagði Karsten Müller.

Müllers-feðgar eru með mjaltagryfju sem þykir henta vel. Karsten segir að sífellt aukist þó að bændur fái sér mjaltaþjóna sem ganga þó ekki nema búin séu að minnsta kosti með 60–70 kýr. Þýskir bændur horfi mjög mikið í hagkvæmnina og fari sér því hægt við að fjölga mjaltaþjónum sem eru dýrir í innkaupi og kosta um 160 þúsund evrur stykkið (22,7 milljónir króna).

Mikið vinnuálag er á Karsten sem sér sjálfur um allar mjaltir, en hefur þó einn vinnumann til að hjálpa sér að koma kúnum að mjaltagryfjunni og á búinu er líka einn lærlingur. Þá er einn vinnumaður sem eingöngu sinnir gasframleiðslunni á bænum.

Hann segir þó að vissulega gæti hann létt á sér álaginu með því að fá sér mjaltaþjón. Vel geti verið að hann neyðist til þess þar sem hann og faðir hans hafi ekki endalaust úthald.

***78 þúsund bændur en meðalbúið aðeins með 50 kýr***

Karsten sagði að 78 þúsund mjólkur-

bændur væru nú með búrekstur í Þýskalandi. Eru þeir með um fjórar milljónir kúa, sem þýðir að meðalbúið er með rétt yfir 50 kýr, sum með fleiri og sum með færri.

„Það er mikill breytileiki í bústærðinni. Í Bæjaralandi eru t.d. að meðaltali 34 kýr á hverju búi á meðan búin í gamla Austur-Þýskalandi, eða Neubrandenburg, eru að meðaltali með 225 kýr,“ sagði Karsten.

Um 45% allra býla í Þýskalandi eru með yfir 100 kýr, en einungis 9% þeirra eru með 500 kýr eða fleiri. Risabú eru því tiltölulega fá í Þýskalandi enn sem komið er.

### *Með 190 mjólkurkýr*

Á búinu eru nú 190 mjólkurkýr af Holstein-kyni auk 180 annarra gripa. Við nautgriparæktina eru tveir fastir starfsmenn og einn sem starfar eingöngu við gas- og raforkuframleiðslu búsins. Karsten Müller hefur tekið við rekstrinum af föður sínum. Hann er landbúnaðarverkfræðingur að mennt. Þannig hefur búið gengið á milli föður til sonar í gegnum tíðina. Sagði Kartsen að heppilegt væri að hann væri eina barn foreldra sinna svo kynslóðaskiptin hafi ekki kostað nein illindi. Sjálfur á hann svo bara einn son með sinni konu svo sagan er greinilega að endurtaka sig.

### *Kýrnar fluttar á fæðingardeild*

Þegar kýrnar eiga eftir 20 daga í burð eru þær fluttar á kerru á „fæðingardeildina“ sem fjölskyldan rekur í gamla fjósinu í þorpinu. Þar dvelja kýrnar svo í fimm daga eftir burð áður en þær eru fluttar til baka, en kálfarnir verða eftir í uppeldishúsi. Þar er pláss fyrir 100 gripi.

### *Ekki skylda að hleypa kúm út á tún*

Í fjósinu eru þrjár raðir af legubásum, en annars ganga kýrnar lausar. Mjólkurkýrnar fara aldrei út á tún, en fyrir og eftir mjaltir fara þær í lítið útigerði með steyptu undirlagi. Sagði Karsten að það væri ekki skylda í Þýskalandi að láta mjólkurkýr fara út á tún. Tók hann fram að þó heitt væri á sumrin héldu kýrnar sig inni við í fjósinu sem er reyndar mjög vel loftræst. Það væri ekki fyrr en aðeins færi að kólna undir kvöld að kýrnar færu sjálfviljugar út í gerðið.

### *Mikil áhersla á hreinlæti*

Mikið er greinilega lagt upp úr þrifum bæði í kringum mjaltagryfju, útigerði og í fjósinu sjálfu. Þar var ekki að finna neinar kýr með drulluklepra upp á síður, enda hafa þær alltaf hreinan hálm til að liggja á í básum sínum. Annan hvern dag er hálmurinn hreinsaður út með hjálp Wideman liðléttings og nýr hálmur settur í staðinn. Sagði Karsten að án þessarar Wideman-vélar væri þetta reyndar óvinnandi verk. Er þetta lipra tæki líka notað við margvísleg önnur verkefni. Mátti greinilega merkja á orðum hans að fastheldnin á ákveðið tækjamerki er ekki síður landlæg hjá Þjóðverjum en íslenskum bændum.

### *Hálmur sem undirburður þykir gefa betri raun en gúmmímotturnar*

Segir Karsten að þeir hafi verið með gúmmímottur undir kýrnar, en reynslan sýni að gripirnir hafi enst illa í fótum. Hafi notkun á hálmi í undirburð komið mun betur út.

Í fjósinu hjá þeim voru nokkrar kýr sem höfðu mjólkað yfir 100 þúsund lítra yfir ævina og voru elstu kýrnar í fjósinu orðnar 12 ára.

### *Leikur að litum og uppáhaldskýrnar*

Helsta einkenni Holstein-nautgripa er svart/hvít skjöldótti liturinn. Með því að nota skosk naut hefur Müllers-feðgum tekist að ná fram stærri hluta af hvítum lit og jafnvel nær alhvítum kúm.

Sýndu þeir feðgar Íslendingunum fimm uppáhaldskýr sem eru með öll þau bestu einkenni sem þeir hafa verið að sækjast eftir í ræktun. Á það við um alla skrokkbyggingu, góð júgur og rétt stæða spena. Einnig er mikið lagt upp úr ræktun á kollóttum kúm, þar sem það er dýravelferðarkrafa yfirvalda að bændur séu ekki að skera eða brenna horn af sínum gripum. Þá leggja þeir líka mikið upp úr að rækta upp eins stórvaxinn stofn og hægt er, þannig að kýrnar séu færar um að innbyrða mikið fóður og gefi að sama skapi af sér meiri mjólk. Þessar kýr mjólka að meðaltali 35 lítra á dag.

Til að fylgjast nákvæmlega með kúnum eru þær með hreyfiskynjara um hálsinn. Lítil hreyfing getur bent til að kýrnar séu veikar, en mikil hreyfing bendir til að þær fari að beiða.



Karsten Müller sýndi íslenskum bændum uppáhaldskýrnar sínar.



Íslendingunum var að sjálfsögðu gert að klæðast hlífðarfötum í bak og fyrir til að forðast smithættu.



Karsten Müller sæðir allar sínar Holstein-kýr sjálfur og fær fryst sæði víða að, bæði úr þýskum úrvalsnautum sem og góðum nautum víða um heim, m.a. frá Bandaríkjunum og Kanada, en líka talsvert frá Ítalíu. Segir hann engin smitsjúkdómavandamál því samfara. Vangaveltur varðandi smithættu af sæðisinnflutningi til Íslands sagði hann vera hreint bull. Íslensku bændurnir voru þó ekki allir sannfærðir um réttmæti þeirrar fullyrðingar. Bentu m.a. á að rétt er þó að hafa í huga að þýski kúastofninn hafi í gegnum aldirnar búið við mikla blöndun en ekki einangrun eins og sá íslenski.

### *Afkastamikill tuddi*

Faðir tveggja þessara kúa er þýskur að uppruna og heitir Goldday (Gulldagur). Þessi tuddi er mjög vinsæll og var árið 2014 notaður til að sæða 40 þúsund kýr. Hafa þeir Müllers-feðgar nýtt sér þetta naut talsvert undanfarin ár.

### *Með 175 hektara*

Bú Müllers-feðga er nú með 175 hektara land, þar af er grasrækt á 65 hekturum og akuryrkja, aðallega maísframleiðsla á 110 hekturum. Er þetta frekar stórt býli á þýskan mælikvarða því meðalbúið í landinu er ekki með nema 58 hektara jarðnæði.

Maísframleiðslan fer að hluta í fóður fyrir kýrnar, en mjög stór hluti hennar er þó nýttur ásamt kúaskít til að framleiða lífrænt gas (Biogas).

### *Mjólkurkvótinn sleginn af og rætt um að takmarka jarðastyrkina*

Karsten segir að styrkir séu nú eingöngu veittir á hvern hektara lands og til ræktunar. Umræða hafi verið í gangi innan ESB um að setja mörk á styrkveitingarnar þannig að bú fái ekki styrki nema upp að ákveðinni stærð. Slíkt hafi þó enn ekki verið gert. Því eru aukin jarðakaup eina leiðin til að bændur geti tryggt sér aukna styrki til að vega upp á móti ört lækkandi afurðaverði eins og á mjólk.

### *Mikill tekjusamdráttur í mjólkinni samfara auknum kostnaði*

Karsten segir að mjólkurkvótinn innan ESB hafi verið í gildi til 31. mars 2015. Síðan hefur enginn kvóti verið og þar með engin framleiðslustýring.



Kýrnar ganga um með hreyfiskynjara um hálsinn.



Mikið er lagt upp úr kynbótum á búi Müllers-feðga. Einn þáttur í því er að rækta úr kúnum útstandandi spena. Hafa þeir náð þar góðum árangri og segir Karsten best að spenarnir vísi aðeins inn á við til að auðvelda mjöltun og torvelda kúnum að sjúga hver aðra.

„Það var búið að spá því að framleiðslan myndi aukast mjög mikið um leið og kvótinn yrði aflagður. Raunin er að framleiðslan hefur lítillega aukist sem þýðir að auka þyrfti útflutning. Útflutningsverð er hins vegar lágt og því verður offramboð

*– Framhald á næstu síðu.*






Við framleiðslu á metangasinu er einkum notaður maís sem bætt er daglega í gerjunartank ásamt kúamykju. Til að örva gerjun er notuð hlandfor úr fjósinu sem leidd er í söfnunartank sem síðan er miðlað í gerjunartankinn. Gerjunartankurinn er að hluta til ofanjarðar, en grafinn sex metra niður í jörðina. Þegar gerjunin er komin í gang myndast 40°C hiti við örvun baktería sem lifa í tanknum og framleiða metangasið sem stígur upp. Því er síðan dælt burt, hreinsað og þjappað í stóra gastanka. Þaðan er það svo leitt inn í rafstöð til að knýja vélar sem framleiða rafmagn.

Með framleiðslu á gasi og bruna þess til raforkuframleiðslu stórminnkar bú Müllers-feðganna losun gróðurhúsagastegunda út í andrúmsloftið. Eftir 110 daga í gerjunartanki er mykjan og hratið af maísnum orðið snautt af metangasi og eftir stendur áburður sem er um 80% af umfangi þess sem í tankinn fór.



Metangasið sem framleitt er á bænum er notað til að keyra rafstöð sem framleiðir 500 kílówött sem selt er inn á raforkukerfi héraðsins.

og verð fyrir mjólk til bænda lækkar. Verðið hefur hrapað á rúmum sjö mánuðum úr 39 evrusentum á lítra (tæpar 55 krónur), í 28 sent (sem svarar um 39 krónum á lítra).“

Á búi Müllers-feðga eru framleiddir 1,6 milljónir lítra af mjólk á ári. Verðlækkunin á mjólkurframleiðslu búsins á ári nemur því um 176.000 evrum eða sem svarar rúmum 24,8 milljónum króna (gengi 13. nóvember). Á sama tíma segir Karsten að framleiðslukostnaðurinn hafi farið hækkandi. Það eina sem hafi lækkað sé dísilolían.

### *„Þetta er að verða algjört rugl“*

„Eina svar okkar við minnkandi tekjum á hvern lítra er að framleiða eins mikið og mögulegt er miðað við þær kýr og mannafla sem við höfum. Ef við höfum pláss fyrir 20 kýr til viðbótar og bætum þeim við, þýðir það lengri tíma í mjaltir á dag sem nemur tvisvar sinnum hálftíma. Það þýðir 365 vinnustundir á ári og við höfum ekki efni á að kaupa til þess starfskraft. Við getum einungis bætt þeirri vinnu á okkur sjálfa svo staðan er orðin alvarleg. Þetta er því að verða algjört rugl. Auðvitað reyna menn samt að berjast, en einhvern tíma kemur að þeim punkti að menn gefast upp.“

### *Stóla á vinnu verktaka*

Stór hluti skýringarinnar á því að feðgarnir séu enn uppistandandi er að þeir eru lítið að vafstra sjálfir við heyskap og maíssáningu og þreskingu. Þá vinnu kaupa þeir af verktökum sem fara milli bæja, en það kostar sitt. Verktakar sjá líka um að koma fóðrinu heim að bæ og ganga frá því í flatgryfjur. Aftur á móti er búið með vélar til jarðræktar, áburðardreifingar og úðunar á skordýraeitri og illgresiseyði sem þykir mjög mikilvægt.

### *Með eigin vatnsveitu*

Til þess að geta lifað af þá ákváðu Müllers-feðgar að gera hlutina öðruvísi og reyna að skjóta fleiri stoðum undir reksturinn. Að öðrum kosti hefði búið farið á hausinn. Búið er með eigin vatnsveitu sem fæst úr 70 metra borholu.

### *Björguðu rekstrinum með gas- og raforkuframleiðslu*

Farið var út í að framleiða metangas úr kúaskít, kúahlandi og maís. Með því að nýta síðan gasið til raforkuframleiðslu tekst þeim að halda gangandi rekstrinum þrátt fyrir sífellt verri afkomu af mjólkurframleiðslunni. Er svo komið að gasverkefnið er að skila búinu yfir 50% af tekjum þess.

Er þetta gert í samvinnu við aðra bændur í nágrenninu undir nafninu Bio Energie Schwabendorf GmbH Co. KG. Segir Karsten að í þessum félagsskap séu þeir feðgar, sem eiga meirihlutann í fyrirtækinu og tveir aðrir bændur. Gasið er síðan hreinsað og nýtt til að knýja breyttar dísilvélar sem snúa tveim 250 kílówatta rafölum, eða samtals 500 kW. Þær eru í gangi allan sólarhringinn. Einnig voru settar sólarsellur á þakið á fjósinu til að framleiða rafmagn.

Rafmagnið sem til fellur er svo að mestu selt inn á raforkukerfi svæðisins.

Vegna hitans sem til fellur við keyrslu vélanna fellur til mikið kælivatn. Það er leitt inn í þorpið í næsta nágrenni þar sem það dugar til að kynda 75 íbúðarhús.



Komið hefur í ljós að hálmur reynist mun betur sem undirburður undir kýr en gúmmímottur, sem víða eru notaðar, meðal annars í íslenskum fjósum.



Uwe Pohlmann, ráðunautur í nautgriparækt í Hessen í Þýskalandi.

### *Nær lyktarlaus lífrænn og köfnunarefnisríkur áburður*

Hratið sem eftir verður í rotþrónum þegar búið er að vinna gasið er nær lyktarlaust og því engin vandkvæði að nýta það sem áburð. Að auki er það betri áburður en hrein mykja, því rokgjarnt gasið er ekki lengur til staðar til að draga köfnunarefni úr skítnum.

Þótt þeir haldi gasframleiðslunni áfram og jafnvel auki hana til muna þá þarf ekki allar þessar kýr. Einungis um 30% af rotnunarmassanum sem myndar gasið í söfnunartanknum kemur úr kúaskítnum. Allt hitt er fengið úr maís. Karsten segir að einn stærsti plúsinn við að nýta hratið sem áburð á tún og akra sé hvað nágrannarnir séu ánægðir með að vera lausir við skítalyktina.

### Öflug ráðgjafarþjónusta

Auk feðganna var mættur á svæðið vegna heimsóknar Íslendinganna Uwe Pohlmann, sem er ráðunautur í nautgriparækt. Hann ráðleggur bændum ásamt fjórum öðrum ráðunautum í Hessen varðandi val á kynbótanautum. Einn ráðunautur sinnir þó eingöngu ráðgjöf varðandi gripaeldi til kjötframleiðslu.

Uwe segir að ráðunautarnir sinni ráðgjöf í ræktun og sölu á kvígum bæði til innanlandsnota og til útflutnings. Til að auðvelda ráðunautum starfið er haldinn mikill gagnabanki sem nær til allrar nautgriparæktar í Þýskalandi.

### *Kýr seldar eftir fyrsta burð og nautkálfar hálfs mánaðar gamlir*

Af þessu svæði í Þýskalandi er mikið flutt út af lifandi kynbótargipum, m.a. til Afríku. Frá búi Müllers-feðga er þó engin kýr seld fyrr en hún er búin að eiga kálf. Engar kelfdar kýr eru heldur seldar frá búinu, hvorki til innanlandsnota né til útflutnings. Meðalverð fyrir góða kú á markaði er 1.800 til 2.000 evrur en fyrir bestu kýr getur verðið verið 3.500 evrur. Karsten segist selja alla sína nautkálfa hálfs mánaðar gamla. Fara þeir allir á markað og eru flestir seldir til Hollands. /HKr.

# Jólagjöfin frá bónda til bónda?




**Fræðumst um landið og fólkið.**
**Byggðir & bú Suður-Þingeyinga 2005,**

2 bindi fást nú á jólatilboði, **5.500 kr** með innifalinn sendingarkostnað hvert á land sem er.

Fæst í Sparisjóði S-Þingeyinga og Búgarði Akureyri.
Nánari upplýsingar hjá stjórn BSSÞ

**Guðrún formaður sími 895-4742**


Bændablaðið
Kemur næst út
17. desember


**Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá.**

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 / 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg



# Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



## STÁLGRINDAHÚS
Fjöldi stærða og gerða í boði



## RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR
Stærð palls 2,55 x 9,0 m



## STURTUVAGNAR
Burðargeta 6,5 – 17 tonn



Þak og veggstál galvaniserað og litað
- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði

H. Hauksson ehf

Víkurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

SKESSUHORN 2012



# Sprækari kálfar með Sprayfo

Hollenska Sprayfo mjólkurduftið er gæðavara




Kr. 9.990 án vsk.
25 kg

**Sprayfo ROYAL**
Auðugt af undanrennudufti. Inniheldur mótefnavaka. Allt prótein er unnið úr mjólk.

**Sprayfo BLUE**
Hentar sérstaklega á seinni hluta mjókurskeiðs. Sameinar gæði og gott verð.




Kr. 8.890 án vsk.
25 kg

- Úrvals leysanleiki
- Minni skita
- Hár meltanleiki
- Góð nýting
- Hagstætt verð



Fæst í verslunum Líflands og hjá endursöluaðilum

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | Lynghálsi, Reykjavík Óseyri, Akureyri | Efstubraut, Blönduósi Borgarbraut, Borgarnesi | www.lifland.is lifland@lifland.is

LÍFLAND



MARÁS

Við leggjum metnað okkar í að bjóða aðeins fyrsta flokks búnað og þjónustu

COELMO GENERATORS

Rafstöðvar og varaafl



Rafstöðvar í hæsta gæðaflokki frá Coelmo.
Stærðir frá 2 - 2200 kW. Til í ýmsum útfærslum.

Opnar og lokaðar eða í gámaeiningum.
Allar nánari upplýsingar hjá sölumönnum okkar.

Marás ehf.
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is




Bürger-Grebe fjölskyldubúið í Norður-Hesse í Þýskalandi. Þar eru nú 200 mjólkurkýr en verða orðnar 360 í enn stærra fjósi strax á næsta ári. Stiginn á miðjum fjósgaflinum liggur upp í myndarlegt verðlaunað fjósakaffi fjölskyldunnar, Kuhstall-Café. Fyrir framan fjósið er stór flatgryfja. Á hæðinni á bak við fjósið og fyrir ofan túnið, má sjá hluta af vindmylluskógi sem fjölskyldumeðlimum þykir frekar hvimleiður sökum stöðugs vindgnýs frá spöðunum. Myndir / HKr.

## Bürger-Grebe fjölskyldubúið í Norður-Hesse í Þýskalandi:

# Framleiða tvær milljónir lítra af mjólk en stunda verktöku til að komast af

## – sýndu íslenskum bændum athyglisverða nýjung við að nýta kúamykju sem undirburð fyrir kýr

**Bürger-Grebe fjölskyldan í þorpinu Helmscheid í sveitarfélaginu Korbach í Þýskalandi rekur myndarleg bú með 200 mjólkurkúm. Þrátt fyrir að það skili um tveim milljónum lítra af mjólk á ári, þá verða þau að stunda verktakastarfsemi samhliða bústörfum til að halda rektrinum á floti.**

Helmscheid er 200 manna þorp í Waldeck Frankenberg í Norður-Hessen. Til að þjóna forvitnum gestum hefur Bürger-Grebe fjölskyldan sett upp kaffihúsið „Kuhstall-Café“ þar sem gestir geta fylgst með mjöltum og öðrum bústörfum meðan þeir þiggja heimatilbúnar veitingar. Er þetta mjög líkt því sem gert er m.a. í Garði í Eyjafirði og í Efstadal í uppsveitum Suðurlands.

Bændurnir heita Reinhard Citizen Grebe og Christine Grebe og annast þau búskapinn ásamt fjórum börnum sínum. Það eru dæturnar Stefanie, sem er með B. Sc-gráðu í búfræði og Christina, sem einnig er með sömu gráðu. Síðan synirnir Tobias, sem vinnur við verktakaþjónustu búsins, og yngri sonurinn, Lars Grebe, sem er að læra vélvirkjun og stefnir á að aðstoða bróður sinn í verktakastarfseminni. Auk þess tilheyrir tíkin Lotta fjölskyldunni.

### *Í heimsókn með íslenskum bændum*

Blaðamaður Bændablaðsins átti þess kost að heimsækja þetta bú í byrjun nóvember í átján manna hópi íslenskra bænda, fulltrúa Kraftvéla og fjármögnunarfyrirtækisins Ergo. Var þetta annað kúabúið sem heimsótt var í þessari ferð. Þótt búin séu nokkuð ólík, þá eiga þau það sameiginlegt að verða nú að heyja harða baráttu fyrir tilveru sinni vegna gríðarlegrar lækkunar á mjólk í löndum Evrópusambandsins. Frúin á bænum, Christine Grebe, tók á móti Íslendingahópnum, en með í för slóst þýski ráðunauturinn Uwe Pohlmann.

### *Með 200 hektara, 200 kýr og 2 milljónir mjólkurlítra*

Búið er með um 200 hektara land og 200 Holstein-mjólkurkýr. Allir kvígukálfar eru settir á og síðan haldið þegar þær ná 15 mánaða aldri til frekari kálfaframleiðslu. Hluti kvíganna fer til endurnýjunar á stofninum á bænum en aðrar eru seldar eftir burð sem lífdýr á markað. Nokkra nautkálfa ala þau sjálf og nýta í tilraunaræktun.

Nyt kúnna er ágæt á búinu og skila þær að meðaltali 10.500 kg (lítrum) á ári. Í heild er búið því að skila um tveim milljónum lítra af mjólk á ári.



Húsfreyjan og bóndinn, Christine Grebe, tók vel á móti Íslendingahópnum.



Í svona stíur eru settir nýfæddir kálfarnir og aldir þar á ferskri broddmjólk í tvær vikur. Christine segir aldrei koma upp vandamál varandi skitu. Kálfarnir eru með tölvustýrðan skammtara sem sér til þess að þeir fái ekki nema 9 lítra af fljótandi næringarblöndu á sólarhring.



Það fer vel um kálfana í kálfahúsinu.



Bürger-Grebe fjölskyldan. Christine, Tobias, Christina, Lars, Reinhard, Stefanie og hundurinn Lotta. Mynd / http://www.buerger-grebe.de/über-uns/



Þorpið Helmscheid stendur rétt fyrir neðan fjós Bürger-Grebe fjölskyldunnar.

Á búinu er hringlaga mjaltagryfja og tekur það einn mann ásamt aðstoðarmanni um tvær klukkustundir að mjólka allar 200 kýrnar og er það gert tvisvar á dag. Christine segir að við að fjölga kúnum í 360 muni mjaltatíminn aðeins lengjast í hvert sinn um eina klukkustund, en ekki þurfi að leggja út í neinn viðbótarkostnað við mjaltagryfjuna.

### *Í verktakastarfsemi til að bjarga rekstrinum*

Vandamál Bürger-Grebe fjölskyldunnar er það sama og hjá öðrum mjólkurframleiðendum í Þýskalandi, mikil verðlækkun á mjólk. Það eru einkum tveir þættir sem virðast skýra þessar verðlækkanir sem koma líka niður á öðrum landbúnaðarafurðum. Það er afnám kvótakerfis til að stýra mjólkurframleiðslu og viðskiptabann á landbúnaðarafurðir við Rússa sem orsakað hefur offramboð í Evrópu. Verslunarfyrirtækin hafa spilað mjög inn á þetta, sem gert hefur ástandið enn verra fyrir bændur í mörgum löndum. Þannig hafa breskar verslunarkeðjur t.d. verið að kaupa mjólkurafurðir frá Austur-Evrópu

langt undir kostnaðarverði til sölu í Bretlandi, sem þarlendum bændum er algjörlega ofviða að keppa við. Langtímaáhrif þessa geta orðið mjög alvarleg. Ekki bara fyrir breska bændur, heldur ekki síður fyrir breska neytendur. Bændum mun fækka stórlega, þekking glatast og afleiðingin verður skortur á landbúnaðarafurðum og gríðarlegar verðhækkanir.

### *Bjarga sér með aukinni verktakastarfsemi*

Vegna stöðunnar í Þýskalandi hefur Bürger-Grebe fjölskyldan gripið til þess ráðs að efla verktakastarfsemi á bænum til að þjónusta aðra bændur. Þannig sækja þau nauðsynlegar tekjur til að styrkja reksturinn sem annars stefndi hraðbyri í þrot. Er fjölskyldan nú með fjóra fasta starfsmenn í verktakaþjónustunni. Vinna þeir ýmis verk fyrir aðra bændur, einkum heyvinnslu og þreskingu.

Frá búinu er selt töluvert af kvígum til áframeldis. Fara þær bæði á innanlandsmarkað í Þýskalandi og einnig er töluvert selt af lífgripum úr landi. Meðaltalsverð fyrir kú í vikunni áður en íslenski hópurinn var þarna var 1.450 evrur, eða um 207 þúsund krónur. Eru kýrnar yfirleitt seldar um 25 mánaða aldurinn og eru þær þá oft kelfdar, en einstaka kýr er eldri við sölu, eða allt upp í þriggja ára.

### *Fjölga upp í 360 kýr á næsta ári*

Auk þess er verið að undirbúa stækkun á fjósinu fyrir 160 kýr. Verður það tekið í notkun á næsta ári og verður búið þá komið með 360 mjólkurkýr. Með þessu hyggst fjölskyldan ná enn betri nýtingu á mannskap og búnaði en hægt er í dag, en með hlutfallslega litlum viðbótarkostnaði. Þannig hyggjast þau reyna að komast nær því að mjólkurframleiðslan geti staðið undir sér. Hvort það tekst er svo önnur saga.



Íslensku bændurnir að skoða fjós Bürger-Grebe fjölskyldunnar. Aðstaðan er harla ólík því sem þekkist á Íslandi. Opin hús að framanverðu, með glæru báruplasti og stálklæðningu í göflum og þaki. Þau veita þó væntanlega gott skjól fyrir regni og snjókomu.






Þessi skilvindubíll sem pressar rakann úr mykjunni vakti athygli íslenskra bænda sem heimsóttu Bürger-Grebe fjölskyldubúið. Þarna er um glænýja tækni að ræða og aðeins örfá slík tæki til í Þýskalandi. Úr skítnum, sem dælt er úr haughúsinu, fæst 30% þurrefni sem síðan er nýtt í undirburð fyrir kýr.





Dóttirin Christina var að vinna við að snyrta kýr sem selja átti í annað bú daginn eftir. Er þar vandað til verka og snyrtingunni fylgir að sjálfsögðu klipping.

### *Spara með því að endurvinna kúamykju í undirburð fyrir kýr*

Þegar Íslendingahópurinn var í heimsókn var þar við störf eitt af nýjum og örfáum sambærilegum tækjum í Þýskalandi. Er það bíll sem tilheyrir verktakastarfsemi búsins og er með heljarmiklum skilvindubúnaði. Dældi hann mykju upp úr haughúsinu, skildi vökvann frá og dældi honum aftur niður í haughúsið. Afraksturinn af skítnum er 30% þurrefni sem dælt var á vagn þar við hliðina. Skilvindubíllinn kostaði 250 þúsund evrur, eða sem svarar um 35 milljónum króna.

Christine segir að þar sem sag og annar slíkur undirburður undir kýrnar sé orðið mjög dýrt, þá sé þetta leiðin til að spara á búinu. Þurra hreinsaða skítnum er þá blandað saman við sag og nýttur sem undirlag. Segir hún að þau hafi gert þetta í tvö ár og reynslan sé mjög góð, auk þess sem sparast hafi miklir peningar. Þá heldur þessi undirburður kúnum þurrum og hreinum, eins einkennilega og það kann að hljóma. Segir Christine engin vandamál hafi skapast vegna bakteríumyndunar í þurrkaða skítnum.

Hefur notkun á svona endurunnum kúaskít farið ört vaxandi. Er þessi aðferð nú talsvert nýtt þar sem bændur eru með gasframleiðslu og gasgerðin hefur ekki undan að nýta skítinn. Þar sem óheimilt er að bera mykju á tún hvenær sem er, þá nýta menn þessa endurvinnsluaðferð og geyma þá skítinn í skemmu til síðari tíma, annaðhvort til að nota sem undirburð eða í gasframleiðslu. */HKr.*



Hringlaga mjaltagryfja er í fjósinu sem þykir mjög þægilegt að vinna við.



Kálfahúsið.



Fóðurgangar eru mjög greiðfærir fyrir vinnutæki.

DEKKJASALA AKUREYRAR

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee Handverkfæri

15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. desember 2015





Beinn innflutningur til Akureyrar

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.

Njarðarnesi 1 sími 460 4350




Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir, bændur í Vallanesi á Fljótsdalshéraði, voru að sjálfsögðu mætt á Jólamatarmarkað Búrsins sem var haldinn í Hörpu fyrir skemmstu. Mynd / smh

## Móðir Jörð í Vallanesi hlaut Fjöregg Matvæla-og næringarfræðingafélag Íslands:

# Órjúfanleg heild umhverfis, hollustu og gæða

## – bændurnir Eygló og Eymundur ætla að færa sig í auknum mæli yfir í matartengda ferðamennsku

**Móður Jörð í Vallanesi á Fljótsdalshéraði var á dögunum veitt Fjöregg MNÍ (Matvæla- og næringarfræðingafélag Íslands) 2015, en verðlaunin eru veitt fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði.**

Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Móðir Jörð er tilnefnt fyrir að framleiða spennandi íslensk matvæli úr jurtaríkinu. Fyrirtækið byggir sína framleiðslu á sjálfbærni og lífrænt ræktuðu hráefni. Hjá fyrirtækinu er lögð mikil áhersla á að þróa afurðir úr nánasta umhverfi og hafa fjölmargar nýjungar komið frá Móður Jörð á síðustu árum.“

Blaðamaður heilsaði upp á þau Eygló Björk Ólafsdóttur og Eymund Magnússon, bændur og eigendur Móður Jarðar, þar sem þau voru á sínum stað á Jólamatarmarkaði Búrsins helgina 21.–22. nóvember.

Eymundur hóf búskap í Vallanesi með fyrri konu sinni, Kristbjörgu. „Ég var nú ekki nema sex eða átta ára kúasmali hjá Sveinbjörgu, ömmu minni, í Flögu í Skriðdal þegar ég ákvað að verða bóndi. Það voru kýrnar og lóan, held ég, sem gáfu mér þennan innblástur. Eftir nám á Hvanneyri og vinnu við búskap í Noregi, Englandi og Svíþjóð lá leiðin í Egilsstaði með Kristbjörgu og eftir nokkra leit ákváðum við að hefja landnám í Vallanesi sem hafði verið í eyði hvað búskap varðar í 20 ár. Það kom aldrei annað til greina en Fljótsdalshérað. Kristbjörg hafði unnið á Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði og kynntist þar lífrænni ræktun. Við ræktuðum lífrænt grænmeti til heimilis og þá varð ekki aftur snúið, eins og þeir þekkja sem smakkað hafa lífrænt ræktað grænmeti,“ segir Eymundur.

Eygló hefur verið áberandi í




Rauðrófugló kom á markaðinn 2009, síðar Gulrófugló og Fennelgló en þeim er ætlað að vera meðlæti með íslenskum mat svo sem hangikjöti og villibráð. Mynd / Áslaug Snorradóttir

starfi Slow Food á Íslandi. Hún segir að hugsjónir Slow Food og lífrænnar ræktunar fari vel saman og þau tvinni þetta saman í sínum búskap. „Hugmyndafræðilega fara þessar tvær stefnur saman og Slow Food hefur alltaf verið málsvari lífrænnar ræktunar, þó að það sé víðtækara en svo og áherslan mest á nærumhverfið, upprunaleika og staðbundna matvælaframleiðslu,“ útskýrir Eygló. „Hreinleiki er eitt af einkunarorðum Slow Food, það er að maturinn sé laus við eiturefni svo sem skordýraeitur og að framleiðslan sé ekki mengandi fyrir umhverfið. Lífræn vottun gengur út á að framleiðsluaðferðirnar séu í takt við ákveðna staðla, en lætur liggja á milli hluta hvaðan aðföngin koma. Við höfum báðar þessar stefnur að leiðarljósi og enda er það væntanlega allra best fyrir jörðina okkar að matvæli eða aðföng séu lífræn og staðbundin. Ég held að okkur gangi ágætlega að sameina þetta tvennt, okkur er mjög umhugað um að styðja við svæðisbundna þróun og vinna með aðilum í okkar nærumhverfi enda er mjög mikilvægt fyrir byggðaþróun að „micro hagkerfið“ virki og að fjármunir leki ekki út úr því að óþörfu. Þessar leiðir verða að geta farið saman.“

### *Árangursríkt að hafa einlægan áhuga á mat*

„Ætli það sé ekki árangursríkara að hafa einlægan áhuga á mat, það er gaman þegar áhugamál og vinna tvinnast saman að mínu mati,“ segir Eygló þegar þau eru spurð hvort ekki sé nauðsynlegt að vera sælkeri þegar maður er metnaðarfullur smáframleiðandi matvæla. „Það er ekki alltaf fyrirséð hvaða vörur ná í gegn og því mikilvægt að maður hafi gaman af því að þróa eitthvað nýtt og skapa. Óhjákvæmilega fékk ég mitt mataruppeldi í gegnum viðskipti við Miðjarðarhafslönd þegar ég starfaði við innflutning á sínum tíma og síðar nokkurra ára búsetu á Ítalíu. Ég hef eflaust tekið Ítali mér til fyrirmyndar og dáist að því hversu meðvitaðir þeir eru um gæði hráefnisins og taka mat alvarlega. Ég segi stundum í gríni að þeir „borði með eyrunum“, það eru öll skynfæri notuð til að njóta góðs matar þar. Í dag mótast eldhúsið af umhverfi okkar og því fjölbreytta úrvali af grænmeti og jurtum sem við ræktum og við erum á hverju ári að bæta við áhugaverðum tegundum. Ferskleikinn er líka í fyrirrúmi að sjálfsögðu. Við notum ferðalög okkar auk þess til að fá innblástur, förum á sýningar og markaði og skoðum hvað aðrir eru að gera,“ segir Eygló.

„Það er mikil vinna að vera bóndi og matvælaframleiðandi en okkar gæðatími er þegar við borðum saman að loknum löngum vinnudegi,“ segir Eymundur. „Eygló er frábær kokkur og þótt við ætlum ekki að tala um vinnuna á kvöldin þá fer ekki hjá því að nýjar hugmyndir spretti fram við matarborðið.“

Að sögn Eymundar ætlaði hann í upphafi „bara“ að vera kúabóndi og framleiða mjólk og nautakjöt. „En eins og fyrr segir þá var Vallanes nánast óræktað og við það að rækta jörðina fann ég að akuryrkjan höfðaði mjög sterkt til mín og ég sé fátt fallegra en nýplægðan akur, svo skrýtið sem það er. Grænmetið kom því fljótlega mjög sterkt inn – og síðan kornið – og ég fann að ég hafði mikinn áhuga á að koma vörunum á markað undir eigin vörumerki og þá varð til vörumerkið Móðir Jörð. Bankabyggið kom til dæmis í verslanir 1987 og ég man að mönnum þótti skrýtið að finna kartöflur „brandaðar“ eða merktar framleiðandanum Móður Jörð,“ segir Eymundur um upphafsárin.

„Skógræktin er partur af þessum ræktunaráhuga en hún hófst hér 1989 og skjólbeltaræktun 1993. Áhrif skjólsins á ræktunarmöguleika eru mjög miklir og svo er skógurinn nú þegar að gefa okkur viðarkurl í göngustíga, byggingavið og við höfum selt jólatré í ein átta ár,“ bætir



Eygló Björk Ólafsdóttir með verðlaunagripinn Fjöreggið, íslenskt glerlistaverk, sem hefur verið gefið af Samtökum iðnaðarins frá upphafi, eða í 20 ár. Mynd / MNÍ

Eymundur við.

„Við hættum því með kýrnar eftir tíu ár og nautakjötið fimm árum seinna og síðasta nautakjötsframleiðslan var reyndar lífrænt vottuð. Það voru miklar sveiflur í tekjum eftir árstíðum og þá kviknaði áhuginn á að framleiða tilbúnar vörur sem væru til allt árið en ekki bara stutt fram á vetur eins og grænmetið. Grænmetisbuffin byrjaði ég að framleiða 2004 með aðstoð Þórunnar, dóttur minnar, sem er listakokkur og myndlistarmaður og þá voru fyrir nuddolíurnar, bankabyggið og byggmjölið auk vaxandi úrvals af grænmeti. Síðan kom „góðærið“ með gegndarlausum innflutningi og það þurfti hrun til að landinn fengi aftur áhuga á innlendri framleiðslu. Við Eygló höfum sambúð í kjölfar hrunsins og hún með allan sinn áhuga á góðum mat var strax komin með hugmyndir að nýjum vörum. Ég held hreinlega að hún hafi verið að leita sér að lífrænum bónda til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd,“ segir Eymundur.

„Samstarf okkar hefur borið




**Perlubyggið, sem er sérvalið og meira unnið, hefur fengið mjög góðar viðtökur.** Mynd / Áslaug Snorradóttir

ríkulegan ávöxt en fyrsta verkefnið okkar saman var sultað grænmeti, Rauðrófugló, sem kom á markaðinn 2009 og síðar Gulrófugló og Fennelgló en þeim er ætlað að vera meðlæti með íslenskum mat svo sem hangikjöti og villibráð,“ segir Eygló.

„Hrökkvi kom árið 2010 og í uppskerubrestinum 2011 fórum við að þróa morgunverðarlínu með Morgungraut, Brauðblöndu og Lummur og vöfflur – en þessi lína af hálf-tilbúnum lausnum á að gera fólki auðveldara að koma íslensku heilkorni inn í mataræðið. Morgunverður sem gestum er boðinn í Vallanesi grundvallast auk þess á vörunum okkar. Við vorum líka byrjuð að nýta ber og jurtir á þessum tíma og erum með sex mismunandi uppskriftir að sultum, þar hefur bæst við ný tegund árlega. Súrkál kom á markað 2013 og hefur þróast í að vera sex tegundir af sýrðu grænmeti. Við höfum líka einbeitt okkur að því að vera með bygg í öllum útgáfum og komið með nýjar útgáfur sem hafa aukið notkunarmöguleikana. Byggflögurnar sem við komum með 2012 juku notkunarmöguleika byggsins þar sem þá var kominn valkostur við hafragrjón í grauta meðal annars – og Perlubyggið, nýjasta afsprengið í korninu, er að opna enn aðra vídd með sínum 15 mínútna suðutíma og léttu áferð. Við höfum ræktað heilhveiti síðan 2010 og árgangur 2014 var sérlega vel þroskaður og góður. Einnig höfum við síðastliðin fjögur ár verið að gera tilraunir með ræktun á repju og vinnslu repjuolíu. Ennþá er þetta í litlu magni og fer á valda veitingastaði sem nota olíuna sem ríkjandi bragð í ákveðna rétti. Það er alltaf eitthvað í pípunum en nú förum við okkur hægar og leggjum mesta áherslu á gæðin og að halda vel utan um það sem við erum að gera,“ segir Eygló.

### *Byggið mikilvægur grundvöllur starfseminnar*

Eymundur segir byggið vera mjög mikilvægan grundvöll starfseminnar, þegar hann er beðinn um að nefna dæmi um vörur sem hafa gengið einkar vel. „Bankabyggið er sú vara sem hefur mestu dreifingu í verslunum á landsvísu – og er víða á matseðlum veitingahúsa. Perlubyggið, sem er af sama meiði en sérvalið og meira unnið, hefur fengið mjög góðar viðtökur. Við erum mjög sátt við viðtökurnar á vörunum almennt um þessar mundir, útlitsbreytingar sem við höfum gert á vörulínunni hafa heppnast vel og sýrða grænmetið nýtur mikilla vinsælda þegar fólk áttar sig á mikilvægi lifandi fæðu og heilbrigði þarmaflórunnar.“

### *Gæðavörur sem leggja eitthvað til hins íslenska eldhúss*

Eygló samsinnir því að vörumerki þeirra hafi byggst upp hægt og bítandi. „Það má segja að þetta hafi verið sígandi lukka. Við höfum farið frekar rólega í sakirnar þó að listinn af vörum sé langur í tiltölulega stuttum tíma, þá höfum við gjarnan komið með eina vöru í hverri vörulínu í einu, séð hvernig hún fellur í kramið og svo bætt við tiltölulega hratt. Við erum auk þess mjög upptekin af því að vörurnar geti kallast íslenskar, þær verða að grundvallast á því sem við getum ræktað hér á landi og að þær leggi helst eitthvað til íslenska eldhússins. Svo verða gæðin líka að vera í lagi, það er mikið smakkað og leitað álits þar til varan er orðin eins og hún á að vera og við erum heppin að hafa góða kokka og matgæðinga í kringum okkur,“ segir hún. Eymundur bætir því við að það þurfi líka að taka tillit til vottunarmála. „Það er svo margt sem þarf að koma saman til að vara geti orðið til hjá okkur; til dæmis hvort hægt sé að útvega önnur innihaldsefni með lífrænni vottun og hvort það sé framkvæmanlegt út af kostnaði. En við höfum að leiðarljósi að ekki minna en 50 prósent vörunnar sé af okkar ökrum. Flestar vörurnar hafa mun hærra hlutfall og til dæmis Rauðrófubuffin næstum 100 prósent. Það eru bara kryddin sem eru aðfengin.“

### *Regluleg dreifing til Bretlands*

„Við erum með mjög fjölþætta starfsemi en við fókuserum á matvæli úr jurtaríkinu; korn og grænmeti. Það hefur sannast hið fornkveðna hjá okkur, að það er mikilvægt að hafa ekki öll eggin í sömu körfunni,“ segir Eygló um það hvernig það sé mögulegt að lifa af í lífrænt vottuðum búskap. Við störfum ekki í stýrðu umhverfi hvað ræktunina varðar því við ræktum allt utandyra með tilheyrandi sveiflum, verandi svo norðarlega. Það er því mjög mikilvægt að renna frekari stoðum undir reksturinn til að skapa reglubundna, heilsársstarfsemi til að geta boðið fólki föst störf og þar kemur aukin fullvinnsla sterk inn. Þetta púslast mjög vel saman og ekkert eitt sem ber uppi reksturinn í sjálfu sér. Útflutningur er líka á dagskrá en það færist í vöxt að fólk pantar hjá okkur á netinu og mjög líklega eru vörur að fara frá okkur á allra næstu vikum til reglulegrar dreifingar í Bretlandi. Hjá okkur starfa í dag sex til sjö manns á ársgrundvelli en á sumrin eru störfin aðeins fleiri.

„Nú fetum við líka aðeins inn á nýjar brautir með því að opna staðinn meira og byggja upp frekari þjónustu á staðnum,“ bætir Eymundur við. „Við ætlum þannig að leyfa gestum, svo sem ferðamönnum, að skoða og njóta staðarins með okkur, en á sumrin kemur fjöldi fólks í Vallanes, annaðhvort til að gista eða kaupa vörur. Næsta sumar hyggjumst við byggja þjónustuhús yfir verslunina okkar og bjóða upp á léttar veitingar. Húsið er beinn afrakstur skógræktarinnar á staðnum og verður reist úr okkar eigin viði, svo sem ösp og lerki, og verður þetta fyrsta hús sinnar tegundar á Íslandi sem er byggt alfarið úr íslenskum viði.“

Nýliðun í lífrænum búskap á Íslandi er lítil og segja má að stöðnun ríki í þessum framleiðslugeira. Eygló segir þó að neytendur kalli eftir lífrænt ræktuðum afurðum í vaxandi mæli. „Það er vaxandi eftirspurn. Framleiðendur eru fáir og dreifðir en eftir því sem þeim fjölgaði myndu aukast tækifæri til margvíslegrar samvinnu. Það hafa orðið til fleiri vottaðir fullvinnsluaðilar en frumframleiðendur undanfarin ár hér á Íslandi, hvert eiga þessir fullvinnsluaðilar að sækja sitt hráefni ef það eru ekki ræktendur eða frumframleiðendur hér á landi? Þá kemur auðvitað til innflutnings. Ísland verður af tækifærum í þessari stöðu, það tapast gjaldeyrir því flutt er inn hráefni sem við ættum að geta ræktað sjálf. Og það tapast tækifæri á því að það verði til fleiri framleiðendur hér á landi sem gætu ef til vill orðið framtíðar útflytjendur eða enn meiri efniviður fyrir ferðaþjónustuna. Það er auk þess betra fyrir umhverfið að lífrænum ræktendum fjölgi. Það er allt jákvætt og nútímalegt við þetta ræktunarform þegar kemur að ræktun jarðvegs, hreinleika, velferð dýra, hollustu og svo mætti áfram telja,“ segir Eygló.

„Í mínu tilfelli var þetta spurning um að vera trúr minni sannfæringu og láta ekki úrtöluraddir telja úr mér kjarkinn,“ segir Eymundur um byrjunarörðugleikana sem hann glímdi við. „Þetta er svo bara eins og hver annar rekstur, það eru hæðir og lægðir og jafnvel djúpir dalir. Þá er mikilvægt að missa ekki sjónar af takmarkinu, halda sínu striki en líka að hafa kjark til að endurskoða áætlunina og breyta ef þarf.“

### *Matartengd ferðamennska er spennandi*

Þau eru að vonum kát með Fjöreggið. „Það er bara mjög gaman að fá slíka viðurkenningu, og þar sem þessi verðlaun eru þau helstu í matarbransanum þá getur það bara gefið okkur byr undir báða vængi og styrkt okkur í þeirri trú að við séum á réttri braut. Bara að vera tilnefnd held ég að sé mikilvæg viðurkenning fyrir framleiðendur. Við erum á mjög spennandi tímapunkti núna og við erum að fást við skemmtilega hluti. Ekki síst að móta og byggja upp matartengda þjónustu og upplifun hér á staðnum. Austurland fær beint flug frá Bretlandi næsta sumar og allt samfélagið tekur þátt í að gera svæðið að góðum áfangastað og í stakk búið til að taka vel á móti þessu fólki. Fyrir okkur er gaman að geta bætt við afþreyingu og upplifun hér á svæðinu og vonandi fer fólk héðan innblásið af hugmyndum um mikilvægi þess að hugsa vel um umhverfið því þetta er órjúfanleg heild; umhverfi, hollusta og góður matur,“ segir Eygló um framtíðina. Eymundur bætir við að matartengd ferðaþjónusta sé mjög spennandi fyrir þau. „Eins eru útivistarmöguleikarnir miklir þar sem við erum að gera göngustíga í skóginum og meðfram ökrum í skjóli skjólbelta. Við erum í raun að svara eftirspurn sem hefur lengi verið. Hópar og einstaklingar hafa viljað koma og fræðast um starfsemina og njóta skjólsins og gróðurfarsins sem ennþá er nokkuð nýstárlegt á Íslandi.“ /smh

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is




SuperCut
FJÖLNOTAVÉL

Tækið sem alla iðnaðarmenn dreymir um:

Trésmiðinn, píparann, rafvirkjann, bílasmiðinn, flísalagningamanninn, dúkarann, málarann



FM 14-180
Steinskurðarvél




RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Uppbyggingarsjóður Norðurlands úthlutar styrkjum:

# Fimm verkefni fá styrki upp á 10 milljónir króna

**Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra hefur úthlutað 10 milljónum króna í styrkvilyrði til atvinnuþróunar og nýsköpunarverkefna á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Þetta var síðari úthlutun ársins 2015, en áður var úthlutað í júní sl. Tólf umsóknir bárust en fimm verkefni hlutu styrkvilyrði.**

Þau verkefni sem hlutu styrk að þessu sinni eru Austurgátt/Fly Europe sem hlaut vilyrði fyrir 3,5 milljónum króna, en verkefnið lýtur að millilandaflugi milli Egilsstaða og London og hefst það næsta vor á vegum Discover the World í samstarfi við Tanni Travel og Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf. sem er umsækjandi. Markmiðið er að stuðla að millilandaflugi um aðra flugvelli en Keflavík á ársgrundvelli í framtíðinni og efla þannig ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingu á Norðausturlandi.



Forsvarsmenn verkefna sem hlutu styrkvilyrði úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Frá vinstri, Hlöðver P. Hlöðversson, Guðrún Tryggvadóttir, Arnheiður Rán Almarsdóttir, Gunnar Jóhannesson, Hermann Bárðarson, Þórhallur Bjarnason og Jóhann Þórhallsson. Mynd / AÞ

### *Hagkvæmni próteinverksmiðju könnuð*

Verkefnið Próteinmjöl úr jarðhita fékk vilyrði fyrir þremur milljónum króna, en það felst í að þróa aðferð til að vinna próteinríkt fóðurmjöl úr kolefnisútblæstri frá jarðhitavirkjunum. Umsækjandi er nýsköpunarfyrirtækið Geo-Protein ehf., sem í samstarfi við Landsvirkjun undirbýr og kannar hagkvæmni á uppsetningu tilraunaverksmiðju við Kröfluvirkjun.

Heimaslóð hlýtur kr. 1,5 milljónir í styrkvilyrði. Heimaslóð er tímabundið átaksverkefni um að efla búskap og stuðla að jákvæðri þróun í landbúnaði í Þingeyjarsýslu. Umsækjandi er BSSÞ í samstarfi við BSNÞ, búgreinasamtök í Þingeyjarsýslu, Sparisjóð Suður-Þingeyinga, RML og AÞ.

### *Fuglahátíð á Húsavík*

Twin town bird festival: Vardö-Húsavík hlaut eina milljón króna í styrkvilyrði. Verkefnið snýst um að efna til fuglahátíðar á Húsavík í beinu framhaldi af fuglahátíðinni Gullfest í Varanger í Noregi. Að verkefninu stendur Fuglastígur á Norðausturlandi í samstarfi við Biotope, forsvarsmenn Gullfest og Norðurþing. Markmiðið er að styrkja ímynd Norðausturlands sem fuglaskoðunarsvæði á heimsvísu.

Mýsköpun: Markaðssetning og kynningarátak erlendis hlýtur kr. 1.000.000 styrkvilyrði. Mýsköpun vinnur að því að koma upp þörungaverksmiðju í Mývatnssveit og felst þetta verkefni í því að koma á tengslum við stofnanir og fyrirtæki erlendis sem eru framarlega á því sviði.

Sem fyrr segir bárust tólf umsóknir nú og sótt var um tæplega 27 milljónir til verkefna með áætlaðan heildarkostnað um 67 milljónir, en til ráðstöfunar voru 10 milljónir. */MÞÞ*

---

# Bændur í sátt við náttúru og ferðamenn

## – „Við fengum ekki jörðina að gjöf frá foreldrum okkar, við fengum hana að láni frá börnunum okkar“

**„Bændur eru alls konar. Ungir, gamlir, konur, karlar. Þeir nýta landið ekki eingöngu til búskapar, heldur hefur nýsköpun í landbúnaði sótt fram síðustu ár, þar á meðal hefur stétt ferðaþjónustubænda stækkað,“ sagði Jóhanna María Sigmundsdóttir, alþingismaður og bóndi, á Umhverfisráðstefnu sem haldin var á Grand hóteli fyrir nokkru.**

Sagði hún að í dag væri ekkert til sem héti „ómenntaður bóndi“. Bændur hafi grunnskólapróf, stúdentspróf, oft iðnmenntun og eða búfræðipróf. Þá væru bændur einnig að sækja símenntunarnámskeið hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Bændasamtökum Íslands og fleiri stofnunum.

### *Bændur og landgræðsla*

Benti Jóhanna á tengingar bóndans við hin ýmsu svið þjóðfélagsins eins og við uppgræðslu lands.

„Samstarf bænda í landgræðslu og ferðamennsku snýst mikið um gagnkvæmt traust og skilning. Þeir sem starfa við landgræðslu verða að sýna bændum skilning á þeirra starfi og öfugt, alveg eins og bændur verða að sýna þeim sem nýta landið í ferðaþjónustu skilning og öfugt. Því allir þessir þættir geta vel spilað saman.

Réttverkandi samspil er ávinningur bónda, rétt nýting landsins sem hann hugsar um og hefur atvinnu af að nýta.

Verkefnið Bændur græða landið hefur verið í gangi frá 1990. Vel flestir þátttakendur verkefnisins eru sauðfjárbændur enda eiga þeir mesta nýtingu á afréttum og beitarlandi – vilja skila til baka. Mikil umræða um beitarþunga, beitarstýringu og ofbeit síðustu misseri.

Árið 2000 var gerð viðhorfskönnun hjá þátttakendum og sýndi hún að enginn var óánægður með verkefnið, svörun könnunarinnar var yfir 95% þeirra sem haft var samband við úr nærri 300 manna hóp.

Landgræðsla er kennd á Hvanneyri, búfræðingar þurfa að taka áfanga í landgræðslu, í Sauðfjárskólanum er komið inn á fóðuröflun, beitarstjórnun, skipulagða beit vor og haust, sumarbeit á afréttum og heimalöndum. Hvati er til að hafa einnig Nautgripaskóla og Hrossaskóla þar sem inn á þetta væri komið.

Landgræðslufélög eru um allt land ásamt skógræktarfélögum sem spila stóran þátt í landgræðslu bænda (Skógarbændur).

Þó að þetta verkefni, Bændur græða landið, hafi byrjað fyrir 25 árum þá hafa íslenskir bændur stundað uppgræðslu lengur en það. Þeir hafa heft sandfok, stöðvað rof, jarðvegseyðingu, dreift heyi og skít á bert land þar sem þeir hafa náð að græða upp, enda fellur til mikið magn af lífrænum úrgangi á hverju býli.

En ætli fólk flokki þetta sem upp- og landgræðslu þegar að hún er óskipulögð? Til dæmis ef heyi og skít er hent á þann bera blett sem næst er vinnusvæði eða búsetu þar sem vinnuhagræðing er að leiðarljósi.“




„Bændur hafa lífsviðurværi sitt af íslenskri náttúru, það er þeirra hagur að landið sé vel þétt, gróðri vaxið og undirbúið undir hvaða nýtingu sem er, beit eða aðra uppbyggingu.“

### *Grunnur að sjálfbærum landbúnaði*

Jóhanna varpaði upp þeirri spurningu hvers vegna bændur ættu að græða upp land og svaraði henni jafn harðan.

„Bændur hafa lífsviðurværi sitt af íslenskri náttúru, það er þeirra hagur að landið sé vel þétt, gróðri vaxið og undirbúið undir hvaða nýtingu sem er, beit eða aðra uppbyggingu.“

### *„Við fengum jörðina að láni frá börnunum okkar“*

Þá benti hún á að umhverfissjónarmið væru líka hluti af hag bænda. Þá væri uppgræðsla góð fyrir landkynningu, íslenska náttúru og til að viðhalda lífríki og ákveðinni plöntuflóru.

Með landvinningum og beitarstýringu væru bændur að fá meira land til umráða, meira land til að rækta tún og meira land til að beita.




Það léttir um leið þunga af því landi sem fyrir er. Endurheimti landgæði og legði grunn að sjálfbærum landbúnaði og betra ástandi lands til næstu kynslóðar. „Við fengum ekki jörðina að gjöf frá foreldrum okkar, við fengum hana að láni frá börnunum okkar.“

Sagði Jóhanna að oft vildu bændur gera enn betur í landgræðslumálum, en á stórum búum væru oft fáir við störf og því væri einfaldlega ekki tími aflögu til að sinna slíkum verkefnum.

„Það er margt fleira sem þarf til að ná árangri við að græða upp land heldur en að fá fræ og leiðbeiningar, stundum vantar líka fjármagn til viðhalds eða lagningu girðinga til að stjórna ágangi búfénaðar á svæðið. Árið 2014 voru um 500 virkir þátttakendur (sveiflast milli ára) og unnið var með um 5.000 hektara svæði.

Með verkefninu hefur skilningur bænda á landnotkun og landgræðslu aukist og það eflir menn til frekari þátttöku að sjá árangur verkefnisins.

Landið sem áður var ónýtanlegt er orðið flott til útivistar og kræsilegra fyrir uppbyggingu.“

Nefndi Jóhanna nokkur dæmi þar sem uppgræðsla og skógrækt hafa breytt aðstæðum.

Þar sem áður hafi verið nánast auðn, aðeins einstaka snarrót, væri allt í einu orðið gróið land. Það hafi síðan verið hægt að nýta undir sumarhúsabyggð.

Ferðaþjónustubændur nýttu sér uppgræðslu með trjám til að fá skjólsælla svæði þar sem þeir reistu veitingasal, gistihús og tjaldstæði. Árangurinn væri þegar byrjaður að sjást og yrði greinilegri eftir því sem trén hækkuðu.

Þá sagði hún að skjólbelti geti myndað falleg svæði í kringum lögbýli, til dæmis komið í veg fyrir að vélaskemma og vélar sjáist frá vegi. Það sé bæði umhverfisbætandi fyrir ferðamanninn sem á leið hjá og gæfi ábúendum meiri frið með sitt. Þá hafi bændur aukið skjólbeltagerð við tún, akra og grænmetisgarða til að ná betri uppskeru.

### *Ferðaþjónusta bænda*

Jóhanna kom inn á ferðaþjónustuna og þátt bænda í þeirri uppbyggingu. Sagði hún að með því að bændur hlúðu vel að landinu kæmi það þeim til góða í ferðaþjónustunni.

Þegar landið er farið að líta vel út vekur það áhuga og möguleika á gönguferðum, jeppaferðum og veiðiferðum. Þar þyrfti þó að huga að því sem mikið er í umræðunni eins og utanvegsakstri. Í hestaferðum þyrfti einnig að huga að umhverfi og ásýnd beitarsvæða og úthaga. Auk þess þyrfti að huga að dýra- og plöntulífríkinu – fuglaskoðun, plöntufræði og merkilegum svarðarnautum, heitum laugum, heitum uppsprettum og umhverfinu í kringum þær.

Þá nefndi hún m.a. að sveitaheimsóknir væru að verða algengari t.d. í smalamennskur og nýtingu náttúru til matargerðar s.s. fjallagrös, ber, kræklingur, vatnafiskur, krydd, og sveppir. Ekki mætti raska tegundum, frekar að búa til vistvænlegt umhverfi fyrir þær. Gróður mætti nýta til að lita garn, og í snyrtivörur og sápur.

Þá spurði Jóhanna hvað við ætluðum að selja ferðamönnum.

„Við leggjum mikla áherslu á íslenska náttúru, ósnortið landslag, hreina náttúru, gott vatn og loft. Við viljum að fólk upplifi íslenska náttúru, ekki auðn. Sjái fjölbreytileikann en ekki sandfok. Við viljum að á Íslandi séu bændur sem selja heilnæma vöru til að fæða ferðamanninn, þá skiptir sjálfbær landbúnaður meginmáli.

Það eru bændur sem stunda búskap, landgræðslu og ferðaþjónustu saman og þeir eru sönnun þess að þessir þættir geta farið vel saman ef við tökum ákvörðun um það og vinnum vel,“ sagði Jóhanna María Sigmundsdóttir. */HKr*

# Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir




MHG VERSLUN

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

## Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.

Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is.

**Palma Gólflampi**
19901-xx
Fáanlegur í antíklit og stáli.
Jólaverð: 11.900 kr.
Fullt verð: 18.900 kr.



**SIEMENS Bakstursofn**
HB 23AB221S (hvítur)
Hagkvæmur með 67 lítra ofnrými. Fimm ofnaðgerðir.
Jólaverð: 89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



**SIEMENS Kæli- og frystiskápur**
KG 36VUW20 (hvítur)
Orkuflokkur A+.
„crisperBox"-skúffa.
LED-lýsing.
H x b x d:
186 x 60 x 65 sm.
Jólaverð: 74.900 kr.
Fullt verð: 94.900 kr.



**SIEMENS Þvottavél**
WM 14E477DN
Tekur 7 kg, vindur upp í 1400 sn. Mjög stutt kerfi (15 mín.).
Orkuflokkur A+++.
Jólaverð: 84.900 kr.
Fullt verð: 104.900 kr.



Umboðsmenn um land allt.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



## HÓTEL - GISTIEININGAR

TIL AFGREIÐSLU NÆSTA SUMAR

- VANDAÐAR OG HAGKVÆMAR EININGAR
- LYKILLAUSNIR - FULLBÚNAR AÐ INNAN
- KLÁRAR TIL ÚTLEIGU - ALLT TIL ALLS
- ÝMSAR STÆRÐIR Í BOÐI

www.ecoatlas.is

ecoATLAS
STÁLEININGAHÚS

fb.com/ecoatlas.is

ecoAtlas ehf.
Óseyrarbraut 2
220 Hafnarfirði
Sími 864 0177

## Gamli traktorinn



# Güldner – þýsk eðalvél frá því fyrir tíma koltvísýringsmælinga

**Þýskar vélar þóttu lengi með þeim bestu í heimi, traustar og áreiðanlegar. Wolkswagen-hneykslið fyrr á þessu ári hefur reyndar dregið verulega úr tiltrú margra á þýskri tækni.**



Árið 1904 stofnuðu þjóðverjarnir Hugo Güldner og Carl von Linde fyrirtæki sem fékk nafnið Güldner-Motoren – Gesellschaft mbH og ætlað var að smíða dísilvélar. Reksturinn gekk þokkalega og á fyrstu árum fyrirtækisins smíðaði það dísilvélar af ýmsum stærðum. Allt frá fáeinum hestöflum upp í 500 hestöfl.

Á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar framleiddi fyrirtækið aðallega mótora í flugvélar þýska flughersins.



### Fyrsti traktorinn 1938

Fyrsta dráttarvélin sem bar heitið Güldner var kynnt 1938 og sett á markað 1940. Traktorinn var með lítilli eins strokka vél, vatnskældur og 20 hestöfl og ekki ósvipaður dráttarvélum sem aðrir þýskir framleiðendur eins og Fahr framleiddu á sama tíma. Týpan kallaðist A20 og þótti einföld og þægileg í notkun.



Reyndar var eitt af aðalsmerkjum Güldner að fyrirtækið átti strax frá upphafi gott samstarf við aðra þýska vélaframleiðendur og hannaði ýmsar tæknilausnir í samvinnu við þau.

Fyrirtækið smíðaði mótora fyrir Fahr á fyrstu árum seinni heimsstyrjaldarinnar en verksmiðjur Güldner voru jafnaðar við jörðu í loftárásum á Þýskaland þegar leið á stríðið.

### Risið úr rústum

Eftir að styrjöldinni lauk reis Güldner-dráttarvélaframleiðandinn úr rústunum eins og fuglinn Fönix úr öskunni. Árið 1948 hóf það hönnun á nýjum traktor sem kom á markað 1951 og kallaðist AF15.

F-ið í nafninu stóð fyrir Four Speed eða fjórir gírar. Traktorinn var með háu og lágu drifi og 16 hestafla fjögurra strokka dísilvél.

Breytingar hjá Güldner voru tíðar á þessum tíma. Árið 1953 var ADN-týpan sett á markað. Tveggja strokka og 16 hestöfl sem frá 1959 var fáanleg fimm gíra. Í kjölfarið fylgdu týpur sem fengu nöfn eins og AZK og ABN.

Fram til þessa höfðu allar dráttarvélar frá Güldner verið grænar að lit en árið 1959 kom A2B-týpan á markað sem var rauð og fjórum árum seinna A3K sem líka var rauð. Báðar þessar týpur voru 25 hestöfl. Litaskiptin voru vísbending um eigendaskipti á fyrirtækinu.

### Framleiddir til 1969

Í lok sjötta áratugarins smíðaði Güldner alla mótora fyrir dráttarvélaframleiðandann Farh og fór svo að lokum að Fahr yfirtók fyrirtækið árið 1962. Síðustu traktorarnir sem var framleiddir voru undir vörumerki Güldner kölluðust G30, G35, G40. Framleiðslu þeirra var hætt 1969.




Varahlutir voru fáanlegir til 1989 þegar Güldner hvarf alfarið af sjónarsviðinu nema sem fornmunur eftir samrunna Fahr og Deutz.

Frá upphafi til endaloka voru framleiddir um 100.000 dráttarvélar undir heiti Güldner. */VH*

Utan úr heimi

**Líftækni:**

# Stærsta dýraklónaverksmiðja í heimi reist í Kína

## – mun hefja fjöldaframleiðslu á nautgripum úr fósturvísum um mitt ár 2016

**Kínverska fyrirtækið BoyaLife mun hefja fjöldaframleiðslu á nautgripum úr fósturvísum um mitt ár 2016. Forsvarsmenn fyrirtækisins segja möguleikana óendanlega og til standi í framtíðinni að klóna leitarhunda, veðhlaupahesta og dýr í útrýmingarhættu.**

BoyaLife er stærsta fyrirtæki sinnar gerðar í heiminum og fyrsta verkefni þess verður að setja á markað um eitt hundrað þúsund klónaða fósturvísa úr úrvals nautgripum. Klónun af slíkri stærðargráðu hefur aldrei verið framkvæmd áður.



Kínverska fyrirtækið BoyaLife mun hefja fjöldaframleiðslu á nautgripum úr fósturvísum um mitt ár 2016.

### Vaxandi eftirspurn eftir nautakjöti

Framleiðsla fósturvísanna verður í 14 þúsund fermetra rannsóknarstofu og er ætlað að koma á móts við vaxandi eftirspurn eftir nautakjöti í Kína.

Bandaríska matvælaeftirlitið hefur leyft sölu á kjöti og mjólkurafurðum frá klónuðum nautgripum frá árinu 2008 en magnið er einungis brot af því sem BoyaLife ætlar að framleiða.

Heilbrigðiseftirlit Evrópusambandsins hefur gefið út yfirlýsingu um að enginn sannanlegur munur sé á kjöti eða mjólkurafurðum klónaðra og annarra nautgripa. Eftirlitið hefur aftur á móti lýst áhyggjum sínum af dýravelferð þegar kemur að eldi klónaðra dýra.

### Endalausir möguleikar

Forsvarsmenn BoyaLife segja að klónun nautgripa sé bara fyrsta skrefið í því á næstu árum ætli fyrirtækið að klóna leitarhunda, veðhlaupahesta og dýr í útrýmingarhættu eins og pandabirni. Fyrirtækið ætlar einnig að bjóða gæludýraeigendum upp á slíka þjónustu ef gæludýrið fellur frá.



Kínverjar bjóða gæludýraeigendum upp á klónað eintak ef gæludýrið fellur frá.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem vísindamenn í Kína leggja fyrir sig klónun því þeir hafa verið að klóna nautgripi, kindur og svín í tæp tuttugu ár. Stærðargráðan hefur bara verið minni.

### Smáhundar og menn

BoyaLife er rekið í samvinnu við suður-kórenska líftæknifyrirtækið Sooam Biotech sem er í eigu manns sem heitir Hwang Woo-suk en iðulega kallaður konungur klónunar.

Árið 2006 var Hwang Woo-suk fundinn sekur um svik og alvarleg brot á siðareglum þegar hann gerði tilraunir með klónun með fósturvísum úr mönnum. Fyrirtæki hans hefur að hluta til fjármagnað rekstur sinn og rannsóknir síðan með klónun á smáhundum og öðrum gæludýrum.

### Dvergsvín sem gæludýr

Annað kínverskt fyrirtæki, Beijing Genomics Institute, hefur með hjálp erfðatækni framleitt það sem þeir kalla míkró-svín eða dvergsvín og er hugmyndin að setja þau á markað sem gæludýr á næstunni. Dvergsvínin verða ekki meira en 15 kíló að þyngd og þykja ekki síður krúttleg en kjölturakkar. */VH*

Umhverfismál:

# Meðalhiti í heiminum 2015 sá hæsti frá upphafi mælinga

**Samantekt á hitatölum frá veðurstöðvum víða um heim benda til að meðalhiti árið 2015 verði sá hæsti frá upphafi mælinga.**

Mælingarnar sýna að hitastig síðustu tólf mánaða er hærra en nokkru sinni áður og að meðalhitinn á jörðinni hafi hækkað öll árin frá 2011 til 2015. Ástæða hækkunarinnar er rakin til veðurfyrirbærisins El Nino og losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum sem valda hækkun á lofthita.



### 0,73° á Celsíus hærra en í viðmiðunarárum

Samkvæmt því sem segir í yfirlýsingu frá Alþjóðaveðurfræðistofnunni var hiti 2015 við jarðvegsyfirborð 0,73° á Celsíus hærri en meðaltal áranna 1961 til 1990 og 1° á Celsíus hærri en meðaltal á Bretlandseyjum árin 1880 til 1899.

Mælingar sýna einnig að magn koltvísýrings í andrúmslofti hefur náð nýjum hæðum og að síðastliðið vor hafi magn þess farið í fyrsta skiptið yfir 400 hluta úr milljón á norðurhveli.

### Mörg met slegin

Að mati Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar er líklegt að fjöldi ólíkra hitameta verði sleginn árið 2015. Þar á meðal er líklegt að hiti sjávar verði sá hæsti frá upphafi mælinga. Samanburður á hitatölum undanfarinna áratuga þykja sanna að brennsla á jarðefnaeldsneyti og losun koltvísýrings vegna þess sé helsti orsaka valdur hlýnunarinnar. Auk þess sem hlýnun af völdum El Nino hefur verið óvenjumikil á yfirstandandi ári. Spár gera ráð fyrir að fyrirbærið El Nino muni verða enn öflugra árið 2016 og að enn eitt hitametið verði slegið á næsta ári.

### Hitabylgjur verða algengar 2016

Búast má við að hitabylgjur muni valda vandræðum víða um heim á næsta ári. Til dæmis í Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum og að á svæðum á Indlandi geti hitinn farið yfir 45° á Celsíus í langan tíma í einu.

Niðurstöðurnar eru birtar í tengslum við loftslagsráðstefnuna í París.

*/VH*


18
24–25
40
Bændablaðið
31% LANDSMANNA LES BÆNDABLAÐIÐ AÐ STAÐALDRI
HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2014.
BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.
HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?
SÍMI 563-0300 | BBL.IS


BÚFRÆÐI
ERTU AÐ HUGSA UM AÐ FARA Í BÚFRÆÐINÁM?
Markmið búfræðináms er að auka þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf, ekki síst á sviði rekstrar, bútækni, jarð- og búfjárræktar.
Kynntu þér breyttar forkröfur á heimasíðu Lbhí/búfræði.
BÚVÍSINDI
HESTAFRÆÐI
SKÓGFRÆÐI & LANDGRÆÐSLA
NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI
UMHVERFIS-SKIPULAG
FRAMHALDSNÁM
STARFS- & ENDURMENNTUN
Landbúnaðarháskóli Íslands
HÁSKÓLI LÍFS & LANDS
WWW.LBHI.IS | LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS | HVANNEYRI, 311 BORGARNESI | 433 5000 | LBHI@LBHI.IS


KORNAX
HVEITI
KORNAX
- hveitið í jólabaksturinn -
Veljum íslenskt ...og allir vinna


NETFLUGELDAR.IS
Fjölskyldutilboð aðeins 11.970kr
FJÖLSKYLDUTERTAN 25 skot
Sendum hvert á land sem er með Landflutningum!
FJÖLSKYLDUTILBOÐ!
Innifalið: Fjölskyldupakkinn, Fjölskyldutertan, Miðnæturraketta og öryggisgleraugu
RISATERTUPAKKINN
RISA! Tertupakkinn 61 skot
RISA! Tertupakkinn 126 skot
RISA! Tertupakkinn 336 skot
KRAKKAPAKKINN
Krakkapakkinn 5.500kr 125 stk í pakkanum
Rakettupakki 3.900kr 12 rakettur
FJÓRAR FLOTTAR STÓRAR TERTUR -MISMUNANDI EFFEKTAR
RISA tertupakkinn 38.900kr
Í FYRRA SELDIST ALLT UPP!
PANTAÐU TÍMANLEGA Á WWW.NETFLUGELDAR.IS
SKOÐIÐ FLEIRI SPENNANDI TILBOÐ Á HEIMASÍÐUNNI!



Aðstæður fólksins eru víða mjög slæmar, launin undir lögbundnum lágmarkslaunum og svo lág að í mörgum tilfellum nægja þau ekki fyrir nauðþurftum. Mynd / VH

# Te – milljón bollar á mínútu

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

**Te er annar vinsælasti drykkur í heiminum á eftir vatni. Fjöldi plantna er notaður til að búa til te eins og minta og blóðberg. Að þessu sinni skal athyglinni beint að terunnanum *Camellia sinensis* og ræktun á honum.**

Heildarframleiðsla á te af terunnum árið 2014 var rúm 5 milljón tonn. Talið er að ríflega milljón bollar af tei séu drukknir í heiminum á hverri mínútu allan sólarhringinn, allan ársins hring.

Framleiðslan í Kína var tæp tvö milljón tonn eða um 40% heimsframleiðslunnar og Kína það land sem ræktar mest af tei í heiminum. Indland er í öðru sæti og framleiddi tæplega 1,2 milljónir tonna, Kenía er í þriðja sæti með 445 þúsund tonn, Sri Lanka er í fjórða sæti með tæplega 340 þúsund tonn og Tyrkland í því fimmta og framleiddi 175 þúsund tonn árið 2014. Löndin í sjötta til tíunda sæti eru Indónesía, Víetnam, Japan, Íran og Argentína sem framleiddu frá 157 og niður í 70 þúsund tonn.

### *Tyrkir drekka mest af tei*

Kenía er það land í heiminum sem flutti út mest af tei árið 2014, eða rétt tæp 423 þúsund tonn, Sri Lanka er næstöflugasti útflytjandinn, 318 þúsund tonn. Útflutningstekjur þessara landa byggja að stórum hluta á tei. Kína er í þriðja sæti með rúm 301 þúsund tonn, Indland í fjórða sæti, 208 þúsund og í fimmta sæti er Indónesía sem flutti út 68 þúsund tonn af tei árið 2014.

Neysla á mann af tei í heiminum ári 2014 var mest í Tyrklandi um 7,5 kíló, næstmest er hún í Marokkó, 4,3 kíló, síðan á Írlandi 3,2 kíló. Íbúar á eyjunni Máritíus eru þokkalegir




Terunninn dafnar best í kaldtempraða- og hitabeltinu þar sem meðalúrkoma er ríflega 1.000 millimetrar á ári. Við þannig aðstæður getur plantan vaxið upp í 3.000 metra hæð. Mynd / VH

tesvelgir og neyta um 3,2 kíló og slá Bretum við sem miðað við höfðatölu eru í fimmta sæti þegar kemur að teneyslu, 2,7 kíló á mann. Þrátt fyrir að Kínverjar framleiði allra þjóða mest af tei og stærstur hluti þess neyttur innanlands eru þeir í 33. sæti þegar kemur að neyslu miðað við höfðatölu og neyta þeir um 82 gramma á mann. Samkvæmt sama lista er meðalneysla Íslendinga 19 grömm af tei á ári og þjóð í 92. sæti



Ekki er vitað fyrir víst hvaðan terunninn er upprunninn og plantan þekkist ekki villt í náttúrunni og því um ræktunartegund að ræða.

þegar kemur að tedrykkju og á milli Moldavíu og Namibíu hvað varðar magn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt til landsins 97,2 tonn af tei árið 2014. Í tölum Hagstofunnar er ekki gerður greinarmunur á mismunandi tei og því ólíklegt að eingöngu sé um að ræða þurrkað lauf terunnans.

### *Grasafræði og ræktun*

Teplantan, *Camellia sinensis*, er sígrænt turnlaga tré eða þéttvaxin og runni með dökkbrúnan eða gráleitan börk. Getur náð 17 metra hæð en í ræktun er plöntunni haldið í rúmlega eins metra hæð með klippingu.

Te er með eftir aðstæðum stólparót eða öfluga trefjarót sem leitar allt að þrjá metra niður í jarðveginn. Laufið leðurkennt og stakstætt, ljósgræn og smáhærð á neðraborði. Lensu- eða egglaga og smátennt. Milli 4 og 15 sentímetrar á lengd og 2 til 5 á breidd eftir yrkju. Blómstra við blaðöxl. Blómin tvíkynja, ilmandi, hvít og gul með 7 eða 8 krónublöðum, 2 til 4 sentímetrar í þvermál. Hvert blóm ber allt að 200 frævla en eina frævu. Sérstæð eða tvö og fjögur saman í hnapp. Frjóvgast með vindi eða skordýrum. Það tekur plöntuna um átta ár að vaxa upp af fræi þar til hún blómstrar og myndar aldin. Aldinið, brúnt, með þunnri en harðri skurn og inni í því eitt til fjögur fræ. Fræ terunnans eru 0,8 til 1,6 sentímetri í ummál, svipuð Ora-baun að stærð. Þau eru fitu- og trefjarík og með hátt sykurinnihald.

Dafnar best í kaldtempraða- og hitabeltinu þar sem meðalúrkoma er ríflega 1000 millimetrar á ári. Við þannig aðstæður getur plantan vaxið upp í 3.000 metra hæð. Mest framleiðsla á te er milli 40° norðlægrar og 33° suðlægrar breiddar. Sum yrki þola allt að mínus 5° áður en þær drepast.

Talsvert af pöddum, sveppum, bakteríum og vírusum sækja á terunna og í stórræktun er blanda af varnarefnum notuð til að halda þeim óværum niðri.

Hægt er að hefja nytjar á terunnum tveimur til fimm árum eftir sáningu og hámarks uppskera fæst eftir sjö til tíu ár. Runninn getur hæglega náð rúmlega 100 ára aldri en nytjar af honum eru mestar til fertugs eða sextugs eftir aðstæðum. Vex vel í beinni sól og hálfskugga skóglendis. Kýs rakan, vel framræstan, eilítið sendinn og súran moldarjarðveg.

Við tínslu á tei eru einungis tvö til þrjú efstu blöðin tínd og við góðar aðstæður er hægt að safna laufinu á tveggja vikna fresti. Til að varðveita bragðgæði telaufanna eru þau þurrkuð strax eftir tínslu.

Auk þess sem telauf eru notuð í te er unnið úr þeim bragðefni sem nýtt eru til að bragðbæta áfenga drykki, mjólkurdeserta, sælgæti, kökur og búðinga.

### *Uppruni og saga*

Ættkvíslin *Camellia* telur eitthvað á þriðja hundrað tegundir sem vaxa víða um heim. *C. sinensis* skiptist í fjögur kvæmi *C. sinensis* var. *sinensis*, *C. sinensis* var. *assamica*, *C. sinensis* var. *pubilimba* og C. sinensis var. *dehungensis*.

Tvær af þeim eru *C. sinensis* var. *sinensis* og *C. sinensis* var. *assamica*, mest ræktaðar til teframleiðslu. Sú fyrri í Kína en sú seinni á Sri Lanka og Indlandi.

Ekki er vitað fyrir víst hvaðan terunninn er upprunninn og plantan þekkist ekki villt í náttúrunni og því um ræktunartegund að ræða. Ýmislegt bendir til að *Camellia sinensis* var. *sinensis* reki uppruna sinn til Yunnan-héraðs í Kína og *C. sinensis* var. *assamica* til Assna á Indland og landanna í Suðaustur-Asíu. Í dag er plantan ræktuð á hitabeltissvæðum allt í kringum jörðina. Auk þess sem hún er skrautjurt í görðum á norðlægari slóðum.

Nafnið *Camellia* er í höfuðið á moldóvíska jesúítaprestinum Georg Kamel sem stundaði trúboð og rannsóknir á plöntum á Filippseyjum í lok 17. aldar.

Ræktunaryrki af *C. sinensis* skipta hundruðum en þau helstu kallast *benifuuki, fushun, kanayamidori, meiryoku, saemidori, okumidori og yabukita*.

Talið er að neysla á seyði terunnans hafi fyrst átt sér stað í Yunnan-héraði í Kína og það drukkið í lækningaskyni. Elstu heimildir í Kína benda til að te hafi verið þekkt þar í landi í allt að þrjú þúsund ár fyrir upphaf okkar tímatals. Elstu rituðu heimildir um ræktun terunnans eru aftur á móti mun yngri eða frá því um 40 fyrir Krist.

**Árið 1907 sendi bandarískur tesölumaður út teprufur í litlum pokum sem hengu á spotta. Það var þó ekki fyrr en eftir heimsstyrjöldina seinni að te í tepokum varð söluvara.**



Tedrykkja var orðin almenn í Kína um miðja áttundu öld og þaðan breiddist hún til nágranna landanna, Kóreu, Japan og Víetnam. Þrátt fyrir að te hafi verið drukkið í Himalayafjöllum Indlands varð drykkja þess ekki almenn í landinu fyrr en við hernám Breta og stórræktun þeirra á terunnum þar.

Fyrstu Evrópumenn til að kynnast tei voru portúgalskir trúboðar og kaupmenn sem heimsóttu Kína í byrjun sextándu aldar og kölluðu þeir það chá. Hollenska Austur-Indíafélagið flutti fyrsta tefarminn frá Japan til Evrópu árið 1609. Tedrykkja náði fljótlega vinsældum í hollensku borginni Haag og barst þaðan til Þýskalands, Frakklands og fljótlega með kaupmönnum verstur yfir Atlantshafsála til New York.

Te var í boði á kaffihúsum í London 1657 og þegar hefðarmærin Katrín frá Bragansa í Portúgal giftist Karli II Englandskonungi árið 1662 hófst innreið tedrykkju við ensku hirðina. Vegna þess hvað te var dýrt var það ekki fyrr en í upphafi 18. aldar sem drykkurinn náði verulegri útbreiðslu á Englandi og það voru Englendingar sem fyrstir settu sykur og mjólk út í teið sitt.

Árið 1770 birti framkvæmdastjóri Twining, sem var stórinnflytjandi tes til Englands, grein þar sem hann hélt því fram að íbúar smáþorps skammt frá London lifðu á því að falsa te. Að sögn greinarhöfundar framleiddu þorpsbúar yfir 20 tonn á ári af telíki sem samanstóð af muldu og ristuðu laufi asktrjáa og sauðfjárskít og í sumum tilfellum blómum yllis til að bæta bragðgæðin.

Te átti sinn þátt í sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjanna. Árið 1773 klæddust nokkrir sjálfstæðissinnar indíánaklæðum og fóru um borð í flutningaskip sem var að flytja te. Mennirnir hentu farminum í höfnina í Boston og segir sagan að hún hafi litið út eins og þykk teleðja. Aðgerðin var til að mótmæla háum skatti Breta á tei til Bandaríkjanna og leiddi að lokum til stríðs milli ríkjanna.



**Siðir við tedrykkju eru formfastir víða í Asíu.**



**Þrátt fyrir að tetínsla sé mest með höndum er hún sums staðar vélvædd.**

Smygl á tei frá Kína framhjá einkaleyfi breska Austur-Indíafélagsins leiddi einnig til tveggja stríða milli Breta og Kínverja á nítjándu öld sem kallast ópíumstríðin.

### *Skelfilegar aðstæður teverkafólks*

Reglulega berast fregnir af börnum allt niður í sjö ára aldur sem vinna myrkranna á milli við tetínslu hvort sem það er í Kína, Sri Lanka eða Kenía. Árið 2015 birti BBC úttekt á aðstæðum verkafólks sem starfar við tetínslu og tevinnslu á Indlandi. Teið sem umræðir er notað af mörgum af helstu teframleiðendum í heimi.

Aðstæður fólksins eru víða mjög slæmar, launin undir lögbundnum lágmarkslaunum og svo lág að í fæstum tilfellum nægja þau fyrir nauðþurftum. Börn og fullorðnir úða skordýraeitri og öðrum varnarefnum án hlífðarbúnaðar og eitranir af þeirra völdum tíðar.

Algengt er að fjölskyldur teverkafólksins búi á jörðunum þar sem teið er ræktað. Oft og tíðum er bústaður þess kofaræksni með hripleku þaki og þar er hvorki rafmagn, rennandi vatn né salernisaðstaða. Á einu býlanna voru 464 sameiginleg salerni fyrir 740 heimili, með allt að tíu í heimili, og flest stífluð. Fólkið gerir því þarfir sínar utandyra í opin ræsi eða á milli terunnanna.

### *Bragðbætt og styrkt te*

Misjafnt er milli þjóða hvort fólk kýs að drekka sitt te með eða án bragðefna. Auk þess sem er hægt að fá grænt og svart te. Munurinn á svörtu og grænu tei felst aðallega í þurrkunartíma laufanna. Svart te er þurrkað lengur en grænt og er um 60% heimsframleiðslunnar af tei af terunnum.

Hægt er að fá te með sítrónu-, piparmintu- eða ávaxtabragði. *Jasmín, Darjaeeling* og *Earl Grey* te sem er bragðbætt með bergamótappelsínum sem er súr og perulaga ávöxtur af sítrusætt. Á Sri Lanka þykir gott að krydda te með kanil. Víða í Evrópu er te styrkt með viskíi eða koníaki. Öðrum finnst skipta máli hvort er sett á undan í bollann, teið eða mjólkin.



**Tetínsla á Sri Lanka. Við tínslu á tei eru einungis tvö til þrjú efstu blöðin tínd og við góðar aðstæður er hægt að safna laufinu á tveggja vikna fresti.** Mynd / VH

Hægt er að fá te í lausu eða pressað í kökur. Árið 1907 sendi bandarískur tesölumaður út teprufur í litlum pokum sem hengu á spotta. Viðtakendur prufanna komust fljótlega upp á lag með að stinga pokunum í heitt vatn. Það var þó ekki fyrr en eftir heimsstyrjöldina seinni að te í tepokum varð söluvara.

### *Te á Íslandi*

Danskir embættismenn voru fyrstir til að flytja te til Íslands á fyrri hluta 18. aldar. Vinsældir drykkjarins virðast snemma hafa orðið talsverðar og heldri Íslendingar voru fljótir að koma sér upp tekönnu, bollum og kötlum.

Framan af var fágætt að almenningur ætti slíkt fínerí en í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, sem kom fyrst út 1772, segir: „Te og sykur eru nú orðin svo algengar vörur, að næstum því hver góður bóndi á nú teáhöld.“

Bjarni Pálsson landlæknir, annar höfundur ferðabókarinnar, átti teketil þegar hann lést í Nesi við Seltjörn árið 1779. Hjónin Þorkell og Guðrún í Ketu á Skaga, sem létust árið 1785, áttu teketil, svarta tekönnu úr leir og aðra með tréloki, þrjú bollapör og þrjár teskeiðar. Í eignauppgjöri sextugs bónda á Melrakkasléttu, sem lést sama ár, segir að hann hafi átt stóran teketil úr eir, annan lítinn og tekönnu úr tini.

Í dag er slíkur munaður á hverju heimili og sumir drekka aldrei neitt annað en grænt te úr örþunnum postulínsbollum með litla fingur út í loftið.



**Teflutningar í Kína 1908.**



## Vinnupróf Smalahundafélags Íslands (SFÍ) og International Sheep Dog Society (ISDS):

# Besta úttektin innan ISDS að mati Jim Easton

**Laugardaginn 7. nóvember fóru fram vinnupróf International Sheep Dog Society (ISDS) að Húsatóftum á Skeiðum þar sem félagsmenn Smalahundafélags Íslands (SFÍ) komu saman með hunda sína til þess að fá þá viðurkenna og skráða í ættbók ISDS.**

ISDS eru alþjóðleg samtök sem eiga sér yfir 100 ára sögu og hafa haldið utan um ræktun Border Collie fjárhunda frá upphafi. Það má segja að vinnuprófin hafi verið lokahnykkurinn í aðildarumsókn SFÍ að samtökunum og markar þessi viðburður raunverulegt upphaf okkar að félagasamtökunum og er stórt framfaraskref fyrir greinina.

### *Fulltrúar frá ISDS*

Fyrir hönd ISDS mætti Jim Easton stjórnarformaður til landsins og með honum í för var Judith Sheen framkvæmdastjóri, einnig mætti Susanne Moelgaard Kaarsholm, dýralæknir frá Danmörku, til þess að augnskoða alla þá hunda sem komu í vinnuprófið.

Jim Easton sá um að dæma hundana í vinnuprófinu ásamt fulltrúum sem SFÍ tilnefndi honum til aðstoðar, þá Þorvarð Ingimarsson og Sverri Möller. Vinnuprófið byggðist upp á því að sjá hundana í almennri vinnu við tuttugu kinda hóp án þess að gerð væri krafa um að þeir hefðu hlotið fullkomna tamningu. Þannig var hundurinn dæmdur frekar en eigandinn.

Aðeins hundar sem sýndu ótvíræð einkenni Border Collie við vinnu gátu staðist prófið. Alls voru dæmdir 22 hundar frá 14 eigendum sem allir stóðust prófið og munu því allir fá ISDS skráningu. Þarna var komið saman úrval stofnsins í landinu, bæði gamlar og nýrri blóðlínur. Það er óhætt að segja að þetta séu ræktunarhundar framtíðarinnar og sumir þeirra hafa að sjálfsögðu sannað sig sem slíkir nú þegar.

Eftir vinnuprófið og þegar allir hundar höfðu verið augnskoðaðir fór fram stutt kynning á Hestakránni að Húsatóftum á starfsemi ISDS, þar sem Judith Sheen framkvæmdastjóri fór yfir sögu og hlutverk félagsins og rakti hvernig stjórnskipulag þess er byggt upp. Einnig kynnti hún fyrir



Jim Easton, formaður ISDS, Agnar Ólafsson, Tjörn, Sverrir Möller og Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi. Agnar er að sýna tíkina Mjú.



Skotta frá Daðastöðum, Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi, Jim Easton og Elísabet Gunnarsdóttir, Húsavík. Þarna var Elísabet nýbúin að sýna Skottu.



Aftari röð: Jón Geir Ólafsson, Trausti Hjálmarsson, Elísabet Gunnarsdóttir, Hilmar Sturluson, Aðalsteinn Aðalsteinsson, Þorvarður Ingimarsson, Judith Sheen, Agnar Ólafsson, Jim Easton, Sverrir Möller, Dagbjartur Dagbjartsson, Susanne Moelgaard Karrsholm og Maríus Snær Halldórsson. Fremri röð: Ingvar Hjálmarsson, Sóley Þrastardóttir og Marzibil Erlendsdóttir. Á myndina vantar þrjá smala sem þreyttu prófið, þá Gunnar Guðmundsson, Svan Guðmundsson og Eið Gísla Guðmundsson.



Dagbjartur Dagbjartsson, Ingvar Hjálmarsson, Hilmar Sturluson, Agnar Ólafsson, Halldór Vilhjálmsson og Aðalsteinn Aðalsteinsson.



Sverrir Möller, Ytra-Lóni og Maríus Snær Halldórsson, Hallgilsstöðum.



Dagbjartur Dagbjartsson, Hrísum, Svanur Guðmundsson, Dalsmynni og Sverrir Möller ræða málin.



Jim og Judith við Geysi. Þau voru afar ánægð með ferðina. Hunda og smala sem og land og þjóð.

fundargestum hvernig skráningar á gotum ganga fyrir sig og hvatti fólk til þess að hafa samband við skrifstofuna ef einhverjar spurningar vakna. Félagsmenn munu bæði geta skráð got með því að hafa beint samband við skrifstofuna í Bretlandi eða fyrir milligöngu SFÍ. Eftirfarandi er veffang félagsins; www.isds.org.uk.

***Besta úttektin að mati Jim Easton***

Eftir kynningu Judith tók Jim Easton stjórnarformaður til máls og það er óhætt að segja að sú ræða hafi vakið ánægju viðstaddra. Þar lýsti hann því yfir að úttektin hefði verið sú besta sem hann hefði verið viðstaddur hjá nokkru landi við inngöngu í ISDS og væri þó búinn að vera við margar þeirra. Þar átti hann bæði við gæði hundanna og hversu góð tök fólk hefði á þeim.

Hann var greinilega snortinn yfir því hversu góðan grunn við eigum í okkar Border Collie stofni og hversu öflugir (e. strong) hundarnir væri. Af því tilefni minntist hann þeirra tíma í Bretlandi þegar meira var til af öflugum vinnuhundum heldur en nú er.

Hann sagði frá því hvernig eftirspurn eftir þægilegum (e. soft) hundum hefði haft áhrif á ræktunina í Bretlandi og taldi að menn hafi gengið of langt í því að rækta slíka hunda á kostnað þátta sem eru mikilvægir við raunveruleg og krefjandi verkefni á fjárbúum. Hann hvatti okkur eindregið til þess að halda í þessar gömlu línur af öflugum og ákveðnum hundum sem hér eru og rökstuddi það meðal annars með því hversu lítið væri til af slíkum hundum í dag. Einnig sagði hann: „Þú ræktar ekki harðan hund undan tveimur þægilegum, en þú færð nóg af þægilegum undan hörðum hundum.“ Þá hvatti hann okkur til að senda fulltrúa á Evrópumót fjárhunda (Continental Sheepdog Championship) í Finnlandi í ágúst næstkomandi, á Íslandi væru bæði hundar og smalar sem ættu fullt erindi þangað. Easton rakti einnig sögu og tilurð ISDS og hvernig ræktun fjárhunda þróaðist úr tegundum nokkurra hunda með mismunandi eiginleika í eina tegund sem sameinaði þessa eiginleika og þannig varð til þessi fjárhundategund, Border Collie, sem er í dag þekkt um allan heim fyrir gæði og hæfileika.

Það er einstaklega ánægjulegt að fá svona góða umsögn frá manni eins og Jim Easton sem hefur lifað ævi sem er samofin sögu ISDS. Ræktun Smalahundafélags Íslands byggir enn að stórum hluta á þeim grunni sem Gunnar Einarsson frá Daðastöðum lagði með fyrstu hundunum sem hann flutti inn og því ekki úr vegi að nýta tækifærið og þakka honum fyrir ómetanlegt framlag til fjárhundaræktunarinnar á Íslandi sem og öðrum sem hafa lagt metnað sinn í að flytja inn og rækta góða hunda. Án þeirra væri ræktunin ekki á þeim stað sem hún er í dag.

Einnig vil ég þakka Elísabetu Gunnarsdóttur fyrir að eiga frumkvæði að þessu verkefni og fylgja því í höfn og að lokum vil ég þakka Aðalsteini Aðalsteinssyni og fjölskyldu á Húsatóftum fyrir aðstoðina og frábæra aðstöðu fyrir bæði vinnuprófin sjálf og þátttakendur.

Það er von mín að aðild okkar að ISDS gagnist okkur í framtíðinni og að félagsmenn nýti sér þá möguleika sem í henni felast. Ég tek að sjálfsögðu undir með Jim Easton og hvet til þess að við varðveitum það sem við höfum, á þann hátt gætum við skapað okkur sérstöðu og ekki ólíklegt að hingað yrði leitað frá öðrum löndum eftir ræktunarhundum framtíðarinnar.

*Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi, formaður Smalahundafélags Íslands.*



Jim Easton, Sverrir Möller og Þorvarður Ingimarsson fylgjast með gangi mála.



Judith Sheen, framkvæmdastjóri ISDS, og Susanne Moelgaard Kaarsholm dýralæknir.

# Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki

Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum, sem falla innan þess ramma sem sjóðnum hefur verið settur í bókun með Búnaðarlagsamningi 2013-2017 og með fyrirvara um framlag í fjárlögum 2016

Að Framleiðnisjóður verði leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins m.a. með:

a. Stuðningi við rannsóknarstarf og aðra þekkingaröflun.
b. Stuðningi við nýsköpunar- og þróunarstarf.
c. Stuðningi við sérstakt orkuátak, sem ætlað verði að bæta orkunýtingu og auka hlut innlendrar orku til landbúnaðarnota.
d. Stuðningi við sérstakt átak til að efla og bæta búrekstur. Því verði m.a. ætlað að auka framleiðni, bæta afkomu, stuðla að fjölþættari nýtingu bújarða og fjölga atvinnutækifærum.
e. Stuðli að eflingu kornræktar m.a með stuðningi við gunnfjárfestingar til markaðsfærslu á íslensku korni.

**Kallað er eftir umsóknum frá bændum, samvinnuhópum bænda og aðilum innan rannsókna- og þróunargeirans. Við ákvarðanatöku um úthlutanir undir d-lið njóta forgangs þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni og sem hafa það að markmiði að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra í sveitum. Undir e-lið njóta þau verkefni forgangs sem nýtast á félagslegum grunni.**

**Þá mun sjóðurinn veita styrki til framhaldsnáms (MS eða PhD) á fagsviði sjóðsins.**

**Umsóknafrestur er til 18. janúar 2016 (póststimpill gildir)**

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjóðsins **www.fl.is**, einnig má senda tölvupóst á netfangið **fl@fl.is** eða hringja á skrifstofu sjóðsins í síma 430-4300.
**Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is.**


THALER



FRUM - www.frum.is

THALER „liðléttingar“
Þýsk gæðaframleiðsla
Margar stærðir og útfærslur. Úrval fylgihluta s.s. ýmsar gerðir og breiddir af skóflum, moð- og taðgöfflum, ýtublöðum, heyskerum o.m.fl.
Hafið samband við sölumenn og fáið nánari upplýsingar.
Verð aðeins frá kr. 3,1 millj. + vsk.
VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is



Bændablaðið
Næsta blað kemur út
17. desember






Kerra úr áli frá Humbaur.
2500kg -heildar burður.
303x150 cm pallur.
Verð kr:560.000.- m/VSK og skráningu.
Hægt að fá ýmsa aukahluti : Segl-lok-grindur-agtalista á kanta

Vélakerra úr galvaniseruðu stáli frá Humbaur.
2500kg-300x160cm .Verð kr:890.000.- m/VSK
3000kg-300x160cm .Verð kr:990.000.- m/VSK
3500kg-300x160cm .Verð kr:1.140.000.-m/VSK
Skráning er innfalin í verði.




Kerruvarahlutir og efni nýsmíði



Topplausnir
www.Topplausnir.is - S: 5177718

# Inndjúpið loks fáanlegt á dvd

**Heimildarþættirnir Inndjúpið fjalla um þann litla hóp fólks sem enn stundar hefðbundinn búskap við innanvert Ísafjarðardjúp. Þeir voru sýndir á RÚV vorið 2014, fengu afar góðar viðtökur og voru tilnefndir til Edduverðlauna 2015 - enda greinilegt að taugar Íslendinga til bændasamfélagins eru enn ákaflega sterkar.**

Við Djúp hefur verið blómleg byggð frá landnámi, en íbúum hefur fækkað hratt undanfarna áratugi. Þegar þættirnir voru teknir upp bjuggu þar rétt rúmlega tuttugu manns að vetri, þar af þrjú börn á grunnskólaaldri sem var ekið í skóla 80 kílómetra leið alla daga. „Ég held nú að við séum síðustu móhíkanarnir,“ segir Sigmundur, bóndi á Látrum, í viðtali í einum þættinum, en hann og fjölskylda hans eru nú flutt suður í Kolbeinsstaðahrepp með síðasta kúabúið í Inndjúpinu. Fleiri hafa brugðið búi eða kvatt þessa jarðvist, svo heimildagildi þáttanna er ómetanlegt.






Dagskrárgerðarmennirnir og frænkurnar Ásdís Ólafsdóttir og Þóra Arnórsdóttir ásamt Salvari Baldurssyni, bónda í Vigur.

Frænkurnar Þóra Arnórsdóttir og Ásdís Ólafsdóttir önnuðust dagskrárgerð, en íbúar sýndu þeim fádæma trúnaðartraust þar sem bændum var fylgt sumar jafnt sem vetur, í bústörfum og félagslífi og áhorfandinn fékk innsýn í það hversu mikil forréttindi það eru að fá að yrkja jörðina þar sem maður er borinn og barnfæddur. Náttúrufegurðin við Djúp fær líka að njóta sín, en þar liggja ef til vill framtíðarmöguleikar landsvæðisins. Ferðaþjónustu hefur vaxið þar fiskur um hrygg eins og víða annars staðar.

Nú verða þættirnir loks gerðir aðgengilegir, en þeir koma út á dvd þann 3. desember. Þeir eru bæði með enskum og íslenskum texta, svo Aðalsteinn á Strandseljum, Finnbogi í Hörgshlíð, Ragna á Laugabóli, Maja í Ögri, Salvar í Vigur og allir hinir fróðu og skemmtilegu Djúpmennirnir stefna ótrauðir á útrás og heimsfrægð.





## Stór umhverfismál sett í samhengi:

# Hugleiðingar eftir aðildarríkjafund eyðimerkursamnings Sameinuðu þjóðanna

**Þann 12.-24. október sl. fór fram aðildarríkjaþing samnings Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun eða „eyðimerkursamninginn“ (UN-CCD) í Ankara í Tyrklandi.**

Fyrir Íslands hönd sóttu fundinn undirritaður, sem er tengiliður Íslands við samninginn, Benedikt Höskuldsson, deildarstjóri auðlinda- og umhverfismála í utanríkisráðuneytinu, auk þess sem Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra mætti til þingsins og tók þátt í hringborðsumræðum. Hafdís Hanna Ægisdóttir, skólastjóri Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sat þingið að hluta sem fulltrúi skólans. Eyðimerkursamningur Sþ er einn þeirra þriggja mikilvægu samninga Sameinuðu þjóðanna er taka á umhverfismálum heimsins og urðu til í kjölfar Rio-fundarins um sjálfbæra þróun árið 1992. Hinir eru rammasamningurinn um aðgerðir til að draga úr loftslagsbreytingum eða loftslagssamningurinn (UN-FCCC) og samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (UN-CBD).

Á þinginu var m.a. rætt um tengsl samningsins við nýsamþykkt heimsmarkmið um sjálfbæra þróun en eitt heimsmarkmiðanna er tileinkað verndun, endurheimt og sjálfbærri nýtingu lands og stöðvun landeyðingar, markmið 15. Markmiðið kveður t.a.m. á um að fyrir árið 2030 eigi að græða upp að minnsta kosti jafn mikið land og eyðist á hverju ári, e.k. landhnignunarhlutleysi. Þetta er metnaðarfullt markmið því árið 2030 er handan við hornið og gríðarleg vandamál tengd landhnignun á heimsvísu, árlega eyðast um 12 milljón hektarar lands. Samþykkt var á þinginu að hver og ein þjóð geti, að eigin frumkvæði, sett sér markmið um landhnignunarhlutleysi innan eigin ríkis. Markmiðið hefur því ekki alþjóðlegar skuldbindingar í för með sér.

Á þinginu var fjallað um tengsl stóru samninganna þriggja og hvernig megi tengja áherslumál þeirra, landeyðingu, loftslagsmál og líffræðilega fjölbreytni, betur saman. Þetta þekkjum við Íslendingar vel því við höfum um langa hríð unnið að því að auka og efla líffræðilega fjölbreytni með uppgræðslu örfoka lands og með auknum gróðri aukið bindingu kolefnis úr andrúmslofti. Þar er því ágætis dæmi um hvernig markmið þessara þriggja samninga geta unnið saman. Fátt stuðlar að meiri losun kolefnis út í andrúmsloftið en landhnignun og að sama skapi hefur landhnignun verulega neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Eins hafa loftslagsbreytingar nú þegar aukið hnignun lands og eyðimerkurmyndun. Landnýting er því hluti af vandamálinu og lausninni.

Alþjóðlegur samningur eins og eyðimerkursamningur Sþ er þannig í eðli sínu að breytingar eru yfirleitt fremur hægar þar sem aðilarþjóðir hafa æði mikið um það að segja hvernig samningurinn er útfærður. Þetta gerir það að verkum að sumir eru fullir óþreyju að málum vindi fram, aðrir leggja áherslu á að standa vörð um fullveldi sitt og ákvörðunarvald til að nýta auðlindir sínar. Það eru þekkt stef í alþjóðasamningum.

Það er hins vegar svo að frá stofnun samningsins hefur margt breyst og mátti heyra á fulltrúum þjóða að æ fleiri geri sér grein fyrir áskorunum og afleiðingum landhnignunar og láti að sér kveða. Þetta á ekki síst við félagasamtök hvers konar, samfélög lítil og stór og nú hafa einkaaðilar margir hverjir séð tækifæri í að endurheimta land. Vissulega sumir með annarlegar hvatir að baki s.s. að ná yfirráðum yfir landi (e: land grabbing) en aðrir með heilbrigðari viðskiptahætti að leiðarljósi. Í þessu geta falist mikil tækifæri. Eins eru margir þeirrar skoðunar að samþykkt heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun og möguleg áhrif nýs samnings um loftslagsmál muni hreyfa við málum er snerta land.

### *En hvað er þá að gerast?*

Í öllum heimsálfum eru fjölmörg verkefni í gangi sem snúa að endurheimt landgæða. Nálgun að þeim má að mestu skipta í þrennt: a) endurheimt með e.k. ræktun í huga t.d. akuryrkju, b) endurheimt með blandaðan tilgang t.d. beit og ræktun oftast með trjá- eða skógrækt í bland, c) endurheimt náttúrlegra vistkerfa. Eins færist í vöxt að endurheimtarverkefni séu skipulögð m.t.t. landslags og/eða vatnasviða og þá oft með fjölþætta þjónustu vistkerfa (e: ecosystem services) sem markmið. Meðal markmiða eru t.d. aukið þanþol vistkerfa og samfélaga gagnvart umhverfisbreytingum. Þetta má telja afar mikilvæg markmið í ljósi t.d. loftslagsbreytinga. Það er hins vegar ekki nóg að endurheimta land því nýting þarf að vera sjálfbær, hver sem hún er, og það meginsjónarmið er rauður þráður í gegnum allt sem fjallað er um varðandi eyðimerkursamninginn. Það segir sig sennilega sjálft.

Algengt stef á stórum fundi eins og aðildarríkjaþingi alþjóðasamnings er að stefnur stjórnvalda ríkis gangi oft í berhögg hver við aðra. Stefna um landbúnað eða jarðefna- og orkuvinnslu stangast á við stefnu um sjálfbæra auðlindanýtingu og stofnanir vinna hver í sínu „sílói“ eins og það er kallað. Þetta er því alþjóðlegt viðfangsefni og áskorunin er að samþætta, nú eða sameina, stefnur og stofnanir.

Mikil áhersla er á það innan eyðimerkursamningsins að endurheimtarverkefni séu unnin af og að frumkvæði þeirra sem hafa umsjón með landinu, hvort sem sú umsjón er í formi eignarhalds eða óformlegri réttinda. Það var gaman að heyra hversu mörg verkefni byggja á þessari þátttökunálgun og fela jafnframt í sér nýsköpun, nýjar leiðir í landnotkun, sem tryggja þeim sem landið nýta betri afkomu.

### *Staða Íslands*

Ísland fellur ekki innan þess svæðis sem skilgreint er sem viðfangsefni samningsins en það eru þurrustu svæði jarðar. Við berum því litlar skyldur gagnvart honum. Hins vegar er ljóst að reynsla okkar af mikilli jarðvegseyðingu og auðnamyndun er að mörgu leyti einstök meðal landa utan eyðimerkursvæða og vekur því ætíð athygli þegar henni er lýst í orði og ekki síst myndum. Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem starfar hér á landi á einmitt rætur sínar að rekja til öflugs starfs hér á landi við varnir gegn gróður- og jarðvegseyðingu og endurheimt landgæða og er skólinn vettvangur fræðslu og skoðanaskipta – þvert á þjóðir og heimsálfur. Skólinn vekur hvarvetna eftirtekt og fær góðan vitnisburð frá þeim sem hann hafa sótt og síðan haldið aftur heim til starfa á þessum vettvangi.

Það má fullyrða að við getum lært ýmislegt af þeim þjóðum sem mest hafa lagt á sig síðustu ár í að þróa skipulagningu og aðferðir við endurheimt. Hér á landi skortir t.d. heildar stefnumörkun varðandi endurheimt landgæða. Í gildi eru lög um landgræðslu frá 1965 og um skógrækt frá 1955 sem bæði þarfnast endurnýjunar og stendur sú vinna nú yfir í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Engin landsáætlun um endurheimt landgæða er í gildi eða hefur stoð í lögum. Hins vegar má sjá nýja nálgun við endurheimt vistkerfa í Hekluskógum þar sem tekið er fyrir stórt landsvæði með markmið um endurheimt birkiskóga og aukið þol gegn náttúruvá (eldgosum og veðrum) og margvíslega aðra vistkerfaþjónustu. Slíkt verkefni kemur öllu samfélaginu til góða, til framtíðar, og ætti að skoða þessa nálgun víðar á landinu.

Íslendingar geta því lagst á árar með öðrum þjóðum, uppfyllt markmið um landhnignunarhlutleysi og sett sér síðan enn metnaðarfyllri markmið, vinna áætlun um hvernig markmiðum skuli náð og virkja þjóðina til að vinna að þeim markmiðum.

***Björn Helgi Barkarson,***
*sérfræðingur á skrifstofu landgæða, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu*

## Lesendabás



Verðandi hestamenn á reiðnámskeiði í Reykjavík. Mynd / HKr

# Er hrossarækt búfjárrækt eða ekki?

**Þegar markmiðslýsing ræktunarstefnu um íslenska hestinn er skoðuð hljóðar fyrsta setningin svona: „Heilbrigði, frjósemi, ending. Hið opinbera ræktunarmark miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest – hraustan íslenskan hest. „ Göfugt markmið og áreiðanlega allir sammála um að þetta sé rétt stefna.**

Sjálfur er ég mikill áhugamaður um búfjárrækt almennt, hvort sem við kemur hrossum, sauðfé, kúm, hundum, hænum, svínum eða hverri annarri dýrategund. Almennt finnst mér búfjárrækt göfugt markmið allra þeirra sem dýrahald stunda. Ræktun er fólki í blóð borin hvort sem er í dýra- eða jurtaríki og er unun oft að sjá hversu mikla alúð fólk leggur í sín ræktunarverk.

Fyrir rúmum 20 árum síðan fluttti ég í ræðu og ritum varnaðarorð til íslenskrar hrossaræktar um að viðhalda yrði frjósemi íslenska hestsins. Þá voru uppi hættumerki um stóðhesta sem ekki voru nógu frjósamir með tilliti til sæðisgæða. Þær viðvaranir voru byggðar á rannsóknum sem gerðar voru á sæðisgæðum vinsælla hesta þess tíma.

Allir voru sammála um að þennan eiginleika íslenska hestsins yrði að varðveita en forsvarsmönnum hrossaræktarinnar hefur enn í dag ekki auðnast sú sýn að snúa vörn í sókn. Á hverju ári bætast stóðhestar í hóp ræktunarhesta sem eru illa frjóir og jafnvel getulausir til framræktunar. Sumir þessara hesta eru hæst dæmdu kynbótagripr íslenskrar hrossaræktar og eigendur hryssna flykkjast í stríðum straumum um að komast undir þá með með sína bestu gripi. Vonbrigði hryssueigendanna birtast mér í mínu starfi á hverjum degi þegar hryssurnar reynast tómar efir að hafa gengið með þessum hátt dæmdu hestum, jafnvel allt sumarið.

Hugsum aðeins og spyrjum okkur hvort við séum á réttri braut. Hvað segja komandi kynslóðir um verk okkar samtíma ef við höldum svona áfram. Mín skoðun er sú að sagt verði, hvaða kjánar voru þarna við völd. Ef við gerum ekki strangari kröfur um frjósemi en nú eru viðhafðar í dag þá getum við gleymt því að íslenski hesturinn verði talinn frjósamur í framtíðnni. Hnignun frjóseminnar er staðreynd sem löngu er hafin og við verðum að gera eitthvað í málinu.

Þá spyrja menn hvað skal gera. Nokkuð er síðan að kynbótageirinn hóf skoðun á eistum hesta sem koma til dóms. Þetta var stórt skref í rétta átt því þar eru gerðar mælingar á stærð og ummáli eistna, en vísindaleg staðreynd liggur fyrir um hlutfall stærðar og stinnleika eistna í samhenginu sæðismagn og -gæði. Þeir hestar sem hafa stærstu og stinnustu eistun eru líklegastir til að vera með mestu og bestu sæðisgæðin. Þetta er gott viðmið sem við eigum að halda betur á lofti en gert hefur verið en það dugar ekki til og tel ég kröfurnar um lágmörk þessara mælinga af rúmar. Einnig finnst mér það alveg út í hött að t.d. eineystungar skuli ekki hreinlega vera útilokaðir frá ræktun. Þar á ekki að vera um neytt neytendaval að ræða heldur verður þar forsjárhyggja að ráða.

Mín skoðun er sú að við stöndum á þeim tímamótum að nauðsynlegt sé að taka sæðisprufur úr þeim hestum sem hátt eru dæmdir til kynbótadóms og upplýsa þannig ræktendur um sæðisgæði hestanna. Neytendur þjónustunnar (hryssueigendur) eiga fullan rétt á að vita hvort hestar eru í lagi með tilliti til sæðisgæða alveg eins og hvort þeir séu með spatt eða ekki, jafnvel fremur. Tækni til sæðistöku og nákvæmrar greiningar á sæðisgæðum er til staðar í landinu og ætti að nýta til opinberrar birtingar.

Enn í dag er ekki til neinn staðall um lágmarkskröfur sæðismagns og -gæða íslenska hestsins. Út frá öllum þeim upplýsingum sem við eigum um fjölda íslenskra stóðhesta í gegnum tíðina væri það þó ekki mikið mál. Það er til mikið magn upplýsinga bæði hérlendis og erlendis á þessu sviði og tel ég það löngu tímabært að setja slíkar lágmarkskröfur. Kröfurnar yrði einnig að byggja á lágmarkskröfum annarra sambærilegra smáhestakynja í heiminum en víðast hvar eru menn langt á undan okkur í þessum málum.

Hestar sem notaðir eru til sæðinga verða að vera úrvals sæðisgjafar, annað er ekki ásættanlegt. Ef nota á stóðhest í sæðingum þá skulu lágmarkskröfur hans vera þær að sæði hans sé það gott og mikið að kynlöngun sé minni en kyngeta. Tölulega séð þá á að vera hægt að skipta daglegum sæðisskammti þess hests í að lágmarki 6–8 hryssur (helst meira). Með því er átt við að gæði sæðisins séu með þeim hætti að sæðisgjöf hestsins geti fyljað mun fleiri hryssur en hann sjálfur getur annað undir venjulegum kringumstæðum.

Fyrr á árum þegar hrossaræktarfélög- og – sambönd áttu flesta stóðhestana og leigðu girðingar undir þá voru menn búnir að komast að ákveðnum reynsluniðurstöðum um frjósemisárangur hestanna. 25 hryssur (alls ekki fleiri) voru settar í hólf með hesti í 4–6 vikur og þá varð niðurstaðan alla jafna 70–80 % fyljun. Á tímabilinu var ekkert hreyft við hólfunum. Hestarnir voru í góðum haga og næði með hópinnn og sinntu sínu hlutverki.

Nú í dag eru menn jafnvel að setja 40–60 hryssur í hólf með hestum til að sinna eftirspurn. Þetta tel ég rangt og hreinlega vörusvik við kaupendur þjónustunnar. Því til rökstuðnings vil ég minna á eðli hestsins sem hjarðdýrs á gresjum heimsins þar sem fjölskyldur villtra hesta eru aldrei stærri en 6–8 hryssur með folöldum og afkomendum. Það er ekki í eðli stóðhests að geta haldið utan um hóp hryssna sem telja 40–60 stk. auk folalda. Ég er nokkuð viss um að reynslubanki gömlu hrossaræktarsambandanna með 25 hryssur að hámarki í hólfi með stóðhesti var ekki nein tilviljun heldur var hún byggð á áralöngum tölum um hlutfall fæddra folalda og geldra hryssna ári eftir að hestarnir voru notaðir. Menn stunduðu ekki neinar markvissar fangskoðanir þá og ekki var sónartæknin komin.

Aftur að inntaki og titli minnar greinar. Er hrossarækt búfjárrækt eða ekki? Í allri búfjárrækt, einnig í hrossarækt, er frumskilyrði að kynbótagripir séu heilbrigðir með tilliti til frjósemi og má hvergi slaka á þeim kröfum. Hvort stóðhestarnir eru með frábæra byggingu út frá fagurfræðilegu sjónarmiði, þeir séu með fótlyftu sem heilli hvern mann og geti tölt eða skeiðað á svo ótrúlegan hátt að menn hafi aldrei séð annað eins skiptir ekki máli ef þeir eru ekki frjóir.

Sú staðreynd blasir við að nokkrir af hæst dæmdu stóðhestum nútímans eru ekki að standa sig í frjósemi og það er ekki í lagi.

***Páll Stefánsson**, dýralæknir.*








**Land í Skagafirði**

Til sölu er eignin Hamraborg, 78 ha land í vestanverðu Hegranesi í Skagafirði. Á jörðinni

er 119,6 m2 íbúðarhús byggt 1993 og vönduð vélaskemma sem er 56,7 m2 auk 36,6 m2 kjallara.

**Fasteignasala Sauðárkróks**
**Ágúst Guðmundsson löggiltur fasteignasali**
**Sími 453 5900 & 864 5889**
**fasteignir@ krokurinn.is / krokurinn.is**



E-vítamín
er alger snilld fyrir húðina!




**Dr. Organic E-Vítamín krem** er 100% lífrænt, án allra kemískra efna. Línan inniheldur E-vítamín, Aloe Vera, Coco Butter og Shea Butter. E-vítamín línan er ennfremur án allra ilm- og rotvarnarefna.

Þetta dásamlega silkimjúka krem hefur einstaka eiginleika til að:

- **Endurnýjar húðfrumurnar og dregur úr hrukkum**
- **Lagfærir ör og slit**
- **Hentar einkar vel fyrir eldri og mjög þurra húð.**
- **Nærir húðina og gefur henni frískandi útlit**
- **Húðina verður endurnærð allan daginn**

**Fæst í Lyfju, Apótekinu og Heilsuhúsinu**

**Íslenskur landbúnaður og velferð búfjár – Meistararitgerð Önnu Berg Samúelsdóttur:**

# Viðhorf almennings, birtingarmynd hagsmunaaðila og kauphegðun neytenda

**Nú á haustdögum, 30. september sl., varði ég ritgerð mína til meistaraprófs í landfræði við Háskóla Íslands. Ritgerðin ber titilinn „Íslenskur landbúnaður og velferð búfjár: Viðhorf almennings, birtingarmynd hagsmunaaðila og kauphegðun neytenda“.**

Ég kannaði viðhorf neytenda til íslensks landbúnaðar og velferð búfjár og hvort viðhorfin haldist í hendur við innkaupahegðunina. Leiðbeinendur verkefnisins voru þau Karl Benediktsson, prófessor í landfræði, og Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í landfræði við Háskóla Íslands. Prófdómari var dr. Ólafur Dýrmundsson búfjárfræðingur.

### *Efnistök rannsóknar*

Meistararannsóknin var unnin með aðferðarfræði eigindlegra rannsókna, sem mikið eru notaðar í félagsvísindum, og byggir að stofni til á viðtölum við ellefu einstaklinga. Þátttakendurnir áttu það allir sameiginlegt að vera virkir í heimilishaldi og sjá um innkaup og eldamennsku.

Birtingarmynd hagsmunaaðila var einnig greind og þá út frá kynningarefni þeirra til þess að skoða mætti samhengi þeirrar ímyndar sem þar birtist og ímyndar viðmælenda af íslenskum landbúnaði. Þá var þróun í lögum og reglugerðum á Íslandi er varða velferð búfjár skoðuð, ásamt þróun í aðbúnaði búfjár til þess að hægt væri að meta stöðu dýravelferðar hér á landi.

Í þessari grein verður einungis fjallað um þann hluta niðurstaðnanna er tengist viðhorfum og kauphegðun þátttakendanna á íslenskum búfjárafurðum.

### *Upphafið*

Það var aldrei vafi á efnisvali lokaritgerðar til meistaragráðu þar sem íslenskur landbúnaður og velferð búfjár er mér afar hugleikið efni. Einnig var óvænt mótspyrna frá einstaklingum innan menntastofnunar landbúnaðarins í upphafi verkefnisins varðandi efnistök og aðferðarfræði rannsóknarinnar staðfesting á mikilvægi þessarar rannsóknar. Meðbyr og áhugi leiðbeinanda míns við Háskóla Íslands er ástæða þess að rannsókn þessi varð að veruleika.

Í grunninn er ég búfræðingur að mennt frá Hólum í Hjaltadal, 1989–1991, tók landbúnaðartæknifræðipróf frá Dalum Landbrugsskole 2005–2007, BS-gráðu í náttúrufræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands 2007–2010 og nú að síðustu hef ég lokið meistaraprófi í landfræði frá Háskóla Íslands.

### *Ímynd íslensks landbúnaðar*

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að neytendur hafi þá ímynd af íslenskum landbúnaði að hann sé hreinn og náttúrulegur og að frelsi og velferð búfjár sé almennt mikil. Íslenskt sauðfé var talið njóta hámarkslífsgæða vegna sumardvalar á heiðum en alifuglar og svín lökustu lífsgæðanna vegna inniveru sinnar. Lykilþættir í velferð búfjár var að mati viðmælendanna nægilegt fóður, gott rými, útivist og gott atlæti. Útivist kúa hafði hér sérstöðu og viðbrögð sumra við því að kúm væri ekki hleypt út á sumrin voru sterk, eða eins og einn viðmælandinn orðaði það, að hleypa þeim ekki út er „mannréttindabrot á kúm“.

Viðbrögð yfirvalda við brotum á velferð og réttindum dýra voru talin í ólestri. Kerfið sé óskilvirkt og svíki skepnurnar þegar vandamál komi upp.

### *Viðhorf og veruleikinn*

Viðhorf viðmælenda til verksmiðjubúskapar, það að ala skepnur innandyra, var að við slíkar aðstæður væri skepnum búnar óviðunandi aðstæður en á sama tíma sé þetta nauðsynlegt. Viðmælendurnir töldu að hér á landi væri lítið um slíkan landbúnað nema þá helst í alifugla- og svínaeldi. Að mati þeirra var íslenskur landbúnaður góður eins og í gamla daga þar sem skepnur voru frjálsar eða að minnsta kosti lömbin á sumrin.

Viðhorfin til íslensks landbúnaðar voru ekki í samræmi við veruleikann í dag, þar sem almenn þekking er einungis á tveimur framleiðslugreinum af sex. En sauðfjárrækt og mjólkurframleiðsla telja einungis tvær búfjártegundir af þeim sex sem eru ræktaðar til manneldis hér



**Anna Berg Samúelsdóttir.**

á landi (sjö sé eldi nautgripa aðskilið frá mjólkurframleiðslunni). Þessi eldisdýr eru alifuglar (varphænsn og eldisfugl), hross, nautgripir (eldisnaut og mjólkurkýr), sauðfé, svín og minkur (loðfeldur í klæði). Af þessum tegundum eru einungis þrjár búfjártegundir, mjólkurkýr, hross og sauðfé, sem eiga skýlausan rétt á útivist að mati viðmælenda. Hinar fjórar búgreinarnar eru samkvæmt skilgreiningu þeirra sjálfra verksmiðjubúskapur. Þarna komast viðmælendur í mótsögn við sjálfan sig og það almenna viðhorf sitt að íslenskur landbúnaður sé góður og þar sé velferð skepna mikil.

### *Kynning hagsmunaaðila*

Viðhorf viðmælendanna voru í samræmi við þá ímynd sem hagsmunaaðilar í landbúnaði velja að birta í kynningarefni sínu. Á heimasíðum og í kynningarefni afurðastöðvanna (mjólkur- og kjötvinnsla) er sterk tenging við íslenska náttúru og hreinleika hennar. Afurðastöðvar á Íslandi velja þann kost að kynna íslenskar búvörur sem hreina náttúruafurð. Bændasamtök Íslands kynna aðstæður íslensks búfjár sem góðar, útivist og frelsi sumarsins er sett í öndvegi í kynningarbæklingi samtakanna. Aðaláhersla er lögð á framleiðslu lambakjöts og mjólkurafurða ásamt hreinleika íslenska búfjárstofnsins, frelsi dýranna og hollustu íslenskra búvara. Þögn ríkir um aðbúnað alifugla, eldisnauta og svína. Afurðastöðvarnar og BÍ minnast ekki á þessar búgreinar. Neytendum er sýndur þessi búskapur í gegnum tvær búgreinar, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu. Velferð íslensks búfjár er því afgreidd í heild með ímynd frelsis lambanna og hollustu mjólkurinnar.

Það var einungis einn frumframleiðandi í alifuglarækt sem skrifar á heimasíðu sinni að alifuglarækt sé tæknivædd búgrein. Þetta samrýmdist hugmyndum viðmælendanna um búgreinina. Þrátt fyrir að flestir viðmælendanna tengdu alifugla- og svínarækt við verksmiðjubúskap þá vissu þeir lítið sem ekkert um búfjárhaldið í þessum búskap. Hollusta og mataruppskriftir er það sem mætir neytendum þegar þeir skoða heimasíður framleiðenda í alifugla- og svínaiðnaðinum. Hvað varðaði nautakjötsframleiðsluna þá ríkti almennt þögn um aðbúnað þeirra skepna en áhersla var á mjólkurframleiðsluna.

Ljóst er að það hvernig hagsmunaaðilar velja hvað birtist neytendum hefur mikil áhrif á skoðanir viðmælendanna á íslenskum landbúnaði. Bein tenging er á milli þess sem hagsmunaaðilar fræða fólk um og þess sem viðmælendurnir voru best upplýstir um. Það sem er látið ósagt er lítið sem ekkert vitað um. Einnig vissu viðmælendurnir lítið um mismunandi framleiðsluferla, lífrænt, vistvænt og svo hefðbundið. Þeir sem þekktu eitthvað til lífrænnar ræktunar töldu hana mjög kostnaðarsama og dæmi voru um að hún væri talin óþörf á Íslandi þar sem íslenskur landbúnaður væri svo hreinn og náttúrulegur. Hvað varðaði vistvæna framleiðslu vissu fæstir hvað það var, en sögðust vera tilbúnir að versla slíkt væri það hollt og á sama verði og hefðbundið framleidd vara. Hér gætir ruglings hjá viðmælendum á annars vegar hollustu afurða og hins vegar velferð skepnunnar.

---

**Bækur, tónlist & kvikmyndir**

# Heimur hestsins, fróðleiksrit fyrir forvitna krakka

**Út er komin bókin Heimur hestsins, fróðleiksrit fyrir forvitna krakka. Höfundur og myndskreytir bókarinnar er Fredrike Laustroer.**

Bókin er 60 síðna fallega myndskreytt fræðslurit, þar er hægt að kynnast hestinum og fjölbreyttum hliðum hestamennskunnar. Þar er farið yfir sögu hestsins, útlit hans og umhirðu, notkun hans í keppni og leik svo fátt eitt sé nefnt, í máli og myndum. Útgefendur bókarinnar eru Félag hrossabænda og Landssamband hestamannafélaga.

Hulda G. Geirsdóttir er ritstjóri bókarinnar. „Þegar ég starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Félagi hrossabænda frétti ég af Frederike, sem væri búin að vera að vinna drög að myndskreyttri bók fyrir börn. Við mæltum okkur mót og ég var strax mjög hrifin af teikningunum hennar sem mér fannst höfða til barna, litríkar og skemmtilegar. Það hefur lengi vantað fræðsluefni um hestinn fyrir yngsta fólkið, þau sem eru of ung til að nýta sér hið frábæra kennsluefni Knapamerkjanna, og þarna fannst mér kominn vísir að því. Stjórn Félags hrossabænda tók þá ákvörðun að kaupa útgáfurétt á bókinni hér á Íslandi og samdi við Frederike um að þróa verkefnið lengra og ég tók þá vinnu að mér sem rit- og verkefnisstjóri. Í framhaldinu bauð Félag hrossabænda Landssambandi hestamannafélaga að vera með í að gefa bókina út, sem þeir þáðu. Ég fékk svo Grétu Guðmundsdóttur, hönnuð og hestakonu, í lið með mér til að forma útlit bókarinnar og við unnum áfram að verkinu í samráði við höfundinn. Verkefnið óx töluvert í þeirri vinnu og útkoman er semsagt þessi 60 síðna myndskreytta bók sem inniheldur fjölbreyttan fróðleik um íslenska hestinn,“ segir Hulda.




Höfundur bókarinnar, Fredrike Laustroer, er þýsk hestakona. Hún hefur unnið með börnum, við kennslu og listsköpun og sameinar styrkleika sína í bókinni. Hún er líka ein af aðstandendum fræðusluvefsins hofafjor.is, en þar er hægt að finna ýmsan fróðleik fyrir börn.




Útgefendurnir, Félag hrossabænda og Landssamband hestamannafélaga, sjá um dreifingu bókarinnar. Þegar hefur verið ákveðið að bókin verði send endurgjaldslaust á börn fædd 2004 og 2005 og eru í hestamannafélögum sem og að bókin verði send á öll skólabókasöfn landsins. Bókin mun standa þeim sem starfa við nýliðun, fræðslu og kynningu á hestinum gegn sanngjörnu verði og er áhugasömum bent á að hafa samband við skrifstofu LH. Einnig mun bókin verða til sölu í hestavöruverslunum.

*Verð og velferð*

Rekjanleiki vara, það er að segja skortur á upprunamerkingum, var eitt af áhyggjuefnum viðmælendanna þó að þeir sögðust treysta því að í verslunum væru búvörur af íslenskum uppruna. Markaðir eins og Beint frá býli var að þeirra mati betri trygging fyrir bæði réttum uppruna og velferð búfjár. Í stórmörkuðum sé hætta á óskýrum uppruna og innihaldslýsingu auk þess sem neytendur væru oft blekktir þegar þeir kaupi unnar kjötvörur í verslunum. Af þeirri ástæðu höfðu viðmælendur orð á því að þeir keyptu vörur frá ákveðnum afurðastöðvum, framleiðendum sem þeir treystu fyrir gæði.

Í nútímasamfélagi hafa neytendur mikil áhrif á framboð matvara. Skoðun viðmælenda þessarar rannsóknar var sú að þeir vildu geta rakið vöru sína til framleiðandans. Þess vegna sögðust sumir viðmælendanna versla frekar heimaslátraðar afurðir, utan kerfis, fremur en í verslunum, Beint af bónda. Einnig töldu viðmælendurnir heimaslátrun fela í sér meiri velferð, engin flutningur og minna stress eða eins og einn orðaði þetta: „þeim er gefin væn heytugga og svo skotið beint í hausinn án þess að það viti neitt hvað er að gerast“.

*Kauphegðun*

Samantekt niðurstaðna er að viðmælendur voru sammála um að velferð búfjár skipti þá miklu máli en verð á landbúnaðarvörum reyndist vega þyngra við innkaup. Tilhneigingin var sú að velja það ódýrasta en einnig gat heilsufarssjónarmið vegið þungt. Viðmælendurnir lýstu togstreitu sem skapaðist við innkaupin þegar þrjú sjónarmið tókust á: Verð, hollusta og vilji til að búfé nyti velferðar. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar vildu viðmælendurnir setja velferð búfjár ofar verði, en raunveruleikinn hjá þeim var oftast annar. Fjárhagurinn ræður þar mestu og það væri rammíslensk staðreynd sem viðmælendurnir sögðust standa frammi fyrir í innkaupum á búvörum. Af þessu má álykta að það sé eitt að vera á móti verksmiðjubúskap og annað að kaupa í matinn.

*Ábyrgð á velferð búfjár*

Niðurstöður rannsóknarinnar varpa meðal annars ljósi á ástæður þess að verslunarhegðun getur verið á skjön við skoðanir fólks og orðræðuna í samfélaginu. Þess vegna er mikilvægt að þora að stíga inn í umræðuna um velferð búfjár í framtíðarplönum fyrir greinina. Bíóbú hefur sýnt fram á að það skref að hafa mannúðarsjónarmið að leiðarljósi við búfjáreldi er gerlegt. Ábyrgð neytenda, gagnvart velferð og aðbúnaði búfjár, er mikil og þess vegna er mikilvægt að merkingar og réttar upplýsingar séu trúverðugar. En niðurstöðurnar sýna einnig að ábyrgði á velferð búfjár getur seint verið stýrt af markaðseftirspurninni eini saman, út frá framboði og eftirspurn. Inn í þetta samband fléttast aðgerðir yfirvalda með reglugerðum um aðbúnað, lögum um velferð dýra, styrkveitingum og skattlagningu matvæla svo fátt eitt sé nefnt.

Í lokin er vert að benda á að íslenskur landbúnaður er samofinn íslenskri menningu og sögu frá upphafi landnáms. En samskiptin á milli hagsmunahópanna, bænda og neytenda, hófst fyrst með byggðarþróuninni í upphafi síðustu aldar. Samtal þessara hagsmunahópa er í dag margt líkt og um miðja síðustu öld þegar neytendur kvörtuðu um of hátt afurðaverð og bændur sögðust beittir þrýstingi um lægra verð. Til að hægt sé að gæta að velferð og lífsgæðum búfjár verða neytendur, framleiðendur búfjárafurða og yfirvöld að bera sameiginlega ábyrgð.

*Anna Berg Samúelsdóttir*

*Hægt er að nálgast ritgerðina inn á skemman.is: http://skemman.is/handle/1946/23106*


# Hrossabændur óska eftir hryssum

**Mega vera á 3. til 15. vetri**

Greiðum 19.000 kr án vsk fyrir hryssuna og sækjum frítt á Suðurlandi, Vesturlandi og Norðvesturlandi austur í Eyjafjörð.

Fáðu hærra verð fyrir hryssur til lífs en í sláturhús!

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma 662 0028

**-Geymið auglýsinguna-**



# Sveltur sitjandi kráka

**en fljúgandi fær**

Hver vill skipta um vinnu tilhögun og vinna sjálfstætt?

Hver vill verða eigin herra í góðu umhverfi úti á landi 100 km frá 101 Reykjavík?

Hver vill kaupa 45 m2 löglega íbúð, bjarta vistlega á 1,4 hektara leiguloð með miklum byggingarrétti?

Hver vill kaupa 105 m2 atvinnuhúsnæði í sérstaklega vönduðu húsi á hitaveitusvæði, bjart og vistlegt? Að auki er gott 40 m2 gróðurhús úr gleri og stáli.

Hver vill kaupa nettan atvinnurekstur (tarnavinna) með lager til 5–7 ára sem gefur vel af sér og er í fullum gangi? Góð aukavinna.

Fagleg ráðgjöf getur fylgt í 1–2 ár.

Öll þjónusta í nálægu þéttbýli. Næg atvinna í næsta nágrenni. Sama hvað þú kannt með haus og eða höndum, það eru not fyrir allt, sérstaklega iðnaðarmenn.

**Hugsaðu djúpt en ekki of lengi.**

Brunabótamat eigna er samtals 45.267.000 (3/10/2015). Þegar þú ert búin/n að hugsa mátt þú hringja í síma 860-5570 og biðja um vettvangskönnun og spjall.
Mér liggur ekkert á en það gæti gilt annað um þig.

**Hika er sama og tapa.**





Belti með ýmsum gerðum af þverteinum



Rúllur



Belti



Drifhjól

**Útvegum varahluti í flestar gerðir upptökuvéla fyrir rófur og kartöflur**

FRUM - www.frum.is

VÉLFANG VERKIN TALA

**Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is**
**Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is**





7 daga heilsunámskeið dagana 10.–17. janúar 2016

# Komdu með!

10.–17. janúar 2016

Hressandi námskeið fyrir þá sem vilja koma sér af stað, setja sér markmið varðandi hreyfingu og mataræði og huga að andlegri líðan.

Á námskeiðinu lærum við að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að huga að mataræði, reglulegri hreyfingu, streitu og andlegri heilsu. Á námskeiðinu er lögð áhersla á hressilega hreyfingu, hollt mataræði, fræðslu, slökun og útivist í fallegu umhverfi. Farið verður í markmiðasetningu í heilsueflingu og mikilvægi þess að horfa lengra fram í tímann.

**Verð pr. einstakling með gistingu er 130.000 kr. í einbýli en 123.500 kr. í tvíbýli.**

**Nánari upplýsingar og skráning á heilsustofnun.is eða í síma 483 0300.**

Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

*– berum ábyrgð á eigin heilsu*



Alvöru græjur í verkið

# Vagnar og kerrur

3,5 til 40 tonna JMP dráttarvagnar



12 til 25 tonna JPM sturtuvagnar



Boðið upp á sérlausnir
www.jpmtrailers.com

Stema sturtu- og flutningavagnar 2,7-3,5 tonn



STEMA

þjónusta kringum landið

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL

**Fróðleiksbásinn**

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Hinn elskulegi engifer og útúrdúr um enskan biskup

**Engifer er ein þessara ævafornu krydd- og lækningajurta sem komnar voru til sögunnar löngu fyrir okkar söguskyn. Ágiskanir um upprunaland hans er nokkuð á reiki, en víst er um að hans er getið í indverskum og kínverskum ritum eins langt aftur og ritlistin nær.**

Engifer er hvergi til villtur og ekkert ræktunarafbrigða (klóna) hans þroskar fræ. Það bendir til að hann sé afkomandi ýmissa tegunda sem vaxa á Indlandsskaga og austur eftir löndunum við Bengalflóa.

### *Mikil ætt, stór fjölskylda*

En engiferinn er ekki eina tegundin af Engiferætt, Zingiberaceae, sem ræktuð hefur verið mannkyni til gagns og gleði í mörg þúsund ár. Til ættarinnar teljast líka túrmerík, galangal og kardímommur. Reyndar eru nokkrar aðrar tegundir ræktaðar staðbundið í hitabelti Asíu, en mest til heimabrúks og koma því ekki við sögu hér. Engiferættin er stór kvísl einkímblöðunga, líkt og pálmar, grös, bananajurtir og kólfblómungar sem pottaplantan monstera, eða öðru nafni rifblaðka, er góður fulltrúi fyrir. Það sem einkennir engiferunga eru þykkir jarðstönglar sem vaxa og greina sig yfirleitt í eina ákveðna átt, án mikilla stefnubreytinga. Þetta kallast einfætingsáttun (monopodialism) hjá grasafræðingum.

Sjálft nafnið engifer, fræðiheitið Zingiber, er komið úr sanskrít og líklega þangað af dravíska orðinu „Šringavěra“. Fyrri liðurinn þýðir hjartarhorn en seinni liðurinn rót. Þannig að við getum sagt hjartarhornsrót á íslensku bændamáli, ef við kærum okkur um, hvenær sem engifer ber í tal. Hvort það væri auðskilið er svo annað mál. En þetta alþjóðlega og ævaforna heiti, engifer, er og hefur verið gegnumgangandi í öllum vestrænum tungumálum þótt það komi fyrir í ýmsum myndum. Í íslensku hefur það verið sagt og skrifað eins og við þekkjum það alveg frá tímum fyrstu biskupa í kaþólskri tíð. Og þá líklega úr engilsaxneskunnar „gingifer“ – þar var G-ið borið fram sem lint J. Enska heitið nú er „ginger“.

### *Útúrdúr um enskan biskup*

Tengsl og áhrif engilsaxa á Íslandi þess tíma hafa því miður verið lítið skoðuð en það má giska á að þeirra hlutur hafi verið nokkuð stærri en almennt er álitið.

Þaðan kom Hróðólfur biskup um 1030 sem rak skóla í Bæ í Borgarfirði um hartnær tveggja áratuga skeið. Sennilega hefur hann haft veigamikil áhrif á hvernig við ritum íslensku enn í dag. Því hann innleiddi latínuletur og aðlagaði engilsaxneskan ritháttt að íslensku – með þorni og eði engilsaxneskunnar. Broddstafir komu síðar. Og flest kirkjuorð í íslensku eru umritun á samsvarandi orðum úr engilsaxnesku, líklega beint frá Hróðólfi í Bæ. Hróðólfur var af höfðingjum kominn, óskilgetið afabarn Göngu-Hrólfs og bróðir Emmu af Normandí sem náði því að verða drottning í Englandi, Danmörku og Noregi.

Hún var móðir Játvarðar góða, síðar helga, Englandskonungs. Svo að efalaust hefur Hróðólfur vanist á og kunnað að meta og nota austurlensk krydd að höfðingasið þeirra tíma. Varla hefur engiferinn verið þar viðskila. Og vel hefur hann eða fylgdarmenn hans kunnað á lækningajurtir. Ýmist aðfengnar þurrkaðar eða fengnar úr eigin túni.

Villilaukurinn í Bæ, Allium oleraceum, er samt eina áþreifanlega minnið um veru hans hér á landi. Hróðólfur (á ensku Rodulf) var gerður að ábóta í Benediktínaklaustri Heilagrar Maríu í Abington á Tamesárbökkum sunnan við Oxford. Þá var Játvarður systursonur hans orðin Englandskonungur. Frami hans þar varð þó stuttur, því hann lést árið 1052. Í samtímaheimildum er hann talinn til mikilmenna. En hérlendis eru heimildir um hann stopular og líklega hefur honum ekki enn verið eignað það sem hann á í íslenskri menningarsögu. Enda var hann ekki norsk-íslenskur og eiginlega pólitískur flóttamaður í ofanálag.



Engifer í blóma.



Engiferhnýði – út úr búð.



Rústir munkaklaustursins í Abington – þangað fór Hróðólfur.

### *Markaður og matreiðsla*

Hér á landi, sem og í öðrum löndum Evrópu, þekktum við engifer aðeins í þurrkuðu formi, ýmist sem malað duft eða hörðum sneiðum, fram yfir miðja síðustu öld. En með tíðum flugsamgöngum byrjuðu rótarhýði hans að birtast í sérverslunum og síðar stórmörkuðum. Nú eru engiferrætur sjálfsagður hlutur í margskonar matargerð á íslenskum heimilum.

Ræktun á engifer hefur aukist í flestum löndum með heppilega röku hitabeltisloftslagi og eftirspurnin á heimsvísu eflist ár frá ári. Áður fyrr voru það smábændur sem ræktuðu litla skika af engifer í görðum sínum. Seldu síðan til þorpkaupmannsins sem svo aftur seldi til smáfyrirtækja sem sáu um eftirvinnslu og dreifingu vítt um lönd.

En nú eru alþjóðleg stórfyrirtæki komin í spilið og láta rækta engifer í „mónókúltúr“ á umfangsmiklum og vélvæddum engiferökrum og hafa heimsmarkaðsverð og dreifingu í hendi sér. Og það er eins og með bananana, að framleiðslan byggir fyrst og fremst á einum klóni. En samt eru til nokkrir mismunandi, en ófrjóir, engiferklónar sem ræktaðir eru staðbundið víða um SA-Asíu. Eiginlega er engifer á gráu svæði. Það er erfitt að skera úr um hvort hann eigi að flokkast sem rótarávöxtur í matargerð, krydd eða lækningajurt. Satt að segja er hann allt þetta.

Sneidd eða rifin engiferrót í matréttum gefur þeim sérsakan, hlýjan keim sem gerir þá lystuga og hressandi. Jafnframt dregur hann úr bjúg og bólgum í líkamanum. Í engifer er efnið „singibaín“ sem virkar meyrandi á kjöt og gerir það auðmeltanlegra. Það þolir hærri hita en aðrir kjötmeyrar.



Engiferjurtin.

Í Austurlöndum hefur engifer verið notaður sem krydd á allskyns kjöt og hann passar líka sem krydd á þær kjötegundir sem okkur er tamast að elda. Rifin engiferrót sem krydd á lambakótelettur eða í nautagúllas færir slíka matargerð upp um einn flokk. Sama má segja um að nota engifer í maríneringu á öllu kjöti áður en það er steikt eða soðið. Og svo er það auðvitað öll þessi nýtilkomna matargerð að asískum hætti. Án engifersins væri hún dálítið eins og bitlaus hnífur.

### *Kryddið engifer*

Áður þekktum við helst engifer sem malað duft. Það fæst enn og er fyrst og fremst notað sem krydd í bakstur eins og ýmsar brúnkökur og piparkökur. Þær heita „gingerbread“ á ensku og það hugtak er nokkuð nær sanni en piparköku-nafnvenjan hjá okkur. Í piparkökum er nefnilega aldrei pipar. En það má alveg nota malaðan engifer sem krydd á kjöt og fisk. Ein teskeið samsvarar þá um það bil einni matskeið af rifnum engifer. Kryddið engifer örvar blóðrás, bætir meltinguna og skilar þægilegri hlýju og vellíðan út í kroppinn. Það vita þeir vel sem einhvern tíma hafa smakkað góða jólaglögg.

### *Læknisjurtin engifer*

Volgir engiferbakstrar og nudd með rifnum engifer á auma og bólgna bletti líkamans dregur úr eymslum og bólgum. Seyði af engifer þykir gott við hálsbólgu og hæsi. Það gagnast víst líka við flökurleika og sjóveiki.

Kínverskir grasalæknar hafa um aldaraðir ráðlagt hálfa teskeið af engiferdufti út í bolla af sjóðandi vatni. Þetta látið svalna og síðan drukkið í gúlsopum meðan það er volgt. Þetta á að gera tvisvar til þrisvar sinnum á dag og er sagt virka gegn óreglulegum klæðaföllum kvenna. Þriggja mánaða kúr af þessu tagi er sagður kippa öllu í lag aftur.

Hvort þessi kenning hleypti af stað miklum rannsóknum á því hvort engifer hjálpi til við að halda legkrabbameini í skefjum veit ég ekki. En við tilraunir á rottum hefur komið í ljós að í engifer eru efnasambönd sem drepa krabbameinsfrumur. Samt þykja niðurstöðurnar ekki nægilega sannfærandi til að hægt sé að bera fullt traust til þeirra enn sem komið er. Hvað sem síðar verður á eftir að koma í ljós.

### *Engifer, tunglið og krabbamerkið*

Samkvæmt fyrri alda stjörnuspeki tengist engiferrótin tunglinu og höfðar víst þess vegna alveg sérstaklega til þeirra sem fæddir eru í krabbamerkinu. Sama er að segja um melónur. Svo að ef við viljum gera okkur ógleymanleg, eða jafnvel ómótstæðileg einhverjum sem fæddir eru í því stjörnumerki má reyna að bjóða upp á ábætisrétt þar sem melónubitar, ögn af rifinni engiferrót og sleikja af hunangi koma við sögu. Þetta er borið fram með mjúkum vanilluís og rifnu súkkulaði. Það má meira að segja toppa þetta með staupi af sjerríi – og setja Bowie á fóninn!

Lesendabás

# Vistfræði og sauðfjárbeit

**Um nokkurt skeið hefur farið fram umræða á síðum Bændablaðsins um stjórnun sauðfjárbeitar í landinu, sérstaklega í kjölfar úrskurðar ítölunefndar og yfirítölunefndar um Almenninga.**

Í umræðunni hefur borið á rangtúlkunum vísindalegrar vistfræðiþekkingar, sem að minni hyggju hafa spillt umræðunni. Vistfræðilegt samspil plantna og beitardýra er nokkuð flókið og áhrifin á vistkerfisferla ráðast af aðstæðum sem mótast bæði af lífrænum þáttum (öðrum lífverum) og ólífrænum (veðurfar, berggrunnur og jarðvegsgerð). Í þessu greinarkorni er ekki hægt að fara djúpt í þessi fræði, heldur mun ég tæpa á nokkrum mikilvægum atriðum sem varða sauðfjárbeit í þeirri von að hægt sé að færa umræðuna til betri vegar og þannig undirbyggja aðgerðir til sjálfbærrar sauðfjárbeitar.

### *Stöðugleiki og fjölbreytni vistkerfa*

Á sjöunda áratug síðustu aldar komu fram kenningar um mismunandi stöðugleikastig vistkerfa í kjölfar röskunar, og með vaxandi rannsóknum hafa þessar kenningar þróast enn frekar á síðustu áratugum. Beit stórra dýra geta gegnt hlutverki slíkrar röskunar sem færir vistkerfi lands frá einu stigi til annars eftir beitarálagi. Stöðugleikastigin mótast einnig af öðrum aðstæðum á hverju svæði s.s. loftslagi, berggrunni og tegundum beitardýra, en þanþol hvers stigs (hve mikla röskun þarf til að færa það til næsta stigs) ræðst af eiginleikum vistkerfisins, s.s. tegundasamsetningu og fjölbreytni gróðursins og jarðvegsgerð.

Til að skýra þetta má nefna tvö andstæð dæmi. Serengeti-sléttan í Austur-Afríku er eitt elsta og framleiðnasta beitarvistkerfi heims, sem mótast hefur af beit ótal tegunda grasbíta í tugi árþúsunda. Beitardýrin eru ýmist staðbundin eða flakka eftir árstíðum, en þau halda þessari framleiðnu savanna sléttu að mestu skóglausri. Heimskautatúndran er norðan skógarmarka og ekki nándar eins framleiðin. Hún ber einungis fáar tegundir stórra grasbíta, en mótast engu að síður af beit nokkuð stórra stofna hreindýra og/eða sauðnauta. Á Svalbarða, þar sem hreindýrin eru staðbundin, minnkar fléttugróður við mikla hreindýrabeit og grös verða meira áberandi. Hvert svæði hefur því ákveðna sérstöðu sem mótar þau stöðugleikastig sem nást við mismikla beit.

Almennt séð eykst frumframleiðni vistkerfisins við létta beit, þar sem neysla lífmassa plantna (frumframleiðslu vistkerfa) örvar flæði næringarefna um vistkerfið og kemur í veg fyrir að þau bindist í plöntulífmassa og lífrænu efni jarðvegs. Þung langvarandi beit getur hins vegar ýtt vistkerfinu yfir í næsta stöðugleikastig sem hefur þá minna þanþol en það fyrra.

Tegundafjölbreytni er einnig afgerandi fyrir þanþol vistkerfa. Beit stórra dýra tegundafjölbreytni plöntusamfélaga, en alls ekki á línulegan hátt. Almennt séð jafnar létt beit samkeppnisstöðu plantna þannig að fleiri tegundir þrífast í sambýli á sama bletti. Þar að auki eykur smávægilegt rask beitardýra á samfelldri gróðurþekju möguleika á nýliðun plantna. Hins vegar fækkar tegundum við langvarandi og þunga beit vegna þess að plöntutegundir eru bæði mis-lostætar og mis-beitarþolnar. Við hvaða beitarþunga tegundafjölbreytni verður mest fer eftir framleiðni blettsins og fræregni inn á hann.

Plöntusamfélög í landslagi eru misframleiðin og því mismikið beitt, en þung beit jafnar muninn á milli bletta. Þannig minnkar fjölbretyni gróðurs í landslagi við mikla beit. Hugtakið „beitarlandslag“ vísar einmitt til þessa: einsleitt opið landslag.



Léttbeitt land í góðu ástandi þar sem vistkerfin hafa enn mikið þanþol. Fjölbreytni gróðurs í landslagi er mikil og tegundaauðgi hvers bletts getur verið nokkuð há.



Hrunið vistkerfi. Þetta land er innan gosbeltisins og er enn verið að beita sauðfé á það.

### *Beit villtra beitardýra og búfjár – er munur þar á?*

*Stofnvistfræði beitardýra* er mikilvægur grunnur að því að skilja mótun beitarvistkerfa. Villtir stofnar stjórnast af þáttum sem hafa áhrif á fæðingar- og dánartíðni á þéttleikaháðan hátt. Það sem takmarkar stofnstærðina eru ýmsir þéttleikaóháðir þættir eins og fæðuframboð, einkum að vetri í vistkerfum sem einkennast af árstíðasveiflum, sjúkdómar, afrán og samspil við aðra grasbíta. Þessu er öðruvísi farið varðandi búfjárstofna því þar hefur maðurinn hefur skorið á náttúrulega þætti og tekið yfir bæði stjórnun stofnvaxtar og takmörkun stofnstærðar. Búfé er gjarnan fóðrað á vetrum og því er hægt að halda mun stærri stofnum á sumarbeit en ef um villta stofna væri að ræða. Sjúkdómar og sníkjudýr eru meðhöndluð með lyfjum og afræningjum er haldið í skefjum. Maðurinn hefur þar tekið yfir náttúrulega þætti við stofnstjórn. Það er rétt að halda því til haga hér að maðurinn hefur einnig raskað náttúrulegri stofnstjórnun og takmörkun margra villtra beitardýra m.a. með veiðum, eyðingu búsvæða og breytingum á fæðuframboði (ræktun).

Búfjárbeit getur vissulega ýtt vistkerfum frá einu stöðugleikastigi til annars í gegnum sömu ferla og villt beit, en það er einkum tvennt sem gerir beinan samanburð varasaman. Í fyrsta lagi hefur náttúrulegum stjórnunar- og takmörkunarþáttum beitarstofnsins verið kippt úr sambandi og því er meiri hætta á að vistkerfin hrynji (gróður- og jarðvegseyðing) ef ekki er fylgt strangri beitarstjórnun. Sérstakrar aðgátar er þörf í eyjavistkerfum þar sem flóran er hlutfallslega tegundafá eins og tilfellið er hér á landi. Eftir hrun er ekki unnt að ná fyrra stöðugleikastigi með því einu að fjarlægja beit

Til eru dæmi um að beit villtra dýra orsaki hrun vistkerfa en í nær öllum tilvikum er þá um að ræða beitarstofna sem maðurinnn hefur raskað beint eða óbeint. Í öðru lagi eru næringarefni fjarlægð út úr vistkerfunum á formi kjötafurða sem dregur með tímanum úr heildar næringarforða vistkerfa ef þau eru beitt án hvíldar.



Land sem er illa farið af þungri beit er einnig víða að finna utan gosbeltisins.

### *Skekkt viðmið á Íslandi?*

Gróður er lifandi auðlind og við sjálbæra nýtingu auðlindarinnar er mikilvægt að meta hve mikla búfjárbeit mismunandi svæði geta borið þar sem horft er til vistkerfisins í heild. Þetta mat og beitarstjórnun þurfa að byggja á traustri vistfræðilegri þekkingu, rétt eins og mat á nýtingu fiskistofna umhverfis landið. Þó viss viðleitni til beitarstjórnunnar hafi verið hér á landi á síðari árum er langt frá því að staðið sé jafn vísindalega að slíku mati og við mat á fiskistofnum. Gróðurauðlind Íslands hefur verið nýtt til beitar nokkuð samfellt frá landnámi og á þeim tíma hefur gróður tekið miklum breytingum og vistkefin færst yfir á stöðugleikastig með talsvert minna þanþol en við landnám. Þó svo að önnur landnýting hafi einnig átt drjúgan þátt í þessum gróðurbreytingum er ekki hægt að horfa fram hjá þætti beitarinnar. Víða á viðkvæmum svæðum (gosbeltið) og annar staðar þar sem beit hefur verið mjög þung hefur gróðurhulan rofnað og jarðvegur eyðst, þ.e. vistkerfin hafa hrunið. Við þessar aðstæður er hætt við að þau viðmið sem notuð eru við mat á gróðurauðlindinni séu nokkuð skekkt, þ.e. að kerfi á stöðugleikastigum með verulega skertu þanþoli séu talin í eðlilegu ástandi.

Sauðfé fækkaði á Íslandi frá 800 þúsund fjár þegar stofninn var í sögulegu hámarki um 1980 niður í um 450 þúsund fjár upp úr 1990, og hefur fjöldinn haldist nokkuð stöðugur síðan. Á sama tíma hefur veðurfar farið hlýnandi og gróður eflst víða þannig að elstu menn muna vart aðra eins grósku: víðirunnar og hávaxnar jurtir og blómgun þeirra verða meira áberandi í gróðri og víða nemur birki aftur land á láglendi. Þessi aukna gróska kemur einnig fram í nýbirtum fjarkönnunargögnum fyrir Ísland sem sýna að gróðurstuðull jókst á árunum 1982–2010 sem höfundar telja að megi rekja m.a. til hlýnunar og minnkandi beitar (Raynolds og fleiri 2015). Þetta eru vissulega ánægjulegar niðurstöður, en þær ber að túlka í réttu samhengi. Það nægir ekki að skoða þróun gróðurs eingöngu frá 1980 því gróður var illa farinn víða á landinu löngu fyrir þann tíma.

Það er erfitt að sakast við forfeður okkar vegna ofnýtingar gróðurauðlindarinnar fyrr á tímum, þeir vissu ekki betur. Í dag búum við hins vegar yfir vistfræðilegri þekkingu sem ætti að nýtast til að færa sauðfjárbeit hér á landi til betri vegar. Það er því nöturlegt til þess að hugsa að enn í dag sé verið að beita búfé á illa gróið og jafnvel nánast örfoka land. Þar tel ég að til komi einkum tvennt. Annars vegar þau skekktu viðmið um góð beitilönd sem ég nefndi hér að framan, og hins vegar úrellt lagaumhverfi sem stendur úrbótum fyrir þrifum. Þetta kristallaðist vel í deilunni um hvort beita ætti Almenninga, þar sem þessi skekktu viðmið og lagakrókar um rétt bænda til að nýta land vógu þyngra en vísindalegt mat sérfræðinga á ástandi vistkerfanna.

### *Sjálfbær sauðfjárbeit*

Það er áríðandi að búa í haginn fyrir sjálfbærri nýtingu gróðurauðlindarinnar. Það verður best gert með því að byggja hana vistfræðilegri þekkingu og markvisri beitarstjórnun í sátt við sauðfjárbændur og með lagasetningu sem gerir það kleift. Við eigum ríka sameiginlega hagsmuni af því að saman fari sjálfbær sauðfjárbúsakapur og verndun vistkerfa. Lítið en mikilvægt skerf var stigið í þessa átt á nýafstaðinni ráðstefnu Líffræðifélagsins þar sem skipulögð var málsstofa og hringborðsumræður um sauðfjárbeit með aðkomu fulltrúa bænda og fræðimanna á ýmsum sviðum. Ég stefni að því að gera grein fyrir þeim umræðum á þessum vettvangi síðar.

***Ingibjörg Svala Jónsdóttir,***
*Prófessor í vistfræði við*
*Háskóla Íslands*

***Heimildir:***
*Raynolds, M., Borgþór Magnússon, Sigmar Metúsalemsson & Sigurður H. Magnússon (2015). Warming, Sheep and Volcanoes: Land Cover Changes in Iceland Evident in Satellite NDVI Trends. Remote Sensing, 7(8), 9492–9506. doi:10.3390/rs70809492*



Utan úr heimi



Umhverfismál:

# Úlfum fjölgar í Póllandi

**Fyrir fimmtíu árum tóku stjórnvöld í Póllandi ákvörðun um að úlfum í landinu skyldi útrýmt. Þrátt fyrir að aðgerðinni hafi verið hrint í framkvæmd lifðu nokkur dýr útrýminguna af.**

Úlfarnir hafa nú tekið sér bólfestu í Kampinos-þjóðgarðinum skammt frá Varsjá og í dag eru þeir friðaðir. Endurkoma úlfanna þykir góðs viti og sýna fram á ótrúlega getu villtra dýrastofna til að endurnýja sig.

Starfsmenn þjóðgarðsins urðu varir við fyrsta úlfinn árið 2013 en í dag eru þeir nokkrir og flestir ungdýr. Úlfar í Póllandi í dag eru taldir vera um eitt þúsund.

Úlfar eru gríðarlega sjaldgæfir í Vestur-Evrópu og hafa verið á lista yfir dýr í útrýmingarhættu frá 1990. /VH

Umhverfismál:

# Mesta mengunarslys Brasilíu

**Veggir tveggja uppistöðulóna sem geymdu úrgangs- og mengað vatn, sem verður til við vinnslu á málmgrýti í Brasilíu, brustu fyrir skömmu. Vatnið fór út í nærliggjandi ár og er nú komið að ósum þeirra og út í Atlantshaf.**

Vatnið í lónunum er áætlað að hafi verið 60 milljón rúmlítrar og að minnsta kosti ellefu manns létust þegar vatnsflaumurinn frá þeim æddi yfir þorp sem stóð við rætur þeirra. Auk þess sem heimilum yfir 600 íbúa þar skolaði burt.

***Kvikasilfur, arsenik og króm***

Úrgangsvatnið, sem meðal annars inniheldur kvikasilfur, arsenik og króm, er að valda gríðarlegum umhverfisspjöllum og líklega alvarlegasta mengunarslysi í sögu landsins.

Vatnið úr lónunum hefur gert drykkjarvatn yfir 300 þúsund manns ódrykkjarhæft. Auk þess sem það hefur haft gríðarleg áhrif á lífríki áa á leið sinni til sjávar.

***Óafturkræfar skemmdir***

Uppistöðulónin voru hluti að námuvinnslu fyrirtækja sem kallast Vale og BHP Billiton. Þrátt fyrir tilraunir til að bjarga fiskum úr ám sem mengunarvatnið rennur um og flytja þá í hreinar ár hafa slíkar aðgerðir nánast eingöngu verið sýndarmennska og skilað litlum árangri.

Skemmdirnar á lífríki ánna eru sagðar óafturkræfar og að líffræðilegur fjölbreytileiki þeirra muni seint eða aldrei verða sá sami. /VH

Undur náttúrunnar:

# Elsti merkti albatrossinn 64 ára

**Kvenkyns albatrossi, sem merktur var sem ungi fyrir 64 árum, hefur snúið aftur til varpstöðva sinna ásamt maka og verpt eggjum á eyju við miðbaug.**

Talið var að fuglinn, sem ekki hefur sést á varpstöðvunum í nokkur ár, væri dauður og því mikið gleðiefni hjá vaktmönnum svæðisins þegar hann mætti aftur á svæðið fyrir nokkrum dögum, sprækari sem aldrei fyrr.

Varpstöðvarnar sem um ræðir eru stærstu varpstöðvar albatrossa í heimunum og á eyju í Kyrrahafi sem tilheyrir Havaí-eyjaklasanum.

Albatrossar verpa að jafnaði einu eggi á ári og er útungunartími eggjanna 130 dagar og eru afföll á ungum tíð. Talið er að fuglinn aldni hafi komið upp 36 ungum um ævina en hann var merktur árið 1956. Vænghaf fullvaxinna albatrossa getur náð tveimur metrum og fuglarnir svifið á loftuppstreymi um loftin blá án þess að blaka vængjum. Talið er að albatrossum hafi fækkað í heiminum um 70% frá því um miðja síðustu öld. /VH



# Öll mjaltakerfi þurfa gott viðhald

**Mjaltakerfið er líklega það tæki á hverju kúabúi sem er mest notað enda í notkun alla daga ársins og að minnsta kosti tvisvar á dag og stundum oftar. Vegna þessa er mikilvægt að hlúa vel að viðhaldi þess.**




Mjaltakerfið getur haft veruleg áhrif á gæði mjólkurinnar og júgurheilbrigði en regluleg þjónusta við mjaltakerfið og fyrirbyggjandi viðhald tryggir að kerfið virki alltaf sem best. Það er þó allbreytilegt hve oft þarf að sinna ólíkum hlutum mjaltakerfisins, sumt þarf að gera daglega en annað með lengra millibili. Mest af eðlilegu viðhaldi getur bóndinn sjálfur séð um en annað þarf að fá þjónustuaðila til þess að gera. Meðfylgjandi ráð og leiðbeiningar eru almenn og til viðmiðunar þar sem það getur verið töluverður munur á uppbyggingu hvers kerfis. Þess vegna passar e.t.v. ekki meðfylgjandi listi fyrir öll mjaltakerfin en ætti þó að gefa allgóða mynd af þeim atriðum sem er mikilvægast að fylgjast með.

**Daglega:**

- √ Að fylgjast með virkni sogjafnans. Lærðu að þekkja hljóðið frá honum – breyting á því getur hæglega bent til þess að eitthvað sé að.
- √ Athuga soghæðina með því að lesa af sogmælinum. Margir bændur hafa með góðum árangri einfaldlega sett límband á mælinn eða sett á hann strik með tússpenna þar sem nálin á að vera – sé slíkur mælir notaður.
- √ Skoða slöngur og spenagúmmí. Mjólkurgæðaráðgjafar finna, þegar farið er í frumutölu- eða líftöluráðgjafaheimsóknir, ótrúlega oft gallaðar slöngur eða t.d. rifur í spenagúmmíum.
- √ Skoða hvort mjaltakrossar, endaeiningar (einnig á mjaltaþjónum) og aðrir sýnilegir staðir mjaltakerfisins séu hreinir að innan. Ef þvottakerfið virkar ekki sem skyldi, koma útfellingar hratt fram á þessum stöðum og því er oft hægt að koma í veg fyrir líftöluvandamál fljótt og vel.
- √ Að athuga hvort spenagúmmíið sé vel hreint og ekki fitugt að innan. Hver og einn lærir fljótt á það hvernig spenagúmmíið á að vera viðkomu að innan, t.d. með hreinum fingri. Ef þetta er gert daglega, þá finnst um leið og eitthvað er að. Sé gúmmíið fitugt viðkomu bendir það til þess að þvottakerfið sé ekki í lagi.
- √ Að athuga hvort næg olía sé á sogdælunni.
- √ Að tryggja að sogskiptarnir virki eins og þeir eiga að virka (á einnig við um mjaltaþjóna). Sérstaklega þarf að gæta að stuttu sogslöngunum, sem oft lenda í hnjaski og geta skemmst. Sé rifa á þessum slöngum kemur það niður á virkni sogskiptisins.
- √ Að frátökufatan sé tandurhrein og sérstaklega þarf að gæta að gúmmíhringnum í lokinu. Þá skiptir höfuðmáli ef sogskiptir er á henni að hann gangi í sama takti og sjálft mjaltakerfið. Það gleymist eiginlega ótrúlega oft að samstilla frátökufötu(r) og mjaltakerfin en frátöku-fatan er líklega langmikilvægasta mjaltatækið í fjósinu, enda er það notað á viðkvæmustu kýrnar – nýbærur og oft á veikar kýr. Vegna þessa þarf að gefa þessum hluta mjaltakerfisins sérstakan gaum, bæði viðhaldi og þrifum.
- √ Að loftinntök mjaltakrossanna eða spenahylkjanna séu hrein og opin.
- √ Að kæling mjólkurinnar sé hröð og að kælitími mjólkur í mjólkurtanki sé stuttur.
- √ Að þrífa mjaltakerfið vel utanvert. Þetta er afar mikilvægt, ekki síst í mjaltaþjónafjósum en ég hef tekið eftir því að þeir bændur sem þrífa vel tækin sín eru alla jafnan sneggri að uppgötva vandamál í uppsiglingu en aðrir.
- √ Að það sé alltaf nægt heitt vatn til ráðstöfunar fyrir þvottakerfið og að þvottakerfin noti rétt vatnsmagn. Þegar líftöluvandamál koma upp sýnir reynslan frá dönskum búum að flestir bændurnir telja að vatnið sé nægilega heitt en mjög oft er það ekki tilfellið. Sé notaður hitari fyrir vatnið þá fellur oft virkni hans með tímanum og hann þarf þá að hreinsa upp. Við upphaf aðalþvottar ætti hitastig vatnsins að vera 80-85 gráður.
- √ Að hreinsiefnin, sem kerfisþvotturinn notar, séu skömmtuð í réttu magni miðað við vatnsmagnið. Þetta er sérlega mikilvægt sé skipt um efni þar sem alls ekki er víst að hið nýja efni eigi að skammta með sama styrkleika og það sem áður var notað.
- √ Að kerfisþvotturinn sé góður. Þegar þvotturinn fer fram á hann að vera það kraftmikill að mjaltatækin eiga að hristast, og endaeiningin gjarnan líka. Þá ættu mjaltakrossarnir að vera brennandi heitir, þegar aðalþvotturinn fer fram. Þetta er gott að athuga með því að leggja hönd ofan á þá, ef þú getur haldið henni auðveldlega ofan á mjaltakrossi, þá er kerfisþvotturinn væntanlega ekki nógu heitur.
- √ Að þvotturinn á tankinum (á auðvitað ekki við um „daglega") sé í lagi. Dælubúnaður slitnar að sjálfsögðu og spúlstútar geta stíflast. Ágætt ráð er að hlusta á þvott öðru hverju með því að leggja eyra að tankinum. Með því móti lærir maður að þekkja hljóðið í þvottinum og sé þrýstingurinn farinn að falla, áttar maður sig strax á því.

**Mánaðarlega:**

- √ Að sogjafninn sé hreinn og geti dregið loft án vandræða.
- √ Að reim (ef reim er) sogdælunnar sé strekkt og í lagi.
- √ Að athuga hvort mjaltakrossarnir séu hreinir að innan.

**Hálfsárslega:**

- √ Að allir sogskiptar séu yfirfarnir, hvort gangur þeirra sé réttur og hvort þeir gangi jafnt til beggja hliða. Þegar danskir mjólkurgæðaráðunautar framkvæma svokölluð ISO próf á mjaltakerfum finnast ótrúlega oft bilaðir sogskiptar, svo það er afar mikilvægt að gera þetta.
- √ Að skipta um öll spenagúmmí, einnig í frátökufötu(m), í samræmi við leiðbeiningar söluaðilanna og að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Spenagúmmíin eru eini hluti mjalta-kerfisins sem kemst í snertingu við kúna og slitin spenagúmmí geta hæglega valdið vanda-málum við mjaltir og einnig haft áhrif á júgurheilbrigði.
- √ Að skipta um aðra gúmmíhluta og slöngur eftir þörfum (þó ekki endilega á hálfs árs fresti). Við finnum allt of oft, í Danmörku, haugslitnar slöngur sem hefði átt að vera búið að skipta út fyrir löngu. Einfalt ráð til þess að fylgjast með gæðum slangna, séu þær úr svörtu gúmmíi, er að stinga fingri inn í enda slöngunnar sem liggur niður á mjólkurlögnina. Komi svört slikja á fingurinn, er orðið tímabært að skipta.
- √ Að þrífa stofnlögnina fyrir sogið. Þetta er eitthvað sem afar fáir bændur gera eða láta gera en er mikilvægt enda dregst ryk inn í lögnina sem ekki bætir loftflæðið.
- √ Almennt mælum við alltaf með því að bæði mjaltakerfi og mjólkurtankar séu þjónustaðir tvisvar á ári af viðurkenndum aðilum.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S*
*Danmörku*




## Danir ekki tilbúnir til að greiða nægilega fyrir sérstöðu landbúnaðarvara:

# Þekktur svínabóndi hættir framleiðslu sérvöru

### — kennir versluninni um að pína niður verð á framleiðslunni

**Þekktur svínaframleiðandi í Danmörku, Karsten Westh, ákvað á dögunum að hætta framleiðslu á svínakjöti með ákveðna sérstöðu vegna þess að veitingastaðir og verslunarkeðjur eru ekki tilbúin til að borga fullnægjandi verð fyrir vöruna.**

Að því er fram kemur í Landbrugsavisen þá mun Karsten loka fyrirtæki sínu, Det Bornholmske Kødkompagni, sem hefur frá byrjun árs selt svínakjöt undir vörumerkjunum Bryggerigris, Økogris og Økoskovgris. Viðskiptahugmynd Karsten gekk út á að selja svínakjöt af sérvöldum grísum sem voru fæddir, uppaldir og slátraðir á Bornholm.



***Kennir verslanakeðjurisunum um***

Svínabóndinn kennir nú sérstaklega verslanakeðjunum um að sjá sér ekki fært að borga nægilega vel fyrir gæðavörur frá honum og að forsvarsmenn þeirra vilji fá alltof stóran hlut í sinn vasa. Kjötið sem þeir eru tilbúnir að greiða 40–50 danskar krónur á kílóið fyrir er selt á 150 danskar krónur á kílóið og þar ofan á bætist virðisaukaskattur.

Karsten gengur harðast út gegn verslanakeðjunni Coop í dönskum fjölmiðlum og segir þá tilbúna að greiða fimm krónur meira fyrir gæðakjöt frá Bornholm en að viðræður við þá hafi ekki náð lengra. Einnig er hann svekktur út í veitingastaði í nærumhverfi sínu sem hafa boðið kjöt frá honum undir öðrum formerkjum en rétt eru og sjálfsagt vegna þess, að hans mati, að þeir vilja ekki borga það verð sem sanngjarnt er fyrir bóndann.

***Útflutningur á unnu svínakjöti til Kína***

Á sama tíma greinir Landbrugsavisen einnig frá því að nú styttist í að kínversk yfirvöld gefi grænt ljós á að opna fyrir innflutning til sín á dönsku elduðu svínakjöti, eins og pylsum. Tveir þriðju hlutar af kjöti sem rúmlega milljarður Kínverja neytir er svínakjöt og ætla Danir nú að með innflutningnum geti það þýtt 250 milljónir danskra króna árlega aukalega í danskar útflutningstekjur. */ehg*




Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook









# Ræktunarstarfið hefur skilað árangri


Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is

**Í síðasta tölublaði sagði ég örlítið af hinu frábæra lokaverkefni Jóns Hjalta Eiríkssonar við LBHÍ á Hvanneyri. Þar sýnir hann fram á þær breytingar sem orðið hafa á síðustu árum í kjötgæðaeiginleikum hjá íslensku sauðfé. Þetta fékk mig til að reyna að leggja eitthvert mat á hvaða verðmætum þetta hafi skilað þjóðfélaginu og bændum.**

Slík umræða hefur því miður verið mjög fátíð hér á landi. Erlendis eru forsvarmenn bænda mjög iðnir við að koma slíkum upplýsingum á framfæri til að vekja athygli á sinni atvinnugrein. Hérlendis hefur aldrei á síðari árum heyrst hósti né stuna frá slíkum aðilum, ef til vill að undanskildum málflutningi einstakra forsvarsmanna LK meðan umræða um mögulegan innflutning á erlendu kúakyni var og hét.

### *Mikil þróun á hagrænu vægi einstakra eiginleika*

Innan kynbótafræði hefur mat á hægrænu vægi einstakra eiginleika í ræktunarstarfinu þróast sem mikil hliðargrein og má nýta þekkingu þaðan til að skoða gildi framfara í einstökum eiginleikum fyrir samfélag og framleiðendur. Þetta eru fremur einföld og auðskilin vísindi þegar um er að ræða einfalda magneiginleika eins og mjólkurmagn hjá kúm, kjötmagn hjá mörgum tegundum búfjár eða aukinn lambafjölda hjá sauðfé.

Við Daði Már Kristófersson reyndum meira að segja aðeins að beita slíkri úttekt á ræktunarstarfið í nautgriparækt fyrir um áratug. Unnum með samband kynbótagildis úr nautgripagrunni og rekstrarniðurstaðna úr búreikningum. Niðurstöður gáfu talmarkaða möguleika til að greina áhrif einstakra eiginleika öðru fremur vegna lítils framboðs á búreikninganiðurstöðum en sýndu samt ótvírætt að ræktunarstarfið í þeirri grein skilaði umtalsverðum arði.

Þegar kemur að eiginleikum sem snúa að gæðaeiginleikum einkanlega í kjöti sem er á samkeppnismarkaði kjöttegunda innbyrðis hefur land verið meira á fótinn hjá kenningasmiðum í þessum greinum. Margt hefur um málið verið ritað, misgáfulegt að vísu, en engar einfaldar aðferðir komið fram í slíkum málum. Sú niðurstaða höfunda sem um þessi mál hafa fjallað að lágmarksáherslur ræktunarstarfsins eigi að vera að áherslur á slíka eiginleika verði að lágmarki að nægja til að viðhalda markaðshlutdeild viðkomandi kjöttegundar. Í öllu löndum er í gangi mis árangursríkt úrval hjá búfé vegna þessa fyrir kjötgæðaeiginleika. Þó að þetta gangi ekki upp í heild sinni hefur þetta að minnsta kosti verið mér leiðarvísir sem ráðið hafa miklu um mínar aðgerðir í þessum efnum þar sem ég hef komið að málum.

**Hlutfall kjöts af dilkum í fituflokkunum haustin 1999 og 2014 og meðalfallþungi dilka í hverjum flokki hvort árið**

| | 1999 | | 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| Flokkur | Hlutfall | Meðalfallþungi | Hlutfall | Meðalfallþungi |
| 3+ | 9,99 | 18,8 | 8,81 | 19,7 |
| 4 | 2,8 | 19,8 | 1,2 | 21,7 |
| 5 | 0,5 | 21,4 | 0,07 | 23,8 |

### *Breytingar skýrðar með erfðabreytingum í stofninum*

Ég vil hér á eftir með hliðsjón af þessu gera tilraun til að meta hverju úrval í sauðfé hér á landi fyrir einum þætti kjötgæðaeiginleika hafi mögulega skilað til framleiðenda og þjóðfélagsins. Þetta er úrval fyrir minni fitu vegna þess að þó að framfarir séu minni en fyrir gerð (vöðva) þá er líklegt að hagræn áhrif þess séu enn meiri vegna fituminnkunar í öllu falli sá hluti þeirra sem skilar sér til framleiðenda.

Skoðum aðeins niðurstöðurnar hjá Jóni Hjalta. Hann finnur að framfarir til minnkunar á fitu séu um eða rúm 10 BLUP stig í kynbótamati á þessum tíma (2000–2013). Með því gríðarmikla gagnasafni sem hann vann með getur hann greint framfarirnar mjög nákvæmlega. Hann finnur að breytingarnar eru að öllu leyti skýrðar með erfðabreytingum í stofninum. Breytingar á umhverfisáhrifum sýnast þar engu hafa valdið. Einnig staðfestir hjá honum það sem ég hef oft áður bent á að þessar breytingar eru allar tilkomnar vegna vals á hrútum fyrir sæðingastöðvarnar. Áhrif af vali bænda vegna þessa eiginleika eru hartnær engin þó að allt öðru máli gegni um gerð fjárins. Fyrstu árin völdu bændur sjálfir raunar fyrir aukinni fitu og skýrist það af óhagstæðu sambandi gerðar og fitu hjá lömbunum á þeim árum.

Til að reyna að gera sér grein fyrir hagnaði af þessum breytingum þarf að reyna að gera sér grein fyrir hvernig skipting á milli flokka hafi breyst á tímabilinu. Til að gera tilraun til að skoða þetta aðeins notaði ég tölur frá kjötmatinu um flokkun sláturlamba haustið 1999 og 2014. Nú hefur tekið talsverðum breytingum sem er fallþungi lambanna. Vitað er að ákveðið samband er á milli fallþunga og flokkunar lambanna. Haustið 1999 var meðalfallþungi um 15 kg en hins vegar um 16,3 kg haustið 2014. Benda má að landsmeðaltöl eru nánast þau sömu 2014 og 2015. Í töflu er brugðið upp rauntölunum þessi tvö ár fyrir fituflokkana og sést þar augljós fallþungaaukning lambanna í fituflokkunum vegna eðlis lambanna til minni fitusöfnunar á sama tíma og magn í fitufellingu minnkar.

### *Skilar miklu í verði til framleiðenda*

Út frá þekktum tölum um skiptingu í flokkana og um þungadreifingu hjá lömbunum þá hef ég gert tilraun til að svara þeirri spurningu hve líklegt sé að framleiðendaverð hefði verið lægra haustið 2015 hefði það verið framleitt með dilkum með erfðagrunn lambanna frá 1999. Til að nálgast þetta verður að gera áætlanir um fjölda stærða þannig að útkoman verður ákaflega ónákvæm, frekar að mögulegt sé að gefa ytri mörk stærðanna. Athugið að hér er aðeins verið að ræða um verð sláturleyfishafa til bóndans. Allar greiðslur sem tengjast ríkisstuðningi eru látnar óbættar hjá garði, en ljóst að einhver áhrif er að finna þar til hækkunar. Hitt sem er rétt að benda á er að allir þessir útreikningar byggja á miklum margföldunar á ýmsum stærðum sem gerir að ákvörðun stærða verður aðeins þess vegna mjög ónákvæm.

Niðurstaða mín er að hækkun framleiðendaverðs vegna breytinga á fitu hjá lömbunum sé að lágmarki 50–70 miljónir króna en líklegast sé að hún sé á bilinu 100–150 miljónir króna. Þetta er samt aðeins hluti þess sem um ræðir.

### *Óbreytt ástand hefði valdið samdrætti*

Eins og áður er nefnt þá er kindakjötið í samkeppni við fjölda kjöttegunda á markaði. Því miður hefur lambakjötið orðið að láta undan síga sem samkvæmt áðurnefndum útlendum fræðum segir að áhersla á minni fitu í ræktunarstarfinu hafi ekki verið nægjanlega mikil til að standast samkeppni annarra tegunda. Þá gerum við ráð fyrir að fitan hafi verið stærsta vandamálið í samkeppninni, sem áreiðanlega var rétt á tíunda áratuginum. Hins vegar tel ég að augljóst sé að hefðum við ekki náð að minnka fituna hefði samdrátturinn á innlenda markaðnum orðið miklu meiri og einnig dregið úr möguleikum í útflutningi. Að ákvarða þetta er skot í myrkri. Mitt mat er samt að hefði dilkakjötsframleiðslan 2015 verið af lömbum sem höfðu arfgerð fjárins laust fyrir síðustu aldamót gætum við verið að ræða um 20% samdrátt í framleiðslu að lágmarki. Þegar hann er aðeins metinn á framleiðendaverði erum við að ræða um það bil miljarð króna.

### *Stórar upphæðir*

Endalaust má deila um hvaða verð eigi að miða við í slíkum útreikningum. Jafnvel þó að notað væri útflutningsverð í lægri kantinum væri um feikilegar upphæðir að ræða. Á móti má benda á að engu móti er horft til stuðningsgreiðslna framleiðslunnar enda umdeilt að taka tillit til, en það væri aðeins til hækkunar. Þetta er hagnaður sem fyrst og fremst verður að meta til aukins þjóðarhags. Útilokað er að meta hvernig slíkur samdráttur hefði birst. Líklegt er samt að öðru fremur hefði það gerst með miklu hraðari fækkun bænda en verið hefði og mögulega hefðu þeir sem þá stæðu eftir haldið upp tekjum með meiri framleiðslu.

### *Betri eiginleikar skila sér í auknum þjóðarhag*

Erlend fræði segja að allur hagnaður í eiginleikum sem þessum skili sér sem aukinn þjóðarhagur og til neytenda en ekki til framleiðenda. Nær ekkert er að finna af erlendum rannsóknum sem studdar eru mælingum sem sannreyna þetta. Þó birtist á síðasta ári rannsókn í Ástralíu þar sem þeir höfðu gögn til að meta þessar stærðir. Held ég hafi stuttlega fjallað um þetta hér í blaðinu fyrr á árinu. Niðurstöður rannsóknarinnar studdu fræðin að flestu leyti nema að örlítill hluti þess hagnaðar sem þarna kemur fram skilaði sér þar þó alla leið til framleiðenda.

### *Aukin fóðurnýting*

Endalaust má velta fyrir sér fleiri þáttum í sambandi við þetta. Eitt er hvernig breytist fóðurþörf lambanna. Minni fita og meiri vöðvar getur tæplega annað en aukið fóðurnýtni og þannig enn aukið sjálfbærni framleiðslunnar. Margir munu í dag vilja meta slíkt til tekna. Vegna minni fitu hefur vöðvi komið hjá lömbunum í hennar stað vegna þess að fallþunginn hefur meira að segja talsvert aukist. Hefði aðeins fitan verið fjarlægð hefði fallþungi lækkað.

### *Aukinn árlegur arður til þjóðarbúsins 400 til 700 milljónir*

Fráleitt held ég sé að leggja megi þær áætluð tölur sem nefndar hafa verið saman, líklega nær lagi að horfa á meðaltal stærðanna sem nefndar hafa verið. Þær sýna samt að ræktunarárangurinn vegna fitunnar einnar er að skila að lágmarki 400-700 miljónum í arð til þjóðarbúsins á hverju ári.

### *Framsýni Framleiðsluráðs og fjárræktarbúsins á Hesti*

Ljóst er að einhver kostnaður hefur verið við að ná þessum árangri. Ljóst er samt að hann er hreinir smámunir í þessu sambandi. Vinna við hrútavalið fyrir stöðvarnar á þessum tíma var í öllu falli sáralítil. Aftur á móti lá að baki einhver kostnaður við öflun gagna til að byggja úrvalið á. Þar vegur líklega hvað þyngst öflun mælitækja (ómsjáa) fyrir búnaðarsamböndin upp úr 1990. Þar hjálpaði verulega framsýni stjórnenda Framleiðnisjóðs á þeim tíma en sú stofnun hefur góðu heilli hafti lengi í farteskinu meiri framtíðarsýn en sumar aðrar af stofnunum landbúnaðarins. Full ástæða er líka að nefna í þessu sambandi áratuga markvisst ræktunarstarf við fjárræktarbúið á Hesti (og einnig einstakra ræktenda víða um land) sem virkilega skilaði ómældum hluta til þeirra breytinga sem hér eru til umræðu.

### *Bætt heilsufar þjóðarinnar*

Einn þáttur hefur ekki verið nefndur og verður aldrei metinn af nokkru viti en á að bætast við árangurinn eru möguleg áhrif minni fitu til betra heilsufars þjóðarinnar vegna þess að kjötið sé orðið enn heilsusamlegri fæða en áður. Við vitum að allar tölur í sambandi við heilbrigðiskerfið verða strax risatölur í höndum fjármálavitringa eins og sveitunga míns, heilbrigðisráðherra og Vigdísar Hauksdóttur formanns fjárlaganefndar. Að líkindum hefur það einnig fært þeim vissa ánægju við beitingu niðurskurðarhnífsins, sem að sjálfsögðu ber að telja tekjumegin, þó að það sé greinilega minnsti bagginn í heildarsamhenginu.

### *Peningar vegna kynbóta hafa rentað sig vel*

Hér hafa verið færð rök fyrir því að þeir peningar sem varið hefur verið til kynbótastarfs vegna eins eiginleika í sauðfjárræktinni hafi skilað sér með mikilli rentu til baka til þjóðarbúsins. Allar innlendar og erlendar rannsóknir styðja að svo sé um flest sem snýr að búfjárkynbótastarfi. Til að svo megi verða þarf að vísu ætíð að starfa af framsýni og laga starfið á hverjum tíma að breyttri framtíðarþróun. Þar sem stór hluti ábatans skilar sér beint til samfélagsins hljóta það að vera sterk rök fyrir því að til slíkra starfa sé áfram varið opinberu fé.



## Lesendabás



# Úr hollenskum gouda-osti í íslenskt skyr

**Rétt um 2.000 km frá mínu flata heimalandi skrifa ég þessa grein í Bændablaðið. Ég heiti Myrthe Brabander frá Hollandi og er 22 ára nemi við CAH Vilentum University of Applied Sciences (landbúnaðarháskóli í Hollandi). Ég er á fjórða ári í B.Sc. námi í búfjárrækt. Fóðrun dýra er mjög áhugaverður hluti námsins og sérhæfði ég mig í því síðastliðið haust.**



Myrthe Brabander frá Hollandi er 22 ára nemi við CAH Vilentum University of Applied Sciences (landbúnaðarháskóli í Hollandi).

Í febrúar á þessu ári fór ég úr mildu hollensku vetrarveðri í íslenska snjóinn til þess að taka verknámið mitt ásamt því að gera lokaverkefni eða -rannsókn hjá Landstólpa ehf. Veturinn var óvenju langur svo að grasvöxtur var seinni til og ekki var hægt að slá fyrr en um 3 vikum seinna heldur en í venjulegu árferði. Það er þó ekki einungis á Íslandi sem var slegið 3 vikum seinna heldur voru hollenskir bændur einnig 3 vikum seinna á ferðinni með slátt heldur en yfirleitt áður.

Hér á Íslandi er ekki einungis frábrugðið veðurfar miðað við það sem ég hef vanist, heldur er matarhefðin öðruvísi. Íslenska skyrið er uppáhalds íslenski maturinn minn. Í Hollandi borðaði ég mikinn gouda-ost, en hér á Íslandi borða ég mikið skyr. Bragðið af skyri er mjög einstakt og hreint og svo er það svo hollt. Mér finnst að Ísland eigi að upphefja íslenska skyrið því það er ómetanlegur fjársjóður þjóðarinnar.

Hollenska fóðurfyrirtækið De Heus kom mér í samband við dreifingaraðila sinn á Íslandi. Í verknáminu vinn ég hjá Landstólpa til þess að öðlast dýrmæta starfsreynslu ásamt því að gera rannsókn á fóðrun mjólkurkúa á Íslandi. Ég útbjó rafræna könnun fyrir íslenska bændur sem gaf mér góða innsýn í fóðrun mjólkurkúa hérlendis. Í þessari könnun spurði ég einnig bændur hvort þeir vildu fá heimsókn. Í heildina fékk ég um 200 svör og af þeim voru 100 sem vildu fá mig í heimsókn. Ég var mjög hissa og ánægð með hvað íslenskir bændur sýndu þessu mikinn áhuga.

Fyrir mánuði síðan byrjaði ég að heimsækja bændur. Til að byrja með var ég mjög spennt fyrir heimsóknunum vegna þess að ég vissi ekki alveg hvers ég mætti vænta. Ég hef nú heimsótt 46 bændur og hafa þeir allir verið mjög vingjarnlegir og hjálplegir. Á komandi vikum mun ég heimsækja fleiri bændur úr öllum landshlutum. Það góða við þessar bændaheimsóknir er að ég get hjálpað bændum með minni þekkingu frá Hollandi og þeir hjálpa mér á móti með því að veita mér gögn fyrir rannsóknina mína.

Kýr framleiða ekki allar sömu mjólkursamsetningu. Innihald ýmissa næringarefna í mjólkinni (eins og fitu, próteins og laktósa) eru ekki þau sömu á milli bæja. Innihald þessara næringarefna eru nefnilega mjög háð gæðum fóðrunar. Verðmætustu næringarefnin í mjólkinni eru prótein og fita en þau eru mikilvæg vegna líffræðilegs gildis þeirra. Prótein og fita eru mjög mikilvæg fyrir vöxt og viðhald gripa sem og mannsins. Mjólk með hátt hlutfall fitu og próteins veitir fleiri tækifæri til framleiðslu afurða. Margar mjólkurafurðir, eins og ostur og smjör, eru búin til úr mjólkurfitu og mjólkurpróteini. Þetta er einmitt ein af ástæðunum fyrir því að mjólkurverð á Íslandi ræðst af fitu- og próteininnihaldi í mjólkinni. Áherslan í mjólkuriðnaði er þess vegna á framleiðslu á miklu magni fitu og próteins. Það er nauðsynlegt fyrir mjólkurkúabændur að þeir finni gott hlutfall milli framleiðslumagns og innihalds fitu og próteins. Bóndinn vill framleiða sem flest kílógrömm af fitu og próteini eins og mögulegt er. Þannig má ná góðum fjárhagslegum árangri hjá kúabændum.

Frá því árið 2012 hefur neysla mjólkurafurða með hærra hlutfall fitu heldur en próteins aukist til muna á Íslandi. Þessa mikla eftirspurn eftir þessum fituríku mjólkurafurðum ollu skorti á mjólkurfitu á Íslandi. Íslenskir bændur geta þó aukið fituinnihaldið í mjólkinni með einföldum hætti, með breyttri fóðrun.

Meðal þess sem er mismunandi milli mjólkurframleiðslu í Hollandi og Íslandi er loftslagið og magn dagsbirtu. Sykurhlutfall í gróffóðri á Íslandi er mun hærra heldur en í Hollandi, þetta er vegna þess að dagarnir eru langir og næturnar kaldar hér á Íslandi. Plöntur umbreyta vatni og kolefni í glúkósa og súrefni vegna áhrifa frá sólarljósi og hitastigi en þetta ferli nefnist ljóstillífun. Sykurinnihald er þó ekki einungis háð sólarljósi og hitastigi heldur einnig þurrefnisinnihaldi gróffóðursins. Sykur er eldsneyti fyrir vöxt mjólkursýrugerla sem varðveita gróffóðrið. Blautt gróffóður þarf meiri sykur fyrir varðveisluna til þess að lækka pH-gildi. Þess vegna er sykurinn mikilvægur fyrir einsleitni fóðursins. Vothey sem inniheldur hátt hlutfall sykurs inniheldur minna magn smjörsýrugerla, niðurbrotsgerla og gers. Sykur umbreytist hratt í orku fyrir kýrnar og þegar það er of mikið þá verður það fitumyndandi. Sykur er umbreytt í mjólkursýrur og framleiðir lágt pH-gildi. Vambastarfsemi kúnna byggist á sýrustiginu og til þess að sporna gegn of háu sýrustigi í vömb er smjörsýra framleidd úr sykrinum. Þetta umbreytist í fitu en það getur verið merki um súra vömb.

Að sjálfsögðu er þetta meðal annars mismunurinn milli mjólkurframleiðslu í Hollandi og á Íslandi. Íslenskt loftslag veldur því að uppskerutímabilið er styttra og minni möguleikar eru á fjölbreyttri ræktun. Ég sé ekki einungis mun á aðstæðum heldur einnig á hugsunarhætti. Hollenskir bændur horfa meira á kostnað og nýtingu fóðursins en íslenskir bændur horfa meira á magn og vinnu eða fyrirhöfn. Í heimsóknum mínum hef ég tekið eftir því að íslenskir bændur eru mjög opnir og ófeimnir við að sýna mér tölur þrátt fyrir að þeir vilji helst ekki ræða það við aðra bændur.

Ég hef mikla ánægju af heimsóknunum til bænda, fallegri náttúrunni og vonast til að tala við mun fleiri bændur hér á Íslandi á komandi mánuðum. Að mínu mati hefur Ísland ótal marga möguleika á sviði mjólkurframleiðslu; „Land tækifæranna"!

*Myrthe Brabander*


## SKOTBÓMULYFTARAR - LYFTARAR

Útvegum varahluti í allar gerðir lyftara

PON Pétur O Nikulásson ehf.
Melabraut 23. P.o. Box 228.220 Hafnarfjörður
Símar: 552 2650 / 552 0110 Fax: 552 1588
E-mail: pon@pon.is

## Aukahlutir frá Trima á tilboði
## Dæmi um verð:



**Flexibal rúllugreip**
**Verð 195.000 kr.**
án virðisaukaskatts
með festingum



**Unigrip rúllugreip**
**Verð 224.000 kr.**
án virðisaukaskatts
með festingum



**Steinagreip 200**
**Verð 192.000 kr.**
án virðisaukaskatts
með festingum

**Tilboðið gildir til 31. desember 2015**

VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

# Fjárvís

**Dagana 10. og 11. desember verða haldin námskeið í Fjárvís.**

Fyrra námskeiðið verður haldið á Höfn í Heppuskóla - Grunnskóla Hornafjarðar, frá kl. 13:00-17:00 og seinna námskeiðið verður á Egilsstöðum í húsnæði BsA/RML - Miðvangi 2-4, frá kl. 13:00-17:00. Ath. Þátttakendur á námskeiði á Egilsstöðum þurfa að koma með eigin tölvur.

Námskeiðið er einkum ætlað sauðfjárbændum sem eru þátttakendur í skýrsluhaldi í sauðfjárrækt. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi einhverja reynslu í færslu skýrsluhalds og hafi með sér skýrsluhaldsgögn til að vinna með á námskeiðinu. Farið verður í helstu aðgerðir sem FJARVIS.IS býður upp á fyrir skýrsluhaldara m.a. skráningarþætti, gripaleit og skýrslur.

Kennari: Eyjólfur Ingvi Bjarnason ráðunautur hjá RML.

Námskeiðsgjald er kr. 15.000,-

Unnt er að sækja um styrk úr starfsmenntasjóði Bændasamtaka Íslands á móti námskeiðsgjaldinu.

Hámarksfjöldi þátttakenda á hvoru námskeiði er 15.

**Staðfesta skal þátttöku til RML í síma 516-5000 eigi síðar en 8. desember.**

**Námskeiðið er á vegum RML og tölvudeildar Bændasamtaka Íslands.**

**RML og Bændasamtök Íslands áskilja sér þann rétt að fella niður námskeið ef næg þátttaka næst ekki.**

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is

# Í baráttu fyrir að fá að fara á Klepp!

**Hvað gerir fátæk sjómannsfjölskylda í litlu sjávarplássi um aldamótin 1900 þegar húsfreyjan bugast af geðrænum veikindum?**

Leið Skaftfellinganna Steinunnar Sveinsdóttur og Ólafs Ásgrímssonar á Djúpavogi lá í sveitina. Vegna veikinda Steinunnar gat Ólafur ekki verið daglangt í róðrum og leitar því í sveitabúskap þar sem samvistir fjölskyldunnar eru meiri. Til lengri tíma er þetta þó ekki ráð sem dugar og innan fárra ára er hafin barátta bóndans á Randversstöðum í Breiðdal fyrir því að fá konu sína vistaða á Kleppi.

Frá þessari einstæðu örlagasögu segir í bókinni Ofríki eftir Jón Hjartarson sem bókaútgáfan Sæmundur á Selfossi sendir nú frá sér.



Höfundurinn Jón Hjartarson.

Vistun á hinum splunkunýja Kleppspítala er dýr og sveitarsjóður þarf að borga. Hér mætast annars vegar sjónarmið hins gamla fátæka sveitasamfélags þar sem reynt er að ala ómaga samfélagsins með sem minnstum tilkostnaði og hins vegar nútíma sjónarmið mannúðar og mannréttinda. Ólafur Ásgrímsson er sannur baráttumaður sem tekur nei-i sveitarstjórnar ekki sem endanlegu svari.

Og þrátt fyrir að Ólafur gangi ekki með fullan sigur af hólmi er barátta hans merkileg. Hann veitir yfirvöldum svo harðsnúið viðnám að þau mega beita öllum tiltækum lagakrókum til þess að koma honum undir. Eftir liggja 140 málsskjöl sem lögð eru fyrir sýslumann Skaftafellssýslu. Það er fáheyrt fyrir öld síðan að fátækur alþýðumaður rísi með þessum hætti upp gegn yfirvöldum.




### Óbærilegt heimilisböl

Við grípum hér niður í bók Jóns þar sem Ólafur Ásgrímsson lýsir búskap í skugga geðveiki og fátæktar:

Geðveikin var óbærilegt heimilisböl, varla hægt að tala um öll ósköpin þegar verst lét.

Ég man ekki hvenær fyrst fór að bera á þessum veikindum hjá henni Steinunni minni, hún hafði frá því ég fyrst kynntist henni verið örlynd, en ekkert sem um var að tala. En fljótlega eftir að við fluttum á Djúpavog fór meir að bera á örlyndistímabilum, þau stóðu lengur en áður og hún átti oftar erfitt með að hafa stjórn á skapinu og var lengur að jafna sig á eftir. En eftir að Lára Björg fæddist fór fyrst alvarlega að taka í hnúkana. Þá komu löng tímabil þar sem hún varð alveg albrjáluð og vissi hvorki hvert hún fór né hvað hún gerði. Þegar svona stóð á fyrir henni hafði ég miklar áhyggjur af börnunum, óttaðist jafnvel að þeim væri ekki óhætt, sérstaklega ungbarninu Láru, enda réð hún ekkert við að hugsa um þau né neitt sem heimilinu viðvék þegar verst gegndi.



Feðginin Ólafur Ásgrímsson og Rannveig Júlía Ólafsdóttir en í bókinni er m.a. rakin saga Júlíu sem bjó lengi í Júllukofa við Foss á Síðu.

Fyrst í stað, á meðan ég vonaði að ástandið myndi batna, tók ég mér frí frá sjómennskunni, dag og dag, til að vera heima og gæta að hlutunum, en þegar batinn dróst á langinn og ástandið jafnvel versnaði þá varð útséð um að ég gæti stundað sjóinn, ég yrði að koma fjölskyldunni í skjól þar sem ég gæti litið til með Steinunni og börnunum daglangt. Eftir nokkra umhugsun tók ég á leigu hálfa jörðina á Randversstöðum í Breiðdal og þangað fluttum við öll 1904.

Heimilishaldið og búskapurinn var allt undirlagt af geðveikinni, sem nú keyrði úr öllu hófi, brjálæðisköstin vöruðu orðið marga daga í senn og sífellt varð styttra á milli kastanna. Ég komst nánast ekkert út til að sinna búverkum, sem hvíldu þá aðallega á yngri börnunum, sem gerðu eins og þau gátu, angaskinnin, en réðu auðvitað ekki við nema lítið af því sem til þurfti.

Það var enga hjálp að fá, nágrannarnir óttuðust geðveikina og forðuðust bæinn.

Við þessar kringumstæður gekk allt úr böndunum, útihúsin grotnuðu niður og féllu inn í eigin tóft, túngarðar hrundu og viðhald allt var í svo miklum ólestri að á öllu sá. Ég gerði mér fulla grein fyrir því í hvað stefndi, en lengst af vonaðist ég eftir að Steinunni minni myndi batna, svo hægt væri að snúa hlutunum við.

En það varð bið á því og svo bættist við hörmungarnar augljós fjandskapur samfélagsins, sem tók að agnúast út í okkur á ýmsan máta og við urðum þess vör að fólk vildi losna við okkur úr sveitinni. Sveitin óttaðist Steinunni, óttaðist að hún myndi brjótast út af heimilinu og ryðjast inn á bæi og ráðast á fólkið. Börn voru hrædd til hlýðni á „brjáluðu konunni á Randversstöðum“ og fullorðið fólk hætti sér ekki á milli bæja eftir að skyggja tók, af hræðslu við eigin ímyndun.

Þannig hlóðust váboðarnir upp allt í kringum okkur og ef ekki brygði fljótt til betra horfs hlyti að draga til tíðinda áður en langt um liði.

# Á hjara veraldar




**Á hjara veraldar Heimildasögur nefnist bók sem er nýkomin út hjá Vestfirska forlaginu. Guðlaugur Gíslason frá Steinstúni í Strandasýslu tók saman.**

Það var enginn barnaleikur að búa á afskekktustu jörðum þessa lands áður og fyrr. Þar voru Hornstrandir og nágrenni líklega sér á báti. Eitt var það sem ekki varð undan vikist, og það var að flytja lík til greftrunar. Það var líka þung kvöð sem lá á fólki að sækja kirkju og taka þátt í helgihaldi safnaðarins, en fjarlægðin og óblíð náttúra bönnuðu.

### Meira en tveggja alda gömul skjöl

Í Þjóðskjalasafni Íslands hafa nýlega komið í leitirnar meira en tveggja alda gömul skjöl, sem hafa legið þar óhreyfð öll þessi ár. Bréfin greina frá viðskiptum og kærumálum á hendur Jóni Árnasyni, bónda í Skjaldabjarnarvík á Ströndum, við kirkjunnar þjóna vegna „kirkjuforsómunar,“ sem prestarnir nefndu svo, og gengu alla leið til Skálholtsbiskups.

### Grafinn í túni prests án yfirsöngs

Þar fundust líka bréf frá sama tíma, vegna eftirmála, sem urðu útaf greftrun Hallvarðs Hallssonar, þá húsmanns í Skjaldabjarnarvík, en hann var grafinn þar í túninu án vitundar prests og án yfirsöngs.

Þá er einnig sagt frá kærumálum vegna dráttar sem varð á að koma líki vinnukonu í Skjaldabjarnarvík til greftrunar í Árnesi. Svo er farið um víðan völl.

Guðlaugur Gíslason frá Steinstúni er einn af þessum gömlu góðu fræðimönnum sem nú fer fækkandi.

Vestfirska forlagið hefur áður gefið út bækurnar Lífvörður Jörundar hundadagakóngs og Ævisögu Þórðar Þ. Grunnvíkings rímnaskálds.

# „Mér hefur verið líkt við Forrest Gump“




**Út er komin hjá Veröld bókin Munaðarleysinginn – örlagasaga Matthíasar Bergssonar eftir Sigmund Erni Rúnarsson.**

Lífssaga Matthíasar Bergssonar spannar allt frá dvöl á munaðarleysingjaheimili í Reykjavík á sjötta áratugnum til hörkulegrar herþjálfunar fyrir stríðið í Víetnam og daglegs lífs í glæpahverfi í miðríkjum Bandaríkjanna.

Við sögu koma Marlene Dietrich, Alice Cooper, Axl Rose, Marlboro-maðurinn, morðingi Johns Lennon – og þrír Bandaríkjaforsetar, svo nokkur séu nefnd.

Í veraldarvolkinu tókst Matthías á við ótrúlegustu verkefni en sökk að lokum til botns í óreglu, niðurlægingu og eymd. Honum tókst að rífa sig upp úr ömurleikanum og tók stefnuna heim til Íslands – þar sem hann vissi af æskuástinni sinni.

Sigmundur Ernir Rúnarson ritar örlagasögu munaðarleysingjans Matthíasar Bergssonar af innsæi og sagnalist – einhverja óvenjulegustu ævisögu síðari ára!

Munaðarleysinginn er 268 blaðsíður að lengd. Ólafur Unnar Kristjánsson hannaði bókarkápuna og Eyjólfur Jónsson sá um umbrot. Bókin er prentuð í Odda.



Sigmundur Ernir Rúnarsson og Matthías Bergsson.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Nauðsyn á tilkynningaskyldu slysa

**Oft í þessum pistlum mínum hef ég vitnað til úttektar sem gerð var árið 2004 sem unnin var af læknunum Gunnari Guðmundssyni og Kristni Tómassyni um heilsufar og slys á íslenskum bændabýlum. Í þessari úttekt var 2.042 býlum með 100 ærgildi eða meira sendur spurningalisti, alls svöruðu um 1.100 (um 54% svarhlutfall).**

Niðurstaðan var frekar slæm þá og samkvæmt svörum höfðu rúm 18 prósent svarenda verið frá vinnu árið á undan vegna slyss í fjórtán daga eða lengur. Miðað við að 18 prósent hafi slasað sig af þessum 1100 eru það rúmir 200 slasaðir, en þetta sama ár voru ekki tilkynnt nema sextán slys frá bændabýlum til vinnueftirlitsins. Hvað gerðist í slysunum sem ekki voru tilkynnt og hvernig má læra af þeim?

*Lykilatreiði að tilkynna slys*

Í síðasta pistli vitnaði ég til frétta um mikla slysatíðni íslenskra lögreglumanna, en samkvæmt spjalli við kunningja minn sagði hann mér að það sé skylda að tilkynna slys í þeirri stétt. Í síðustu viku var haldið upp á 30 ára afmæli Slysavarnaskóla sjómanna og á þeim tímamótum var kynntur árangur sem unnist hefur með tilkomu skólans. Frá árinu 2000 til ársins 2015 hefur meðaltal látinna sjómanna farið úr að jafnaði fjögur banaslys árlega niður í eitt ár hvert sem sýnir berlega árangurinn af tilkomu skólans.

Fyrir um tveim árum spjallaði ég við Hilmar Snorrason, skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna, þar sem hann setti í forgangsröðunina 1,2,3,4 hvernig skólinn vinnur. Í 1. sæti var áhættumat, 2. atvikaskráning, 3. fræðsla og að lokum 4. aðgerðir. Atvikaskráningar (tilkynning slysa) gerir þeim sem vinna að forvörnum kleift að ráðast á vandann og til að sjá hver vandinn er verður að tilkynna slys.

*Árangur Slysavarnaskóla sjómanna hreint frábær*

Svo góður árangur hefur náðst hjá Slysavarnaskólanum að í þrjú stök ár hafa allir sjómenn komið heim (engin banaslys hjá íslenskum sjómönnum 2008, 2011 og 2014). Engin furða að forseti Íslands hafi sæmt Hilmar Snorrason stórriddarakrossi fyrir störf sín.

Á þriðja ár hef ég verið að skoða og fræðast um aðgerðir og framkvæmdir erlendra bændasamfélaga til forvarna í landbúnaði. Alls staðar er unnið vel að forvörnum og alls staðar þar sem lögð er áhersla á að skrá og búa til gagnagrunn til að vinna eftir er að nást góður árangur og er ekki óalgengt að fækkun slysa sé að meðaltali á bilinu 10–15% árlega erlendis. Það er að mínu mati mjög brýnt að gera svipaða skoðanakönnun á íslenskum býlum sem þeir Gunnar og Kristinn gerðu 2004 til að sjá muninn á þessum 10–11 árum. Persónulega tel ég að slysatíðni í íslenskum landbúnaði sé komin vel niður fyrir 10% frá könnuninni sem gerð var 2004.



Hilmar Snorrason.

*Lítil tilraun BÍ á 30 bæjum skilaði góðum árangri*

Frá hausti 2012 og fram á 2013 var gerð tilraun af BÍ í samstarfi við bændur á rúmum 30 býlum þar sem voru um 70 ársstörf. Þessi býli voru heimsótt í tvígang og látin hafa prufugátlista til að fara yfir og tíu mánuðum seinna var hringt í alla sem tóku þátt og spurt var í því símtali um slys. Svörin voru að aðeins tveir höfðu slasast, en miðað við 70 ársstörf var útkoman að um 3% höfðu slasast. Það er greinilegt að það er hægt að ná árangri, en til þess þurfa allir að vinna saman.

## Bækur, tónlist & kvikmyndir

# Hrólfs saga eftir Iðunni Steinsdóttur





**Fönnin huldi spor margra Íslendinga áður fyrr þegar menn fóru fótgangandi landshorna milli í misjöfnum veðrum.**

Í bókinni Hrólfs sögu rekur Iðunn Steinsdóttir sögu langafa síns, Hrólfs Hrólfssonar. Hann háði harða lífsbaráttu sem sveitarómagi og síðar vinnumaður í lok 19. aldar. Hrólfur hafði yndi af bókum og þráði að koma undir sig fótunum og búa konu sinni og börnum betra líf. En landlaus maður átti fárra kosta völ.

Mörgum mun koma á óvart um bjartari tíma. að lesa um nöturlega kjör almennings fyrir rúmri öld, en hér bregður Iðunn upp ljóslifandi mynd frá þessum tíma sem hún setur í sögulegt samhengi. Mynd af efnilegu barni og síðan ungum manni sem ætíð var fullur væntinga

Iðunn Steinsdóttir hefur skapað sér gott orð sem rithöfundur en flestar bóka hennar eru fyrir yngri kynslóðina. Hrólfs saga er þriðja skáldsaga Iðunnar Steinsdóttur sem skrifuð er fyrir fullorðna lesendur og jafnframt sú síðasta að hennar eigin sögn.

Iðunn Steinsdóttir fæddist á Seyðisfirði árið 1940. Hún lauk stúdentsprófi frá MA árið 1960 og kennsluréttindaprófi frá KHÍ 1981. Árið 1982 kom fyrsta bók hennar út og undanfarin 30 ár hefur hún að mestu leyti stundað ritstörf.

Iðunn hefur hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar, en ber þar helst að nefna Íslensku barnabókaverðlaunin, heiðurslaun Bókasafnssjóðs og að vera kjörin heiðursfélagi Rithöfundasambands Íslands.





# KROSSGÁTA Bændablaðsins





# Lausn á krossgátu í síðasta blaði







## Líf og lyst

## Bærinn okkar



**Frá árinu 2000 koma Harpa og Eyfi smám saman inn í búskapinn í Bjarnanesi.**
Árið 2011 er svo stofnað félagsbúið Bjarnanes með þeim Þorsteini (fósturföður Hörpu) og Vilborgu.

**Býli:** Bjarnanes.

**Staðsett í sveit:** Nesjum í Hornafirði, um níu kílómetra vestan við Höfn.

**Ábúendur:** Sigrún Harpa Baldursdóttir og Eyjólfur Kristjónsson, Þorsteinn Sigjónsson og Vilborg Jónsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Harpa og Eyfi eiga 6 börn; Védís Erna, Ellert Máni, Atli Dagur, Kristín Eva, Eyjalín Harpa og Hildur Árdís. Vilborg og Steini eiga einn strák; Jón Snorra. Gæludýr eru hundar, kettir og sex silkihænur..

**Stærð jarðar?** Var nokkuð stór en hefur minnkað.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Rúmlega 1000 vetrarfóðraðar kindur og nokkur ótalin hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Árstíðabundnar breytingar á vinnudögum eins og gengur á sauðfjárbúi.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Það er allt skemmtilegt þegar vel árar, leiðinlegast er að sama skapi ef illa gengur.



Hengibrú.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði vonandi.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Okkur finnst hlutirnir gerast hægt og viljum meiri sýnilegan árangur.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vonandi vel en verulegra breytinga er þörf fyrir afkomu sauðfjárbænda sem ekki geta endalaust tekið á sig verðhækkanir á öllum aðföngum.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Hreinar afurðir án lyfja og aukaefna.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Hangiálegg, mjólk, smjör, ostur og egg.






Illikambur.



Kambaklofi.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Sauðakjöt Úr Kollumúla matreitt að hætti húsmóðurinnar.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar ég mætti í fjárhúsin á aðfangadagsmorgun og það hafði sprungið vatnsleiðsla um nóttina. Það hefði verið gott að eiga grindahús.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Hægelduð nautarif og danskir sykurpúðakossar

**Það er fleira nautakjöt en lundir og ribeye. Nautarif er ekki matur sem þú setur í sjóðandi vatn heldur er upplagt að steikja þau við eld eða hægelda í ofni í langan tíma. Nautarif eru ódýr en fáir hafa prófað þau.**

Nautarif, eins og svínarif, eru vinsæl á veitingastöðum. Fínir staðir eru farnir að setja nautarif á matseðlana hjá sér enda herramannsmatur, frábært kjöt með fallegri fitu. Eins og ribeye eru rif best með mikilli innfitu sem gefur hið góða bragð. Fituna má síðan skera af eftir eldun.

Það eru tveir helstu skurðir á nautarifjum, „bak rifbein" og „stutt rifbein". Það eru 13 rif á hvorri hlið en hefðbundin stutt rif koma frá rifi 5–8. Og það er besti skurðurinn. Þessum þremur eldunaraðferðum mæli ég með:

1. Grilluð rif eru elduð á grilli í langan tíma með þurrum hita og smá viðarreyk. Það er BBQ-nautakjöt að Texas-stíl.
2. Kóreskt grill (Kalbi). Þegar kjötið er skorið þunnt, marínerað og grillað á mjög heitu grilli eins og þeir gera í Kóreu.
3. Ofnbakað. Svona gera þeir í Frakklandi. Þú færð mjög safaríkt og mjög meyrt kjöt. Frábært soð í sósuna. Við ætlum að taka snúning á ofnbökuðum rifjum.

### Gljáð ofnbökuð stutt nautarif

- 2 x 1,5 kg nautakjöt, stutt rif
- Sjávarsalt



Gljáð ofnbökuð stutt nautarif.



- Ferskur malaður svartur pipar
- Ólífuolía
- 2 hvítlauksrif
- 2 rauðlaukar

### Fyrir gljáann

- 180 ml tómatsósa
- 150 ml kjötsafi (safinn af rifjunum - fita sem er fleytt ofan af) annars vatn og kraftur
- 4 msk. Worchestershire-sósa
- 1 tsk. enskt sinnep
- 4 teskeiðar eplaedik (eða hvítvínsedik)
- 4 teskeiðar púðursykur

Hitið ofninn í 100°C.

Brúnið rifin á pönnu eða grilli. Setjið rif í ofnfast fat, kryddið með salti og pipar. Úðið með ólífuolíu og nuddið kjötið. Það má vera búið að krydda kjötið kvöldið áður og leyfa kryddinu að komast inn í kjötið. Lokið með tvöföldu lagi af álpappír. Eldið í 7 til 8 klukkustundir eða þar til kjötið er eldað í gegn og orðið mjúkt viðkomu.

Takið safann og fleytið fituna af, setjið í pott. Látið malla í um 2 mínútur. Bætið þá hráefninu í gljáann og látið suðuna koma upp aftur. Minnkið þá hitann og látið malla í 10 mínútur í viðbót eða þar til sósan hefur þykknað. Penslið sósuna á rifbeinin svo þau verða fallega húðuð. Setjið rifin í ofninn í 20 til 40 mínútur eða þar til sósan er orðin klístruð.

Berið fram með hrásalati og því





sem var eftir af ofn-gljáa sósunni og jafnvel rjómalöguðu kartöflumauki. Grænt salat er gott með og ekki síður fyrir samviskuna.

### Danskir sykurpúðakossar í súkkulaðiskel - Flødeboller

#### Marengs

- 1 pakki saltstangir eða kex
- 4 msk. smjör, brætt
- 2 matskeiðar sykur
- 2 matskeiðar púðursykur

#### Síróp

- 2 1/2 dl sykur
- 3/4 bolli vatn
- 1 dl glúkósasíróp eða agavesíróp

#### Skraut

- 200 g dökkt súkkulaði
- 1/2 msk. matarolía
- T.d. sykurskraut, kókosmjöl eða þurrkuð hindber.
- 150 g marsípan, að minnsta kosti 50% möndlur.

Skerið út marsípan í ½ cm þykkt. Notið kökuskurðarhringi með þvermál sem er um 4 cm. Bakið við 200 gráður þar til hringirnir verða ljósbrúnir.

Bætið gelatíni í kalt vatn. Þeytið eggjahvítu með 2 msk. af sykri þar til hvít froða fer að myndast.

Blandið vatni, sykri og glúkósasírópi (eða Agave) í lítinn pott. Látið blönduna eldast í 116 gráður (notið kjöthitamæli).

Takið matarlímið úr vatninu og leysið upp í sírópinu.

Hellið heitu sírópi yfir eggjahvíturnar í þunnri bunu og haldið áfram að þeyta á miklum hraða þar til marengsið kólnar.

Bætið bragði af eigin vali til dæmis:

- 4 tsk. kakóduft
- 4 tsk. vanillusykur

Setjið í sprautupoka og sprautið ofan á marsípanbotnana. Ekki skemmir að setja fersk ber ofan á botninn en það minkar geymsluþolið (setjið í frysti).

Bræðið súkkulaðið, bætið við 1/2 msk. matarolíu og dýfið kossunum í súkkulaðið. Líka hægt að hella yfir á grind með bakka undir sem tekur umfram súkkulaðið.

Stráið skrauti yfir að eigin vali, til dæmis rauðum hjörtum, sykurperlum eða kókos.

Skoðið stutt myndband á bbl.is þar sem sýnt er hvernig dönsku sykurpúðakossarnir eru gerðir.

HANNYRÐAHORNIÐ garn@garn.is

# Jólasokkur fyrir hnífapörin

**Hugmyndina af þessum sokk sá ég á netinu í fyrra. Þykir þetta skemmtileg skreyting á jólaborðið en þar sem ég fann ekki uppskrift, setti ég þessa saman.**

Garnið í sokkana fáið þið hjá Handverkskúnst og endursöluaðilum víða um land. Á heimasíðunni www.garn.is finnið þið lista yfir endursöluaðila okkar.

**Garn:** Kartopu Kar-Sim

- Litur 1: rauður nr KS150, 1 dokka

- Litur 2: hvítur nr KS010, 1 dokka

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 3,5

**Prjónfesta:**

28 lykkjur slétt prjón = 10 sm

**Skammstafanir:**

L – lykkja / lykkjur

2Ss – prjónið 2 lykkjur slétt saman

**Kaðll:**

Umferð 1-6: Prjónið *1L slétt, 1L brugðin, 4L slétt, 1L brugðin* Endurtakð *-* út umferðina

Umferð 7: Prjónið *1L slétt, 1L brugðin, setjið 2 lykkjur á hjálparprjón fyrir framan stykkið, prjónið 2 lykkjur slétt og síðan lykkjurnar af hjálparprjóni slétt, 1L brugðin* Endurtakið frá *-* út umferðina

**Aðferð:**

Sokkurinn er prjónaður í hring á sokkaprjóna. Hællinn er mótaður með styttum umferðum.

Fitjið upp 24 lykkjur með lit 2 og prjónið stroff, 14 umferðir (2L slétt og 2L brugðið). Skiptið yfir í lit 1 og prjónið 1 umferð slétt og aukið út um 4 lykkjur = 28 lykkjur á prjóninum.

Prjónið 2 kaðla + fyrstu 2 umferðir af 3ja kaðli en þá er komið að hæl.

**Hæll:**

Hællinn er prjónaður í garðaprjóni (allar umferðir slétt prjón) með styttum umferðum yfir 13 lykkjur (færið fyrstu lykkju á prjóni 1 yfir á hægri prjón og prjónið hæl yfir næstu 13 lykkjur):

Umferð 1: Prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir á vinstri prjóni, takið lykkjuna óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 2: Prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir á vinstri prjóni, takið lykkjuna óprjónaða yfir á



hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 3: Prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 2 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 4: Prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir á vinstri prjónim, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 2 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 5: Prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 3 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 6: Prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 3 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 7: Prjónið slétt þar til 4 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 4 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 8: Prjónið slétt þar til 4 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 4 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Nú byrjum við að taka lykkjurnar sem geymdar voru í umferðunum á undan aftur með í prjónið.

Umferð 9: Prjónið 6 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 10: Prjónið 7 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 11: Prjónið 8 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 12: Prjónið 9 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 13: Prjónið 10 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 14: Prjónið 11 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 15: Prjónið 12 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 16: Prjónið 13 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Nú hefur hællinn verið mótaður. Haldið áfram að prjóna kaðlamunstur þar sem frá var horfið (byrjið á umferð 3 í kaðli). Þegar prjónaðir hafa verið 6 kaðlar (talið frá stroffi) hefst úrtaka á tá.

**Úrtaka:**

Prjónið *2Ss, 2S* endurtakið *-* út umferðina

Prjónið *2Ss, 1S* endurtakið *-* út umferðina

Prjónið 2Ss út umferiðna

Slítið bandið frá og dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru. Gangið frá endum, þvoið sokkinn og leggið til þerris.

*Prjónakveðja*

*Guðrún María*

*www.garn.is*









**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | | 2 | | 1 | | 6 |
| 6 | | | 4 | | 3 | | | 9 |
| 7 | | | | 9 | 1 | 2 | 3 | |
| | 5 | 7 | | 1 | 2 | | | |
| | 2 | | 5 | | 6 | | 9 | |
| | | | 3 | 8 | | 5 | 4 | |
| | 3 | 1 | 8 | 7 | | | | 5 |
| 9 | | | 2 | | 5 | | | 7 |
| 5 | | 6 | | 3 | | 4 | | 8 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | 2 | 7 | | | |
| | 2 | | | 5 | | 7 | 1 | 3 |
| | 9 | | 1 | | 3 | | | |
| 1 | | | 5 | | 9 | 8 | | |
| | 3 | 9 | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | 6 | | 4 | | | 5 |
| | | | 4 | | 2 | | 5 | |
| 4 | 8 | 7 | | 9 | | | 2 | |
| | | | 7 | 6 | 1 | | 8 | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | 6 | | | |
| 5 | | | 4 | 3 | | | | |
| 2 | | | | 1 | | 6 | 9 | 5 |
| | | 8 | | | | | 5 | |
| 6 | 3 | | | | | | 1 | 7 |
| | 5 | | | | | 4 | | |
| 4 | 9 | 7 | | 8 | | | | 2 |
| | | | | 2 | 5 | | | 4 |
| | | | 7 | | | | | 1 |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | 6 | | | | 7 |
| | 3 | | | | 4 | | | |
| | | | | | 7 | 3 | 9 | |
| | 1 | | | | 9 | 4 | 8 | |
| | | 5 | | | | 7 | | |
| | 9 | 4 | 6 | | | | 3 | |
| | 5 | 6 | 1 | | | | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 1 | | | | 9 | | | 6 | 2 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Hamborgarar uppáhaldsmaturinn

**Þór er átta ára strákur sem býr í Reykjavík. Hann gengur í Melaskóla og æfir körfubolta af miklum krafti enda langar hann að leggja boltann fyrir sig. Fyrsta minning hans er ferðalag til Danmerkur.**



**Nafn:** Þór Ármannsson.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Búseta:** Vesturbær Reykjavíkur.

**Skóli:** Melaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Stærðfræði.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Dverghamstur.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari.

**Uppáhaldshljómsveit:** Skálmöld og One-Direction.

**Uppáhaldskvikmynd:** Aulinn ég.

**Fyrsta minning þín?** Heimsókn til Danmerkur.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Æfi körfubolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Körfuboltamaður og þjálfari.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Handleggsbrotnaði á fótboltamóti.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Vera skammaður og fara í jóga.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Fór á McDonalds í Osló í Noregi.

HANNYRÐAHORNIÐ garn@garn.is

# Jólasokkur fyrir hnífapörin

**Hugmyndina af þessum sokk sá ég á netinu í fyrra. Þykir þetta skemmtileg skreyting á jólaborðið en þar sem ég fann ekki uppskrift, setti ég þessa saman.**

Garnið í sokkana fáið þið hjá Handverkskúnst og endursöluaðilum víða um land. Á heimasíðunni www.garn.is finnið þið lista yfir endursöluaðila okkar.



**Garn:** Kartopu Kar-Sim

- Litur 1: rauður nr KS150, 1 dokka

- Litur 2: hvítur nr KS010, 1 dokka

**Prjónar:** Sokkaprjónar nr 3,5

**Prjónfesta:**

28 lykkjur slétt prjón = 10 sm

**Skammstafanir:**

L – lykkja / lykkjur

2Ss – prjónið 2 lykkjur slétt saman

**Kaðll:**

Umferð 1-6: Prjónið *1L slétt, 1L brugðin, 4L slétt, 1L brugðin* Endurtakð *-* út umferðina

Umferð 7: Prjónið *1L slétt, 1L brugðin, setjið 2 lykkjur á hjálparprjón fyrir framan stykkið, prjónið 2 lykkjur slétt og síðan lykkjurnar af hjálparprjóni slétt, 1L brugðin* Endurtakið frá *-* út umferðina

**Aðferð:**

Sokkurinn er prjónaður í hring á sokkaprjóna. Hællinn er mótaður með styttum umferðum.

Fitjið upp 24 lykkjur með lit 2 og prjónið stroff, 14 umferðir (2L slétt og 2L brugðið). Skiptið yfir í lit 1 og prjónið 1 umferð slétt og aukið út um 4 lykkjur = 28 lykkjur á prjóninum.

Prjónið 2 kaðla + fyrstu 2 umferðir af 3ja kaðli en þá er komið að hæl.

**Hæll:**

Hællinn er prjónaður í garðaprjóni (allar umferðir slétt prjón) með styttum umferðum yfir 13 lykkjur (færið fyrstu lykkju á prjóni 1 yfir á hægri prjón og prjónið hæl yfir næstu 13 lykkjur):

Umferð 1: Prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir á vinstri prjóni, takið lykkjuna óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 2: Prjónið slétt þar til 1 lykkja er eftir á vinstri prjóni, takið lykkjuna óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 3: Prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 2 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 4: Prjónið slétt þar til 2 lykkjur eru eftir á vinstri prjónim, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 2 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 5: Prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 3 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 6: Prjónið slétt þar til 3 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 3 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 7: Prjónið slétt þar til 4 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 4 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Umferð 8: Prjónið slétt þar til 4 lykkjur eru eftir á vinstri prjóni, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón (nú eru 4 lykkjur á vinstri prjóni) Snúið við.

Nú byrjum við að taka lykkjurnar sem geymdar voru í umferðunum á undan aftur með í prjónið.

Umferð 9: Prjónið 6 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 10: Prjónið 7 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 11: Prjónið 8 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 12: Prjónið 9 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 13: Prjónið 10 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 14: Prjónið 11 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 15: Prjónið 12 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Umferð 16: Prjónið 13 lykkjur slétt, takið næstu lykkju óprjónaða yfir á hægri prjón, setjið bandið fram fyrir prjóninn og færið lykkjuna til baka yfir á vinstri prjón. Snúið við.

Nú hefur hællinn verið mótaður. Haldið áfram að prjóna kaðlamunstur þar sem frá var horfið (byrjið á umferð 3 í kaðli). Þegar prjónaðir hafa verið 6 kaðlar (talið frá stroffi) hefst úrtaka á tá.

**Úrtaka:**

Prjónið *2Ss, 2S* endurtakið *-* út umferðina

Prjónið *2Ss, 1S* endurtakið *-* út umferðina

Prjónið 2Ss út umferiðna

Slítið bandið frá og dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru. Gangið frá endum, þvoið sokkinn og leggið til þerris.

*Prjónakveðja*

*Guðrún María*

*www.garn.is*









Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | | 2 | | 1 | | 6 |
| 6 | | | 4 | | 3 | | | 9 |
| 7 | | | | 9 | 1 | 2 | 3 | |
| | 5 | 7 | | 1 | 2 | | | |
| | 2 | | 5 | | 6 | | 9 | |
| | | | 3 | 8 | | 5 | 4 | |
| | 3 | 1 | 8 | 7 | | | | 5 |
| 9 | | | 2 | | 5 | | | 7 |
| 5 | | 6 | | 3 | | 4 | | 8 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | 2 | 7 | | | |
| | 2 | | | 5 | | 7 | 1 | 3 |
| | 9 | | 1 | | 3 | | | |
| 1 | | | 5 | | 9 | 8 | | |
| | 3 | 9 | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | 6 | | 4 | | | 5 |
| | | | 4 | | 2 | | 5 | |
| 4 | 8 | 7 | | 9 | | | 2 | |
| | | | 7 | 6 | 1 | | 8 | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | | | | 6 | | | |
| 5 | | | 4 | 3 | | | | |
| 2 | | | | 1 | | 6 | 9 | 5 |
| | | 8 | | | | | 5 | |
| 6 | 3 | | | | | | 1 | 7 |
| | 5 | | | | | 4 | | |
| 4 | 9 | 7 | | 8 | | | | 2 |
| | | | | 2 | 5 | | | 4 |
| | | | 7 | | | | | 1 |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | 6 | | | | 7 |
| | 3 | | | | 4 | | | |
| | | | | | 7 | 3 | 9 | |
| | 1 | | | | 9 | 4 | 8 | |
| | | 5 | | | | 7 | | |
| | 9 | 4 | 6 | | | | 3 | |
| | 5 | 6 | 1 | | | | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 1 | | | | 9 | | | 6 | 2 |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Hamborgarar uppáhaldsmaturinn

**Þór er átta ára strákur sem býr í Reykjavík. Hann gengur í Melaskóla og æfir körfubolta af miklum krafti enda langar hann að leggja boltann fyrir sig. Fyrsta minning hans er ferðalag til Danmerkur.**



**Nafn:** Þór Ármannsson.

**Aldur:** 8 ára.

**Stjörnumerki:** Vog.

**Búseta:** Vesturbær Reykjavíkur.

**Skóli:** Melaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Stærðfræði.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Dverghamstur.

**Uppáhaldsmatur:** Hamborgari.

**Uppáhaldshljómsveit:** Skálmöld og One-Direction.

**Uppáhaldskvikmynd:** Aulinn ég.

**Fyrsta minning þín?** Heimsókn til Danmerkur.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Æfi körfubolta.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Körfuboltamaður og þjálfari.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Handleggsbrotnaði á fótboltamóti.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Vera skammaður og fara í jóga.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Fór á McDonalds í Osló í Noregi.



liklegur@internet.is

MMC L200:

# Nýr og mikið breyttur L 200 frá Mitsubishi

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Hæð | 1.780 mm |
| Breidd | 1.815 mm |
| Lengd | 5.260 mm |
| Þyngd | 1.875.kg |

**Fyrir skömmu kom ég í Heklu og sagði Stefán Sandholt, sölustjóri Mitsubishi-bíla, mér að væntanlegur væri nýr pallbíll frá Mitsubishi og bað ég hann endilega að láta mig vita þegar hann hefði bíl handa mér til að prófa.**

Um miðjan nóvember hringdi Stefán í mig og bauð mér að prófa, valið var að fá sjálfskiptan eða beinskiptan. Ég kaus beinskiptan sem Stefán lét setja á aðeins stærri dekk, en naglalaus.

*Allar breytingar á bílnum gera hann eigulegri*

Það fyrsta sem ég tók eftir var að búið var að stækka pallinn frá fyrri árgerðum, en nú mælist pallurinn 147x147 lokaður, en með gaflinn opinn er hann 211 cm langur. Góð breyting þar sem á eldri árgerðum var pallurinn of stuttur (ef ég man rétt var hann 17 cm styttri).

Hámarks dráttargeta er 3.100 kg. (miðað við að vagn sé með bremsubúnað). Heildar hleðslugeta bílsins er nálægt 1100 kg (farþegar og á pall).

Fjöðrun eins og flestir pallbílar, gormar að framan og fjaðrablöð að aftan.

Vélin er 2,4 dísil sem á að vera 181 hestafl.

L200 er rúmgóður að innan, ekki skemmir fyrir að vera með bakkmyndavél (ef ég man rétt er þetta fyrsti pallbíllinn sem ég prófa með bakkmyndavél).

Speglar á hliðum eru í yfirstærð (næstum eins og á vörubíl), frábærir speglar sem sýna aftur fyrir bílinn meira en ég er vanur.



Mitsubishi L 200. Myndir / HLJ



Speglarnir á hliðunum eru stórir og góðir.



Dekkin undir bílnum voru aðeins stærri en bíllinn kemur á, auðvelt er að breyta bílnum og stækka dekkin.



Pallurinn mælist 147x147 lokaður, en lengist í 211 ef hlerinn er niðri.

*90 km prufuakstur í vondum aðstæðum*

Sökum veðurs og akstursskilyrða ók ég bílnum minna en ég hafði hugsað mér. Í innanbæjarakstri er gott að vera á L 200, maður situr hátt og sér yfir flesta bíla. Útsýni úr ökumannssætinu er fínt til allra átta, svo er hann glettilega lipur þrátt fyrir að vera stór og langur. Það eina sem var að trufla mig var að leggja í þröng stæði og snúa bílnum við. Þrátt fyrir að mér hafi fundist bíllinn vera óþjáll við þröngar aðstæður þá er þvermál beygjuhrings aðeins 5,9 m.

Á beinum og breiðum vegi þar sem er hámarkshraði þarf maður aðeins að passa sig að keyra ekki of hratt þar sem maður finnur lítið fyrir hraða bílsins. Þegar ég hélt mig vera á um 90 kílómetra hraða var bíllinn vel yfir þeim hraða í tvígang. Á malarvegi er afturendinn frekar laus í holóttum malarvegum þegar bíllinn er svona tómur, en ég hef fulla trú á að 100 kg aftast á pallinum lagi þetta. Líka getur skipt máli að bíllinn var aðeins keyrður 30 km þegar ég fékk hann, en margir bílar mýkjast eftir 2–300 km.

*Í prufuakstrinum var skriðstillirinn prófaður sérstaklega*

Fyrirfram hafði ég ímyndað mér að vél sem á að skila yfir 180 hestöflum mundi mokeyða eldsneyti, en raunin var sú að eftir um 90 km akstur var ég ekki að eyða nema 9,9 lítrum af dísil í blönduðum akstri (uppgefin eyðsla samkvæmt bæklingi er 7,2 lítrar á hundraðið). Það var þrátt fyrir akstur á mjög vondum vegslóða, hálkuæfingar og ýmsar aðrar æfingar sem þurfa mikið eldsneyti. Ég get því ekki verið annað en ánægður með eyðsluna.

*Besta skriðvörnin*

Nánast allir nýir fjórhjóladrifnir bílar eru bæði með spólvörn og skriðvörn. Í flestum bílum virkar skriðvörnin þannig að ef bíll fer að renna til í hálku slær bíllinn sjálfkrafa af, en í þessum bíl er það ekki svoleiðis. Ef L 200 byrjar að renna til slær vélin mun minna af en aðrar vélar, þess í stað bremsar bíllinn sjálfkrafa á annað framhjólið til að rétta bílinn af. Við þetta tapar maður mun minni hraða og skapar sjálfum sér minni hættu á heimsókn bíls sem á eftir kemur aftan á afturenda L 200. Fyrir vikið er skriðvörnin í Mitsubishi L 200 að mínu mati sú besta sem ég hef prófað.

*Millikassinn fær toppeinkunn*

Einnig prófaði ég á klaka hvernig læsingin í millikassanum virkaði. Eftir að hafa tekið snöggt af stað var stoppað og skoðað fyrir aftan öll hjól. Jöfn spólför fyrir aftan hvert hjól gefa læsingunni toppeinkunn.

*Góður bíll, en ljósabúnaður ekki að mínu skapi*

Miðað við verð og getu bílsins tel ég að allar breytingar á bílnum séu vel heppnaðar og bíllinn góður hvort sem fjölskyldubíll eða vinnuþjarkur, en þó er ég ósáttur við ljósabúnaðinn á bílnum þar sem ég vil alltaf hafa öll ljós kveikt þegar bíll er í akstri og vil ekki þurfa að muna að slökkva ljós að lokinni bílferð. Að mínu mati á ekki að vera hægt að aka af stað út í umferð nema með fullan ljósabúnað. Eitthvað virðast sumir einstaklingar misskilja íslensk umferðarlög, en þar er línan skýr:

Ljós allan hringinn alltaf í umferð, annars fær maður sekt ef maður er ljóslaus að aftan. Ég er ósáttur við túlkun manna og innflytjenda bíla á að í lagi sé að vera með Evrópusamþykktan ljósabúnað, íslensk lög um ljósabúnað eru eins og þau eru vegna sérstöðu og legu landsins með öryggi vegfarenda að leiðarljósi.

Þegar ég skoðaði verðið ætlaði ég ekki að trúa því, en grunnverð á beinskiptum MMC L 200 er frá 6.890.000 fyrir beinskiptan bíl, en sjálfskipti bíllinn kostar 7.390.000. Allar nánari upplýsingar um bílinn má finna á vefsíðunni www.hekla.is.



Eftir akstur á blautum malarvegi var bíllinn frekar drullugur. Mæli með stærri brettaköntum til að halda bílnum hreinni.



Á hálu plani var skriðvörnin prófuð og fær hún hæstu einkunn.

**KRAFTVÉLAR**

Bjóðum uppá fjölbreytt úrval aukahluta frá Ålö, baggagreipar, skóflur, gafflar og margt fleira.



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

BRIGGS & STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

TAX FREE
JÓL Í NÍTRÓ
*Við bjóðum upp á Tax Free til jóla!*
Ath. gildir ekki af tækjum eða með öðrum tilboðum eða afsláttakjörum.

**LOK FYRIR HEITAPOTTA OG HITAVEITUSKELJAR**





Eigum margar stærðir af lokum til á lager. t.d.
217x187 • 200x200
210x210 • 220x220
235x235 8 hyrnd lok.
Lokið eru þau sterkustu á markaðinum.
Þola t.d. 1000 kg snjóþunga.

**Heitirpottar.is**
**S. 777 2000**

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Orlofsíbúð á Akureyri. Til leigu er orlofsíbúð við miðbæ Akureyrar. Íbúðin er fullbúin heimilistækjum, sængurfatnaði og handklæðum. Verð fyrir gistingu er 11.000 nóttin. Uppl. í síma 8404816. https://www.facebook.com/GuesthouseApartment/



Hausttilboð Nýr fullbúinn 20,7 fm og 7 fm verönd. Eldhús, ísskapur, wc, sturta, gegnheilt parket og flísar á gólfi. Tilbúinn til flutnings Tilboð 4,5 milljónir, Tómas í síma 698-3730-483-3910.



Diska- og hitaborð til sölu, lengd 120 x 65. Verð 150.000 kr. Uppl. í síma 820-2179.



Níu ára Nissan Navarra óskar eftir að komast í sveit. Feikna duglegur til allra verka. Yfir 170 hesta dísilvél. Uppl. í síma 664-8110.



Volvo fh 12 420 hestöfl til sölu. Kassinn er í góðu standi, heilhliðsopnun báðum megin. Verð 2,8 mvsk. Uppl. í síma 892-1817.



Volvo fh 6 með lyftu og góðum kassa. Verð 1,2 m með vsk. Nánari uppl. í síma 892-1817.



Kaupi dráttarvélar Zetor 5011-5211-5245-6245-7045-7245-7711-7745-6340-6341-7340-7341-9540-10540 og allar Ursus. Einnig skemmdar. Uppl. í síma +48 513310789 og á exportmaskiner247@gmail.com




spónn
Fengur til framtíðar

Tilboð – Tilboð - Tilboð Spónn – Spónaköggglar – Spónn í legubása. Gæða spónn og sá þurrasti sem völ er á. Við afgreiðum bæði í stórsekkjum og böllum (20 stk. á bretti). Hentar vel í allar gerðir af stíum og legubása fyrir kýr. Nú erum við komin í jólaskap og verðum með sértilboð á öllum vörum fram að áramótum. Gerum tilboð í flutninga hvert á land sem er. Pöntunarsími og allar nánari upplýsingar um tilboðin okkar í síma 483-5100 (milli klukkan 09:00 – 13:00) alla virka daga og á póstfanginu sponn@sponn.is Brakandi þurr - Íslensk framleiðsla – Endurnýtanlegar umbúðir www.sponn.is




Fjórði diskurinn um dráttarvélar á Íslandi er kominn út. Rætt er við áhugamenn um vélarnar þeirra og skyggnst í skúra og skemmur. Uppl. hjá framleiðanda; tokataekni@gmail.com og í sími 471-3898. HS Tókatækni



Krani, pallur og bátakerra. Uppl.í síma 892-3793 og á asgeirto@gmail.com



Polaris Sportsman EFI800 6X6 árg. 2014, nýskráð 09/15. Nýtt og ónotað hjól á mjög góðu verði, aðeins 1.848.000 + vsk. Uppl. í síma 567-2277 og 893-2165.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr. 9.885 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.




Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betri verðum. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is



Orkutækni ehf.

Til afgreiðslu á áramótatilboði: Reck mykjuhrærur með 60cm. turbo skrúfuspaða fyrir 100-200 hö. traktor. Maschio hnífatætarar 260-285cm. Einnig pinnatætarar 300cm. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016.




Til afgreiðslu á áramótatilboði: Ziegler diskasláttuvélar 2,9 mt. hraðfestingar á hnífum, skólaus diskabakki dregur ekki með sér slegið hey, þýsk gæði endist tugi ára. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016 og á facebook.



Til afgreiðslu fyrir áramót: Bílalyftur eins pósta 3,5T færanlegar, bílalyftur tveggja pósta í gólf 3,2T og 4,5T Skæralyftur 3T færanlegar, með vinnuplássi undir miðju milli palla. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016.



Dísil 4x4 Skoda til sölu. Eðal keyrslubíll, ekinn 240 í langkeyrslu. Aðeins farinn að ryðga í sílsum. Verð 800-1.000.000. Uppl. í síma 867-2866.

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki




11 kg Þurrkari
· Öflugur > 4500w element
· Tekur 11 Kg · Tengist barka
· Stórt op > auðvelt að hlaða

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

**Atvinnutæki auglýsir vélar til leigu:**



Hitachi ZX 250LC-3



Hitachi ZX 470LCH-5B



Hitachi ZX 350LC-5B



Hyundai R 380LC-9A



Bomag BW 213 DH-4

ATVINNUTÆKI
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Til sölu trésmíðavél, árg. 2006. Verð 170.000. Uppl. í síma 891-6662.



**Yanmar VIO38**
2012 árg, 420 vst, 4 tonn
Vökvahraðtengi, 3 skóflu þar af ein tilt. Vel með farin vél.
Verð 4,9 mkr + vsk.
Upplýsingar í síma 660-6051



**Yanmar SV18 smágrafa**
2015 árg. 1,9 tonn. Til á lager
Upplýsingar í síma 660-6051



**Yanmar SV26 smágrafa**
2015 árg. 2,8 tonn
Til á lager
Upplýsingar í síma 660-6051



**Bomag BW80 AD Valtari**
1998 árg, 2,200 vst, 1,55 tonn
Verð 880.000 + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Kaeser M64 loftpressa**
2011 árg. 5 rúmmetra, 10 bör. 8,5 kvA rafall.
Upplýsingar í síma 660-6050



**Liebherr 34K**
2015 árg. 33 m bóma
Til afgreiðslu strax
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr 40K**
1983 árg, 37,5 m bóma
Fjarstýring, á keyrsluspori, tengistykki fyrir öxla og fl.
Mjög gott ástand.
Verð 3,6 mkr + vsk.



**Hamm HD10 VV valtari**
2014 árg, 88 vst
Verð 2,95 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051

MERKÚR
merkur.is

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is
REYKJAVÍK S: 414-0000 • AKUREYRI S: 464-8600



TILBOÐ! McHale Fusion 2. Árg. 2008. Búnaður: Breiðsópur, netbinding, hnífar. Notkun: 60.000 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Ný keðja vinstra megin. Sópur uppgerður o.fl. Vél í lagi.Verð áður kr. 4.150.000 án vsk.TILBOÐ: Verð kr. 3.400.000 án vsk.



McHale 160 cm. Árg. 1997. Euro festing. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Tilboð. 50% afsláttur! Verð áður 380.000 án vsk. Verð nú kr. 190.000 án vsk.



Welger RP120. Árg. 1995. Einföld og góð vél. Vel með farin og er í lagi. Er með garnbindingu. Staðsetning: VB-Landbúnaður, Akureyri.Verð kr. 290.000 án vsk.



Lely Welger DA 235 Profi. Árg. 2013. Vél notuð í tvö sumur. Smurkerfi á keðjur og legur. Myndavél. 25 hnífar. Dekk 505/50-17 R. Ávallt geymd inni. Notkun: 5,535 rúllur. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Verð kr. 8.500.000 án vsk.



Welger Double Action RP 235 Profi. Árg. 2006. Búnaður: Net, breiðsópur, stíflulosunarborð og hnífar. Notkun: 11,428 rúllur. Staðsetning: Norðurland. Ávaltl geymd inni, einnig yfir sumartímann. Í topplagi og klár til notkunar. Fyrst notuð sumarið 2007. Verð kr. 5.400.000 án vsk.



John Deere 6420 S. Árg.2006. Vél með öllu. Stiglaus skipting. Fjaðrandi framhásing. Fjaðrandi hús. Vökvaútskjótanlegur krókur. 4 vökvasneiðar. Fjaðrandi ámoksturstæki. Hraðtengi á ámoksturstækjum. Loftkæling. Vinnuljós. Hnappar á afturbretti. Farþegasæti með belti. Dekk eru slitin. Notkun: 4,900 tímar. Staðsetning: VB-Landbúnaður Akureyri. Verð kr. 6.700.000 án vsk.



Lely Hibiscus 425s. Árg. 2014. Lyftutengd. Falleg vél í góðu lagi og mjög lítið notuð! Staðsetning: VB-Landbúnaður Reykjavík. Verð kr. 820.000 án vsk.



Vicon Sprintmaster. Árg. 93-95. Dragtengd, 1 vökvaslanga. Staðsetning: Eyjafjörður. Vél orðin upplituð og soðin föst í fastri stöðu. Ný tinduð. Ný vökvaslanga.Verð kr. 130.000 án vsk.



Vicon H1050. Árg.1999. 9 Hjóla vél, 1 vökvaslanga. Dragtengd. Staðsetning: Eyjafjörður. Falleg vél. Tilbúin til notkunar. Í topplagi. Verð kr. 290.000 án vsk.



Valtra A95. Árgerð: 2004. Með ámoksturstækjum. Notkun: 7,400 tímar. Staðsetning: Reykjavík. Vél í góðu standi. Ný kúpling.Verð kr. 3.190.000 án vsk.



Árg.1999. Með Stoll ámoksturstækjum. Notkun: 8,200 tímar. Staðsetning: Reykjavík. Nýleg framdekk, ný framljós, nýir stýrisendar, aflúrtakskúpling og bremsur yfirfarnar. Verð kr. 2.390.000 án vsk.



McCormick CX105. Árg.2003. Með Stoll ámoksturstæki. Notkun: 5,900 tímar. Staðsetning: Reykjavík. Er á góðum dekkjum.Verð kr. 2.820.000 án vsk.



Avant 635 með götuljósabúnaði, árg. 2013. Notuð aðeins 250 vinnustundir. Innigeymsla og vélin er sem ný útlits. Fylgihlutir: Skófla, lyftaragafflar, fjölplógur, sand/saltdreifari, snjóblásari og sópur. Verð kr. 6.770.000 án vsk. Uppl. í síma 822-8613 og 892-7500.



Deutz Fahr MP 235. Árg. 2007. Búnaður: Nýrri gerðin af Deutz Fahr samstæðunum. Öflug vél sem er í toppstandi. Búið að endurnýja sóp og fl. Yfirstærð af dekkjum. Notkun: 23,000 rúllur. Staðsetning: Reykjavík. Verð kr. 3.650.000 án vsk.



Kuhn GA7822 MasterDrive. Árgerð: 2008. Rakar til hliðar. 7,8m vinnslubreidd. Tandem öxull. Stýranleg. Staðsetning: VB-Landbúnaður, Akureyri. Flott vél og klár í notkun. Verð kr. 1.090.000 án vsk.



Kuhn GF 7601 MH Digidrive Árg.2005. Lyftutengd. Góð vél, lítið slitin og lítur vel út. Staðsetning: Reykjavík. Verð kr. 790.000 án vsk.



Til sölu tveir notaðir LELY Nautilus mjólkurtankar og einn nýr en útlitsgallaður. 4000, 12000 og 5000 lítra. Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866 eða í tölvupósti á netfangið sverrir@vbl.is.

VB LANDBÚNAÐUR www.VBL.is
REYKJAVÍK S: 414-0000 • AKUREYRI S: 464-8600



Tvö 20 feta gámahús til sölu. Uppl. í síma 616-7818 eða magnus@eldisrannsoknir.is



Traktorsdrifinn ljósavél af gerðinni Magneta mkII. Helstu vinnslustærðir: KVA 15, Hz 50, Volts 220, amps 65, Fasi 1, Input RPM 450. Ásett verð 220 þús. Uppl. í síma 862-2253.



Snjótönn á Case 580 SLE - árg. 1996. Óskað eftir tilboðum. Nánari uppl. í síma 892-1189 (Högni).




Nýtt í sölu á hagstæðu verði: Rafdrifnar Reck ORKA haughrærur til uppsetningar í haugkjöllurum og tönkum 180° vinnusvið, allt að 500 m², skrúfa 48-65cm. 7,5 – 22kw, tímastilltur rofi. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016.



Eigum til eitt stk nýtt Polaris Sportsman 570 fjórhjól, árg. '15. Hjólið er með rafmagnsstýri og leysir af hólmi hið vinsæla 800 hjól frá sama framleiðanda. Hagkvæmt, lipurt og fjölhæft fjórhjól á hægstæðu kynningartilboði. Hentar bæði sem vinnuþjarkur og frístundatæki. Verð 1.990 þús m/vsk. Uppl. Cobolt Verkstæði ehf., sími 461-1500.



Til sölu Lister ljósavél. Lítið notuð í mjög góðu ástandi, 6KW. Uppl. í síma 862-2235 og 892-3656.



Til sölu Ford E350, árg. 1996, 9 sæta ekinn 400.000 km. Vél 7,3 power stroke dísil. Gott kram og undirvagn en boddí þarfnast lagfæringar. Verð 450.000. Uppl. í síma 893-3020.



Grafan Case 580 SLE - árg. 1996. Bakgír bilaður - Óskað eftir tilboðum. Nánari uppl. í síma 892-1189 (Högni)



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Taðklær. Breidd 150 cm kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Massey Fergison 6265. Árg. 2001. Notkun: 5000. Verð án vsk: 3.620.000 kr.



Valtra N 121. Árg: 2007. Notkun: 3900. Verð án vsk: 6.890.000 kr.



Valtra T 182. Árgerð: 2013. Notkun: 1250. Verð án vsk: Tilboð



Massey Fergison 7495. Árgerð: 2010. Notkun: 950. Verð án vsk: 12.600.000 kr.



Valtra N 121. Árgerð: 2007. Notkun: 3750. Verð án vsk: 6.590.000 kr.



McCormick CX 115. Árgerð: 2007. Verð án vsk: 3.990.000 kr.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. Verslunin Skógar Egilsstöðum og G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, t.d. mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín / dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Weckman sturtuvagnar, 11 tonna og 13 tonna. Til á lager. H. Hauksson ehf., sími 588-1130.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstislöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8" , ½" , 5/8" , ¾" . Bensín / dísil, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitarfélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Max þrýstingur: 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni: 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, þola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þrif á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. netfang: hak@hak.is. Uppl. í síma 892-4163, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf , netfang: hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is



Tveggja öxla kerrur, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Verð frá kr. 489.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30. www.brimco.is



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2–4 stk. 22.900 auk vsk. 5 stk. eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



G. Hippe norskar gæðakerrur. Búvís ehf. Uppl. í síma 465-1332.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar: 7,5 KW, 9,2 KW, 11 KW Glussadrifnar: 8 KW, 60 L / min, 120 Bar.Vinnudýpt: 130 cm Skrúfa: 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is




Úrval af viftum og þakblásurum í flestum stærðum og gerðum. Einnig úrval af stýringum. Íshúsið ehf., uppl. í síma 566-6000, http://www.viftur. is,



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá 13.00-16.30




Hitaþræðir sem henta fyrir rennur eða inn í rör. Nipplar og samsetningarkitt í boði. Íshúsið ehf., www.hitarar.is. Uppl. í síma 566-6000.



**M.Benz 4144**
Árg 2007, ekinn 150,000km
m/snjómokstursbúnaði
Góð dekk.
Verð 7,500,000 + vsk



**Hitachi ZX 25**
Árg 2004, 5,200 vst
hraðtengi og 2 skóflur
Verð 2,500,000 + vsk



**Volvo BL 71**
Árg 2006, notkun 5,800t
servo, gafflar, 2 afturskóflur
Verð 4,600,000 + vsk



**Komatsu WA 320**
Árg 1999, 10,500 tímar
Smurkerfi, vigt, dekk 50%
Verð 3,900,000 + vsk



**Komatsu WA 320**
Árg 2008, 5,500 tímar
Hraðtengi, aukalögn fyrir tönn
Smurkerfi,
Verð 7,300,000 + vsk



**Komatsu WA 250**
Árg 2008, 5,400 tímar
Hraðtengi, aukalögn fyrir tönn
Verð 7,900,000 + vsk



**Hitachi ZX 350-1**
Árg 2005, 12,700 tímar
Hraðtengi, fleyglagnir
Undirvagn 80%
Verð 9,500,000 + vsk



**Liebherr 934**
Árg 2005, 7,800 tímar
Hraðtengi, fleyglagnir
Undirvagn 80%
Verð 9,500,000 + vsk

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



**Komatsu PC 130-7**
Árg 2004, 8,600 tímar
Hraðtengi, 2 skóflur
Fleyglagnir, undirvagn 50%
Verð 4,950,000 + vsk



**Eigum til á lager nýjar beltagröfur**
**25 tonn, 35 tonn og 50 tonn.**



**Eigum til á lager nýja fleyga og klemmu frá FRD**



**Getum útvegað Bomag jarðvegsþjöppur frá 70 – 750kg**



**Getum útvegað undirvagns hluti á allar vélar, bæði á stál og gúmmíbeltum frá Linser.**





**Meiren snjótennur og plógar á vörubíla og vinnuvélar. Einnig snjóskóflur á vinnuvélar**

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is

## Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið



Burstabæir í garða með ljósi, vitar með ljósi og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Burstabæir í garða með ljósi, vitar með ljósi og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Burstabæir í garða með ljósi, vitar með ljósi og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Til sölu olíubrennari Annti Kuivuriuuni A330, 330 kW (30 l/klst) með 7,5 kW blásara. Einnig tveir Emerson riðbreytar/hraðastillar SK3201 7,5/11,0 kW. Uppl. í netfangið eirikur@landlinur.is eða í síma 895-6254.



Til sölu MAN 33-464 6x6 árg. '00 dráttarbíll með glussakerfi og nýlegan gírkassa. Verð 3,3 millj. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu MAN 26-464 6x4 árg. '99 ekinn 330 þús bíll með dráttarskífu,- vélaflutningapalli og vökvakerfi. Verð 2,4 millj. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu New Holland traktorsgrafa árg. '06 ekinn 4100 tíma glussahraðtengi að framan og aftan. 3 afturskóflur fylgja. Uppl. í síma 892-5855.



Til sölu MAN 35-403 árg. '98 ekinn 440 þús 8x4 retarder, nýlegur gírkassi og nýlega upptekin vél. Verð 3 millj. Uppl. í síma 892-5855. Óska eftir 4-5 rúmetra snjóskóflu.



Kögel seglvagn. árg. '04 60cm há skjólborð og opnanlegur toppur. Verð 2.4+vsk. Uppl. á trukkur.is eða í síma 849-9605.



Scania P114, árg. '00. Ekinn 295.00 km. 54 tonnmetra Palfinger krani 8 í glussa, einnig spil o.fl. Uppl. www.trukkur.is eða í síma 849-9605.



Champion 740A Veghefill árg. '82 notkun 8444 vinnustundir. Verð 2.900.000 kr +vsk. Uppl. www.trukkur.is og í síma 849-9605, Hafþór.



Scania 110 árg '74. virkar og í góðu lagi. Skoða skipti. Verð 350 þús. Uppl. í síma 897-5509.




Haugsugur frá Belmac. Írsk framleiðsla. Til í mörgum stærðum. Dæmi 9500 lítra eins og á mynd. Verð. 1.833.282 kr. án vsk. Uppl. gefur Vallarnaut í síma 841-1200.




Nugent írsk framleiðsla. Gripaflutningakerrur. Kemur sending um miðjan desember. Uppl. í síma 841-1200, Vallarnaut.




Belmac írsk framleiðsla. Keðjudreifarar, tvær stærðir. 4,5 m3 verð 980.000kr án vsk. 7,5 m3. Verð 1580.000 kr. án vsk. Til á lager. Uppl. gefur Vallarnaut í síma 841-1200.



LED útiljós 8000 og 10000 LM. Búvís ehf., sími 465-1332.




Fram/bakk myndavélar m 7"skjá þráðlaus eða með præði www.ledis.is eða í síma 893-0331.



Til sölu Peugoet 206 árg. 2004, ssk., ekinn 101.000 km. - Gott viðhald - nýleg sumardekk. Verð 770.000 kr. Uppl. í síma 662-3061.



Til sölu Toyota Landcruiser 90 árg. ´98 ekinn 410 þús. km. Góður bíll. Tilboð óskast. Uppl. gefur Árni Brynjólfsson í síma 861-4696.



Weckman rúlluvagnar. Ný gerð. Stærð palls 2,55 x 9,0 m. Til á lager. H. Hauksson ehf. sími 588-1130.

## Til sölu

Til sölu á Suðurlandi Zetor 7745 með ámoksturstækjum (árg. 1991). Verð 790.000 + vsk. Uppl. í síma 8464680.

Vandað girðingaefni. 5 stengja túnnet. Verð kr. 11.900 rl. Iowa gaddavír Verð kr 7.500 rl. Motto gaddavír. Verð kr. 4.500 rl. Þanvír. Verð kr. 8.700 rl. með vsk. Tilboð = Frír flutningur í heimabyggð. H. Hauksson ehf., sími 588-1130

Weckman þak-og veggstál. Dæmi um verð m2 = 0,5 mm Galv. Verð kr. 1.190. 0,5 mm Aluzink. Verð kr. 1.250, 0,6 mm Galv, verð kr. 1.560. 0,45 litað, verð kr. 1.570, 0,5 mm verð kr. 1.750. Litað / stallað, verð kr. 2.400. Verð per m2 m vsk. Afgreiðslufrestur 4-6 vikur. H.Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Timbur í fjárhúsgólf 32 x 100 mm. Verð 245 lm. 38 x 100 mm. Verð kr. 290 lm. með vsk. H. Hauksson ehf. Sími 588-1130.

Fjárhúsmottur verð kr. 9.350 stk. með vsk. H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Ónotaður olíuofn til sölu. Barnablaðið Æskan frá 1948. Ca 100 ára gömul ljósakróna. Uppl. í síma 691-8144.

Nýtt í sölu á hagstæðu verði: Rafdrifnar Reck ORKA haughrærur til uppsetningar í haugkjöllurum og tönkum 180° vinnusvið, allt að 500 m², skrúfa 48-65cm. 7,5 – 22kw, tímastillur rofi. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016.

Nýtt í sölu á hagstæðu verði: Iðnaðarsuðuvélar fyrir bílaviðgerðir Inverter Tec: TIG – MIG – SPOT og MMA. Hleðslutæki 7A eða 25A með afsulfatiseringu sem lengir líftíma rafgeyma verulega. Uppl. í síma 587-6065 og 892-0016.

Til sölu kjötrár og skiptar, krókar, hækiljárn, hnífasuðutæki, frístandandi ryðfríir vaskar og fl. Uppl. í síma 893-0101.

Er með Bens Sprinter, árg. 1999 sem byrjað er að breyta í húsbíl. Rúmið er komið í bílinn. Ísskápur, eldavél o.fl. fylgir. Uppl. í síma 692-0559.

Til sölu 2 hvítar bílskúrshurðir, stærð B 2,7 x H. 2,3. Verð fyrir báðar 120.000. Uppl. í síma 840-8400.

Til sölu Ford dráttarvél 7600, árg. '78. Uppl. í síma 898-5445.

Þýskar innihurðir 80 cm á br. Stálstoðir f. undirsláttaplötur. Vinnuskúr m/wc. Einnig ísskápur og eldavél, stólar og borð og skrifst.gámur. Uppl. í síma 772-5607.

Til sölu píanó, Petrof, 30 ára gamalt, lítið notað og lítur vel út. Verðhugm. 350 þús. eða skv. samkomulagi. Uppl. í síma 865-4282.

Hey til sölu. Er við Hvolsvöll. Hefðbundin stærð á rúllum. Gott hey. Verð kr. 6.000 til 15. des. Uppl. í síma 669-1336.

Nissan primera árg. 1999. ek 190 þús. skoðaður '16. Ásett verð 180. þús. Uppl. í símum 842-5503 og 555-3403.

Nýsmíðuð kerra til sölu 3,0x1,5m. Verð kr. 350.000.-. Uppl í síma 862-0101.

Puritan pride vitamin. Hámarksgæði. Lágmarksverð. Sendi hvert á land sem er. Kem líka á heimakynningar. Uppl. veitir Sigurlína í síma 861-6262 og á silla6262@hotmail.com

Til sölu krókheysi á 10 hjóla bíl, sandblásið og málað. Verð 1.200.000 + vsk. Uppl. í síma 772-0030.

Ódýr góð dekk. Sendum. Kíkið á www.dekkverk.is til að sjá verð á dekkjum eða hringið í okkur í síma 578-7474. Kveðja Dekkverkdrengir.

Til sölu gámahús. 40 feta gámar og þök á milli gáma sem spannar 9,7 m breidd. Möguleiki á ýmsum útfærslum. Uppl. í síma 893-3443.

Hefilbekkur tegund „Sjöbergs" frá Brynju, lítið notaður og vel með farinn, stór bekkur. Verð 190 þús. Uppl. í síma 865-7501.



**Weber jarðvegsþjöppur og hoppara til á lager**
Upplýsingar í síma 660-6051



**Tsurumi dælur í miklu úrvali**
Upplýsigar í síma 660-6050



**Allu flokkurnarskóflur**
Upplýsingar í síma 660-6051



INDECO
YOUR PARTNERS IN DEMOLITION

**Indeco vökvafleygar og aukahlutir á gröfur**
Upplýsingar í síma 660-6051

**Uppl. í síma 660-6051.**
MERKÚR
merkur.is

## Atvinna

Anna og Maciej Sloboda frá Póllandi óska eftir vinnu á Íslandi. Eru tilbúin til að vinna við hvað sem er. Geta flutt til landsins í byrjun mars á næsta ári. Uppl. veita þau á msloboda02@gmail.com

17 ára karlmaður óskar eftir starfi á kúabúi. Er vanur sveitastörfum og vélum. Uppl. í síma 892-0302.

Friederike Zachert, 21 árs frá Þýskalandi, langar til að vinna við hesta á Íslandi. Hún er vön þar sem hún er alin upp við hesta. Uppl. veitir hún á friederike_zachert@yahoo.de

## Dýrahald

Tökum hesta í hagabeit. Erum á Suðurlandi. Uppl. í síma 664-2122, Gunnar.

Kassavana kettlinga vantar heimili, staðsettir á Selfossi. Uppl. í síma 785-2120.

## Óska eftir

Vinnupallar óskast. Skoða alla stálpalla sem í boði eru, allt að 500 m2. Uppl. í síma 867-7704.

Kaupi og safna gömlum peningaseðlum, umslögum og frímerkjum. Kaupi líka mynt og minnispeninga o.m.fl. Ásamt póstkortum og umslögum, orðum og merkjum, íslenskum skjaldarmerkjum, frímerkjum o.fl. Kem og staðgreiði allt á staðnum. Steinar Smári Guðbergsson meindýraeyðir :) Uppl. í síma 897-5255 og á shogun@simnet.is

Óska eftir að komast í samband við prjónara um allt land m/ góðgerðarsamstarf í huga. Vinsamlegast hafið samb. á gefdugjofsemyljar@gmail.com

Vantar öxulhús hægra megin að framan á Massey Ferguson 3060 4x4 árgerð 1987. Uppl. í síma 856-2516.

Óska eftir að kaupa ritsafn Halldórs Laxness í góðu ásigkomulagi. Uppl. í síma 892-1362.

Óska eftir rennibekk fyrir tré. Hafið vinsamlega samband í síma 695-3122 og á organjohann@gmail.com.

Kaupi Zetor: 7245, 7745, 5211, 7211, 10145 eða Ursus:1014, 4x4. Má þarfnast viðgerðar. Uppl. í síma 895-0840 og á robert.dasz@o2.pl.

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com.

Til sölu 200 ærgildi í sauðfé. Tilboð sendist á netfangið: gsig@bondi.is

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, email einar.g9@gmail.com, Einar G.

BA vélsmiðja Borgarnesi. Tökum að okkur járnsmíði, vélaviðgerðir, breytingar og viðhald á fjósinnréttingum. Ef einhverjar spurningar liggja á ykkar vörum getið þið haft samband í síma 894-3336, Björn eða 849-9341, Arnar.




**Viðgerðarþjónusta**
**á Nilfisk Alto háþrýstidælum**
Gerum við allar gerðir af Nilfisk Alto háþrýstidælum.
Vara- og fylgihlutir á lager. Hröð og vönduð þjónusta.
20 ára reynsla
SG ÞJÓNUSTAN viðgerðir - varahlutir
Krókhálsi 5c - Járnhálsmegin - 110 Reykjavík
Sími: 588 3500 - sgt@simnet.is



**HITA KÚTAR**
*Amerísk gæða framleiðsla*
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS


**Næsta Bændablað kemur út 17. desember**

Bændablaðið

## Auglýsing um styrki úr Landbótasjóði Landgræðslunnar árið 2016

Landgræðsla ríkisins auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki úr Landbótasjóði Landgræðslunnar, en sjóðurinn úthlutar árlega styrkjum til margvíslegra landbótaverkefna til bænda, sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra umráðahafa lands.

**Við ákvörðun um styrkveitingar er m.a. lögð áhersla á:**

- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.
- Endurheimt gróðurs, jarðvegs og votlendis.
- Að landnýting verði sjálfbær.

Við mat á umsóknum er ennfremur tekið tillit til þess hvort gerð hafi verið landgræðslu- og landnýtingaráætlun til a.m.k. 3ja ára fyrir það svæði sem ætlunin er að vinna með. Sérstök athygli er vakin á að sjóðurinn styrkir aðgerðir til endurheimtar votlendis og land friðað fyrir beit nýtur að öðru jöfnu forgangs við ákvörðun um styrkveitingar.

Styrkur til einstakra verkefna getur að hámarki numið 2/3 af áætluðum kostnaði þess að mati Landgræðslunnar. Landgræðslan veitir ráðgjöf við framkvæmd þeirra verkefna sem sjóðurinn styrkir og hefur jafnframt eftirlit með framvindu þeirra og metur árangur.

Umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur sjóðsins eru á heimasíðu Landgræðslunnar (www.land.is). Einnig er hægt að nálgast þessi gögn og fá nánari upplýsingar á hérðassetrum Landgræðslunnar og á skrifstofu Landgræðslunnar í Gunnarsholti.

Umsóknarfrestur er til **22. desember nk**. og umsóknir skal senda á netfangið land@land.is eða til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella.

**Landgræðsla ríkisins**
**Gunnarsholti, 851 Hella – Sími 488 3000 – land@land.is**


**Smíðum bíllykla**




**Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla**
**Tímapantanir óþarfar**
Stofnað 1988
**Neyðarþjónustan**
Lásasmiðurinn
**Skútuvogur 11 • s: 510-8888**

**SPARAÐU MEÐ VARMADÆLU**
**Allt að 80% sparnaður á hitunarkostnaði**




- LG og Bosch eru leiðandi framleiðendur á varmadælum með áratuga reynslu.
- Búnaður framleiddur og prófaður fyrir norðlægar slóðir.
- Hátt sparnaðarhlutfall, allt að 80% sparnaður.
- LG loft í loft, Bosch loft í vatn og jarðvarmadælur.
- Mjög hljóðlátar.

BOSCH
LOFTTÆKNI
STOFNAÐ 1994
S: 546 9500 • www.lofttaekni.is

**Sölu uppsetninga og þjónustuaðilar**

**Kópavogur - Hólmavíkur:** Rafhöld ehf.
Ölver Ragnarsson rafvirki • S: 893 3543
**Stykkishólmur:** Raflagnaþjónusta Hilmars • S: 894 1988
**Patreksfjörður:** Vélsmiðjan Logi • S: 456 1245
**Þingeyri:** Viktor Pálsson pípulagningam. • S: 456 2378
**Hvammstangi:** Tengill ehf. • S: 451 2818
**Blönduós:** Tengill ehf. • S: 452 4720
**Sauðárkrókur:** Tengill ehf. • S: 455 9200
**Akureyri:** Ljósgjafinn ehf. • S: 460 7799
**Vopnafjörður:** Rafþjónn ehf. • S: 824 4081 / 848 9770
**Eskifjörður:** Rafkul ehf. • S: 822 8567
**Djúpivogur:** Rafstöð Djúpavogs ehf. • S: 478 2325
**Höfn:** Rafhorn • S: 478 1859
**Vík:** Rafsuð ehf. • S: 894 3979
**Hvolsvöllur:** Rafverkstæði Ragnars ehf. • S: 487 8022
**Vestmannaeyjar:** Geisli Raftækjavinnustofa • S: 481 3333



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland** og **Case**

Erum einnig með alla varahluti í **JCB** vinnuvélar

Eigum allar síur í **New Holland** og **JCB** á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

**Oftast ódýrastir!**
**Vélavit**
**Varahlutir - Viðgerðir**
Skeiðarás 3 •Garðabær •Sími 5272600 • velavit@velavit.is




**Í tilefni 15 ára afmælis okkar bjóðum við öllum í afmælisveislu í höfuðstöðvar Landstólpa í Gunnbjarnarholti föstudaginn 11. desember.**

**Fjölskyldudagskrá frá kl. 13.00 til 18.00**

14.00 Pylsuveisla
14.30 Jólasveinar kíkja í heimsókn
15.00 Keppni í ökuleikni á Giant liðléttingum
16.00 Sýning á Trioliet heilfóðurblandara, stæðuskera og rúlluskera/skrælara

Krap fyrir börnin og ródeó nautareið í boði allan daginn.

**Kvölddagskrá frá kl. 20.00 með léttum veitingum**

Bændaródeó - keppni í nautareið
Uppboð til styrktar Íþróttafélaginu Suðra
Karlakór Hreppamanna
Trúbador: Sigvaldi Helgi Gunnarsson
Flugeldasýning



Veislustjóri: Jóhann G. Jóhannsson

**Hlökkum til að sjá ykkur.**

**Tilboð og kynningar allan daginn**

15% afsláttur af Josera vörum
Ýmis afmælistilboð í versluninni
Prufukeyrsla á Giant liðléttingum
Sölustjóri Josera gæludýrafóðurs til viðtals
de Heus kynningarbás fyrir kjarnfóður
Josera kynningarbás fyrir Josilac og stein- og bætiefni
Mustad kynningarbás með skeifum og fl.

**Vinnur þú 30.000 kr. vöruúttekt?**

Lækaðu við facebook.com/landstolpi og deildu afmælisviðburði okkar.
Alla virka daga í næstu viku drögum við út 30.000 kr. vöruúttekt í verslun okkar.

Landstólpi Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600 landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is

LANDSTÓLPI